

Styr Júlíusson
TILNEFNDUR FYRIR FYRSTA HLUTVERK SITT ▶70



HJÖRDÍS SVAN
Í EINANGRUN Í HORSEN ▶4

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN
NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN
...á þínum vegum!
568 5000


# FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ
22. febrúar 2014
45. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




# KLÁM ER EKKI BARA SLÆMT

Sigríður Dögg Arnardóttir, Hildur Sverrisdóttir og Dagrún Aðalsteinsdóttir ræða um fordóma, fantasíur, kynlíf og klámnotkun kvenna. ▶22

FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



## ALLS EKKI STJÓRNSÖM

Marta Nordal er einn umsækjenda um stöðu Borgarleikhússtjóra. Hún segir áhugann á að hafa áhrif vera í genunum. ▶30



Elmar Þór Gilbertsson

FÓR ÚR PUNGAROKKSSVEIT Í KARLAKÓR ▶28

## MORÐMÁLIÐ SEM SKÓK HEIMSBYGGÐINA

Amanda Knox var á dögunum dæmd í 28 og hálfs árs fangelsi fyrir morðið á Miröndu Kercher. ▶26












SKYN(TÆKI)FÆRI
VÍSINDASÝNING
18. FEB. - 3. MARS
SMÁRALIND

## FRÉTTIR 2→13

**LOKUÐ INNI Í KLEFA NÍTJÁN TÍMA Á DAG 4**
Kvörtun hefur borist frá nefnd á vegum Evrópuþingssins vegna aðbúnaðar Hjördísar Svan Aðalheiðardóttur í fangelsi í Horsens.




**SVIPTINGAR Í EVRÓPUMÁLUM 6**
Utanríkisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að umsóknin Íslands að ESB verði dregin til baka. Kemur til kasta Alþingis í næstu viku. Hluti sjálfstæðisfólks tekur þessari þróun mála illa.

**KÁTT Á HJALLA Á HÁTÍÐ MARKAÐSFÓLKS 8**
Auglýsingastofurnar ENNEMM og Janúar markaðshús fengu fern verðlaun hvor þegar Lúðurinn var afhentur í gærkvöldi við hátíðlega athöfn í Eldborgarsalnum í Hörpu. Stofan Brandenburg kom næst með þrjá Lúðra.

**RÁÐHERRA RÆÐIR SÆSTRENG VIÐ BRETA 12**
Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fundar með orkumálaráðherra Bretlands í næsta mánuði og mun ræða sæstrengsverkefnið.

## SKOÐUN 16→19



**GOLUBELGDUR MÁLFLUTNINGUR 16**
Þorsteinn Pálsson um aðildarviðræður við ESB og afstöðu ríkisstjórnarinnar.

**UM GRUNNHEILBRIGÐISÞJÓNUSTU 18**
Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir um óviðunandi ástand í heilbrigðismálum.

**AUMASTA YFIRKLÓR ÍSLANDSSÖGUNNAR? 18**
Björn B. Björnsson um skipulagsmál.

## HELGIN 20→44

**NÝTT TÓNVERK 20**
Blásarakvintett Reykjavíkur flytur verk Högna Egilssonar.



**DULIN HÓTUN FORSÆTISRÁÐHERRA 32**
Alþingiskonan Katrín Júlíusdóttir í viðtali um Seðlabankann og Evrópusambandið.

**FLOTTAR TÖSKUR 36**
Fjölbreytt töskutíska frá pöllunum í New York og Mílanó.

**HÉLT MEÐ KARPAGÓMÖNNUM 38**
Illugi Jökulsson fjallar um barnsfórnir í flækjusögu dagsins.

**SKEMMTILEGAST AÐ SYNGJA 40**
Ásdís María Viðarsdóttir situr fyrir svörum á Krakkasíðunni.

## MENNING 52→57

**POLIR EKKI SÖGUFÖLSUN 52**
Laurent Binet, höfundur HHhH, í einkaviðtali.



**ÖÐRUVÍSI LJÓSMYNDASÝNING 54**
Sigríður Ella Frímannsdóttir myndaði einstaklinga með Downs-heilkenni.

**HÆTTI VIÐ AÐ HÆTTA 54**
Jane Ade Sutarjo er eini nemandinn sem hefur lokið einleikaraprófi á bæði fiðlu og píanó frá LHÍ.

## LÍFIÐ 58→70

**GÓMSÆT SÚKKULAÐIKAKA 58**
Uppskrift að köku sem er bæði gómsæt og augnayndi.



**FÖNDRAÐU 61**
Búðu til litríkar dýrakrukkur fyrir börnin.

**TILNEFNDIR Í FYRSTA SINN 70**
Þeir Ágúst Örn Wigum, Davíð Alexander og Styr Júlíusson eru allir tilnefndir til Edduverðlauna í kvöld.

## SPORT 62→64

**FRÁBÆR ÁRANGUR Í SVIGINU 62**
Helga María Vilhjálmsdóttir og Erla Ásgeirsdóttir náðu sögulegum árangri á ÓL í Sotsjí í gær.



**ÚRSLITIN RÁÐAST Í BIKARNUM 64**
Kvennalið Snæfells og karlalið Grindavíkur þykja sigurstranglegt.







## FIMM Í FRÉTTUM FIMM Í FRÉTTUM, DÝRT KAFFI OG LEIKHÚS.



**Rut Hermannsdóttir** býður upp á dýrasta kaffidrykk New York-borgar. Hún er meðeigandi í Búðinni, verslun og kaffibar, sem var opnuð í Brooklyn á föstudaginn.



**Viðar Jensson**, verkefnisstjóri tóbaksvarna hjá Embætti landlæknis, segir embættið vera að skoða mögulegt bann við reykingum í bílum þar sem börn eru með í för.



**Ólafur Guðmundsson**, landsliðsmaður í handknattleik, á eftir að ákveða hvort hann verði áfram hjá Kristianstad eða fari til Þýskalands í sumar.



**Eygló Harðardóttir** félags- og húsnæðismálaráðherra segir nauðsynlegt og skylt að auka fjárframlög til úrræða fyrir börn sem eiga við alvarlegan geð- og fíkniefnavanda að stríða.



→ **Þorleifur Örn Arnarsson,** leikstjóri og annar höfundur leikgerðar Engla alheimsins, er alsæll með beina sjónvarpsútsendingu sem verður frá síðustu sýningu á verkinu í Þjóðleikhúsinu 30. mars.

# Fær engar bætur fyrir raflost í baði

Endurupptökunefnd hefur hafnað að taka upp dómsmál konu sem fékk rafstraum í baði í Njarðvík árið 1998. Héraðsdómur dæmdi tvo rafvirkjameistara til að greiða henni 14,5 milljón króna í bætur en þeir voru síðar sýknaðir í Hæstarétti.

**DÓMSMÁL** Endurupptökunefnd hefur hafnað ósk fimmtugrar konu um upptöku dómsmáls þar sem fjallað var um bótakröfur hennar vegna rafstraums sem hún fékk er hún var að baða sig.

Atvikið varð í mars 1998 þegar konan bjó í leiguíbúð í Njarðvík og stóð í hnédjúpu vatni í baðkarinu.

„Hafi hún staðið með sturtutólið í hendinni og verið að láta vatn renna á sig, er hún varð skyndilega fyrir miklum rafstraumi og hreinlega festist þannig standandi. Hafi þetta verið eins og hún væri öll lamin á hvern einasta vöðva og henni fundist hjartað stöðvast um stund," segir um málsatvik í dómi Héraðsdóms Reykjaness.

Í héraðsdómi var niðurstaðan sú að jarðtaug frá vatnslás baðkarsins hefði verið tengd inn á núllskinnu í stað jarðskinnu. Þetta hefði getað verið orsök þess að konan fékk rafstrauminn. Þessu hefðu tveir rafvirkjameistarar borið ábyrgð á.

Konan sagði að eftir slysið hefði hún fengið exem á hendur og kláða í lófa. Hún fengi hjartsláttarköst minnst einu sinni á dag. Því fylgdi mikill sviti og stundum yfirliðstilfinning. Hún væri með verki í hælbeini eftir slysið, þjáðist af magnleysi og mikilli þreytu, hún svæfi illa og þyrfti að taka svefntöflur.

„Hún hafi verið mjög miður sín, átt erfitt með svefn, hrokkið upp af minnsta tilefni, fengið martraðir og endurlifað slysið oft. Hún hafi verið hrædd og kvíðin við að fara í bað eða sturtu," segir í dómnum. Er vitnað til yfirmatsmanna sem telji þessi einkenni benda til áfallastreitu.

Taldi héraðsdómur að varanleg örorka konunnar vegna slyssins væri 50 prósent og dæmdi rafvirkjana til að greiða konunni samtals 14,5 milljónir auk 4,8 milljóna í málskostnað til ríkisins sem veitt hafði konunni gjafsókn.

Hæstiréttur sneri þessum dómi árið 2011. „Í ljósi þess að hún hefur neitað að slysið hafi stafað af því að utanaðkomandi hlutur, sem tengdur hafi verið við rafkerfi íbúðarinnar, hafi komist í snertingu við baðvatnið umrætt sinn er samkvæmt framansögðu ósannað að röng tenging jarðtaugar við núllskinnu í stað jarðskinnu hafi orsakað slysið," sagði Hæstiréttur.

Konan taldi Hæstarétt ekki hafa byggt á niðurstöðu sérfróðra meðdómsmanna um tæknileg atriði. Að auki hefði Hæstiréttur rökstutt niðurstöðu sína með því að dómur héraðsdóms hefði byggt á málsástæðu sem ekki hefði komið fram í stefnu konunnar. Hún segir að sú málsástæða hafi þó verið tekin skýrt fram í stefnunni. Endurupptökunefnd vísaði hins vegar til þess að ekki væru komin fram ný gögn sem sterkar líkur væru á að myndu leiða til breyttrar niðurstöðu.



**KONA Í BAÐKARI** Eftir að hafa fengið slæmt raflost í baðkari á heimili sínu í Njarðvík árið 1998 hefur kona ein verið kvíðin við að fara í bað eða sturtu.
NORDICPHOTOS/GETTY

> **Hún varð skyndilega fyrir miklum rafstraumi og hreinlega festist þannig standandi.**
> *Úr dómi Héraðsdóms Reykjaness.*

gar@frettabladid.is

Verkalýðsfélag Akraness eina félagið sem ekki hefur staðfest samning:

# Fá eingreiðslu og orlofsuppbót

**KJARAMÁL** Öll félögin, þar sem kjarasamningur Alþýðusambandsins við Samtök atvinnulífsins var felldur í janúar, hafa nú staðfest samninginn nema eitt, það er Verkalýðsfélag Akraness. Nýr fundur hefur ekki verið boðaður hjá ríkissáttasemjara.

„Ég gat ekki fallist á það skilyrði að þessar breytingar myndu einnig gilda um þá sérkjarasamninga sem eftir er að gera, til dæmis hjá stóriðjunni á Grundartanga," segir Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Í sáttatillögunni, sem fram kom í fyrradag, var boðin 14.600 króna eingreiðsla fyrir janúarmánuð og hækkun á desember- og orlofsuppbót, samtals um 30 þúsund krónur, miðað við felldan samning.

Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar, segir að þetta sé allt í áttina, eins og hann orðar það.

„Ég leyndi ekki óánægju minni með samninginn sem var gerður og útspil ríkisstjórnarinnar. Ég taldi þetta ekki boðlegt og sagði að meira þyrfti að koma inn í samninginn. Það er gott mál að það skyldi takast að ná verulegri hækkun á orlofs- og desemberuppbótina. Þetta eru greiðslur sem eru komnar til að vera en fara ekki bara inn og út eins og eingreiðslur. Þetta eru í sjálfu sér ágætishækkanir við samninginn sem búið var að ganga frá."



**HJÁ RÍKISSÁTTASEMJARA** Aðalsteinn Baldursson, formaður Framsýnar, og Ragnar Árnason hjá Samtökum atvinnulífsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

- ibs



FISKFÉLAGIÐ
VEGAMÓT
Vegamót bjóða 20% afslátt
af matseðli og vínseðli
mánudaga til fimmtudaga.
Gildir út mars 2014.
AFSLÁTTAR-KORT Á 2 VEITINGASTAÐI
fylgir blómvöndum í Skútuvogi, Hafnarfirði og Grafarholti
meðan birgðir endast
2 fyrir 1 á bíó
Kaupauki fylgir öllum blómvöndum
2 fyrir 1 á kvikmyndina August Osage County fylgir blómvöndum í Skútuvogi, Hafnarfirði og Grafarholti
meðan birgðir endast
10 TÚLÍPANAR 1.499 kr.
KONUDAGURINN
í Blómavali!
Túlipanar og súkkulaðikaka!
Ath. súkkulaðikaka eingöngu fáanleg í Skútuvogi, Grafarholti og Hafnarfirði meðan birgðir endast!
10 túlipanar og frönsk súkkulaðikaka! Takmarkað magn! Aðeins 2.490 kr.
STÓR KONUDAGSVÖNDUR 3.990 kr.
GLOSS FRÁ AVON OG IMVATNSPRUFA FRÁ DOLCE&GABBANA FYLGIR KONUDAGSVENDINUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
KOMDU Á KONUDAGINN OG NÝTTU ÞÉR TILBOÐIN!
OPNUNARTÍMI Á KONUDAGINN
Blómaval Skútuvogi kl. 8-19 ▪ Blómaval Grafarholti kl. 8-18
Blómaval Hafnarfirði kl. 10-17 ▪ Blómaval Akureyri kl. 10-15
Sjá nánari opnunartíma um land allt á blómaval.is
blómaval

## 14.02.2014 → 21.02.2014



**70 prósent**
hinsegin fólks hafa upplifað fordóma á vinnustað sínum.



**517 íbúðir**
hefur dótturfélag Íbúðalánasjóðs keypt til langtímaleigu. Rúmur helmingur íbúðanna er á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum.



**144 milljarðar**
fengust fyrir afla íslenskra skipa á fyrstu 11 mánuðum ársins 2013.

**23,1 milljarður**
var hagnaður Íslandsbanka á síðasta ári. Stjórn bankans leggur til að 9,2 milljarðar verði greiddir út í arð.



**40 prósenta**
stækkun gæti orðið á hlutabréfamarkaði gangi fyrirhugaðar nýskráningar sjö félaga eftir.





**70.000 km**
verður lengd hjólaleiðar um Suðurland frá Keflavík til Seyðisfjarðar. Áætlað er að verkefninu verði lokið í kringum árið 2020.



**VÍSITÖLUR Á SKJÁ** Verðbólguvísitalan hefur hér sjaldnast verið innan vikmarka Seðlabankans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ársverðbólgan fari í 2,2%:

## Verðbólga á leið undir markmið

**EFNAHAGSMÁL** Gangi spá greiningardeildar Arion banka eftir verður 12 mánaða verðbólga í þessum mánuði undir verðbólgumarkmiði Seðlabanka Íslands. Yrði það í fyrsta sinn frá því í mars 2011 sem það gerist.

Greiningardeildin spáir 0,7 prósenta hækkun á vísitölu neysluverðs í mánuðinum. „Þar vegur þyngst að útsöluáhrif munu ganga til baka og hafa 0,5 prósenta áhrif til hækkunar á vísitöluna," segir í spánni. Ársverðbólga myndi þá mælast 2,2 prósent samanborið við 3,1 prósent í janúar. Gert er ráð fyrir að næstu mánuði verði verðbólga innan þolmarka verðbólguviðmiðs Seðlabankans (2,5 prósent verðbólga +/- 1,5 prósent). - óká

### ERLENT

### Obama hitti Lama

Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, hitti Dalai Lama, andlegan leiðtoga Tíbeta, í Hvíta húsinu í gær. Kínversk stjórnvöld gagnrýndu fundinn harðlega og vöruðu við því að hann myndi skemma fyrir samskiptum Bandaríkjanna og Kína. Ljósmyndarar fengu ekki að mynda fundinn og Dalai Lama veitti blaðamönnum ekki viðtöl. -fb

# Er lokuð inni í klefa 19 tíma á sólarhring

Hjördís Svan Aðalheiðardóttir fékk sinn fyrsta gest í fangelsi í Horsens í Danmörku. Íslenskur prestur fékk að heimsækja hana í vikunni. Nefnd á vegum Evrópuþingsins hefur sent Dönum tvær kvartanir vegna handtöku Hjördísar.

**DÓMSMÁL** Fyrsta manneskjan sem fékk að heimsækja Hjördísi Svan Aðalheiðardóttur í fangelsi í Horsens, fyrir utan lögmann hennar, er Þórey Guðmundsdóttir, íslenskur prestur, sem búsett er í Noregi.

Hún heimsótti Hjördísi á miðvikudaginn og fékk drjúga stund með henni. Hún segir Hjördísi dvelja í álmu með mikilli öryggisgæslu þar sem fangar þurfi að lúta ströngum reglum. „Hún þarf að vera inni í klefa sínum í nítján klukkustundir á sólarhring. Þar er hún eingöngu með klósett og sjónvarp. Hún er í fangelsi með bæði körlum og konum og ég sá á samföngum hennar að margir þeirra hafa marga fjöruna sopið. Ég skil ekki hvernig hún nær að halda sér svona rólegri, ég gæti ekki höndlað þessar aðstæður svona vel," segir Þórey.



**ÞÓREY GUÐMUNDSDÓTTIR**

Hún segir Hjördísi þó ekki ætla að sækja um flutning innan fangelsisins en helst vildi hún fá að afplána varðhaldið í heimahúsi með staðsetningartæki um ökklann. Sú beiðni hefur ekki verið tekin til skoðunar.

Hjördís var handtekin á Íslandi í byrjun mánaðar vegna ákæru um ólöglegt brottnám dætra hennar í ágúst síðastliðnum, eftir að dönsk dómsyfirvöld höfðu dæmt dönskum barnsföður hennar forræðið. Hún var dæmd í farbann í Danmörku en var svo handtekin fáeinum dögum síðar þegar hún mætti á lögreglustöð til að tilkynna sig, án útskýringa eða viðveru lögmanns. Fyrstu tvo sólarhringana eftir handtökuna fékk hún ekki að tala við neinn og fékk engar upplýsingar, eða þar til hún og lögmaður hennar fengu að vita að hún hefði verið dæmd í fjögurra vikna gæsluvarðhald.




**FANGELSI** Um síðustu helgi efndu stuðningskonur Hjördísar til mótmæla fyrir framan fangelsið í Horsens vegna handtöku án dóms og laga.

Íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn lagði fram beiðni um að heimsækja mætti Hjördísi en ferlið var bæði langt og flókið. Eftir níu daga í gæsluvarðhaldi fékk Þórey að heimsækja hana og voru það fyrstu samskiptin sem Hjördís fékk að eiga við vin eða fjölskyldu eftir handtökuna.

„Þessi handtaka án dóms og laga hefur verið gagnrýnd af mörgum. Aðeins danskir lögmenn geta gert athugasemdir við hana en það hafa þeir ekki gert. Nefnd á vegum Evrópuþingsins, sem hefur kannað kærur foreldra vegna forsjármála í Danmörku, hefur veitt danskri stjórnsýslu tvær áminningar fyrir ómannúðlega meðferð á Hjördísi, vegna handtökunnar og fangelsisvistarinnar," segir Þórey.

> **„Ég skil ekki hvernig hún nær að halda sér svona rólegri, ég gæti ekki höndlað þessar aðstæður svona vel.**
>
> *Þórey Guðmundsdóttir prestur*

erlabjorg@frettabladid.is

Ökumenn í fíkniefnavímu:

## Fjölgun óhappa um 50 prósent

**LÖGREGLUMÁL** Umferðaróhöppum sem tengjast akstri undir áhrifum fíkniefna fjölgaði um fimmtíu prósent í janúar, samanborið við þrjá mánuðina á undan. Óhöppum sem tengjast ölvunarakstri fjölgaði jafnframt um fimmtíu prósent í mánuðinum. Þetta kemur fram í afbrotatölfræði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar fjöldi brota er borinn saman við meðaltal síðustu þriggja mánaða kemur í ljós að hegningarlagabrotum fækkaði um fimm prósent. Innbrotum fækkaði um fjörutíu prósent samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára. - fb

Bjarni um mál Seðlabanka:

## Boðar samráð við stjórnarandstöðuna

**STJÓRNSÝSLA** Til greina kemur að fjölga bankastjórum Seðlabankans í þrjá með frumvarpi sem fjármálaráðherra boðar. Ekki sé verið að hverfa til fortíðar og sjálfstæði Seðlabankans verði tryggt.



**BJARNI BENEDIKTSSON**

Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra segir tímabært að endurskoða lög um Seðlabankann nú þegar fimm ár eru liðin af skipunartíma núverandi bankastjóra og ætlar að skipa starfshóp til þess.

„Ég mun kalla eftir samstarfi við stjórnarandstöðuflokkana um undirbúning að þessum breytingum. Það kalla ég að vinna að málinu með faglegum og vönduðum undirbúningi," segir hann. - hmp


RAFMAGNS LÚSAKAMBUR

MEDISANA® made for Life



**Medisana 41010**
Vandaður rafmagns lúsakambur sem fjarlægir höfuðlús og egg með því að greiða í gegnum hárið. Innbyggður hreinsibursti. Íslenskur leiðarvísir.

3ja ára ábyrgð!

FÆST Í VERSLUNUM HEIMILISTÆKJA OG APÓTEKUM UM LAND ALLT


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**STREKKINGUR NÆSTU DAGA** en allhvass vindur bæði NV- og SA-til. Él eða slydduél N- og A-til í dag en snjókoma þar á morgun. Birtir til S-lands á sunnudag og enn frekar á mánudag. Heldur kólnandi veður fram á vikuna.




**Á morgun**
Víða 8-13 m/s, allhvasst NV- og SA-til.




**Mánudagur**
Víða 8-13 m/s, allhvasst NV- og SA-til.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | 6° | Gautaborg | 5° | London | 11° | Orlando | 25° | San Francisco | 16° |
| Basel | 11° | Frankfurt | 9° | Kaupmannahöfn | 5° | Mallorca | 13° | Ósló | 3° | Stokkhólmur | 3° |
| Berlín | 10° | Friedrichshafen | 7° | Las Palmas | 19° | New York | 10° | París | 6° | | |



**Snjólaug Ólafsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



GoRed
DAGUR Í KRINGLUNNI
NÝTT KORTATÍMABIL
opið frá 10-18
Við bjóðum alla hjartanlega velkomna í Kringluna í dag á GoRed, forvarnardag gegn hjartasjúkdómum kvenna.
Komdu og njóttu skemmtunar og fræðslu í tilefni dagsins. Gaman væri að sjá sem flesta í rauðu.
DAGSKRÁ HEFST KL. 14
Rauða tríóið flytur fagra tóna
Ari Eldjárn, uppistand
Háskóladansinn
Tískusýning. Þingmenn og Hjartabörn sýna vortískuna
Kynnir er Dagur B. Eggertsson
Tilboð í verslunum og á veitingastöðum
Léttar veitingar
GoRed fyrir konur
HJARTAVERND
HjartaHeill
Kringlan
Heilaheill
GoRed
KRINGLAN.IS
AF ÖLLU HJARTA
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# Tillaga að viðræðuslitum fyrir þingið

Utanríkisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að draga til baka aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Tillagan verður rædd á þingi í upphafi næstu viku. Þingflokkur Sjálfstæðisflokks gaf grænt ljós á tillöguna en hópur innan flokksins er ósáttur.

**STJÓRNMÁL** Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra hefur lagt fram þingsályktunartillögu um að draga til baka aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Þingflokkar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samþykktu báðir að styðja tillöguna á þingflokksfundum í gær.

Í tillögu Gunnars Braga er farið fram á að Alþingi feli ríkisstjórninni að draga umsókn Íslands til baka og að ekki sé sótt um aðild að sambandinu á nýjan leik án þess að fyrst fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort íslenska þjóðin stefni að aðild. Tillagan var lögð fram í gær og verður rædd á þingi í upphafi næstu viku.

Í athugasemdum með tillögunni segir meðal annars að síðasta ríkisstjórn hafi „hvorki haft bakland né raunverulegan vilja til að klára ferlið með aðild að Evrópusambandinu“.

Þá gefi núverandi staða Íslands, sem er ennþá formlega í stöðu umsóknarríkis í aðildarferli, til kynna „með vissum hætti“ að Ísland sé enn í aðildarferli „sem ekki er raunin“.

„Að öllu þessu virtu,“ segir í tillögunni, „telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að ekki ríki neinn vafi um það hver sé staða aðildarumsóknarinnar eða hver staða Íslands sé í því sambandi og að best fari á því, í ljósi stefnu ríkisstjórnarflokkanna og með hliðsjón af skýrslu Hagfræðistofnunar, að aðildarumsóknin verði dregin til baka.“

Í tillögunni er einnig talað fyrir því að treysta samskipti og samvinnu við ESB og einstök Evrópuríki þar sem EES-samningurinn sé burðarás.

Í tenglsum við það verði hagsmunagæsla til að auka áhrif Íslands við mótun ákvarðana á grundvelli EES efld og vinna að því marki verði nú sett í forgang.



**Ég hefði kosið að niðurstaðan væri á annan veg, [...] en þingflokkur ákveður með þessum hætti að draga umsóknina til baka og ég er í þingliði Sjálfstæðisflokksins.**

*Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokks*

**...telur ríkisstjórnin nauðsynlegt að ekki ríki neinn vafi um það hver sé staða aðildarumsóknarinnar eða hver staða Íslands sé í því sambandi og að best fari á því, í ljósi stefnu ríkisstjórnarflokkanna og með hliðsjón af skýrslu Hagfræðistofnunar, að aðildarumsóknin verði dregin til baka.**

*Úr þingsályktunartillögu utanríkisráðherra*

„Niðurstaðan var einróma samþykkt,“ segir Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, um ályktun fundarins. Sömuleiðis var afgerandi meirihluti þingflokks Sjálfstæðisflokksins fylgjandi tillögunni að sögn Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, framkvæmdastjóra þingflokksins.

Þó hafa nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins lýst yfir andstöðu sinni við að draga umsókn Íslands til baka. Ragnheiður Ríkharðsdóttir þingflokksformaður er einn þeirra en hún er í stjórn Félags sjálfstæðra Evrópusinna.

„Ég hefði kosið að niðurstaðan væri á annan veg,“ segir Ragnheiður. „En þingflokkur ákveður með þessum hætti að draga umsóknina til baka og ég er í þingliði Sjálfstæðisflokksins.“

Hún segist tilheyra hópi innan Sjálfstæðisflokksins sem vill klára viðræður við Evrópusambandið, en sá hópur sé í minnihluta. Hún kveðst ekki geta fullyrt hvort flokkurinn klofni vegna málsins.

„Ég er enginn spámaður þannig að ég veit ekki hvað framtíðin ber í skauti sér,“ segir Ragnheiður. „Ég mun ekki ganga úr Sjálfstæðisflokknum þó ég sé ekki sömu skoðunar í þessu máli og meirihlutinn.“



**BRYNJAR NÍELSSON**

Brynjar Níelsson er annar þingmaður sjálfstæðismanna sem segist telja rétt að klára viðræðurnar úr því sem komið er.

„Ég skynja auðvitað deilurnar sem eru í flokknum og í samfélaginu,“ segir Brynjar. „Ég hefði viljað fara leið sem væri líklegri til sátta.“ Hann telur þó litlar líkur á að fólk innan flokksins kljúfi sig frá honum vegna málsins.

„Enda er enginn annar frjálslyndur, borgarasinnaður flokkur á landinu,“ segir Brynjar. „Þá verða menn að fara að stofna nýjan flokk. Þeir geta ekki farið neitt annað.“ **bjarkia@frettabladid.is**



**EINRÓMA SAMÞYKKI** Félag sjálfstæðra Evrópusinna hittist á fundi í gær þar sem samþykkt var einróma ályktun um að hvetja stjórnvöld til að taka ekki afstöðu til ESB-aðildar fyrr en skýrsla Alþjóðastofnunar um kosti og galla aðildar lægi fyrir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VONBRIGÐI MEÐAL EVRÓPUSINNA FLOKKSINS

„Maður er mjög óvanur því að sjálfstæðismenn séu hræddir við lýðræðið,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður Félags sjálfstæðra Evrópusinna, um niðurstöðu þingflokks Sjálfstæðisflokksins í gær.

Félagið ályktaði á fundi sínum fyrr um daginn að hvetja stjórnvöld til að taka ekki afstöðu til Evrópusambandsaðildar Íslands fyrr en skýrsla Alþjóðastofnunar Háskóla Íslands lægi fyrir. Sú ályktun var samþykkt einróma og er því ljóst að margir innan Sjálfstæðisflokksins eru ósammála niðurstöðu þingflokks. Einnig hefur heyrst af því að þungavigtarfólki innan flokksins sé nóg boðið og jafnvel sé verið að íhuga stofnun nýs flokks með öðruvísi áherslur í Evrópumálum.

„Ég get fullyrt að þetta veldur mörgum mjög miklum vonbrigðum,“ segir Benedikt. „Annars vegar var búið að lofa því með mjög afgerandi hætti fyrir kosningar að þjóðin fengi að koma að þessu máli áður en tekin yrði lokaákvörðun. Í öðru lagi er augljóst að með því að slíta viðræðum er gengið gegn vilja meirihluta þjóðarinnar.“

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi formaður Sjálfstæðisflokksins og forsætisráðherra, tók til máls á fundinum og sagði grunngildi flokksins vera þau sömu og Evrópusambandsins. Undir þetta tekur Benedikt.

„Stefna Sjálfstæðisflokksins var í stuttu máli vestræn samvinna og frjáls viðskipti, og um þetta snýst nú Evrópusambandið.“

Helgi Magnússon, framkvæmdastjóri og fyrrverandi formaður Samtaka iðnaðarins, hélt einnig tölu á fundinum. Hann segir í samtali við Fréttablaðið niðurstöðu þingflokks koma sér mjög á óvart og valda sér vonbrigðum.

„Ég geri mér það ljóst að það er orðin kraumandi óánægja með þetta,“ segir Helgi. „Fólk á hægri væng og miðju hlýtur að hugsa sinn gang.“

## Íbúar höfuðborgarsvæðisins mun líklegri til að styðja aðild að Evrópusambandinu

Rúmlega helmingur íbúa Reykjavíkur myndi líklegast kjósa með aðild að Evrópusambandinu ef gengið yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu í dag. Í sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur myndu svipað margir kjósa með og á móti en í öðrum sveitarfélögum á landinu myndi stór meirihluti kjósa gegn aðild. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Capacent Gallup vann fyrir Já Ísland, samtök Evrópusinna á Íslandi.

Samkvæmt könnuninni myndu 56 prósent Reykvíkinga líklegast styðja aðild að Evrópusambandinu en 77 prósent íbúa landsbyggðarinnar líklegast kjósa gegn aðild. Íbúar í sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur myndu skiptast nokkuð jafnt, 48 prósent með og 52 prósent á móti.

Í könnuninni kemur einnig fram að hæstu og lægstu tekjuhópar landsins myndu líklegast styðja aðild, en aðrir tekjuhópar ekki. 52 prósent þeirra með fjölskyldutekjur undir 250.000 krónum á mánuði myndu líklegast styðja aðild, sem og 67 prósent þeirra með fjölskyldutekjur yfir milljón krónum á mánuði. Þá er fylgni milli menntunarstigs og stuðnings við aðild að Evrópusambandinu samkvæmt könnuninni. Myndu 72 prósent þeirra með grunnskólapróf líklegast kjósa gegn aðild, 57 prósent þeirra með framhaldsskólapróf en 45 prósent þeirra með háskólapróf.

Stuðningsmenn stjórnarflokkanna tveggja voru líklegastir til þess að kjósa gegn aðild að sambandinu. Sautján prósent þeirra sem kjósa myndu Sjálfstæðisflokkinn ef gengið yrði til kosninga í dag myndu líklegast styðja aðild en aðeins fjögur prósent þeirra sem kjósa myndu Framsóknarflokkinn.

Um netkönnun er að ræða sem fór fram dagana 5. til 16. febrúar. Úrtak samanstóð af 1.405 manns, 18 ára og eldri, og var þátttökuhlutfall 62,1 prósent.

### ➜ Afstaða til aðildar að ESB eftir búsetu






# LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

- » **Ávöxtun 10,2%**
- » **Hrein raunávöxtun 6,3%**
- » **Tekjur af fjárfestingum 42 milljarðar**
- » **Eignir 454 milljarðar**
- » **Jákvæð tryggingafræðileg staða 0,9%**

- » **9 milljarða lífeyrisgreiðslur**
- » **12 þúsund lífeyrisþegar**
- » **48 þúsund sjóðfélagar greiddu iðgjöld**

# 2013

## ÚR ÁRSREIKNINGI

# Starfsemi á árinu 2013

### EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK
**Í milljónum króna**

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf | 194.737 | 170.597 |
| Sjóðfélagalán | 39.799 | 39.618 |
| Innlend hlutabréf | 74.833 | 48.787 |
| Erlend verðbréf | 125.911 | 117.860 |
| Verðbréf samtals | 435.280 | 376.862 |
| Bankainnstæður | 29.943 | 35.999 |
| Eignarhluti í Húsi verslunarinnar | 202 | 215 |
| Rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 432 | 331 |
| Skammtímakröfur | 2.435 | 2.297 |
| Skuldir við lánastofnun 1) | -13.835 | -12.886 |
| Skammtímaskuldir | -632 | -613 |
| Hrein eign sameignardeild | 445.444 | 394.697 |
| Hrein eign séreignardeild | 8.381 | 7.508 |
| Samtals hrein eign | 453.825 | 402.205 |

### BREYTINGAR Á HREINNI EIGN
**Í milljónum króna**

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 19.184 | 17.997 |
| Lífeyrir | -9.231 | -8.172 |
| Fjárfestingartekjur | 42.331 | 47.468 |
| Fjárfestingargjöld | -359 | -331 |
| Rekstrarkostnaður | -380 | -341 |
| Aðrar tekjur | 75 | 71 |
| Breyting á hreinni eign á árinu | 51.620 | 56.692 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 402.205 | 345.513 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 453.825 | 402.205 |

### KENNITÖLUR

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Ávöxtun | 10,2% | 13,4% |
| Hrein raunávöxtun | 6,3% | 8,5% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 4,4% | -2,4% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 3,4% | 3,9% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,07% | 0,07% |
| Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum | 1,63% | 1,54% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | 46,4% | 43,9% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 32.439 | 32.708 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 11.827 | 11.006 |
| Stöðugildi | 32,9 | 31,1 |
| Nafnávöxtun innlánsleiðar | 5,2% | 6,2% |
| Hrein raunávöxtun innlánsleiðar | 1,5% | 1,6% |

1) Gjaldmiðlavarnarsamningar:
Réttarleg óvissa er um endanlega niðurstöðu uppgjörs samninganna.

### AFKOMA

Ávöxtun á árinu 2013 var 10,2% og hrein raunávöxtun 6,3%. Fjárfestingartekjur sjóðsins námu 42,3 milljörðum. Allir eignaflokkar skiluðu jákvæðri raunávöxtun. Árleg meðaltalsraunávöxtun sl. 5 ára er 4,4% og sl. 10 ára 3,4%.

### TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

Tryggingafræðileg staða sjóðsins í árslok 2013 er 0,9% og batnaði frá fyrra ári er hún nam -0,4%.

### LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2013 nutu að meðaltali 11.827 sjóðfélagar lífeyrisgreiðslna úr sameignardeild að fjárhæð 8.693 milljónir. Lífeyrisgreiðslurnar árið áður námu 7.717 milljónum og hækkuðu þær því um 13% frá fyrra ári. Greiðslurnar fylgja mánaðarlegum breytingum vísitölu neysluverðs.

**Lífeyrisgreiðslur sameignardeildar**
í milljónum króna




### SÉREIGNARDEILD

Séreign í árslok 2013 nam 8.381 milljón. Lífeyrisgreiðslur úr séreignardeild voru 334 milljónir á árinu. Ávöxtun verðbréfaleiðar var 10,2% og hrein raunávöxtun 6,3%. Ávöxtun innlánsleiðar var 5,2% sem samsvarar 1,5% raunávöxtun.

### EIGNIR

Eignir sjóðsins námu 453,8 milljörðum í árslok samanborið við 402,2 milljarða árið áður og nemur hækkun eigna því um 52 milljörðum. Áhættudreifing eignasafnsins er góð og samsetning þess traust. Þannig eru um 27% af eignum sjóðsins í dreifðu safni erlendra verðbréfa, 30% í innlendum ríkistryggðum skuldabréfum, 8% í safni sjóðfélagalána og 6% í bankainnstæðum. Innlend hlutabréfaeign jókst nokkuð á árinu og nemur nú um 16% af eignum sjóðsins. Önnur skuldabréf eru samtals 13% af eignum.

**Eignasafn í árslok 2013**




**Hrein eign til greiðslu lífeyris**
í milljónum króna




### FJÁRFESTINGAR

Kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu voru 28.370 milljónir á árinu og kaup innlendra hlutabréfa og hlutdeildarskírteina umfram sölu 13.106 milljónir. Kaup erlendra verðbréfa umfram sölu voru 4.303 milljónir.

### STJÓRN

Ásta Rut Jónasdóttir, formaður
Helgi Magnússon, varaformaður
Anna G. Sverrisdóttir
Benedikt Kristjánsson
Birgir Már Guðmundsson
Fríður Birna Stefánsdóttir
Guðný Rósa Þorvarðardóttir
Páll Örn Líndal

Framkvæmdastjóri
Guðmundur Þ. Þórhallsson

# live.is

## Ársfundur

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 17. mars nk. kl. 18 á Grand Hótel Reykjavík.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna | Kringlan 7 | 103 Reykjavík | Sími 580 4000 | skrifstofa@live.is | www.live.is

# Tvær stofur fengu fjóra Lúðra hvor

Auglýsingastofurnar ENNEMM og Janúar markaðshús fengu fern verðlaun hvor þegar Lúðurinn var afhentur á árlegri verðlaunahátíð ÍMARK sem haldin var í Eldborgarsalnum í Hörpu í gær. Stofan Brandenburg kom næst með þrjá Lúðra.



**LÚÐURINN AFHENTUR** Auglýsingastofan ENNEMM tekur á móti einum af sínum verðlaunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VERÐLAUN** Auglýsingastofurnar ENNEMM og Janúar markaðshús fengu flest verðlaun, eða fjóra Lúðra hvor, á hinni árlegu Íslensku markaðsverðlaunahátíð, Lúðrinum, sem fram fór í Hörpu í gærkvöldi.

Auglýsingastofan Brandenburg kom næst með þrjá Lúðra og H:N Markaðssamskipti og Tjarnargatan framleiðslufyrirtæki hlutu tvo hvor. Jónsson og Le‘macks fékk einn Lúður.

Janúar markaðshús fékk Lúðurinn fyrir bestu auglýsingaherferðina, sem yfirleitt eru talin ein af eftirsóttustu verðlaununum, fyrir herferðina „Takk fyrir Malt“ sem var unnin fyrir Ölgerðina Egil Skallagrímsson. Kvikmyndaða auglýsingin sem Janúar gerði fyrir Ölgerðina um þennan vinsæla drykk fékk einnig Lúðurinn í þeim flokki.

ENNEMM hlaut Lúðurinn fyrir bestu prentuðu auglýsinguna, „Við vitum að allt getur gerst“, sem var unnin fyrir VÍS. Stofan H:N Markaðssamskipti var verðlaunuð fyrir árangursríkustu auglýsingu ársins, „Betri en þú“, sem var unnin fyrir Markaðsráð kindakjöts.

Lúðurinn er á hverju ári veittur í fimmtán flokkum þar sem auglýsingar sem hafa skarað fram úr á árinu eru verðlaunaðar. Það sem ræður úrslitum er hversu frumleg, snjöll og skapandi hugmyndin er og svo hversu vel hún er útfærð.

Þetta var í tuttugasta og áttunda skipti sem Lúðurinn var haldinn en keppnin er opin öllum sem stunda gerð auglýsinga á Íslandi eða dreifa þeim.

ÍMARK, Samtök íslensks markaðsfólks, stendur fyrir viðburðinum í samráði við Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA). Tilgangur Lúðursins er að vekja athygli á vel gerðu auglýsingaefni og veita aðstandendum þess verðskuldaða athygli. freyr@frettabladid.is

## 4 AUGLÝSINGAR SEM FENGU VERÐLAUN

**Auglýsingaherferð:** Takk fyrir malt (Ölgerð Egils Skallagrímssonar) - Janúar markaðshús



**Almannaheillaauglýsingar** - Ljósvakamiðlar: Þerrum tárin (Á allra vörum) - Janúar markaðshús



**Prentauglýsingar:** Við vitum að allt getur gerst (VÍS) - ENNEMM



**Vefauglýsing:** Megamaðurinn (Dominos) - Janúar markaðshús







AKTU LENGRI LEIÐINA.

Kannastu við tilfinninguna? Bíllinn kraftmikill og skemmtilegur í akstri, fáir á ferli, eldsneytisnotkunin lægri en þú hefur áður kynnst þannig að þú velur lengri leiðina heim. BMW X1 xDrive18d er fjórhjóladrifinn sportjeppi með 8 gíra sjálfskiptingu og 143 hestafla dísilvél sem notar aðeins 5,4 l/100 km. Við skorum á þig að koma og reynsluaka þessum einstaka bíl frá BMW.

BMW X1 xDrive18d – 5,4 l/100 km*
Verð 6.590 þús. kr. sjálfskiptur

BMW EfficientDynamics
Less emissions. More driving pleasure.

ENNEMM / SÍA / NM61262

BL

*Miðað við uppgefnar viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

BL Sævarhöfða 2, sími 525 8000




**KOMDU OG SKOÐAÐU VOLVO XC60 AWD MEÐ NÝRRI OG ÖFLUGRI DÍSILVÉL**
**MEIRA AFL, AUKIN SPARNEYTNI OG ENN SKEMMTILEGRI Í AKSTRI**

**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.**

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo XC60 AWD, D4 dísil, 20 ventlar, 5 strokkar, 181 hö, tog 420 Nm, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,4 l/100 km. $CO_2$ 169 g/km.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Skemmdarvargar í Japan:

# Eyðilögðu bækur Önnu Frank

**TÓKÝÓ,AP** Á þriðja hundruð eintaka af Dagbók Önnu Frank ásamt tugum bóka um þetta fórnarlamb Helfararinnar hafa verið skemmd á bókasöfnum í Tókýó í Japan undanfarið. Tugir blaðsíðna hafa verið rifnar út úr bókunum. Bókasafnsverðir segja að ekki færri en 265 bækur á 31 bókasafni hafi orðið fyrir barðinu á skemmdarvörgum síðan í lok janúar. Ekki er vitað hvað vörgunum gengur til en málið er í rannsókn. - fb

Vöxtur á flestum sviðum hjá stoðtækjaframleiðandanum Össuri í fyrra:

# Hagnaður jókst um 8,5 prósent

**VIÐSKIPTI** Gervilima- og stoðtækjaframleiðandinn Össur hagnaðist um tæpa 41 milljón Bandaríkjadala á síðasta ári, eða sem svarar tæpum 4,7 milljörðum króna. Fram kemur í ársskýrslu félagsins sem birt var í Kauphöll í gær að breytingin á milli ára nemi 8,5 prósentum, en árið 2012 nam hagnaður félagsins tæpum 37,8 milljónum dala (4,3 milljörðum króna).

Í ársskýrslunni segir Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar, að félagið hafi styrkt sölunet sitt og starfsemi með kaupum og vexti í Brasilíu, Noregi og Svíþjóð. „Söluaukning á árinu var 9 prósent og sala í heild nam 436 milljónum dala [49,5 milljörðum króna].“ Jón segir söluaukningu hafa verið í Evrópu, Miðausturlöndum og Afríku og á öllum vörum félagsins. „Við sjáum líka hægan bata á markaðsaðstæðum í Ameríku.“

**Uppgjörstölur Össurar***

| Liður | Upphæð | Breyting frá 2012 |
|---|---|---|
| Rekstrarhagnaður | 60,2 | 6,0% |
| Hagnaður | 41,0 | 8,5% |
| EBITDA | 75,5 | 7,9% |
| Eignir | 706,2 | 19,5% |
| Vaxtab. skuldir | 107,8 | 31,1% |

*Tölur eru í milljónum dala.

Í ársskýrslunni eru líka birtar upplýsingar um laun stjórnar og stjórnenda. Þar kemur fram að launagreiðslur til Jóns Sigurðssonar forstjóra hafi verið rúmlega 1,3 milljónir dala á árinu. Það jafngildir rúmlega 12,3 milljónum króna í laun á mánuði. - óká

Bílar til Bandaríkjanna:

# Mexíkó stefnir að efsta sætinu

**MEXÍKÓ,AP** Allt stefnir í að Mexíkó taki fram úr Japan og Kanada í lok næsta árs og verði það land sem flytur inn flesta bíla til Bandaríkjanna. Verksmiðja bílaframleiðandans Honda, sem kostaði 800 milljónir dala, var opnuð í gær í borginni Guanajuato í Mexíkó. Þar verða framleiddir um tvö hundruð þúsund Honda-hlaðbakar á ári hverju. Þar með verða um 1,7 milljónir bíla fluttar inn frá Mexíkó til Bandaríkjanna á árinu. - fb






**VÍSIR AÐ FRIÐI?** Þótt samkomulagið milli Janúkóvítsj forseta og fulltrúa stjórnarandstöðunnar gefi von um frið tekur það ekki á grundvallarágreiningi um framtíðarstefnu landsins, sem kveikti óeirðabálið á sínum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Samkomulag en ekki lausn á deilunni

Stríðandi fylkingar í Úkraínu sömdu í gær um lausn á harðvítugum deilum sem hafa gagntekið samfélagið síðustu vikur og mánuði. Boðað verður til forsetakosninga fyrir árslok og stjórnarskráin tekin upp á ný.

**ÚKRAÍNA, AP** Viktor Janúkovítsj, forseti Úkraínu, og leiðtogar stjórnarandstöðunnar undirrituðu í gær samning um að boðað yrði til forsetakosninga fyrir áramót. Kosningar voru áður ráðgerðar í mars á næsta ári.

Þessi boðun kosninga er hluti samkomulags sem ætlað er að binda enda á átökin sem geisað hafa í landinu undanfarna daga og hafa kostað tugi manna lífið.

Samkomulagið var undirritað af Janúkóvítsj forseta, og þremur leiðtogum stjórnarandstöðunnar, Vítalí Klitskó, Arsení Jatsenjúk og Oleg Tíanibok.

Úkraínska þingið samþykkti með miklum meirihluta atkvæða að taka upp stjórnarskrá landsins frá árinu 2004 og minnka völd forsetans við það.

Stjórnarskráin mun taka gildi strax um helgina, en samkomulagið kveður einnig á um að þjóðstjórn verði skipuð innan tíu daga. Þá var innanríkisráðherrann umdeildi Vitalí Zakartsjenkó settur úr embætti og boðuð hefur verið rannsókn á ofbeldisverkunum sem farmin hafa verið síðustu daga og vikur. Verður sú rannsókn unnin í samvinnu milli yfirvalda, stjórnarandstöðu og Evrópuráðsins.

Loks má þess geta að þingið felldi úr gildi refsiákvæði vegna ákæruatriðanna gegn Júlíu Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra og helsta pólitíska andstæðingi Janúkóvítsj, en hún hefur setið í fangelsi frá árinu 2011. Ekki er ljóst hvort henni verður strax sleppt úr haldi.

➜ Samkomulagið tekur ekki á neinn hátt á sjálfri undirrót illindanna sem hafa kraumað í landinu síðustu vikur og mánuði; ákvörðun forsetans um að snúa frá formfestingu nánara samstarfs við ESB.

Á móti munu mótmælendur hverfa frá strætum og torgum víða um landið, án þess þó að tímamörk hafi verið sett í þeim efnum.

Gagnrýnendur benda hins vegar á að samkomulagið tekur ekki á neinn hátt á sjálfri undirrót illindanna sem hafa kraumað í landinu síðustu vikur og mánuði; ákvörðun forsetans um að snúa frá formfestingu nánara samstarfs við Evrópusambandið. Þess í stað sneri Janúkóvítsj sér að Rússlandi sem hefur meðal annars heitið fjárhagsaðstoð til Úkraínu, en ríkissjóður rambar á barmi greiðsluþrots.

Ennþá er þung undiralda meðal almennings um að beina sjónum í vesturátt og er í raun ekkert tekið á þeirri óánægju í samkomulaginu.

Mikið mannfall var í borgum og bæjum Úkraínu og höfuðborginni Kænugarði síðustu daga. Eru hátt í hundrað manns sagðir látnir og hundruð eru særð eftir götubardaga á milli mótmælenda og lögreglu. Tölur yfir mannfall eru þó nokkuð á reiki.

thorgils@frettabladid.is
haukur@frettabladid.is




DACIA
NÝR DACIA DUSTER 4X4
FRUMSÝNING
LAUGARDAGINN FRÁ KL 12-16
Duster
DACIA DUSTER
4X4 DÍSIL
5,3 L/100 KM Í BLÖNDUÐUM AKSTRI
Verð frá:
3.990 ÞÚS. KR.
Frumsýnum nýjan Dacia Duster
á sama tíma hjá eftirtöldum
umboðsmönnum milli kl. 12-16
KEFLAVÍK - GE bílar
SELFOSSI - IB ehf.
AKRANESI - Bílasalan Bílás
AKUREYRI - Bílasala Akureyrar
www.dacia.is
Hluti af staðalbúnaði
Stöðugleikastýring - Læsing á miðdrifi - Spólvörn - Hljómtæki með geislaspilara og USB tengi fyrir mp3
Handfrjáls Bluetooth símabúnaður - Aðgerðarhnappar við stýri - Hraðastillir - Hiti í sætum - Loftkæling
B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400
Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622
Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533
Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070
IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

Félagsfundur

Félagsfundur Sjálfsbjargar félags fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu verður haldinn þriðjudaginn 25.febrúar kl. 19:30 í félagsheimili Sjálfsbjargar, Hátúni 12.

Fundarefni:

Í okkar þágu

Ellen Calmon formaður Öryrkjabandalags íslands og Grétar Pétur Geirsson formaður Sjálfsbjargar lsf flytja erindi um störf þeirra í okkar þágu.

Kaffiveitingar

Allir velkomnir



Í PONTU Ragnheiður Elín Árnadóttir talaði tæpitungulaust á ársfundi Samorku í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ræðir sæstreng við breskan kollega sinn

**Ragnheiður Elín Árnadóttir ræðir við orkumálaráðherra Bretlands um sæstrengsverkefnið í næsta mánuði. Ráðherra vill að forræði verkefnisins færist alfarið til stjórnvalda. Vinna verkefnastjórnar rammaáætlunar veldur henni vonbrigðum.**



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, fundar með Michael Fallon, orkumálaráðherra Bretlands, í næsta mánuði og mun ræða sæstrengsverkefnið. Hún telur eðlilegt að stjórnvöld taki alfarið við verkefninu, sem Landsvirkjun hefur leitt hingað til. Vinna verkefnisstjórnar rammaáætlunar til þessa hefur valdið ráðherra vonbrigðum.

**Stórt og flókið**

Þetta kom fram í ræðu Ragnheiðar á ársfundi Samorku í gær, þar sem hún brást við ályktunum Samorku frá því í gær sem Tryggvi Þór Haraldsson, formaður Samorku, kynnti í upphafi fundar.

Samorka ályktar að tenging við raforkukerfi Evrópu verði skoðuð af mikilli alvöru og forsendur verkefnisins treystar áður en ákvörðun er tekin um hvort ráðast eigi í það. Enda yrði verkefnið stærsta og flóknasta fjárfesting í sögu landsins og gæti haft mikil jákvæð áhrif á íslenskt samfélag, en fjölmörgum spurningum er hins vegar enn ósvarað.

Ráðherra tók heils hugar undir ályktunina og lýsti jafnframt ánægju sinni með álit atvinnuveganefndar sem er nýframkomið, og tók til skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu sem hún lagði fyrir þingið í vetrarbyrjun.

Ráðherra sagði að mikil vinna væri fram undan „ef ákveðið verður að halda áfram að kanna möguleikann á því að verkefnið verði að veruleika“. Hún bætti við að ekki hefði nægilega verið hugað að áhrifum á íslenskan iðnað og atvinnulíf, heldur hefði kastljósið beinst að áhrifum á heimilin, til dæmis varðandi raforkuverð sem einnig þyrfti að meta vegna áhrifa á atvinnulífið og kanna hvers konar mótvægisaðgerðir væru mögulegar. Hún sagði vinnu þegar hafna í ráðuneytinu á grundvelli álits ráðgjafarhóps og nefndarálits atvinnuveganefndar Alþingis.

> **Ég er sammála því og tel að á þessum tímapunkti sé farsælast að forræði málsins flytjist alfarið til stjórnvalda og að við höldum utan um alla þætti málsins, meðal annars samskipti við hugsanlega mótaðila.**

> **Það urðu mér því mikil vonbrigði þegar ný verkefnisstjórn Rammaáætlunar sendi drög að áfangaskýrslu sinni til umsagnar nú nýverið.**

**Bara einn súpukokkur**

Ragnheiður sagði jafnframt að til þessa hefðu „nokkrir kokkar verið að hræra í þessari tilteknu súpu“, og minnti á álit atvinnuveganefndar þar sem segir að málið eigi ekki lengur að vera eingöngu á forræði orkufyrirtækjanna, heldur fyrst og síðast stjórnvalda. „Ég er sammála því og tel að á þessum tímapunkti sé farsælast að forræði málsins flytjist alfarið til stjórnvalda og að við höldum utan um alla þætti málsins, meðal annars samskipti við hugsanlega mótaðila.“ Í beinu framhaldi upplýsti hún fyrirhugaðan fund sinn með Michael Fallon í næsta mánuði.

**Vonbrigði með verkefnisstjórn**

Ráðherra ítrekaði þá skoðun sína að endurskoða þyrfti rammaáætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, og nefndi átta virkjunarkosti í því samhengi. Færslu þriggja kosta í neðri hluta Þjórsár sem hún telur órökstudda, ásamt Hágönguvirkjunum 1 og 2 og Skrokkölduvirkjun, úr orkunýtingarflokki í biðflokk sem „var á skjön við faglegar niðurstöður verkefnisstjórnar annars áfanga rammaáætlunar. Og til viðbótar við það voru vænlegir virkjunarkostir í vatnsafli færðir í biðflokk á umdeilanlegum forsendum, eins og Hagavatnsvirkjun og Hólmsárvirkjun.“

Ragnheiður vék næst að vinnu nýrrar verkefnisstjórnar rammaáætlunar sem hún sagðist hafa bundið miklar vonir við. „Það urðu mér því mikil vonbrigði þegar ný verkefnisstjórn rammaáætlunar sendi drög að áfangaskýrslu sinni til umsagnar nú nýverið. Í henni var eingöngu lagt mat á virkjanakostina þrjá í neðri Þjórsá og tillaga nýrrar verkefnisstjórnar var að færa einn af þeim kostum úr biðflokk í orkunýtingarflokk. Ég lít svo á að ný verkefnisstjórn rammaáætlunar hafi ekki lokið því verkefni sem henni var falið og er stafað út í þingsályktun Alþingis og í erindisbréfi hópsins […],“ sagði Ragnheiður.

## Skólp í bland við verk- og tækninám



GUÐRÚN A. SÆVARSDÓTTIR

**Guðrún A. Sævarsdóttir**, forseti tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík, ræddi samhengi orkugeirans og þekkingarstarfa. Hún benti á að alls starfi um eitt þúsund verk- og tæknifræðingar hjá orkufyrirtækjum, veitufyrirtækjum og í orkutengdum greinum hérlendis. Þá sagði hún að fjöldi nemenda í verk- og tæknifræði hefði þróast algjörlega í takt við aukna raforkuframleiðslu í landinu.

**Reynir Sævarsson**, fagstjóri vatns- og fráveitna hjá Eflu verkfræðistofu, flutti erindi um fráveitumál á fundi Samorku. Hann sagði óraunhæft að gera sömu fráveitukröfur til sjávarþorpa hérlendis og gerðar eru til borga í miðri Evrópu, hvað varðar t.d. gerla og lífræna mengun. Sagði Reynir að regluverkið ætti ekki að endurspegla þarfir Evrópulanda, eins og nú er, heldur Íslands sem mjög dreifbýls lands þar sem viðtaki, og þá hafið, frárennslis er mjög öflugur miðað við byggðina. Hann sagði þó hreinsun skólps eiga að lúta mjög ströngum reglum þar sem öflugur viðtaki væri ekki fyrir hendi.

Kanarí

Frá kr. 79.900

STÖKKTU

Frá kr. 99.900

Þú bókar STÖKKTU tilboð, tryggir þér flug og gistingu, og við sendum þér svo upplýsingar um gististað 3 dögum fyrir brottför.
5. mars í 13 nætur.

SÉRTILBOÐ

Frá kr. 199.900
á Gran Canaria Princess**** með hálfu fæði.
Netverð á mann frá kr. 199.900 á Gran Canaria Princess m.v. 2 fullorðna í herbergi með hálfu fæði í 13 nætur. 5. mars í 13 nætur.

Frá kr. 79.900
á Jardin del Atlantico**
Netverð á mann frá kr. 79.900 á Jardin del Atlantico m.v. 2 fullorðna í íbúð í 7 nætur.
19. mars í 7 nætur.

Frá kr. 109.900
á Jardin del Atlantico**
Netverð á mann frá kr. 109.900 á Jardin del Atlantico m.v. 2 fullorðna í íbúð í 9 nætur.
19. mars í 9 nætur.

Frá kr. 97.900
á Turbo Club Apartments*** m/allt innifalið
Netverð á mann frá kr. 97.900 á Turbo Club Apartments m.v. 2 fullorðna í íbúð í 7 nætur.
26. mars í 7 nætur.

Sjá fleiri tilboð og gistimöguleika á heimsferdir.is

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Vissir þú að...
bannað er að mismuna börnum eftir því hvað foreldar þeirra gera.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



**HVERFISGATA** Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir á Hverfisgötu.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hverfisgatan í Reykjavík:

## Opnuð fyrir umferð á ný

**SKIPULAGSMÁL** Hverfisgatan var opnuð á ný fyrir bílaumferð í gær. Áfram verður unnið við lokafrágang götunnar alla næstu viku. Í tilkynningu frá Reykjavíkurborg kemur fram að verslunarmenn séu ánægðir með þessi tímamót og að verklokum verði fagnað á laugardaginn eftir viku.

Í gær voru lagnir myndaðar til að ganga úr skugga um aðekkert hefði gengið úr skorðum við jarðvegsþjöppun og einnig var sandur hreinsaður úr niðurföllum. Umferðartálmar verða fjarlægðir, en vinnusvæðamerkingar verða þó áfram uppi og hraðatakmörk eru 20 km/klst. Í næsta áfanga verður Hverfisgatan frá Vitastíg að Snorrabraut endurgerð. - fb

Ráðherra skipar stýrihóp:

## Skoða VSK og vörugjöldin

**EFNAHAGSMÁL** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur skipað stýrihóp til að vinna að endurskoðun vörugjalda- og virðisaukaskattskerfanna. Stefnt er á að hverfa frá sértækri neyslustýringu með vörugjöldum og einfalda virðisaukaskattskerfið.

Í tilkynningu segir að meðal verkefna hópsins sé að leita leiða til að breikka skattstofna og sporna við skattsvikum til að unnt verði að létta skattbyrði almennings og fyrirtækja. - bá

Atvinnuvegaráðuneytið:

## Málsmeðferðin vegna kvóta á osta lögmæt

**VIÐSKIPTI** Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið tilkynnti í gær að það teldi málsmeðferð ráðgjafarnefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara í samræmi við gildandi lög. Félag atvinnurekenda, FA, gagnrýndi málsmeðferðina í kjölfar höfnunar ráðuneytisins á innflutningsbeiðni Haga.

Sagði félagið að sneitt hefði verið hjá lögbundnum álitsgjöfum, meðal annars FA, áður en beiðninni var hafnað, en ráðuneytið segir að ráðgjafarnefndinni hafi ekki verið skylt að leita umsagnar í þessu tilfelli. - bá

Starfsmaður svipti sig lífi:

## Hlutu dóm vegna eineltis

**SVÍÞJÓÐ** Tveir yfirmenn í Jämtland í Svíþjóð hafa verið dæmdir til dagsekta í kjölfar þess að undirmaður þeirra svipti sig lífi eftir einelti á vinnustað.

Hinn látni ræddi við yfirmenn sína um eineltið haustið 2009. Hann fékk það svar að hann hefði ekki staðið sig í vinnunni og var síðar sagt upp störfum. Þann sama dag svipti hann sig lífi, að því er greint er frá í Sænska dagblaðinu. Í úrskurði dómstólsins segir að aðgerðaleysi yfirmannanna hafi leitt til þess að maðurinn veiktist og svipti sig lífi í kjölfarið. - ibs

Miðstöð foreldra og barna er ein sinnar tegundar en hún sinnir vanda barna í yngsta aldursflokknum:

# Fengu höfnun um styrk frá ráðuneytinu

**VELFERÐ** Miðstöð foreldra og barna sinnir foreldrum sem eiga í vanda á meðgöngu og fyrsta ári barnsins. Vandinn getur verið að tengslamyndun gangi illa, streita og vanlíðan foreldra eða óróleiki nýburans.

Framtíð miðstöðvarinnar er nú ótrygg vegna fjárskorts en stöðin er ein sinnar tegundar á Íslandi.

„Þetta er alvarleg staða, sérstaklega í ljósi umræðu síðustu daga um úrræði fyrir börn í vanda og áherslu á snemmtæka íhlutun,“ segir Sæunn Kjartansdóttir, einn stofnenda miðstöðvarinnar.

„Þetta er viðkvæmasti aldurshópurinn og sýnt hefur verið fram á mikla fylgni milli streitu á fyrstu árum barns og þess að einstaklingar eigi við geðraskanir og vímuefna- og fíkniefnavanda að stríða á fullorðinsárum.“

Miðstöð foreldra og barna er háð opinberum styrkjum í starfsemi sinni. „Við sóttum um styrk nýlega hjá velferðarráðuneytinu en fengum höfnun. Við bíðum þó frekari svara og vonum það besta,“ segir Sæunn.

Hún segir mikla þöggun vera um vanda foreldra með ungbörn og slæmt ef foreldrar geta ekki leitað sérhæfðrar hjálpar.

„Þetta er það aldursskeið sem skiptir mestu máli í lífinu upp á sjálfsmynd einstaklingsins og framtíðarheilbrigði, samt sem áður er þöggun og yngstu börnin komast aldrei á blað þegar fjallað er um vanda barna.“ - ebg



**FALINN VANDI** Sæunn Kjartansdóttir, ráðgjafi og einn stofnenda Miðstöðvar foreldra og barna, segir vanda yngstu barnanna vera falinn í samfélaginu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





2 FYRIR 1 ÚT AÐ BORÐA
TRIO
RESTAURANT
3 DAGA PASSI
BAÐHÚSIÐ
2 FYRIR 1 Í BAÐSTOFU
SÓLEY natura spa
FYLGIR ÖLLUM KONUDAGSGJÖFUM MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

MUNIÐ VEFVERSLUN BLOMHEIM.IS
GARÐHEIMAR
Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# STÓRIR, LITLIR, MJÚKIR ... SÓFAR FYRIR ALLA!

## – full búð af nýjum sófum

**TALIDA**
HORNSÓFI MEÐ HVÍLD OG TUNGU

Stærð: 341x222x160 H 84 cm. Tunga fáanleg beggja vegna. Grátt og blátt slitsterkt áklæði.

**319.990**
FULLT VERÐ 369.990




Höfuðpúði seldur sér.

**AMERY**
FJÖGURRA SÆTA SÓFI

Stærð: 312x105
H 85 cm.
Slitsterkt áklæði dökkblátt áklæði.

**249.990**
FULLT VERÐ 279.990




**OREGON**
HORNSÓFI MEÐ TUNGU

**OREGON** Hornsófi með tungu.
Stærð: 305x240x150
H 85 cm. Tunga getur verið beggja vegna.
Grátt og grábrúnt slitsterkt áklæði.

**349.990**
FULLT VERÐ 399.990







**RIALTO**
La-Z-boy stóll.
Fæst í fjórum litum.
B:80 D:90 H:105 cm.
Einnig fáanlegur í áklæði á tilboði frá kr.




**STANLEY** La-Z-boy stóll.
Svart, hvítt, brúnt og vínrautt leður á slitflötum.
B:81 D:94 H:103 cm.
Einnig í álæði á tilboðsverði frá **kr. 83.990**




**EMPIRE**
La-Z-boy stóll.
Fæst í 3 litum litum.
B:80 D:70 H:102 cm.

KJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI | REYKJAVÍK | AKUREYRI I | REYKJAVÍK



# FYRIR LIFANDI HEIMILI!

**GOHST**
hægindastóll
Fáanlegur í fjölmörgum fallegum litum.
Einnig fáanlegur í
í leðri.

Áklæði
**109.990**
FULLT VERÐ: 139.990




**KENYA**
hægindastóll
Grátt slitsterkt áklæði.

**49.990**
FULLT VERÐ: 59.990

**KENYA**
hægindastóll
Blátt slitsterkt áklæði.



**HAVANA**
hægindastóll
Orange slitsterkt áklæði.

**69.990**
FULLT VERÐ: 79.990

**HAVANA**
hægindastóll
Ólífugænt slitst. áklæði.

VERTU MEÐ OKKUR Á facebook KOMDU Í HÖLLINA EÐA HEIMSÓTTU OKKUR Á **HUSGAGNAHOLLIN.IS**

**LA-Z-BOY RIALTO** – SJÓNVARPSSÓFI

LA Z BOY®



**359.990**
FULLT VERÐ: 459.990

**RIALTO**
La-Z-boy
sjónvarpssófi.
Svart leður á slitflötum.
205 x 90 H:105 cm.

**HÚSGAGNAHÖLLIN**
REYKJAVÍK | AKUREYRI

G Dalsbraut 1 • Akureyri **OPIÐ** Virka daga kl 10–18 og laugardaga 11-16 **EITT SÍMANÚMER** 558 1100

# SKOÐUN

Í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar er ekkert sem gefur tilefni til viðræðuslita við Evrópusambandið.

## Furðuvendingar í Evrópumálum

Nú hafa þau tíðindi orðið að þingflokkar bæði Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa samþykkt að draga til baka umsókn Íslands að Evrópusambandinu og þingsályktunartillaga þess efnis hefur þegar verið lögð fram.

Ákvörðunin kemur ef til vill ekki svo mjög á óvart þegar horft er til framsóknarmanna, enda hefur orðræðan af þeim vígstöðvum öll verið í takt við að leitað sé ástæðna til viðræðuslita og Evrópusambandinu fundið allt til foráttu. Þar eru menn (og konur) svo forspáir að þeir vita fyrirfram hvað kemur og kemur ekki út úr samningaviðræðunum.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Ákvörðunin kemur meira á óvart hjá Sjálfstæðisflokknum sem ekki virðist víla fyrir sér að brjóta með þessu loforð sem gefið var fyrir kosningar. Loforð um að kosið yrði um áframhald viðræðna á fyrri hluta þessa kjörtímabils. Óvíst er að kjósendur verði búnir að gleyma þeim svikum næst þegar gengið verður að kjörborðinu.

Þá verður að teljast til nýmæla að Sjálfstæðisflokkurinn gefi skít í atvinnulífið með þessum hætti og óvíst hvaða afleiðingar fylgispektin við Evrópusambandsandstæðinga á eftir að hafa innan hans. Flokkurinn snýr baki við Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins, Samtökum iðnaðarins og Alþýðusambandi Íslands þegar kemur að stefnunni í Evrópumálum.

Svo má velta fyrir sér hvað kalli á þessa ákvörðun nú, tæpast er það skýrsla Hagfræðistofnunar Háskólans um aðildarviðræðurnar, því í henni er ekkert að finna sem gefur tilefni til að taka ákvörðun um viðræðuslit. Fram kemur að óvissa sé um niðurstöðu í viðræðum um landbúnað og sjávarútvegsmál. Það vissu allir fyrir.

Þá er ekki að sjá neinn áfellisdóm í ritinu um þróun mála í Evrópusambandinu þegar kemur að stofnunum eða efnahagsþróun.

Á sama tíma og ríkisstjórnarflokkarnir virðast ætla að leggja út í þennan óvissuleiðangur liggur fyrir að mikill meirihluti þjóðarinnar vill fá að sjá og kjósa um endanlegan aðildarsamning. Fyrr en hann liggur fyrir er erfitt að gera endanlega upp hug sinn um ágæti aðildar að sambandinu, jafnvel þó svo að flest virðist benda til að aðild yrði landi og þjóð hagfelld.

Þá verður þróun mála hjá ríkisstjórnarflokkunum í Evrópumálum að teljast verulega öfugsnúin í ljósi niðurstaðna könnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir samtökin Já Ísland en þær eru birtar í blaðinu í dag. Þar kemur fram að á höfuðborgarsvæðinu er meirihluti fyrir aðild að Evrópusambandinu yrði slíkur samningur borinn undir atkvæði í dag. Og þetta er þrátt fyrir að ekki hafi verið lokið samningum um mikilvæg hagsmunamál þjóðarinnar.

Skynsamt fólk getur bara vonað að stjórnarflokkarnir sjái að sér og hverfi af þessari óheillabraut. Ljóst má vera að í þessum málum er hyldjúp gjá milli þings og þjóðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

AFMÆLIS-VEISLA UM HELGINA!

Kvik Reykjavík fagnar afmæli með fullt af góðum afmælistilboðum. Við höfum opið laugardag 11-17 og sunnudag 13-17. Líttu við og sjáðu öll frábæru tilboðin.

– og taktu jafnframt þátt í léttum leik um gjafakort að verðmæti 100.000,- með því að svara 5 laufléttum spurningum á þátttökuseðli sem þú færð í búðinni. Drögum 22. mars 2014.

Kvik Reykjavík:
Suðurlandsbraut 16
Sími 5880500



kvik

allir eiga að geta eignast flott eldhús

## SPOTTIÐ




### AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Golubelgdur málflutningur



„ESB er í raun ekki í stakk búið til að taka á móti velmegandi ríki eins og Íslandi og eiga samninga um aðild á jafnræðisgrundvelli.“ Að mati vefritsins Eyjunnar er þetta ein fréttnæmasta ályktunin sem utanríkisráðherra Íslands dró af skýrslu Hagfræðistofnunar Háskólans um stöðu aðildarviðræðnanna.

Orðin féllu ekki af gáleysi. Þau eru kjarninn í rækilega hugsaðri ræðu á Alþingi. Það fyrsta sem kemur í hugann til samjöfnuðar er sjónvarpsviðtalið við forsætisráðherra á dögunum sem trúlega verður lengur geymt í sarpi minninganna en flest önnur.

Skýrsla Hagfræðistofnunar dregur vel fram stöðu aðildarviðræðnanna. Á annað borðið er því réttilega lýst að það verður þraut að ná öllum markmiðum Íslands en á hitt borðið er ekkert útilokað í þeim efnum. Þar er líka að finna ágæta lýsingu á þekktum lagalegum hliðum Evrópusamvinnunnar og kunnum efnahagslegum aðstæðum í Evrópu.

Það féll hins vegar utan við verkahring höfunda skýrslunnar að gera samanburð á efnahagsstöðu Íslands og Evrópusambandsríkjanna og mismunandi möguleikum Íslands og þeirra til að bæta stöðu sína. Fyrir utan mikilvægi pólitískrar samvinnu er þessi efnahagslegi samanburður eitt af því brýnasta sem menn þurfa að glöggva sig á áður en þjóðin gerir upp við sig hvar og hvernig hún vill tryggja stöðu sína í alþjóðasamfélaginu.

Augljóst er að til hægðarauka hefði verið að hafa þennan samanburð í einni skýrslu. Það kallar þó ekki á aðra úttekt. Fyrir hinni hlið málsins er gerð afar góð grein í McKinsey-skýrslunni. Þarflegt er að lesa þessar tvær skýrslur til að fá þennan samanburð og sjá betur samhengi hlutanna.

## Vísbending um að eitthvað meira sé að

Við nánari umhugsun verður að ganga út frá því sem vísu að utanríkisráðherra hafi ekki aðeins lesið skýrslu Hagfræðistofnunar í þaula heldur einnig McKinsey-skýrsluna. Annað væri óvirðing við hann. Að því gefnu er trauðla hægt að skýra þá ályktun sem utanríkisráðherra dró af skýrslu Hagfræðistofnunar með því einu að hann hafi verið golubelgdur þann daginn. Hitt er líklegra að ummælin séu vísbending um að eitthvað meira sé að í stjórn ríkisins.

Ein alvarlegasta staðreyndin sem dregin er fram í McKinsey-skýrslunni er sú að framleiðni í þjóðarbúskapnum er langt fyrir neðan það sem gerist í helstu viðskiptaríkjunum. Reyndar kemur þar fram að framleiðni hér er nánast á plani við Grikkland. Aðeins sjávarútvegurinn stóðst alþjóðlegan samanburð í þessum efnum.

Óþarfi er að minna á að framleiðni atvinnufyrirtækjanna er það sem úrslitum ræður í viðleitninni til að halda launum sambærilegum við það sem best gerist. Það er eitthvað mikið að þegar utanríkisráðherra landsins sér ekki þennan vanda eftir lestur McKinsey-skýrslunnar.

Við getum ekki dregið mikið fleiri tonn af fiski úr sjó. Gríðarleg tækifæri bíða aftur á móti til að gera meiri verðmæti úr sjávarfanginu. En til þess þarf gjaldgenga mynt og opnari aðgang að mörkuðum. Það er eitthvað mikið að þegar utanríkisráðherra sér ekki að hér eru hindranir í vegi.

Málum er svo komið að íslensk sprotafyrirtæki verða annaðhvort að selja hugmyndir sínar úr landi eða flytja sjálf úr landi um leið og þau eignast viðskiptavini. Ástæðan er sú að Ísland á ekki gjaldgenga mynt. Það er eitthvað mikið að þegar þessi alvarlega staða er hulin augum utanríkisráðherra landsins.

Á Írlandi hefur framlag útflutnings til hagvaxtar verið jákvætt eftir hrun. Hér hefur það verið neikvætt. Hagspár benda til að hagvöxtur næstu ár byggist á einkaneyslu en ekki sköpun verðmæta. Það er eitthvað mikið að þegar augu utanríkisráðherra eru lokuð fyrir þessum veruleika.

## Lýðræðið og menn úti í bæ

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð fengu alþjóðastofnun Háskólans til að gera skýrslu um aðildarviðræðurnar. Þær lúta sannarlega að mikilvægum hagsmunum launafólks og fyrirtækja. Von er á þeirri skýrslu í apríl.

Nú hefur verið spurt hvort ekki væri rétt að bíða með ákvarðanir þar til sú skýrsla birtist. En utanríkisráðherra telur að ekki eigi að bíða eftir skýrslum sem pantaðar eru af mönnum úti í bæ. Um leið er látið að því liggja að Háskóli Íslands falbjóði skoðanir.

Í flestum lýðræðisríkjum þykja menn úti í bæ jafn verðugir viðtals og hverjir aðrir. En utanríkisráðherra Íslands setur forystumenn launafólks og atvinnurekenda og háskólamenn í flokk með mönnum sem ekki þurfi að eiga orðastað við.

Forsætisráðherra fyrri ríkisstjórnar afgreiddi fræðimenn og forystumenn launafólks og atvinnulífs ítrekað með sama hætti þegar stór mál voru í húfi. Það sýndi að eitthvað mikið var að. Að þessu leyti hefur lítið breyst með nýrri ríkisstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*




ENNEMM / SÍA / NM61552

ix35

# Vandaður – fjórhjóladrifinn

Hyundai ix35, dísil, beinskiptur - Verð: 5.790.000 kr.

Hyundai ix35, dísil, sjálfskiptur - Verð: 6.390.000 kr.

Fjórhjóladrifinn / hiti í stýri / hiti í fram- og aftursætum / HAC brekkubremsa
bakkmyndavél / fjarlægðarskynjarar að aftan og framan / eldsneytisnotkun 5,5 l/ 100 km*

*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun beinskipts ix35 í blönduðum akstri

## Bjóðum vetrardekk og dráttarbeisli með öllum ix35 í takmarkaðan tíma!

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

**OPIÐ Í DAG, LAUGARDAG FRÁ 12–16**

Hyundai – Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

BL Hyundai / BL ehf. GE bílar / Reykjanesbæ / 420 0400 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070 – IB ehf. / Selfossi / 480 8080

# Staðreyndir um grunnheilbrigðisþjónustu

HEILBRIGÐISMÁL



**Aðalbjörg Stefanía Helgadóttir**
hjúkrunarfræðingur

Ég fór á fund í morgun, sem er ekki í frásögur færandi; ég fer á nokkra í hverri viku. Flestir tengjast þeir starfinu mínu við skólahjúkrun í Langholtsskóla, þar sem tilgangurinn er að mæta þörfum barna og foreldra fyrir þjónustu. Stór hluti starfsins á eðli málsins samkvæmt að felast í forvörnum, fræðslu, bólusetningum, skoðunum og mælingum.

En eins og margsinnis hefur komið fram í opinberri umræðu er víða pottur brotinn í þjónustu við börn og unglinga sem af einhverjum ástæðum eiga undir högg að sækja eða eru „Börnin á brúninni", líkt og Erla Björg Gunnarsdóttir blaðamaður nefndi tímabæra umfjöllun sína, sem birtist í Fréttablaðinu í liðinni viku. Afleiðingarnar eru meðal annars þær að í stað þess að starfið mitt snúist um að koma í veg fyrir vanlíðan og vanda barna og ungmenna fer stór hluti starfsins í að mæta brýnum þörfum þessara barna eða vísa þeim í viðeigandi úrræði, þar sem iðulega eru langir biðlistar. Starfið felst í að slökkva elda í stað þess að koma í veg fyrir að þeir kvikni.

Síðastliðið haust fór ég við fjórða mann á fund hjá háttvirtum heilbrigðisráðherra, sem þá nýtekinn við embætti lofaði bót og betrun í grunnþjónustu við þegna okkar ágæta samfélags. Þar á meðal var nefnd efling heilsugæslunnar, efling heimaþjónustu, efling vaktþjónustu og efling nærþjónustu í hvívetna með áherslu á að nýta þekkingu og reynslu hins gríðarlega mannauðs sem til dæmis starfar innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins – HH.

Til að ítreka mikilvægi þessa enn frekar hvað varðar börn og ungmenni í samfélagi okkar, kom fram í nýlegri tilkynningu frá félags- og húsnæðismálaráðherra að það væri aðkallandi að ráðast í „… gagngerar kerfisbreytingar til að tryggja börnum og ungmennum sem glíma við geðraskanir, fíkniefnavanda eða fjölþættan vanda viðeigandi úrræði," – sem ráðherra segir þeim ekki hafa staðið til boða vegna „… slælegrar stjórnunar hins opinbera og skorts á heildarsýn." (Ungmennum í vanda veitt aðstoð; mbl.is, 17.02.2014.)

**Ástandið óviðunandi**

Ég fagna þessari tilkynningu mjög, enda eru þetta göfug og góð markmið, sem ég vona innilega að náist því sannarlega er núverandi ástand óviðunandi. Við skulum þó hafa í huga að víða innan grunnheilbrigðisþjónustunnar er meðvitund um þörf þessara barna og fjölskyldna þeirra fyrir þjónustu, og leitað allra leiða til að mæta henni. Má í því sambandi nefna fjölskylduteymi Langholts- og Vogahverfis, sem er þjónustuúrræði fyrir börn og fjölskyldur í vanda sem í eiga sæti sérfræðingar frá Heilsugæslunni í Glæsibæ, frá barna- og unglingageðdeild Landspítalans og frá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis. Fagaðilar sem starfa í nær- og grunnþjónustu við börn og ungmenni eru nefnilega mjög meðvitaðir um þörf þeirra fyrir þjónustu, hve vandinn hefur vaxið og um leið, hve leiðtogar velferðarkerfisins virðast bregðast seint og illa við.

Hér í upphafi minntist ég á fund sem ég sat í morgun. Þar kom fram að til að ríkisstofnunin Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins geti starfað samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs þurfi að draga saman um 150 milljónir. Og hvað þýðir það? Því er auðsvarað. Það á að draga úr grunnþjónustu. Draga úr vaktþjónustu lækna, draga úr viðveru og þjónustu skólahjúkrunarfræðinga, fækka komum í mæðravernd og draga úr skimunum í ung- og smábarnavernd. Og það á sama tíma og fyrirburamóttaka Heilsugæslunnar er lögð niður og flutt út á heilsugæslustöðvarnar, sem stjórnendur HH hafa haldið fram í fúlustu alvöru að muni nákvæmlega engin áhrif hafa á gæði þjónustunnar.

**➜ Það er sannarlega skortur á heildarsýn innan velferðarkerfisins, sem er undir slælegri stjórn.**

Það er sannarlega skortur á heildarsýn innan velferðarkerfisins, sem er undir slælegri stjórn líkt og félags- og húsnæðismálaráðherra benti á. Ef áfram heldur sem horfir molnar enn frekar undan stoðum HH, sem á að gegna lykilhlutverki í grunnheilbrigðisþjónustu. Í mínum huga er það ekki aðeins fjárskortur sem veldur því, heldur ekki síður skortur á hlustun og raunverulegum vilja til breytinga innan stjórnsýslu HH og umhyggjuleysi gagnvart því framúrskarandi fagfólki sem starfar á heilsugæslustöðvum borgarinnar.

Nú er mál að linni. Eflum úrræðin, þekkinguna og reynsluna sem er til staðar. Bregðumst við þörfum skjólstæðinga okkar fyrir þjónustu, komum í veg fyrir að eldarnir kvikni og hlustum á fólkið á vettvangi, sem verður á hverjum degi vart við alvarlegar afleiðingar þeirra samfélagslegu breytinga sem hér hafa átt sér stað síðastliðin ár.





**Námskeið í gerð umsókna um nám og þjálfun í Evrópu**
Erasmus+ er ný styrkjaáætlun Evrópusambandsins á sviði menntunar, æskulýðsstarfs og íþrótta sem gildir 2014-2020. Markmið Erasmus+ er að auka gæði og stuðla að samstarfi í menntun og þjálfun innan Evrópu, en 34 Evrópulönd eiga aðild að áætluninni.

**Nám og þjálfun** veitir starfsfólki á öllum skólastigum og nemendum í starfsmenntun og á háskólastigi tækifæri til að sinna námi, starfsþjálfun eða kennslu í þátttökulöndum Erasmus+. Hægt er að sækja um ferða-, uppihalds- og námskeiðsstyrki.

**Námskeiðin verða haldin í húsnæði Endurmenntunar HÍ, Dunhaga 7, sem hér segir:**

▶ **Starfsmenntun**
miðvikudaginn 26. febrúar kl. 14:00-16:00

▶ **Leik-, grunn- og framhaldsskólar, tónlistar- og listnámsskólar og fullorðinsfræðslustofnanir**
fimmtudaginn 27. febrúar kl. 14:00-16:00

Skráning fer fram á **erasmusplus@rannis.is**. Á námskeiðunum verður farið yfir umsóknarferlið og umsóknareyðublöð skoðuð. Hægt er að óska eftir aðgengi í gegnum fjarfundabúnað símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni.

Fræðslu- og menntastofnanir á öllum skólastigum geta sótt um styrki í Erasmus+. Einnig eiga fyrirtæki, samtök og aðrir lögaðilar sem sinna menntun rétt á þátttöku.

**Umsóknarfrestur fyrir náms- og þjálfunarferðir er til 17. mars 2014.**

Nánari upplýsingar um Erasmus+ er að finna á **www.erasmusplus.is**

Erasmus+ www.erasmusplus.is
rannís www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun


# Aumasta yfirklór Íslandssögunnar?

SKIPULAG



**Björn B. Björnsson**
kjósandi í Reykjavík

Margir hafa gagnrýnt meirihlutann í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir að berjast gegn friðlýsingu gamalla húsa við Ingólfstorg. Í Fréttablaðinu fyrir skemmstu svarar Páll Hjaltason þessari gagnrýni í grein sem er að öllum líkindum aumasta yfirklór Íslandssögunnar.

Páll segir rökin fyrir andstöðu borgaryfirvalda gegn friðlýsingunni vera tvenns konar. Í fyrsta lagi séu húsin þegar friðuð og „friðlýsing feli ekki í sér meiri húsavernd".

Úps! Borgaryfirvöld eru semsé á móti friðlýsingunni vegna þess að hún breyti engu um verndun húsanna! En ef friðlýsingin engu – hvers vegna eru borgaryfirvöld þá að stíga það fordæmalausa skref að mótmæla henni? Er einhver sem skilur það?

Hið rétta er auðvitað að það er munur á friðun og friðlýsingu þar sem síðarnefnda aðgerðin gengur lengra eins og allir geta kynnt sér á heimasíðu Minjastofnunar (– og dálítið undarlegt að formaður Skipulagsráðs viti það ekki).

Það sem Páll þegir svo þunnu hljóði um er að með friðlýsingunni eru áform lóðareiganda Landssímareitsins um að troða steinsteypuhúsum upp að og allt í kringum gömlu húsin á suðurhlið Ingólfstorg í uppnámi. Og enn einu sinni eru kjörnir fulltrúar Reykvíkinga að berjast fyrir einkahagsmunum lóðareigandans sem vill byggja risahótel á Landssímareitnum.

**Skammarlegt skref**

Seinni ástæðan fyrir mótmælum meirihlutans gegn friðlýsingu þessara gömlu húsa segir Páll vera þá að Húsafriðunarnefnd hafi á fyrri stigum ekki talið nauðsynlegt að friðlýsa húsin, en hafi nú skipt um skoðun (ljótt er ef satt er). Borgaryfirvöld hafi mótmælt friðlýsingunni því það sé „óþolandi fyrir skipulagsyfirvald sveitarfélags að búa við óstöðuga og óþarfa stjórnsýslu af hálfu stofnana ríkisins".

Aha! Hér er sumsé um að ræða ástæðu sem hefur ekki beint með friðlýsingu þessara húsa að gera, heldur er um að ræða prinsippmál: Hetjulegra baráttu borgaryfirvalda gegn „óstöðugri og óþarfri stjórnsýslu". Þessi barátta er væntanlega rétt að hefjast og á næstu vikum munu sennilega stöðugt berast háværar mótmæli frá borginni út af hinu og þessu þar sem stjórnsýslunni hefur orðið á í messwunni. Við getum þá öll sofið betur vitandi af hetjulegu vakt borgaryfirvalda gegn þeim óskunda!

**➜ Þessi barátta er væntanlega rétt að hefjast og á næstu vikum munu sennilega stöðugt berast háværar mótmæli frá borginni út af hinu og þessu þar sem stjórnsýslunni hefur orðið á í messunni.**

Aðfinnslur um að Húsafriðunarnefnd hafi skipt um skoðun í málinu eiga ekki við rök að styðjast eins og farið er yfir í grein í síðasta tölublaði „Reykjavíkur" og verður ekki endurtekin hér.

Rök borgaryfirvalda fyrir því að stíga það skammarlega skref að vera fyrsti meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur sem berst gegn friðlýsingu gamalla húsa eru því annars vegar að það breyti engu og hins vegar að það sé liður í baráttu gegn óþarfri og óstöðugri stjórnsýslu! - Og trúi nú hver sem betur getur.

Þessi sögulegu mótmæli meirihlutans í Reykjavík gegn húsafriðun vekja enn og aftur upp spurninguna hvers vegna borgaryfirvöld berjast svo hatrammlega fyrir sérhagsmunum þessa lóðareiganda Landssímareitsins. Gegn háværum mótmælum borgarbúa sem haldið hafa útifundi og safnað þúsundum undirskrifta þar sem bent er á afleit umferðar- og umhverfisáhrif fyrirhugaðs risahótels á miðborgina og niðurrif Nasa-salarins. Og gegn tilmælum og mótmælum Alþingis sem vill verja umhverfi og öryggi þingsins.

Þeirri spurningu er enn ósvarað.

# Þjóðaratkvæði

EVRÓPUMÁL



**Þorbjörn Broddason**
prófessor

„… það er ákveðinn ómöguleiki hér til staðar, sem ekki er hægt að komast í kringum."

*(Bjarni Benediktsson, 19. febrúar 2014)*

Mér eru málefni Evrópu og þar með Evrópusambandsins hugleikin líkt og mörgum öðrum. Ég fagnaði umsókn Íslands um inngöngu og var bjartsýnn á að samningaviðræðum mundi ljúka með niðurstöðu, sem ég gæti tekið afstöðu til í þjóðaratkvæði. Ég er með öðrum orðum viðræðusinni samkvæmt skilningi Þorsteins Pálssonar (sjá pistil á visir.is frá 18. fyrra mánaðar). Þegar viðræður hafa verið leiddar til lykta mun ég breytast í annað tveggja, aðildarsinna eða aðildarandstæðing. Fyrr ekki. Þess vegna komu mjög flatt upp á mig þau orð formanns Sjálfstæðisflokksins, sem hann mælti á Alþingi 19. febrúar, að það væri að koma æ betur í ljós að eina leiðin til þess að „virkja vilja þjóðarinnar" væri að gera það „með þjóðaratkvæðagreiðslu um viljann til að ganga í Evrópusambandið …" Formaðurinn býður mér sem sagt og þeim tvö hundruð og fjörutíu þúsund öðrum, sem mundu vera á kjörskrá í þjóðaratkvæði, að kjósa um spurningu, sem ekki er unnt að svara fyrr en að loknum viðræðum, í stað þess að bjóða okkur að svara hinni skýru spurningu hvort við viljum halda áfram samningaviðræðum við Evrópusambandið eða slíta þeim.

**➜ Reyndar gat hvarflað að hrekklausum útvarpshlustanda að texti formannsins hefði hreinlega verið saminn uppi í Hádegismóum.**

Því hefur heyrst fleygt að Bjarni Benediktsson sé vaxandi stjórnmálamaður. Ekki treysti ég mér til að dæma um það en vera má að þessi skoðun sé afstæð og standi í sambandi við nærtækan samanburð. Þegar ég heyrði ofangreind ummæli formannsins í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 20. febrúar varð mér hins vegar ljóst að Evrópusambandsumræðan hefur orðið honum að tilefni til að lyfta kunnuglegu merki ósvífninnar á ný í slíkar hæðir að eldur stoltsins hlýtur að loga í æðum eins fyrirrennara hans. Reyndar gat hvarflað að hrekklausum útvarpshlustanda að texti formannsins hefði hreinlega verið saminn uppi í Hádegismóum.

# Hvað fæ ég í skerðingar vegna lífeyrissjóðs míns?

SAMFÉLAG



**Guðmundur Ingi Kristinsson**
öryrki og formaður BÓTar

Þann 16. janúar sl. skrifaði Ásta Rut Jónasdóttir, stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna, grein í Fréttablaðið undir fyrirsögninni. „Hvað fæ ég frá lífeyrissjóðnum mínum“. Þar skrifar hún að stundum heyrist sagt að við fáum „ekkert“ út úr lífeyrissjóðunum og tekur dæmi um sjóðsfélaga með að jafnaði 400 þúsund króna mánaðarlaun yfir starfsævina sem fái um 256 þúsund krónur á mánuði ævilangt eftir 67 ára aldur.

**Fáránlega miklar**

Það sem vantar í grein hennar er hvað skerðingar vegna lífeyrissjóðsgreiðslna hjá ríkinu í gegnum Tryggingastofnunina eru fáránlega miklar. Sjóðsfélaginn verður skertur fjárhagslega í svelt og í mínus þegar skerðingarnar ná hæstu hæðum. Það er allt skert hjá TR nema grunnlífeyrir og að fá bara 12% hækkun á heildarbætur örorkulífeyrisins frá Tryggingastofnun ríkisins og Lífeyrissjóði verslunarmana frá 2008-2013 eru gróf svik við veikt fólk.

**Lögbrot og svik**

En þeir sem eru með yfir 700 þúsund krónur í laun á mánuði og fá 350 þúsund krónur lífeyrisgreiðslur á mánuði eftir starfslok eða örorku, sleppa við Tryggingastofnun ríkisins og allar skerðingarnar sem láglaunaþeginn verður fyrir.

Á sama tíma hækkuðu lágmarkslaun um 54%. Bætur þeirra sem eingöngu fá greitt frá Tryggingastofnun ríkisins hækkuðu um 29%. Þá er einnig lögvarða skylduhækkunin á verðbótum upp á um 35% tekin af lífeyrisþeganum. Þetta er lögbrot og svik ríkisins og verkalýðsfélaga við lífeyrisþega. Það vantar um 100 þúsund krónur upp á löglega hækkun á bætur mínar á mánuði fyrir skatt eða 63 þúsund krónur eftir skatt.

**Eignaupptaka**

Bætur almannatrygginga „skuli“ breytast árlega í samræmi við launaþróun, þó þannig að hækkun þeirra sé „aldrei“ minni en verðlag samkvæmt vísitölu neysluverðs, sem var 47% á þeim 5 árum sem hér er um rætt. Allt svikið með bráðabirgðaákvæðum og bæturnar skertar til fátæktar.

**Stolið með skerðingum**

Hvað eru lífeyrissjóðsgreiðslur? Eru þær bætur eða tekjur? Þær eru lögþvingaður lögvarinn sparnaður sem ekki er hægt að ganga að við gjaldþrot. Þess vegna má ekki skerða hann og skerðing á honum ekkert annað en lögbrot.

Hvers vegna er honum stolið með skerðingum og það án þess að verkalýðsfélögin stoppi það? Svaraðu því, Ásta Rut, og um lögin á öryrkja hjá VR, lög um að öryrkjar væru annars flokks fólk sem ekki ætti heima í trúnaðarráði VR eða í framboði til stjórnar.

**Fyrir dóm strax**

Frítekjumark hjá Tryggingastofnun ríkisins er um 110 þúsund á mánuði og gildir ekki um lífeyrissjóðsgreiðslurnar. Hvers vegna ekki ef þær eru tekjur? Skerðingin er um 1,5 milljónir króna á ári hjá TR á lífeyrinum. Bara 12% hækkun á lífeyrinum mínum í stað 47% gerir tap upp á um 750 þúsund krónur á ári og við það getur bæst um 700 þúsund króna tap á húsaleigubótum. Þá skerðir TR orlofsuppbót og jólabónus vegna lífeyrissjóðsgreiðslna.

Samtals geta 2 milljóna króna árstekjur eftir skatt frá lífeyrissjóðum orðið að skerðingum upp á rúmlega 3 milljónir króna á ári. Það er ekki í lagi með þetta kerfi og það ber að fara með það fyrir dóm strax, því þetta er ekkert annað en eignaupptaka og brot á stjórnarskránni.

**➜ Það er ekki í lagi með þetta kerfi og það ber að fara með það fyrir dóm strax, því þetta er ekkert annað en eignaupptaka og brot á stjórnarskránni.**





**Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir**
sjúkraþjálfari er aftur komin til starfa hjá okkur eftir námsdvöl í Ástralíu. Hún útskrifaðist frá The University of Melbourne með gráðuna *Master of musculoskeletal physiotherapy* (stoðkerfis sjúkraþjálfun). Við bjóðum hana velkomna til starfa.

TÁP
SJÚKRAÞJÁLFUN
Hlíðasmára 15 • 564 5442 • www.tap.is

Fjárfestinga-tækifæri í sjávarútvegi

Morgunfundur Markaða Landsbankans verður haldinn í Silfurbergi, Hörpu, miðvikudaginn 26. febrúar. Sérfræðingar fjalla um stöðu, horfur og fjárfestingatækifæri í íslenskum sjávarútvegi. Fundurinn hefst kl. 8.30 en boðið verður upp á morgunhressingu frá kl. 8.00. Skráning á landsbankinn.is.



Dagskrá:

» Opnun morgunfundar
Haukur Ómarsson, forstöðumaður sjávarútvegs á fyrirtækjasviði Landsbankans

» Þróun og horfur íslensks sjávarútvegs
Daníel Svavarsson, forstöðumaður Hagfræðideildar Landsbankans

» Sæhorn, framtakssjóður í sjávarútvegi
Sigþór Jónsson, framkvæmdastjóri Landsbréfa

» HB Grandi, skráning í Kauphöll
Vilhjálmur Vilhjálmsson, forstjóri HB Granda

» Framtíðarsýn
Magnús Bjarnason, forstjóri Icelandic Group

Edda Hermannsdóttir, fundarstjóri

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA



**Ingimar Karl Helgason, ritstjóri Reykjavíkur vikublaðs**

### Róló og fimleikar

„Ég ætla að vera með krökkunum mínum um helgina eftir erilsama daga við útgáfu Reykjavíkur vikublaðs. Við ætlum meðal annars á róló og síðan fer sá yngsti á fimleikaæfingu á sunnudaginn.“



**Yesmine Olsson, rithöfundur og kokkur**

### Stór afmælishelgi fram undan

„Fjölskyldan er að fara á skíði eða skauta. Ég er ólétt svo kannski sit ég mest og horfi á og drekk heitt súkkulaði. Annars er þetta stór afmælishelgi. Sunnudagurinn verður svo bara í rólegheitum.“



**Ísleifur B. Þórhallsson, tónleikahaldari hjá Senu**

### Hlusta á JT með fjölskyldunni

„Ég ætla að reyna hvíla mig eftir einstaklega tryllta viku. Ég ætla að slappa af með fjölskyldunni og svara ósvöruðum tölvupósti. Ætli við fjölskyldan skellum ekki Justin Timberlake á fóninn.“



**Ása Helga Hjörleifsdóttir kvikmyndaleikstjóri**

### Flensa

„Ég ætla að liggja upp í rúmi og jafna mig á flensu, horfa á Parks and Recreations og verða svo örugglega mjög örvæntingarfull þegar ég er búin með allar fimm seríurnar af því.“

## FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**Á BALLETTSÝNINGU** með börnunum á morgun. Íslenski dansflokkurinn hefur ákveðið að bjóða börnum yngri en 13 ára frítt í fylgd fullorðinna á sýninguna Þríleik á Stóra sviði Borgarleikhússins á morgun klukkan 20.




**BÓKINA ÞORSTI** eftir Esther Gerritsen. Beitt, fyndin og neyðarleg skáldsaga um samband móður og dóttur.



**Á LAGIÐ TAKE BACK THE NIGHT** með Justin Timberlake og komdu þér í stuð fyrir tónleika kappans í Kórnum í Kópavogi 24. ágúst næstkomandi.



**Á BEINA ÚTSENDINGU** frá Eddu-verðlaununum á Stöð 2 í kvöld þar sem kvikmynda- og sjónvarpsbransinn heldur sína árlegu uppskeruhátíð. Útsendingin hefst klukkan 18.55.

# Tónverk um Tatjönu og ástandið í Kænugarði

**Nýtt verk eftir Högna Egilsson verður frumflutt af Blásarakvintett Reykjavíkur í Hörpu annað kvöld. Högni segist yfirleitt ekki láta raunveruleikann speglast í verkum sínum en í þetta sinn hafi honum fundist það nauðsynlegt.**

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is

Verkið heitir Andartak Tatjönu Tsjornovol og kom til út af því sem er að gerast í Kænugarði,“ segir Högni Egilsson spurður um nýtt verk eftir hann sem Blásarakvintett Reykjavíkur flytur á tónleikum Kammermúsíkklúbbsins í Hörpu annað kvöld. „Tatjana var aktífisti og blaðakona sem var myrt þar um jólin og bæði það og ástandið í Kænugarði almennt hefur haft mikil áhrif á mig. Ég hef komið þangað nokkrum sinnum til að spila og finnst það alveg ótrúlega falleg og mögnuð borg. Mig langaði til að segja frá ástandinu þar í þessu verki, sem ég hef verið að semja undanfarnar vikur. Verkið er ekki beint til minningar um Tatjönu, heldur er ég að reyna að koma til skila þessu ástandi sem þarna ríkir. Yfirleitt finnst mér ekki að tónlist eigi að spegla raunveruleikann en í þessu tilfelli langaði mig til að tala um Tatjönu og ógnarástandið í Kænugarði.“

Blásarakvintett Reykjavíkur skipa Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari, Daði Kolbeinsson á óbó, Einar Jóhannesson klarínettuleikari, Jósef Ognibene á horn, Darri Mikaelsson á fagott og með þeim leikur Peter Maté á píanó. Högni segist ekki hafa samið tónlist fyrir þessa samsetningu hljóðfæra fyrr en alltaf heillast af þeim hljómblæ sem þau framkalla. „Ég tek ekki sjálfur þátt í flutningnum, skila bara verkinu af mér og sit svo úti í sal og hlusta eins og aðrir áheyrendur. Það verður mjög skemmtilegt.“



**HEILLAÐIST** Högni Egilsson heillaðist af hljómblæ hljóðfæra blásarakvintetts Reykjavíkur en sjálfur ætlar hann að sitja út í sal og hlusta. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tónleikarnir fara fram í Norðurljósasal Hörpu og hefjast klukkan 19.30. Auk verks Högna verða flutt verk eftir Anton Reicha, Ludwig van Beethoven og Francis Poulenc.

**Hvar?** Norðurljósasalur, Harpa
**Hverjir?** Högni Egilsson og Blásarakvintett Reykjavíkur
**Hvenær?** Klukkan 19.30

## APP VIKUNNAR SURVEYMONKEY

Smáforritið SurveyMonkey er nú í fyrsta sinn fáanlegt fyrir vörur og stýrikerfi Apple, en áður var það eingöngu til fyrir Android-stýrikerfið.

**Virkni** Eins og nafnið gefur til kynna er hægt að nýta forritið til þess að búa til ýmsar kannanir sem þú getur svo sent út og fengið niðurstöður úr. Til að gera könnun á þeim málefnum sem þú hefur áhuga á þarft þú aðeins að ná þér í smáforritið og hefjast handa.

**Aðgerðir** Þegar þú hefur náð þér í smáforritið og búið til aðgang er fyrsta skrefið að útbúa spurningalista, djúpa rannsókn eða einhvers konar könnun. Þegar þú hefur lokið við að semja spurningarnar sendir þú könnunina á hvern sem er í gegnum netið, með tölvupósti eða í gegnum einhvern samfélagsmiðlanna. Þú getur fylgst með svörunum jafnt og þétt og því séð hvernig niðurstöðurnar þróast með tímanum. Hægt er að velja um 160 tegundir sniðmáta af könnunum sem eru hönnuð af sérfræðingum, því ætti uppsetning og framkvæmd rannsókna að vera einkar fagmannleg og hentug.

**Möguleikar** Þegar niðurstöðurnar liggja fyrir er hægt að vista þær í formi PDF-skjals, Excel- eða CSV-skjals. Yfir 15 milljónir manna hafa notfært sér SurveyMonkey en forritið hefur í gegnum tíðina verið notað í allt frá skoðanakönnunum innan vinahópa upp í stærri kannanir í skólum. Einnig hafa þjónustufyrirtæki notað forritið til að gera kannanir á hvernig bæta megi þjónustuna.

**Sagan** Forritið var hannað af Ryan Finley árið 1999 og var í upphafi netkönnunarforrit.



**Stýrikerfi Apple og Android**
*Nú er forritið orðið einkar aðgengilegt og fáanlegt fyrir Apple- og Android-stýrikerfi en ekki fyrir Windows.*
**Frítt Smáforritið er frítt.**

*Þó er hægt að kaupa dýrari uppfærslur gegn vægu gjaldi en þær innihalda enn frekari og flóknari möguleika.*

# Lagerhreinsun

## Fimmtudag, föstudag og laugardag

**Kuldaúlpur**
**50 - 70% afsl.**

**Skíðaúlpur**
**50% afsl.**

restir
**Softshell buxur á**
**14.995.kr**

restir
**Salomon skór**
**35% afsl.**

**Aðrir jakkar**
**30% afsl.**

**Snjóbretta pakkar**
**30% afsl.**

restir
**Fivefingers**
**35% afsl.**

**Ekki missa af þessu**
**Takmarkað magn!**

Íslensku
**ALPARNIR**
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is




**KYNVITUND KVENNA** Dagrún Aðalsteinsdóttir, Sigríður Dögg Arnardóttir og Hildur Sverrisdóttir eru sammála um að nauðsynlegt sé að flóran sé fjölbreytt þegar kemur að klámi. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Konur eru líka á kafi í klámi

Þær **Hildur Sverrisdóttir, Sigríður Dögg Arnardóttir** og **Dagrún Aðalsteinsdóttir** hafa allar vakið athygli fyrir að færa umræðu um kynlíf kvenna á hærra plan, hver með sínum hætti. Fréttablaðið ræddi við þessar ungu og djörfu konur um allt sem tengist kynlífi og klámi, fantasíum og femínisma og mikilvægi þess að fólk fái að haga sér eftir eigin höfði.

**Fanney Birna Jónsdóttir**
fanney@frettabladid.is



Blaðamaður hittir konurnar þrjár á kaffihúsi í miðbæ Reykjavíkur. Við komuna eru þær sestar og byrjaðar að tala opinskátt um kynlíf og femínisma. Það er lítið annað í stöðunni en að setjast niður og hlusta á óheflaða umræðuna.

**Dagrún**: Mér finnst umræðan í fjölmiðlum svolítið vera farin að snúast um að ritskoða efni, tónlistarmyndbönd eða hvaðeina. Þannig er umræðan um femínisma og kvenfrelsi komin á mjög skrýtið stig og fjallar um það hvað er bannað og hvar stelpur mega standa, sérstaklega í þessum poppbransa.

Talið berst þannig að tónlistarkonunni Miley Cyrus og myndbandi hennar við lagið Wreckingball.

**Dagrún**: Mér finnst áhugavert hvað þessi hegðun er eitthvað bönnuð. Mér finnst skilaboðin sem er sífellt verið að senda konum vera þau að þær megi vera sætar og fallegar en aldrei „klámlegar“ eða „sóðalegar“.

### Of gróft inn í hugarheim kvenna

**Hildur**: Það er þessi pæling með hreinleikann, þetta sem hefur í rauninni verið kúgunartæki alla tíð og er enn. Ég fann fyrir þessu þegar ég gaf út fantasíurnar [Fantasíur], þá voru sumar álitnar góðar og aðrar vondar. Margir veltu fyrir sér hvort þessar vondu gætu yfirhöfuð verið skrifaðar af konum eða hvort þær væru of grófar til að þess að passa inn í hugarheim kvenna. Við fáum endalaust skilaboð um að konur eigi að vera hreinar og skírlífar og þetta er ekkert síður kúgunartæki heldur en klám.

**Sigríður**: Þess vegna er klámnotkun kvenna tabú. Karlar hafa til að mynda oft áhyggjur af kynlífstækjum fyrir konur. Konur geta keypt sæði og farið svo upp í rúm með einhverju tryllitæki, þannig að ég velti því fyrir mér hvort það sé vegna þess að ef konur horfa á klám ofan á allt saman, þá upplifi karlanir sig endanlega óþarfa. Þá erum við líka komnar inn í einhvern heim sem er þeirra og það má ekki verða skörun þarna á milli.

**Dagrún**: Það er rosalega gamalt fyrirbæri að kynverund og kona sem kynvera sé hættuleg, bara eins og gamla þjóðsagan um tenntu píkuna.

### Druslustimpillinn

Talið berst aftur að Miley og hvort það sé ekki bara eðlilegt að stúlkur á þeim aldri séu að uppgötva sig og kynvitund sína.

**Sigríður**: Klárlega. Það tengist líka inn í umræðuna um Morfís og stúlkuna sem var þar sýnd á brjóstunum í heitum potti. Þetta er bara hluti af því að vera unglingur, þú ert að uppgötva og fagna líkama þínum. Þú ert að ögra líka, margir kannast við það að hafa striplast eitthvað og tekið kannski einhverjar nektarmyndir, sýna hvað þær þora. Miley fer svolítið langt í því og nær auðvitað mikilli dreifingu. Það væri gaman ef við heyrðum einhvern tímann um þetta frelsi, að fá að vera bara á brjóstunum án þess að það sé hin stóra skömm.

**Dagrún**: Það þarf samt alltaf að passa sig á þessari grensu – um leið og þú ert orðin of klámleg eða einhvern veginn með of sterka kynferðislega vísan þá ertu komin yfir einhver mörk sem samfélagið samþykkir bara ekki.

**Sigríður**: Það er eins og þú missir trúverðugleika þinn.

**Dagrún**: Já, það er mjög skýr grensa þarna, hversu langt má fara.

Við færum spjallið yfir í fordóma gagnvart konum og kynlífshegðun þeirra.

**Dagrún**: Druslustimpillinn er það sem hvað helst brýtur niður verðmæti kvenna og hvernig þær eru metnar í samfélaginu og er notaður til félagslegrar stjórnunar.

**Sigríður**: Við erum náttúrlega föst í kristninni og þeim boðskap. Við setjum okkur ótrúlega þröngan ramma. Í sögulegu samhengi erum við föst undir hælnum á þessum hefðum, maður – kona, hjónaband, bara tveir saman alltaf. Það er svo ópraktískt. Sjáið tölfræði yfir skilnaði og framhjáhöld. Þessi rammi sem við erum búin að setja okkur virkar augljóslega ekki. Það vantar bara meira frelsi. Frelsi til að stunda ekki kynlíf og stunda eins mikið af því og þú vilt með eins mörgum og þú vilt. Það er alveg jafn mikið að þér ef þú gerir ekkert, eins og ef þú gerir fullt. Við gefum einstaklingnum svo lítið svigrúm til þess einfaldlega að vera.

### Úr kúgunartæki í valdatæki

Spjallið færist yfir í vangaveltur um kynferðislega kúgun kvenna.

**Hildur**: Það verður að taka inn í umræðuna að konur eru oft í aðstæðum þar sem þeim finnst þær þurfa að standa sig, finnst þær þurfa að vera á einhvern ákveðinn hátt. Þetta á sér örugglega mjög djúpar rætur í samfélagsgerðinni um að konur séu til þjónustu og allt þetta sem við þekkjum og er óþarfi að gera lítið úr. Það þarf að taka umræðuna á forsendum kvenna, gera þær sterkar í sínu hlutverki. Við gerðum það með rauðan varalit, með háhælaða skó, við erum alltaf að taka eitthvað sem er hægt að vísa í í sögulegu samhengi að hafi á einhverjum tímapunkti verið kúgunartæki á konur. En við ákveðum á einhverjum tímapunkti að segja nú er þetta orðið okkar valdatæki. Ég held að við eigum að líta á þetta þannig að hver og einn megi gera það sem hann vill svo lengi sem hann meiðir ekki aðra

## SIGRÍÐUR UM TABÚ Í KYNLÍFI

**Það er rosa mikið tabú að nudda á sér snípinn í samförum, þá hafa sumir karlmenn áhyggjur af því að þeir séu ekki að standa sig. Ef þeir skildu bara hvernig anatómían virkar þá myndu þeir átta sig á því að þetta er hið besta mál, kannski ættu þeir bara að vera að gera þetta, þetta er samvinnuverkefni.**

***Sigríður Dögg Arnardóttir kynfræðingur frá Curtin-háskóla í Vestur-Ástralíu*** *hefur vakið athygli fyrir hispurslaus skrif sín um kynlíf í Fréttablaðinu og annars staðar ásamt því sem hún flytur fyrirlestra um málefnið fyrir fólk á öllum aldri.*

## DAGRÚN UM KONUR MEÐ STERKA KYNVITUND

**Þeim er alltaf stillt upp sem einhverjum aumingjans konum, þær hljóti að hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi eða að þær vanti viðurkenningu frá karlmönnum. Það eru skilaboðin til kvenna með sterka kynvitund.**

***Dagrún Aðalsteinsdóttir myndlistarkona sem lauk námi frá Listaháskóla Íslands árið 2013*** *hefur að eigin sögn kynnt sér femínisma vel undanfarin ár og vakti athygli í síðustu viku þegar hún skrifaði grein í Fréttablaðið með yfirskriftinni „Meira klám fyrir mig takk!“ þar sem hún fjallaði um orðræðu um femínisma í sögulegu samhengi og þann árangur sem náðst hefur.*

## HILDUR UM SAMFÉLAGSVIÐHORF

**Það er samfélagsleg ákvörðun um hvað er í lagi og hvað ekki. Hver er munurinn á nærfatafyrirsætum og strippurum? Það er ekkert í atvikalýsingunni sem er öðruvísi annað en okkar skynjun.**

***Hildur Sverrisdóttir – lögmaður og borgarfulltrúi*** *sendi frá sér ritið Fantasíur árið 2012 með safni kynferðislegra fantasía íslenskra kvenna. Bókin vakti mikla athygli, bæði jákvæða og neikvæða, en hefur selst í fjölda eintaka og gerir enn.*




## ERÓTÍSKA BYLGJAN Í KVENNABÓKUNUM

Konur hafa alltaf lesið klám og hver einasta rauða ástarsaga hefur á seinni árum innihaldið að minnsta kosti eina nokkurra blaðsíðna berorða samfaralýsingu. Það var þó ekki fyrr en með metsöluþríleik E.L. James um Gráu skuggana sem sú lestraránægja var fyrir alvöru dregin upp á yfirborðið og markaðssett sem klám fyrir konur. Síðan hefur riðið yfir holskefla erótískra bóka fyrir konur og ekkert lát virðist á flóðinu. Í nýjustu sögunum eru konurnar gjarnan eldri og reyndari, kunna meira fyrir sér í bólfiminni og hafa oftar en ekki frumkvæðið að kynferðislegum kynnum við karlmenn eða aðrar konur. Á vefsíðunni refinery29.com voru í vikunni kynntar til leiks ellefu nýjar erótískar skáldsögur fyrir konur. Fáir íslenskir höfundar hafa lagt fyrir sig erótísk skrif, ef frá er talin bókin Fantasíur og skáldsagan Elskhuginn.

og reyna að snúa valdinu sér í hag. Það hlýtur að vera betra heldur en að þagga niður og banna allt saman þó að vissulega er hægt að færa rök fyrir því að það er stundum misnotað.

### BDSM er ekki ofbeldisklám

Þær eru allar sammála um að klám sé alls ekki bara slæmt og að konur horfi vissulega á klám.

**Dagrún**: Það er svo mikill tvískinnungur í samfélaginu. Við erum öll neytendur á þetta allt saman, lifum kynlífi, erum forvitin um klám en umræðan snýst öll um að þetta sé eitthvað afbrigðilegt.

**Sigríður**: Við erum sífellt að hafa áhyggjur af unglingunum okkar, en miðaldra karlmenn eru helstu klámneytendurnir, ekki ungir strákar. Krakkar eru oft bara að leita sér upplýsinga eða nota þetta sem skemmtiefni.

**Hildur**: Hluti af vandamálinu er hvernig við lítum á klám. Til dæmis þegar átti að banna ofbeldisklám, þá kvittuðu allir upp á að það væri eitthvað sem ætti að banna. Ég var aðeins að velta því fyrir mér sem sést ekki á skjánum en er ef til vill ekki síður ofbeldi. Það getur annars vegar verið mjög brútal klám, þar sem allir eru viljugir til að taka þátt en hins vegar kannski tvær konur að dúlla eitthvað hvor við aðra þar sem þær eru mögulega þvingaðar í þær aðstæður. Hvort er þá ofbeldisklám?

**Sigríður**: BDSM er til dæmis oft tekið sem dæmi um ofbeldisklám, sem það þarf alls ekki að vera. Innan BDSM er strangt skilyrði fyrir samþykki um þátttöku.

### Konur leikstýra líka klámi

**Dagrún**: Það er rosalega lítið framboð af klámi sem er sérstaklega hugsað fyrir konur, en það er alveg til eins og ég benti á í greininni minni. Það er alltof mikið tabú að konur horfi á klám. Það er búið að segja okkur að það sé verið að níða okkur í því, þetta sé rangt en það er til fullt af klámi þar sem konur eru sýndar í jákvæðu ljósi, þar sem það snýst ekki um valdbeitingu og niðurlægingu heldur er kynlíf sýnt á raunsærri hátt og með meiri vídd.

**Sigríður**: Já, það er til fullt af klámi sem konur leikstýra, þó að ekki sé allt klám sem konur leikstýra endilega til fyrirmyndar. Það er til indí-klám og sjálfsfróunarklám sem getur verið mjög upplýsandi fyrir konur.

**Hildur**: Ég held það sé bara eðlilegt að það sé fjölbreytt flóra í þessum bransa eins og annars staðar. Það er mismunandi smekkur og mismunandi nálgun og þarna eru konur að færa sig upp á skaftið bara eins og í heiminum almennt, sem er eðlilegt. Það verður kannski bara að passa að ýja ekki að því að konuklám sé einhvern veginn hreinna því þá erum við komin í hring.

**Dagrún**: Það skiptir máli að konur séu með rödd í þessu eins og öðru.

**Sigríður**: Konur eru alveg með rödd þarna og þær eru að verða háværari og sterkari, en þá verða konur líka að mega vera neytendur.


Langar þig í háskóla en hefur ekki stúdentspróf?

Viltu komast í undirbúningsdeild háskólanna í janúar 2015?



Mímir-símenntun brúar bilið með vottuðum námsleiðum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins.

Námsleiðir hefjast á næstu dögum.

Örfá pláss laus.
Taktu skrefið í dag!

**Hringdu í síma 580 1800**
Ókeypis náms- og starfsráðgjöf

MÍMIR símenntun

Mímir-símenntun • Ofanleiti 2 • Sími 580 1800 • www.mimir.is

# KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!



36% afsláttur

**1399** kr. kg
Verð áður ~~2197~~ kr. kg
Grísalundir




**2898** kr. pk.
Heil önd, Crispy Duck, hoisinsósa og 24 pönnukökur, 1,06 kg

**1698** kr. pk.
1/2 önd, Crispy Duck, hoisinsósa og 12 pönnukökur, 530 g

# ELDAÐU FYRIR ELSKUNA Á KONUDAGINN



10% afsláttur

**2158** kr. kg
Verð áður ~~2398~~ kr. kg
Lambakótilettur



10% afsláttur

**1978** kr. kg
Verð áður ~~2198~~ kr. kg
Lambalærissneiðar




**1720** kr. kg.
Frosnar kjúklingabringur, erlendar, 1 kg

ÓDÝRT ALLA DAGA

MAGN-PAKKNING




**2099** kr. kg
Krónu kjúklingabringur

Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum


M-E-E-EGA
GOTT TILBOÐ
Hámark 4 pakkar á mann meðan birgðir endast!
soft & caring
Lambi
Toilet Paper
40% afsláttur
699 kr. pk.
Verð áður 1199 kr. pk.
Lambi salernisrúllur, 12 stk.
FRÁBÆRT VERÐ!
2 lítrar
toppur
99 kr. stk.
Toppur án bragðefna, 2 lítrar
1 kg
First Price
havregryn
193 kr. pk.
FP haframjöl, 1 kg
5 kg
universal washing powde
European Quality
NEW
Euro wash
899 kr. pk.
Euro Wash þvottaefni, 5 kg
Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Bláeygður sakleysingi eða kaldrifjaður morðingi?

Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is



**Amanda Knox** varð sakborningur í morðmáli á Ítalíu árið 2007. Ítalskur dómstóll dæmdi Knox til 28 og hálfs árs fangelsisvistar fyrir morðið á meðleigjanda sínum, Meredith Kercher, nú í lok janúar, en málið er umdeilt og hefur þvælst á milli dómstiga á Ítalíu frá því það var fyrst tekið fyrir.

## Atburðarás Dómsmálið yfir Amöndu Knox

**2. nóvember, 2007** Lík hinnar bresku Meredith Kercher finnst í íbúð hennar og Amöndu Knox.

**6. nóvember, 2007** Amanda Knox, Raffaele Sollecito og Patrick Diya Lumumba eru tekin til yfirheyrslu í tengslum við dauða Kercher.

**20. nóvember, 2007** Rudy Hermann Guede handtekinn í Mainz í Þýskalandi og Lumumba er sleppt úr haldi.

**1. apríl, 2008** Dómarar dæma Knox, Sollecito og Guede til áframhaldandi fangelsisvistar og þau eru úrskurðuð í gæsluvarðhald þar til niðurstaða í málinu liggur fyrir.

**28. október, 2008** Guede er dæmdur til 30 ára fangelsisvistar fyrir þátt sinn í morðinu á Kercher, en eftir áfrýjun árið 2009 er dómurinn mildaður í 16 ár. Dómari segir Knox og Sollecito að þau verði ákærð fyrir morð.

**16. janúar, 2009** Réttarhöld yfir Knox og Sollecito hefjast.

**5. desember, 2009** Knox og Sollecito eru fundin sek um morðið á Meredith Kercher. Knox er dæmd í 26 ára fangelsi og fyrrverandi kærasti hennar í 25 ára fangelsi af undirrétti.

**8. nóvember, 2010** Knox er gefið að sök að hafa villt um fyrir lögreglunni meðan á rannsókn málsins stóð. Réttarhöldin í því máli, sem voru aðskilin morðréttarhöldunum, hófust í maí 2011 en síðan var gert hlé á þeim til 15. nóvember 2011.

**24. nóvember, 2010** Knox og Sollecito áfrýja, og málið er tekið upp 11. desember.

**16. desember, 2010** Dómurinn yfir Guede er staðfestur í Hæstarétti á Ítalíu.

**29. júní, 2011** Skýrsla af vettvangi glæpsins lítur dagsins ljós sem grefur undan gögnum sem leiddu til dóms yfir Knox. Skýrslan leiddi í ljós að átt hefði verið við DNA-sýni.

**25. júlí, 2011** Tveir sérfræðingar bera vitni og segja að ekkert blóð hafi verið á hnífnum, hinu meinta morðvopni

**26. september, 2011** Lögfræðingur Patricks Lumumba, Caro Pacelli, segir fyrir dómstólum að lygar Knox hafi eyðilagt orðspor umbjóðanda síns og kallar Knox djöful í mannsmynd. Knox hafði sakað Lumumba um að hafa myrt Kercher, en sagðist síðar hafa verið undir mikilli pressu frá lögreglunni.

**3. október, 2011** Millidómstig snýr dómnum við og sýknar Knox og Sollecito sem báðum er sleppt úr haldi um leið.

**4. október, 2011** Knox snýr aftur til Bandaríkjanna, næstum fjórum árum eftir handtökuna. Hún þakkar öllum stuðninginn á flugvellinum eftir að hafa lent í heimabæ sínum, Seattle.

**26. mars, 2013** Hæstiréttur Ítalíu í Róm tekur málið upp að nýju.

**30. janúar, 2014** Hæstiréttur Ítalíu í Róm snýr niðurstöðunni enn við og dæmir Knox og Sollecito sek um morðið. Knox er dæmd í 28 og hálfs árs fangelsi.

## → Samantekt um málið

Meredith Kercher var skiptinemi í Perugia á Ítalíu. Hún var 21 árs gömul og deildi húsnæði með hinni amerísku Amöndu Knox.

Þann 1. nóvember 2007 fannst lík Meredith Kercher í svefnherbergi hennar. Hún var hálfnakin og hafði verið stungin í hálsinn með hníf. Vitnum kemur saman um að Meredith Kercher hafi verið ein heima þetta kvöld. Amanda Knox hafði nýlega stofnað til sambands með Raffaele Sollecito og eyddi nóttinni heima hjá honum. Þegar hún sneri aftur heim til sín morguninn eftir voru þar ummerki um innbrot svo hún náði í kærasta sinn sem hringdi á lögregluna og kom hún stuttu síðar.

Síðar sama dag komst lögreglan að þeirri niðurstöðu að innbrotið hefði verið sett á svið til þess að villa um fyrir lögreglunni, og Knox fékk stöðu sakbornings í málinu.

Eftir fjögurra daga yfirheyrslur viðurkenndi Knox að hafa verið á staðnum þegar verknaðurinn var framinn ásamt Patrick Lumumba, bareiganda sem hún vann fyrir. Hann var handtekinn ásamt Knox og kærasta hennar, Raffaele Sollecito. Lumumba var sleppt úr haldi þegar sönnunargögn af vettvangi glæpsins leiddu lögreglu til Rudys Guede, sem var ungur óreglumaður, ættaður frá Fílabeinsströndinni en alinn upp í Perugia.

Guede var gefið að sök að hafa framið morðið ásamt Knox og Sollecito, eins og Lumumba hafði áður verið grunaður um.

Sagt var að Kercher hefði verið myrt þar sem hún hefði neitað að taka þátt í kynlífsleik með Knox, Sollecito og Guede.

Mál Guedes hlaut sérstaka flýtimeðferð og fékk hann vægari refsingu fyrir vikið. Í október 2008 var hann dæmdur í 30 ára fangelsi fyrir að hafa misnotað Kercher kynferðislega og myrt hana.

Knox og Sollecito sátu saman fyrir dómi. Þau voru dæmd sek á fyrsta dómstigi, í 26 og 25 ára fangelsi. Í október 2011 var þeim sleppt úr haldi lögreglu þegar dómnum var snúið við á öðru dómstigi. Þau höfðu þá setið í fangelsi í fjögur ár.

Í opinberum gögnum frá dómurum sem sýknuðu í málinu stendur að ástæða þess að málinu var snúið við hafi verið sú að engin haldbær sönnunargögn hafi verið til staðar sem hefðu getað réttlætt að parið unga væri dæmt fyrir glæpinn. Dómararnir bættu við að það væri gríðarlega ólíklegt að Sollecito, Knox og Guede væru í einhvers konar samfloti.

Æðsta dómstig á Ítalíu vildi taka málið upp að nýju eftir að parið unga var sýknað. Hvorugu þeirra var gert að vera viðstatt réttarhöldin, en 30. janúar síðastliðinn voru þau bæði dæmd sek á nýjan leik. Knox sagði í yfirlýsingu að dómurinn væri „óréttlátur" og að hún væri „hrædd og sorgmædd". Hún neitar að fara til Ítalíu til að afplána dóminn og spurningar hafa vaknað um hvort hún verði framseld frá Bandaríkjunum til Ítalíu.





**AMANDA KNOX OG RAFFAELE SOLLECITO** Sátu í fangelsi í fjögur ár, frá 2007 til 2011, þegar þeim var sleppt úr haldi.

## Tvær hliðar á málinu

Þeir sem standa með Knox, vinir hennar og fjölskylda frá Seattle í Washington, segja Amöndu vera fórnarlambið í málinu. Að hún hafi verið gerð að blóraböggli af kappsömum ítölskum saksóknara sem hefði fyrirgert trúverðugleika sínum eftir að hann var sakaður um misferli í öðru máli sem hann sótti stuttu áður.

Hin hliðin: Saksóknarinn Giuliano Mignini. Fyrir hann og kollega hans liggur málið ljóst fyrir – Guede, Knox og Sollecito bera ábyrgð á morðinu. Ítölsku saksóknararnir drógu upp neikvæða mynd af Knox. Þeir sögðu hana lostafulla, neyta eiturlyfja og taka ókunnuga karlmenn með sér heim til að stunda kynlíf.

Þessum tveimur hópum kemur ekki saman um hvernig horfa eigi á þessi sönnunargögn sem hafa, á þeim sjö árum síðan málið var tekið til meðferðar, verið notuð bæði til þess að sýkna og sakfella Knox og Sollecito.

Sjálfstæðir sérfræðingar báru vitni í réttarhöldunum 2011 og töldu að átt hefði verið við sönnunargögnin. Vitnaleiðslurnar ollu fjaðrafoki og ýmsir lýstu efasemdum um hvernig málið hefði verið sótt. En ítalskir saksóknarar halda því enn fram að þau rök séu ekkert nema síðustu úrræði sekra morðingja – og önnur sakfellingin í málinu sýnir að réttakerfið trúir saksóknaranum. Spurningar um gildi sönnunargagnanna eru enn uppi.

## KVIKMYNDIR UM MÁLIÐ

Leikstjórinn Michael Winterbottom frumsýnir síðar á þessu ári Face of an Angel, sem er byggð á máli Amöndu Knox og bók blaðamannsins Barbie Latza Nadeu, Angel Face: Sex Murder and the Inside Story of Amanda Knox. Daniel Bruhl og Kate Beckinsale leika aðalhlutverk.

Þetta er ekki fyrsta kvikmyndin sem byggð er á málinu en sjónvarpsmyndin Amanda Knox: Murder on Trial in Italy með Hayden Panettiere í aðalhlutverki kom út árið 2011.



### → Hnífurinn

Saksóknari sagði fyrir rétti árið 2009 að á blaði hnífs sem fannst heima hjá Raffaele Sollecito hafi fundist DNA sýni úr bæði Amöndu Knox og fórnarlambinu, Kercher, sem benti til þess að hnífurinn væri morðvopnið. Lögfræðingar Sollecito og Knox sýndu fram á að þeirri hnífurinn væri ekki af þeirri stærð og gerð sem notaður var við morðið, því hann passaði ekki við áverkana sem Kercher hlaut. Þá kölluðu lögfræðingar parsins til sérfræðinga sem sögðu of lítið DNA á hnífnum til að hægt væri að taka mark á því.



### → Sylgja á brjóstahalda Kerchers

Saksóknarateymið sagði brjóstahaldarasylgju sem rifin hafði verið af brjóstahaldara Kerchers og fannst á svefnherbergisgólfi hennar hafa verið með DNA-sýni Sollecitos, sem sannaði að hann hefði verið inni í herberginu þegar morðið var framið. Lögfræðingar Knox og Sollecito sögðu ljóst að átt hefði verið við sylgjuna; hún hefði verið færð til á vettvangi glæpsins og látin liggja í sex vikur áður en hún var tekin inn sem sönnunargagn í málinu.



### → Játning Knox

Saksóknarateymið segir að við yfirheyrslur, hefði Knox sagst enn geta heyrt öskur Kercher.

Lögfræðingar parsins sögðu á móti að framburður Knox hefði verið um það þegar hún var beðin að ímynda sér hvað hefði átt sér stað þetta örlagaríka kvöld. Þeir sögðu líka að Knox hefði bendlað Lumumba við málið vegna þess að hún var undir pressu lögreglunnar.

Játning hennar var að lokum ekki tekin til greina, því að Knox hafði ekki fengið að vera með lögfræðing hjá sér meðan á yfirheyrslum stóð.



### → Blóðugt fótspor

Saksóknarar sögðu blóðugt fótspor á baðherbergismottunni vera eftir Sollecito, sem sannaði að hann hefði verið á staðnum þegar morðið átti sér stað. Lögfræðingar Sollecito leiddu til vitnis réttarlækni sem sagði fótsporið augljóslega ekki eftir Sollecito, heldur væri það eftir Rudy Guede.



### → Brotni glugginn

Saksóknarar sögðu brotinn glugga á heimili Knox og Kerchers tilraun til þess að setja á svið innbrot til þess að hylma yfir morðið. Saksóknarar sögðu ógerlegt að brjóta gluggann og klifra í gegn. Lögfræðingar parsins sögðu Guede hafa brotið gluggann, en hann á að baki nokkur innbrot. Sérfræðingur bar vitni og sagði það vel hægt, að innbrotsþjófur hefði getað kastað steini í gluggann og brotist inn í gegnum hann.



### → Ásakanir um að átt hafi verið við vettvang glæpsins

Lögfræðingar Knox og Sollecito segja að átt hafi verið við DNA-sýni á vettvangi glæpsins. Myndbönd af vettvangi sýna rannsakendur, ekki í hönskum eða með hárnet, færa til sönnunargögn og geyma þau svo vikum skipti á vettvangi glæpsins og á einum tímapunkti brjóta annan glugga.

**SEX ATRIÐI SEM SKIPTA MÁLI**




# Draumarnir rætast á Ásbrú



**Arinbjörn Kristinsson** hefur átt sér þann draum frá því hann var strákur að sigra í hönnunarkeppni véla- og verkfræðinema. Hann hóf nám í hátæknifræði við Keili haustið 2012 og tók þátt í keppninni í ár ásamt **Thomas Edwards** samnemanda sínum og **Fanneyju Magnúsdóttur** sakfræðinema. Saman hönnuðu þau og þróuðu eina tækið sem náði að ljúka þrautinni og fengu þar með fullt hús stiga.
**Verður þinn draumur að veruleika á Ásbrú?**

Kadeco

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ




PIPAR\TBWA-SÍA · 140406

# Úr dauðarokki í óperunám

**Elmar Þór Gilbertsson** ætlaði aldrei að verða söngvari. Hann lærði búfræði og rafeindavirkjun áður en hann var hvattur til að fara í söngnám. Hann hefur nú óperusöng að aðalstarfi og ferðast um alla Evrópu til að syngja í flottum óperuhúsum. Elmar er nú á Íslandi og syngur í nýjustu uppfærslu Íslensku óperunnar, Ragnheiði, í leikstjórn Stefáns Baldurssonar.




**Ólöf Skaftadóttir**
olof@frettabladid.is


Tenórinn Elmar Þór Gilbertsson hefur búið í Hollandi undanfarin sjö ár og ferðast um alla Evrópu vegna starfs síns sem óperusöngvari. Hann stoppar nú stutt hér á Íslandi til að syngja í uppfærslu Íslensku óperunnar á nýrri íslenskri óperu, Ragnheiði, áður en hann snýr aftur út til starfa. Hann á tíu ára dóttur á Íslandi.

„Ég ætlaði aldrei að verða söngvari. Ég ætlaði að verða rafeindavirki og vinna við það," segir Elmar, en hann starfaði hjá Rafmagnsveitum ríkisins í sjö ár áður en hann lét slag standa og ákvað að reyna fyrir sér í óperusöng úti í heimi.

Elmar býr í Den Haag í Hollandi. Hann kláraði meistaranám við Conservatory of Amsterdam árið 2009 og hefur unnið fyrir sér sem óperusöngvari allar götur síðan, meðal annars sungið burðarhlutverk í þekktum uppfærslum í fyrsta flokks óperuhúsum víða um Evrópu. „Ég var búinn að væflast í söngnámi í smátíma í áhugamennsku – fór í fyrsta söngtímann að verða 24 ára gamall. Mér datt ekki í hug á þeim tíma að þetta væri það sem ég myndi leggja fyrir mig," rifjar Elmar upp, sposkur á svip.

### Einn kennari sérstaklega drífandi

Elmar lærði hjá Jóni Þorsteinssyni. „Við unnum saman í tvö ár og það var hann sem hvatti mig til að sækja um í skólann í Amsterdam, sem ég gerði. Svo komst ég inn í þetta nám sem er á masterstigi og þá er mönnum treyst til að velja sér eigin kennara – og ég vildi vinna áfram með Jóni. Mér var líka að fara mikið fram á þessum tíma, röddin mín var að þróast og breytast og ég útskrifaðist árið 2009 með hann sem aðalkennara," heldur Elmar áfram, en hann hefur haft í nægu að snúast síðan. „Já, ég er bókaður næstu tvö árin. Undanfarin tvö ár hef ég aðallega sungið í Hollandi en er nýlega byrjaður að vinna með umboðsmanni sem er búinn að skipuleggja næstu tvö ár fyrir mig," segir Elmar og brosir. „Þannig að ég hef allavega eitthvað að gera út 2015."

### Minna brennivín og eldri grúppíur

Aðspurður segir hann líf óperusöngvarans ekki vera rokkstjörnulíf. „Nei," segir Elmar og hlær. „Ég hugsa að það sé aðeins öðruvísi að vera rokkstjarna – meira brennivín og grúppíurnar öllu yngri. Það er heilmikil vinna að vera óperusöngvari. Ég finn að það virkar best fyrir mig að vera líkamlega vel á mig kominn og ég þarf mikla hvíld til að röddin funkeri sem best. Það að syngja tekur ekki bara á raddböndin, heldur á allan líkamann."

### Úr dauðarokki í karlakór

Elmar Þór ólst upp í Búðardal, í Dölunum, þar sem tónlistin hafði strax mikil áhrif á hann sem barn. „Ég var í alls konar bílskúrsböndum og byrjaði ungur að koma fram – þá spilaði ég reyndar á rafmagnsgítar og söng. Þetta var dálítið graðhestarokk, við vorum mest í þungarokki. Átrúnaðargoðin voru hljómsveitir á borð við Metallica og Guns N' Roses. Svo tókum við það nú enn lengra og fórum að spila dauðarokk. Þá var maður með sítt hár og í leðurjakka," rifjar Elmar upp. „En ég hef alltaf verið sveitastrákur og þegar ég flutti suður fyrst eftir grunnskólann, þá fann ég mig ekki í borginni og flutti fljótlega aftur út á land, upp á Snæfellsnes til afa og vann hjá honum við trésmíðar. Þannig að hljómsveitarbröltið datt smám saman niður," heldur Elmar áfram og bætir við að hann hafi verið týndur á þessum aldri, um tvítugt, og ekki vitað hvað hann vildi gera.

### Kynntist klassík í Bændaskólanum

„Ég kynntist stelpu á Grundarfirði og við fluttum inn saman og ákváðum að fara í Bændaskólann á Hvanneyri. Ég vissi ekkert hvað ég vildi læra, en ég er alinn upp í sveit þannig að það lá beinast við að klára Bændaskólann. Og það var á heimavistinni á Hvanneyri sem ég kynnist fyrst klassískri músík. Ég var að væflast um ganginn eitt kvöldið og heyrði fallegan söng, og fór að hlusta eftir honum. Ég gekk á hljóðið og þar var karlakór að æfa. Ég settist niður og heillaðist. Mér var óformlega boðið að vera með, svo ég sló til," segir Elmar, sem segist ekki hafa verið fullgildur meðlimur í kórnum en segir að þarna hafi áhugi hans á klassískum söng fyrst gert vart við sig. „Síðan leiddi eitt af öðru, organistinn í kirkjunni á Grundarfirði hafði frétt af mér í kór á Hvanneyri og bauð mér að vera í kirkjukórnum. Ég þáði það boð þrátt fyrir að vera langyngstur í kórnum," segir hann og hlær.



**EKKERT ROKKSTJÖRNULÍF** „Ég hugsa að það sé aðeins öðruvísi að vera rokkstjarna – meira brennivín og grúppíurnar öllu yngri," segir Elmar. VÍSIR/STEFÁN

### Samviskusamur söngvari

Elmar flutti síðan til Reykjavíkur um aldamótin til þess að læra rafeindavirkjun. „Ég kynntist barnsmóður minni um þetta leyti, en hún er líka tónlistarmaður," bætir Elmar við en hann á eina dóttur úr því sambandi. Þær mæðgur búa á Íslandi, en sambandið er mikið og gott á milli þeirra. „Við fórum saman í kórinn í Hallgrímskirkju, en eins og ég segi, þá ætlaði ég aldrei að verða söngvari. Það bara einhvern veginn gerðist. Og ég er svolítið þannig. Ég er ekki með markmið eða rosa drauma, ég geri bara það sem ég geri og reyni að setja hjartað í það og sálina og það hefur virkað nokkuð vel," segir Elmar hógvær. Aðspurður segir hann stefnuna ekki endilega vera að komast á samning hjá stóru óperuhúsi úti í heimi. „Ég vinn mína vinnu og reyni að vera eins samviskusamur og ég get. Ég hef haft það ágætt hingað til. Mér finnst þetta skemmtilegt og ef ég get haft í mig og á af því er það hið besta mál, allt sem kemur ofan á, það er bara bónus."

### Höfnun hluti af starfinu

Elmar hefur ferðast mikið undanfarin ár í áheyrnarprufur. Eins og í flestum skapandi greinum er höfnun algeng í starfinu. „Ég hef milljón sinnum sest niður og spurt mig af hverju ég sé að þessu. Söngvarinn fer í atvinnuviðtal fyrir hvert einasta verkefni, í mínu tilfelli kannski tíu eða tuttugu á ári, og maður fær kannski eitt eða tvö verkefni af þeim. Ég hef oft hugsað að það væri gaman að flytja heim og vera nær dóttur minni. En það er erfitt fyrir óperusöngvara að koma heim, markaðurinn hér er svo lítill. Íslenska óperan er náttúrulega drifkraftur í óperulífi hér á Íslandi en býr ekki við nægt fjármagn til að geta sett upp margar óperur á ári. Þetta eru ein til tvær uppfærslur á ári og það er ekkert hægt að lifa á því. Ég ákvað fyrir nokkrum árum að ég ætlaði að láta reyna á þetta, hvað ég kemst langt í hinum alþjóðlega heimi og ég er ennþá að sjá til."

### ➜ Eftirminnilegasta hlutverkið

„Eftirminnilegasta hlutverkið er klárlega uppfærsla af Kát´a Kabanova eftir Janácec´s í óperuhúsinu í Maastricht. Janácec er svona þjóðarskáld Tékka," segir Elmar. „Yfirmaður í óperuhúsinu þekkti leikstjórann Harry Kupfer persónulega, en hann er gríðarlega þekktur í þessum heimi. Kupfer er kominn upp undir áttrætt og hefur leikstýrt óperum um allan heim. Hann var hættur að vinna en yfirmaðurinn náði eftir ótrúlegum leiðum að fá hann til að láta þessa uppfærslu verða hans síðasta verk. Sýningin vakti mikla lukku og var valin besta óperusýning í Hollandi 2011. Síðan komu útsendarar frá alþjóðlegu Janácec-hátíðinni í Brno í Tékklandi á síðustu sýninguna. Þeim leist svo vel á að þeir buðu öllum að koma til Brno, árinu eftir, og setja sýninguna aftur upp. Ég held að þetta hafi verið mest krefjandi verkefni mitt hingað til. Að syngja þetta verk á sama sviði og það var frumflutt á næstum öld áður, að syngja verk á tékknesku fyrir Tékka, eftir þjóðartónskáld Tékka, og að reyna að koma þessu ágætlega frá sér," rifjar Elmar upp, en sýningin fékk gríðarlega góðar viðtökur og hópnum tókst vel upp.


Rauði krossinn
Reykjavík–Kvennadeild

**Aðalfundur**

Kvennadeildar Rauða krossins í Reykjavík 2014 verður haldinn í Hvammi Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni 38, fimmtudaginn 6. mars kl. 18:00.

**Dagskrá:**
1. Venjuleg aðalfundarstörf
2. Lagabreytingar
   (Sjá heimasíðu deildarinnar: **raudikrossinn/reykjavik.is**)
3. Önnur mál
4. Kvöldverður
5. Brynhildur Ingvarsdóttir, augnlæknir flytur erindi.

Mjög áríðandi að tilkynna þátttöku í síma 545 0405, 545 0400 eða með tölvupósti: **audur@redcross.is** í síðasta lagi daginn fyrir fundardag.

***Stjórnin***

# VERKFÆRA DAGAR

## HÚSASMIÐJUNNAR

BLACK & DECKER

**Slípirokkur**
5.995 kr
~~7.995~~

**Juðari**
7.995 kr
~~12.795~~

**Höggborvél**
6.995 kr
~~10.995~~

**Rafhlöðuborvél 12V**
9.995 kr
~~13.995~~

**Rafhlöðuborvél 12V**
Black&Decker EPC12CAB
2 rafhlöður.
5245999

**Slípirokkur**
Black&Decker CD115
700W, 115.
5245378

**Juðari**
Black&Decker KA320EKA
240W, stiglaus hraði.
5245789

**Höggborvél**
Black&Decker KR504CRE
500W, 13 mm flýtipatróna.
5245599

DEWALT

**Borhamar Dewalt**
29.995 kr
~~35.995~~

**Borhamar**
Dewalt D25013K
650W - SDS - Léttfleygun.
2.4 Joule - 2.3 kg
5159015

DEWALT

**Slípirokkur**
11.995 kr
~~15.495~~

**Slípirokkur**
Dewalt DWE4051
800W, 125 mm
5159022

HITACHI Inspire the Next

**Rafhlöðuborvél**
17.995 kr
~~21.995~~

**Rafhlöðuborvél 10.8V**
1.5Ah, 2 stk lithium rafhlöður.
Hersla 34 Nm.
5246795

HITACHI Inspire the Next

**Rafhlöðuborvél 4.0 Ah**
DS14DSDL POWER SET 14.4V
-3 stk RAFLÖÐUR LI-ION 4.0Ah
Bita-toppasett og vinkildrif
5247056

3 RAFHLÖÐUR

**Rafhlöðuborvél**
59.995 kr
~~79.995~~

**Áltrappa 3 þrep**
3.645 kr
Frábært verð

**Topplyklasett**
5.495 kr
~~7.995~~

**Topplyklasett 1/4"**
Neo 46 stk.
5052516

**Höggborvél**
3.495 kr
Frábært verð

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Höggborvél**
Power Plus 600W,
flýtipatróna.
5245308

**Rafhlöðuborvél**
3.995 kr
Frábært verð

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Rafhlöðuborvél 14.4V**
Power Plus borar og bitar fylgja.
5245317

**Hillurekki**
2.595 kr
150x75x30
litur galv

**Áltrappa**
Elkop 3 þrepa.
5078851

**Hillurekki Solid 50 Galva**
Stærð: 150x75x30 cm
4 hillur, hver hilla ber 50 kg
Litur: Galv
5803671

VERKFÆRA DAGAR HÚSASMIÐJUNNAR

**Skoðaðu úrvalið á www.husa.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



**MARTA NORDAL**
„Ég er ekki sjálfstæðismanneskja og hef aldrei verið. Ég er oft sammála stefnu þeirra og oft ósammála.“
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Með menningararfinn í genunum

Marta Nordal, leikkona, leikstjóri og forseti Leiklistarsambands Íslands, er einn umsækjenda um stöðu Borgarleikhússtjóra. Hún hefur sterkar skoðanir á stefnu og framtíðaráherslum leikhússins og vill auka samstarf milli listgreina. Í fjölskyldu hennar er líka hefð fyrir því að gegna ábyrgðarembættum og systur hennar fjórar hafa allar valist til stjórnunarstarfa.



**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is

Við Marta höfðum mælt okkur mót á Ráðhúskaffi snemma morguns, en þar er ekki nokkur hræða og á röltinu í rokinu milli kaffihúsa í miðbænum í leit að friðsælu horni talar Marta án afláts um málþing um leiklist sem halda á 3. mars og hún er ein af forsvarsmanneskjum fyrir sem formaður Leiklistarsambands Íslands. Þetta er henni greinilega mikið hjartans mál og hún bókstaflega ljómar af ákafa þegar hún ræðir um málefni leiklistarinnar í landinu. Hún segist sammála því að umræðan um listir þurfi að komast upp úr farvegi markaðsvæðingarinnar og hefur skýringar á reiðum höndum á því hvernig umræðan festist í því fari.

„Ég held að þetta sé þjónkun við markaðinn. Umræðan snýst meira og minna um hagræn áhrif lista í stað þess að við listamenn séum að tala um stefnur og markmið í listinni sjálfri. Við erum alltaf að réttlæta tilvist okkar með því hvað við skilum miklu í kassann. En eðli listarinnar er bara allt annað og hún verður að fá að virka út frá sínum eigin forsendum. Það eru alltaf dregnir fram þeir listamenn sem hafa slegið í gegn og skilað hagrænum áhrifum, en það gleymist að list þeirra spratt ekki úr engu. Hún varð til í gegnum samtal þeirra við þá listamenn sem komu á undan og voru kannski á undan sinni samtíð þannig að þeir nutu ekki viðurkenningar fyrr en seinna, en án þeirra hefði ekki orðið þessi framþróun í listinni. Við verðum að skoða þetta í stóra samhenginu og ég held að það sé hreinlega hættulegt að einangra umræðuna við markaðshliðina. Listamenn virðast vera farnir að óttast það að einangrast ef þeir tala um listina á hennar eigin forsendum og gangast inn á forsendur markaðsumræðunnar. Það eru haldin endalaus málþing um listina sem markaðsvöru, en við verðum að komast upp úr því fari og taka umræðuna í okkar hendur.“

### Forstöðumannafjölskylda

Marta er lærð leikkona og lék í mörg ár bæði í Borgarleikhúsinu og Þjóðleikhúsinu en sneri sér síðan að leikstjórn, hvað olli þeirri stefnubreytingu? „Já, ég lék í mörg ár og gekk í gegnum allt það sem leikari gengur í gegnum, bæði frústrasjónir og hamingjustundir, en mig langaði að stíga lengra. Eftir að ég byrjaði að leikstýra fann ég sjálfa mig betur vegna þess að þá getur maður tjáð sig í stærra samhengi og haft meiri áhrif. Ég var orðin svolítið leið á mörgu sem ég sá í leikhúsunum og langaði að gera sýningar eins og þær sem mig sjálfa langaði að sjá og hafa frelsi til þess. Ég lærði ekki leikstjórn en ég hef lært mjög mikið af því að takast á við leikstjórnina og er alltaf að lesa mér til, horfa og læra af öðrum, ekki síst í öðrum listgreinum. Ég er haldin mjög mikilli fróðleiksfýsn og langar að vera sífellt að bæta mig.“

Með leikhópi sínum Aldrei óstelandi hefur Marta beint sjónum að íslenskum leikritaarfi og sett upp bæði Fjalla-Eyvind Jóhanns Sigurjónssonar og Lúkas Guðmundar Steinssonar, en sú sýning var talin ein besta sýning síðasta árs af gagnrýnendum. Hún segist vera heilluð af menningararfi okkar og viðurkennir að sem barnabarn Sigurðar Nordal prófessors, dóttir Jóhannesar Nordal seðlabankastjóra og Dóru Nordal, hafi hún auðvitað verið alin upp við það hversu miklu máli sá arfur skipti. „Ég held að sá áhugi sé líka bara í DNA-inu í okkur systkinunum. Ég man voða lítið eftir afa, var svo lítil þegar hann dó, en ég held að íslensk menning sé svona dálítið greipt inn í mann.“

Systurnar í fjölskyldunni eru fimm, auk eins bróður, og þær hafa allar látið til sín taka í stjórnunarstöðum, ýmist í menningu eða stjórnmálum. Er það líka í DNA-inu, eða voru þær aldar upp til þess? „Jú, jú, við erum svona forstöðumannafjölskylda. En ég veit ekki hvað veldur. Við erum allar aldar upp við að hugsa um heildarmyndina en ekki smáatriðin og finnst það áhugavert. Þetta er ekki stjórnsemi, held ég, það myndi enginn kalla okkur stjórnsamar. Nema kannski Beru því hún er elst og þurfti að stjórna okkur hinum.“

### Listamenn eiga að hafa sterkar skoðanir

Mikið hefur verið rætt um það að enginn sem ekki hafi gráðu í menningarstjórnun eða MBA-gráðu geti komið til greina í starf leikhússtjóra. Marta viðurkennir, næstum skömmustuleg, að hún sé reyndar í MBA-námi. „En ég er ekki mjög góð í því, viðskiptafræðin er ekki mín sterkasta hlið. Þótt pabbi hafi verið seðlabankastjóri og ég hafi kynnst fjármálageiranum þá vekur sá geiri lítinn áhuga hjá mér. Ég fékk ekki nógu mikið af þeim genum. Það sem ég fékk frá pabba var miklu frekar þessi fróðleiksfýsn og þekkingarþörf, sem ég held að sé ofsalega mikilvægur drifkraftur. Sérstaklega í listum skiptir öllu máli að vera opin fyrir hugmyndum og því að læra af öðrum. Það versta sem getur gerst er að lokast inni og halda að maður sé bara „með þetta“. Þá staðnar maður.“




Marta viðurkennir að hafa verið kölluð í viðtal vegna leikhússtjórastarfsins, en vill ekki ræða það frekar þar sem hún sé stödd í miðju umsóknarferli. „Ég er mjög æðrulaus gagnvart þessu. Þetta fer allt eins og það á að fara. Leikhús er svo breitt svið, alveg frá handverki og skemmtanagildi yfir í tilraunastarfsemi og listræna dirfsku. Það má ekki þrengja sviðið of mikið og negla niður einhverjar ákveðnar reglur um það hvað leikhús er. Það fer ekkert á milli mála að Magnús Geir er markaðssnillingur en í grunninn er hann samt að fylgja sömu stefnu og alltaf hefur verið fylgt. Það er að segja að setja upp kassastykki til að borga undir tilraunastarfsemina og að fá inn fólk í leikhúsið og skemmta því það vel að það vilji koma aftur. Svo má endalaust deila um það hvort það sé hlutverk stofnanaleikhúsa að setja upp söngleiki og gamanleiki, hvort það eigi ekki að láta frjálsa geirann um það, en hvergi annars staðar er aðstaða og svigrúm til að setja upp flottar söngleikjasýningar, til dæmis, þannig að sú umræða er svolítið á villigötum finnst mér.

Fjölbreytni er grunnstefið. Ég vona að íslensk leikritun verði efld, fjölbreyttari sviðslistaform verði fengin í húsið og hlutverk leikhússins þannig þanið. Það er svo margt í gangi úti um allan heim sem mér finnst leikhúsin hér þurfa að opna fyrir. Mér finnst líka að listamenn hússins eigi að hafa hafa sterkar skoðanir á því hvað á að gera og hvert leikhúsið er að fara. Ég vil kalla fólk með þekkingu að borðinu og hvetja alla til að koma með hugmyndir. Mér finnst eðlilegt að allar listgreinar geti átt í frjóu samstarfi á jafnréttisgrundvelli innan leikhússins.“

Ólöf, systir Mörtu, var til skamms tíma alþingismaður Sjálfstæðisflokksins og varaformaður hans, óttast hún ekkert að það verði litið á ráðningu hennar sem pólitíska ef til kemur? „Ég er ekki sjálfstæðismanneskja og hef aldrei verið. Ég er oft sammála stefnu þeirra og oft ósammála og ég held að í grunninn séu flestir Íslendingar hægri kratar, jafnaðarmenn en um leið einstaklingshyggjufólk sem vill hafa frelsi til athafna. Í grundvallaratriðunum getum við öll oftar verið sammála en ósammála svo ég skil stundum ekki um hvað þetta pólitíska þras snýst.“

Verði leikhússtjóradraumurinn ekki að veruleika er þó engin hætta á að Marta verði verkefnalaus. Leikhópur hennar, Aldrei óstelandi, er að undirbúa leikgerð á skáldsögunni Ofsa eftir Einar Kárason og stefnt er að frumsýningu í haust. „Ég er ofsalega spennt fyrir því verkefni. Jón Atli Jónasson er kominn til liðs við okkur við handritsgerðina og þetta verður skemmtileg glíma. Það verður ekkert áfall þótt ég fái ekki leikhússtjórastarfið. Það sóttu um margir kandidatar sem væri virkilega spennandi að sjá takast á við verkefnið og ég treysti fullkomlega til að ráða við það. Ég treysti því bara að besti umsækjandinn verði valinn; manneskja sem stendur vörð um listina og kann að hlusta.“


Egill Árnason™
Wenge Elegance
ásamt 160 öðrum tegundir í boði
Baltic Wood
EITT MEST SELDA VIÐARPARKETIÐ Á ÍSLANDI Í DAG
+35%
NÝJUNG
35% Sterkara lakk
Nú er lakkið frá Baltic Wood 35% sterkara en áður og jafnframt með sterkasta lakki sem þekkist fyrir viðargólf í dag.
Sterkt lakk tryggir betri endingu og minna viðhald.
REAL WOOD
30 ára ábyrgð
Öllu Baltic Wood parketi fylgir 30 ára verksmiðjuábyrgð.
Baltic LOC
Viðarlæsing
Einstök viðarlæsing með stórri smellu er eitt af einkennum hágæða gólfefna.
Baltic Wood™
Egill Árnason Suðurlandsbraut 20 108 Reykjavík Sími: 595 0500 www.egillarnason.is
Opnunartímar: Mánudaga - föstudaga kl. 9 - 18 og laugardaga kl. 11 - 15

# Dulin hótun forsætisráðherra

**Katrín Júlíusdóttir,** varaformaður Samfylkingarinnar, segir að í gagnrýni Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra á Seðlabankann í ræðu á Viðskiptaþingi í síðustu viku hafi falist dulin hótun. Hún segir að skýrsla Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands um Evrópusambandið gefi ekki tilefni til að slíta aðildarviðræðum.

**FJÖLGA SEÐLABANKASTJÓRUM**

**„Það er ekkert heilagt í þessum efnum en ég sé ekki kostinn við það. Mér fannst það heillavænleg þróun að fækka þeim niður í einn. Ólíkt því sem aðrir segja þá snerist það ekki um einhverja einstaklinga.**

**ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLA UM ESB-UMSÓKN ÁRIÐ 2009**

**„Það er alltaf gott að vera vitur eftir á. En á þeim tíma töldum við og lögðum upp með það að við myndum ljúka aðildarviðræðum á kjörtímabilinu. Það tókst hins vegar ekki [...] Ef ég vissi það sem ég veit núna þá myndi ég segja að hugsanlega hefðum við átt að gera það þannig.**

**ESB-SKÝRSLA HAGFRÆÐISTOFNUNAR HÍ**

**„Þetta er ágætis viðbót við það sem áður hefur verið gert. En þessi skýrsla svarar ekki þeim lykilspurningum sem við höfum verið að bíða eftir varðandi niðurstöður aðildarviðræðna.**



Þessi skýrsla svarar ekki þeim lykilspurningum sem við höfum verið að bíða eftir varðandi niðurstöður aðildarviðræðna. Svona skýrsla getur aldrei verið niðurstaða aðildarviðræðna. Stóru málunum [sjávarútvegi og landbúnaði] hefur ekki verið lokið og það er engin skýrsla sem getur sagt okkur hvernig þeim mun lykta. Þess vegna finnst mér skrítið að vera að standa í því á Alþingi að karpa um það sem mögulega gæti komið út úr slíkum viðræðum við aðra þingmenn. Það kemur ekkert út úr því,“ segir Katrín. „Ef menn vilja nota þessa skýrslu sem afsökun til að slíta viðræðum þá geta menn gert það. En það er ekkert efnislegt í henni sem á að gefa mönnum tilefni til þess.“

## Ógætileg ummæli utanríkisráðherra

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra sagði í umræðum um skýrsluna á Alþingi að Evrópusambandið væri úlfur í sauðargæru. Katrín gagnrýnir þessi ummæli. „ESB er ekki eitthvað fyrirbæri. Það samanstendur af ríkjum. Þetta eru ríki sem við eigum í daglegum samskiptum við í gegnum viðskipti eða í gegnum alls kyns styrkjakerfi. Við erum með börnin okkar í skólum út um alla Evrópu. Mér fannst hann [Gunnar Bragi] tala mjög ógætilega og ég var ekki stolt af því að vera Íslendingur undir þeirri ræðu. Þó að menn séu andsnúnir ESB þá hafa þeir ekkert leyfi til að tala það niður með þessum hætti,“ segir Katrín.

## Ómálefnaleg umræða

Katrín segir að umræðan um ESB hafi verið ómálefnaleg og segist finna fyrir þreytu hjá aðildarsinnum vegna þessa. „Það er bara kýlt og sparkað í allar áttir. Menn eru ekki taka efnislega umræðu um málið. Það er bara talað um að menn séu óbilgjarnir og að einhver sé svona eða hinsegin. Þannig að stundum finnur maður fyrir þreytu og hugsar að kannski væri bara best að kæla þetta. En svo lendir maður í því sem stjórnmálamaður og sem ung manneskja á Íslandi að þurfa búa við afleiðingar af krónunni og þá kviknar aftur eldurinn í manni. Það eru einfaldlega of miklir hagsmunir í húfi hvað varðar gjaldmiðilsmálin og þess vegna verður að þaulkanna þessa leið sem heitir aðild að ESB og upptaka evru.“

## Dulin hótun

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra gagnrýndi Seðlabankann í ræðu sem hann hélt á Viðskiptaþingi í síðustu viku. Sigmundur sagði meðal annars að bankinn hefði óumbeðinn látið gera mat á efnahagsáhrifum skuldalækkunarinnar. „Það er allt í lagi að vera ósammála stofnunum hvort sem þær eru sjálfstæðar eins og Seðlabankinn eða ekki. En þegar menn eru að gagnrýna bankann á þeirri forsendu að hann sé gera eitthvað sem sjálfstæð stofnun, eins og gert var í þessu tilfelli, þá eru fólgin hættumerki í því. Sérstaklega þegar menn lýsa því yfir nokkrum dögum seinna að þeir séu að fara að gera breytingar á lögum um Seðlabankann,“ segir Katrín. Hún segir að í orðum forsætisráðherra hafi falist dulin hótun. „Hann var að reyna enn einu sinni að setja menn „på plads“. Þetta var klárlega tilraun til þess,“ segir Katrín.

**MENNTUN OG HELSTU STÖRF** / **STJÓRNMÁLAÞÁTTTAKA**

1994 1995 1996 1997 1998 1999 2000 2001 2002 2003 2004 2005 2006 2007 2008 2009 2010 2011 2012 2013

- **1994** Stúdent MK
- **1994-1998** Innkaupastjóri hjá G. Einarsson & co. ehf. Framkvæmdastjóri þar 1999-2000
- **1995 - 1999** Nám í mannfræði við Háskóla Íslands
- **1996-2000** Í miðstjórn Alþýðubandalagsins
- **1997-1999** Fulltrúi Röskvu í stúdentaráði og háskólaráði HÍ
- **2000-2003** Verkefnastjóri og ráðgjafi hjá ráðgjafar- og hugbúnaðarhúsinu Innn hf.
- **2001** Námskeið í verkefnastjórn í hugbúnaðargerð hjá EHÍ
- **2003** Þingmaður frá 2003
- **2009 - 2012** Iðnaðarráðherra
- **2012 - 2013** Fjármálaráðherra
- **2013** Varaformaður Samfylkingarinnar síðan

Höskuldur Kári Schram
hks@frettabladid.is



**visir.is**
Viðtalið við Katrínu er hægt að sjá í þættinum **Pólitíkin á www.visir.is.**

MIDNIGHT SUN MUSIC FESTIVAL × 20-22 JÚNÍ 2014

# SECRET × SOLSTICE

LAUGARDALUR-REYKJAVÍK × SECRETSOLSTICE.IS

# MASSIVE ATTACK [UK]

WOODKID [FR] SKREAM [UK] MÚM [IS]

KERRI CHANDLER [US] SAMARIS [IS]

MAMMÚT [IS] DAMIAN LAZARUS [UK]

BODDIKA [UK] GORGON CITY [UK] DROOG [US]

SÍSÝ EY [IS] FRANCESCA LOMBARDO [UK] ONEMAN [UK]

WAZE & ODYSSEY [UK] JACKMASTER [UK] ARTWORK [UK]

CLIVE HENRY [UK] KLOSE-ONE [UK] VOYEUR [UK] PY [UK]

JOSH BUTLER [UK] OCULUS [IS] MY NU LENG [UK] ELÍN EY [IS]

HARRIMANNN [UK] ROB SHIELDS [UK] INTRO BEATS [IS]

DJ KÁRI [IS] MIA DORA [UK] ORANG VOLANTE [IS] O.FL. O.FL

SÉRSTAKT **WOW-TILBOÐ kr. 13.900** wow air FOUNDING SPONSOR

3 DAGA WOW FESTIVAL PASSI Á SECRETSOLSTICE.IS – TAKMARKAÐUR FJÖLDI !

365




# FINNDU TAKTINN

## Skapandi framtíðarstarf á www.januar.is/storf

Janúar er markaðshús þar sem skapandi hugmyndavinna, spennandi hönnun, snjallar veflausnir og sérfræðileg ráðgjöf eru dagleg viðfangsefni okkar sem þar störfum. Þannig gerum við okkar besta til að framleiða frábært markaðsefni og tryggja að viðskiptavinir okkar séu í fremstu röð á síbreytilegum markaði.

Hjá Janúar starfar skemmtilegt og hæfileikaríkt fólk að verkefnum sem eru bæði fjölbreytt og krefjandi enda störfum við með mörgum af flottustu fyrirtækjum landsins. Við höfum gaman af því sem gerum og leggjum metnað okkar í að skila góðri vinnu á hverjum einasta degi.

Við erum að leita að fólki sem hefur reynslu eða hæfileika sem fellur að því sem við gerum og því sem við erum. Fólki sem vill hjálpa okkur að halda starfsumhverfinu skapandi og starfsandanum góðum.

**Hljómar Janúar eins og vinnustaður fyrir þig?**

- **Líflegt starfsumhverfi**
- **Skemmtilegt samstarfsfólk**
- **Sjálfstæði í starfi**
- **Frábærir viðskiptavinir**
- **Spennandi verkefni**
- **Tækifæri til að ná langt**

www.instagram.com/viderumjanuar www.facebook.com/viderumjanuar www.twitter.com/viderumjanuar




# MEÐ OKKUR!

**Birtingafulltrúi**
með reynslu úr birtingageiranum, greinir markhópa og veit hvað Infosys, Telmar, Sesame og Navision þýðir.

**JavaScript-séní**
með reynslu, veit allt um JavaScript og hefur gaman af RequireJS, Backbone, Ember, Knockout og Angular.

**Flæðis- og gæðastjóri**
elskar Post-it miða og veit hvernig á að innleiða þá í skapandi starfsemi.

**Móttökustjóri**
hefur frumkvæði, er hress og sér um að halda fyrirtækinu gangandi með okkur.

**Viðmótsforritari**
kann HTML5/XHTML, CSS og JavaScript og dreymir kóða jafnt í svefni sem og í vöku.

**Verkefnastjóri**
leiðir áfram teymi fagmanna ásamt því að vera fulltrúi viðskiptavina í verkefnum.

**Birtingaráðgjafi**
með háskólamenntun, mótar birtingastefnu og -áætlanir þvert á miðla.

**Vefprófari**
með reynslu af hugbúnaðarprófunum eða forritun og vill upplifa drauminn að vafra um vefinn í fullu starfi.

**Allar nánari upplýsingar á www.januar.is/storf**

JANÚAR

# FJÖLBREYTT OG LITRÍK TÖSKUTÍSKA FRÁ TÍSKUPÖLLUNUM



**ALEXANDER WANG**
Nýstárleg mittistaska sást á pallinum hjá Alexander Wang á tískuvikunni í New York.



**MAX MARA**
Græn leðurtaska með dýramunstri frá ítalska tískuhúsinu Max Mara.



**MICHAEL KORS**
Þessi vinsæli hönnuður sýndi kögur í töskum og fatnaði í New York.



**GUCCI**
Vínrautt og nett frá tískuhúsinu fræga.



**MARC BY MARC JACOBS**
Þessi hvíta taska gengur fyrir bæði kynin að mati Marc Jacobs.







## FYLGSTU MEÐ …

**Handverks- og hugmyndasíðunni**

**liagriffith.com**

Lia Griffith er konan á bak við þessa sniðugu vefsíðu þar sem finna má margs konar hugmyndir fyrir heimilið og börnin sem fólk getur unnið úr sjálft. Griffith lifir skapandi lífi og starfar sem hönnuður, ljósmyndari, stílisti og hugmyndasmiður. Hún hefur unun af skreytingum sem skín í gegn á síðunni hennar. Síðan er tilvalin fyrir alla fagurkera sem vilja skapa og útbúa sína eigin muni hvort sem það eru litlir bangsar, hjartalaga vöfflur með helgarmatnum eða blómvendir.

**YFIRHEYRSLAN** ÆVAR ÞÓR BENEDIKTSSON LEIKARI

# Jim Carrey og Gunni og Felix **æskuhetjurnar**



**1 Hvað halda margir um þig sem er alls ekki rétt?** Að ég sé frá Akureyri. Ég var í MA á sínum tíma en er úr Borgarfirði, rétt fyrir utan Borgarnes.

**2 Hvað kæmi fólki sem kynntist þér mest á óvart?** Hvað ég er í raun og veru fölur. Þetta er eiginlega fáránlegt …

**3 Hvað kemur út á þér tárunum?** Senan í Flintstones-myndinni þegar Barney les versta ljóð í heimi fyrir vin sinn Fred.

**4 Hvað gerir þig pirraðan?** Fólk sem gefur ekki stefnuljós og/eða talar í símann meðan það keyrir. Þetta er í alvörunni stórhættulegt, pössum okkur!

**5 Hvað er fyndnast í heimi?** Uppistandarinn Louis CK.

**6 Er líf á öðrum hnöttum?** Það ætla ég rétt að vona. Ef við erum klárasta liðið í alheiminum er þetta eiginlega bara búið …

**7 Hvert er fallegasta hljóð sem þú hefur heyrt?** Barnshlátur. Nema það sé um miðja nótt. Og þú ert einn heima. Og átt ekki börn …

**8 Hvað gerirðu þegar allir aðrir eru sofnaðir?** Hrýt. Og þá vakna allir aftur.

**9 Hvaða frægu persónu ertu skotinn í?** Marion Cotillard er ótrúlega hæfileikarík.

**10 Ef þú mættir taka eina bók, eina plötu og eina bíómynd með þér eyðieyjuna, hvað yrði fyrir valinu?** Bókaþjófurinn eftir Markus Zusak, tvöfalda platan úr kvikmyndinni The Boat That Rocked og Groundhog Day. Ef það er einhver mynd sem maður getur horft á aftur og aftur þá er það hún …

**➜ Spamalot í Þjóðleikhúsinu.**
Ævar Þór Benediktsson leikur í söngleiknum Spamalot sem er byggður á kvikmyndinni Monty Python and the Holy Grail og hefur verið sýndur við miklar vinsældir á Broadway og West End.

**11 Hver er fyrsta minningin þín?** Brúðkaupið hjá mömmu og pabba. Ég var rétt að verða þriggja ára og skildi ekki hvers vegna í ósköpunum ég mætti ekki vera með þeim þarna uppi á sviðinu.

**12 Hvað verðurðu að gera eftir fimm ár?** Vonandi það sama og ég er að gera núna, nema með enn meiri þroska og getu.

**13 Popp eða klassík?** Popp – þó ég hlusti mikið á kvikmyndatónlist þegar ég skrifa, sem stundum er eins og dásamleg samsuða af þessu tvennu.

**14 Hver var æskuhetjan þín?** Fox Mulder úr X-Files, Jim Carrey og Gunni og Felix.

**15 Er ást í tunglinu?** Er líf á Mars?


## hugbúnaðarsérfræðingar

**Midi.is óskar eftir hugbúnaðarsérfræðingum**
Midi.is er stærsti og vinsælasti miðasöluvefur á Íslandi. Við önnumst miðasölu á mannfagnaði og viðburði svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira.

Við leitum að hugbúnaðarsérfæðingum í þétt teymi sem leiðir fjölbreytta þróun.
Það sem við tileinkum okkur í hönnun og forritun er .NET, C#, MVC, jQuery, Javascript, HTML5/CSS3, SQL, WS WebApi, Responsive Design og Agile aðferðafræði.
**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun eða sambærileg menntun á sviði tölvunarfræði eða hugbúnaðarverkfræði.
- Lágmark tveggja ára reynsla í þróun hugbúnaðar.
**Í boði er:**
- Hvetjandi starfsumhverfi.
- Krefjandi verkefni.
- Tækifæri til að móta og skapa nýjar lausnir.

**Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**
**Umsóknarfrestur er til 1. mars 2014. Vinsamlega sendið allar umsóknir á netfangið olafur@midi.is.**

midi.is



# Mannlíf til forna lifnar við á korti

**Trausti Dagsson, meistaranemi í þjóðfræði, hefur sett saman stafrænt sagnakort af Suður-Þingeyjarsýslu. Á kortinu eru upplýsingar um ábúendur á bæjum á tímabilinu 1703 til 1890, þjóðsögur af svæðinu og viðtöl við fólk þar sem það rifjar upp liðna tíð. Sagnakortið fór í loftið á mánudaginn og er öllum aðgengilegt á vefslóðinni www.sagnakort.net.**

Ég hef fengið mjög góð viðbrögð, aðallega í gegnum netið og mest frá fólki fyrir norðan," segir Trausti Dagsson, meistaranemi í þjóðfræði við HÍ, en hann bjó til stafrænt Sagnakort af Suður-Þingeyjarsýslu sem fór í loftið fyrr í vikunni.

Sagnakortið samanstendur af manntölum úr sýslunni á tímabilinu 1703 til 1890, þjóðsögum af svæðinu og viðtölum við fólk sem rifjar upp daglegt líf um aldamótin 1900.

Trausti sér fyrir sér að kortið geti meðal annars nýst ferðamönnum og sem hluti af kennslu í skólum. Þá muni fólk sem tengist svæðinu líklega nota kortið.

„Auðvitað má segja að kortið sé gert fyrir þetta svæði. Það hefur persónulegt gildi fyrir mig en ég er sjálfur úr Reykjadalnum og þykir vænt um mína sveit. Ég heyrði til dæmis rödd afa míns, sem lést þegar ég var sex ára, á upptöku við vinnslu kortsins," segir Trausti. „Það hafa einmitt margir minnst á gildi þess að heyra ættmenni sín, jafnvel afa og ömmur, segja frá lífinu í sýslunni."

Trausti segir hljóðupptökur Árnastofnunar mikinn fjársjóð. Þar sé að finna fjölda viðtala við fólk um allt land sem flest eru tekin á árunum 1970 til 80, við eldra fólk, sem rifjar þá upp æskuárin og segir frá lífinu um aldamótin 1900. Upptökurnar hafa ekki verið notaðar á þennan hátt áður og ekki manntalsupplýsingarnar heldur.



Trausti Dagsson, meistaranemi í þjóðfræði, setti saman sagnakort af Suður-Þingeyjarsýslu sem nálgast má á netinu. Þar er að finna þjóðsögur af svæðinu, manntöl og viðtöl við íbúa sem rifja upp daglegt líf um aldamótin 1900.

„Minn bakgrunnur er í vefhönnun og forritun og því datt mér í hug að sameina þessi stafrænu gögn sem ég kynntist í þjóðfræðinni og forritunina. Svona kort gæfi nýja sýn á umhverfið og sögurnar glæða landslagið lífi."

Sérðu fyrir þér að kortleggja fleiri landshluta á þennan hátt?

„Það væri mjög gaman. Mastersverkefni mitt í Þjóðfræðinni er keimlíkt þessu. Þar er ég að kortleggja þjóðsögur, hvar þær gerðust og hvar fólkið sem sagði þær bjó. Þegar því verkefni lýkur gæti ég jafnvel notað þau gögn í einhvers konar útvíkkun á sagnakortinu."

- rat

## Fróðleikur af Sagnakortinu

Á Sagnakortinu er meðal annars að finna sögur af nafntogaðsta draug Mývetninga, Mývatns-Skottu, og af draugnum Rauðabola við Grenjaðarstað.

**Mývatns - Skotta**

Grímsstaðir við Mývatn

„Þegar hann vissi að stúlkan mundi dáin vera dró hann hana upp á bakkann og með fjölkynngi sinni magnaði hana í fullkominn draug og sendi til að drepa þann er hann vildi feigan. Dinglaði skuplan á hnakka hennar og er þaðan nafnið …"

**Rauðiboli**

Grenjaðarstaður í Aðaldal:

„Bjarni var áður kvongaður, en hafði skilið við konuna og af því hann fór að leggja ástarhug á aðra stúlku þar nálægt vildi hann umfram allt losa sig alfarið við konu sína. Hann tók þá upp á því að hann fékk af kunnáttumanni einhverjum þar nyrðra að kenna sér að vekja upp draug sem hann ætlaði að senda konu sinni til að gera út af við hana. Bjarni fór síðan að vekja upp drauginn og sleikti náfroðuna af vitum hans eins og lög gera ráð fyrir, en að því búnu réðst draugurinn á hann og lauk svo þeirra viðskiptum að draugurinn varð Bjarna yfirsterkari og komst Bjarni með illan leik lífs undan honum …"



Hugsanlega væri hægt að breyta brautarpöllunum í leikhús.



Jarðlestarstöð væri tilvalinn staður fyrir listasafn.



Það gæti verið upplifun að snæða á veitingastað í iðrum jarðar. MYND/MANAL RACHDI OXO ARCHITECTES AND LOUISE ALEXANDER I

# Yfirgefnar stöðvar Parísarborgar

**Frambjóðandi í borgarstjórakosningum Parísarborgar reynir að lokka að atkvæði með skemmtilegri hugmynd. Hann lofar að breyta yfirgefnum jarðlestarstöðvum borgarinnar í listasali, sundlaugar, skemmtistaði eða hvað sem Parísarbúum dettur í hug.**

Nathalie Kosciusko-Morizet er einn af sex stjórnmálamönnum sem stefnir á borgarstjórastólinn í París en kosningar verða haldnar í borginni í mars. Kosciusko-Morizet reynir að laða að kjósendur með nýstárlegu loforði. Hún lofar að sem borgarstjóri muni hún umbreyta yfirgefnum jarðlestarstöðvum borgarinnar í skemmtistaði, sundlaugar, veitingastaði og leikhús.

Ellefu ónotaðar stöðvar er að finna í jarðlestakerfi Parísar. Sumum var lokað í seinni heimsstyrjöldinni vegna fjárskorts, aðrar voru aldrei opnaðar eftir að þær voru byggðar. Til dæmis Porte Molitor sem byggð var til að tengja línur níu og tíu út frá fótboltaleikvanginum Parc des Princes en hún þótti of flókin í notkun og er nýtt í dag sem geymsla fyrir lestarvagna.

Lestir aka þó enn um sumar þessar draugastöðvar og farþegar geta greint brautarpallana í gegnum myrkrið.

Aðrar hafa notið nokkurrar frægðar. Til dæmis stöðin Porte des Lilas sem opnuð var árið 1921 í norðausturhluta Parísar. Sú hefur þjónað sem tökustaður kvikmynda á borð við Amelie frá 2001. Enn aðrar stöðvar eru til að mynda notaðar til að prófa ýmsan búnað.

Kosciusko-Morizet fékk til liðs við sig ungan arkitekt, Manal Rachdi, og skipulagsfræðinginn Nicolas Laisné, til að hanna útlit á nokkrar hugsanlegar endurbyggingar stöðvanna. Hugmyndirnar sem þeir komu með voru margvíslegar. Þeir útbjuggu myndir af nokkrum þeirra, til dæmis sundlaug þar sem brautarpallarnir eru bakkarnir, næturklúbbi þar sem dansgólfið er yfir brautarteinunum og listagallerí.

Ef Kosciusko-Morizet sest í borgarstjórastólinn ætlar hún að hleypa af stokkunum netsíðu þar sem Parísarbúar geta komið með eigin hugmyndir að hugsanlegum endurbótum hinna gleymdu stöðva.

Samkvæmt skoðanakönnunum er Kosciusko-Morizet í öðru sæti rétt á eftir keppinaut sínum Anne Hidalgo. Því er óvíst hvort verður af þessu skemmtilega verkefni. En engu að síður er áhugavert að velta fyrir sér möguleikanum sem hugsanlega verður að veruleika einhvern tíma í framtíðinni.

Vefsíðan bbc.com/travel greindi frá.



Nýstárleg sundlaug er ein af skemmtilegum hugmyndum sem komið hafa fram.



Það væri skemmtistaður með stíl sem rekinn væri í yfirgefinni jarðlestarstöð.




## SPENNANDI LEGOLAND Á ENGLANDI

Flestir kannast við Legoland í Billund í Danmörku. Færri vita að í Windsor á Englandi er glæsilegur Legoland-garður þar sem öll fjölskyldan getur skemmt sér saman. Börn 2-12 ára geta farið í siglingu, flogið um himingeiminn, ekið bílum eða notið þeirra 55 atriða sem í boði eru á hinum ýmsu stöðum í garðinum. Þar hefur verið byggt úr 80 milljónum Lego-kubba sem mynda yfirgripsmikinn heim fyrir börn á öllum aldri.



Mini-Lundúnaborg í Legolandi í Windstor.

Garðurinn er opinn frá 14. mars til 2. nóvember. Hægt er að dvelja á hóteli í eða við garðinn en innan við klukkustundar lestarferð er í garðinn beint frá Waterloo-stöðinni í London. Á Legoland-hótelinu er hægt að gista í herbergjum sem eru útbúin eins og ævintýraheimur barnakvikmynda.

Hægt er að kaupa aðgöngumiða í garðinn á netinu og sömuleiðis miða í leigubíl sem ekur frá lestarstöðinni í Legoland.

Í garðinum er ævintýraland tengt Star Wars, þar má sjá sjóræningja og smækkaða útgáfu af frægustu stöðum Lundúnaborgar. Í garðinum eru ellefu veitingastaðir og sjö verslanir.

Legoland í Windsor var opnað árið 1996. Það eru fimm önnur Legolönd í heiminum, Billund í Danmörku, Kaliforníu, Flórída, Þýskalandi og í Malasíu.

**Nánar má skoða ævintýragarðinn hér: www.legoland.co.uk**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbirgir@365.is, s. 512-5432
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

**FRÍTT FYRIR BÖRNIN**
**Í tilefni vetrarfrís í Reykjavík býður Íslenski dansflokkurinn börnum yngri en 13 ára frítt í fylgd fullorðinna á danssýninguna Þríleik á sunnudagskvöld í Borgarleikhúsinu.**




NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði – lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Reyndir kennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233




**FRÁBÆRAR VÖRUR** Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá Icecare, segir að tannlæknar mæli með tannverndarvörum frá GUM. MYND/DANÍEL

# TANNHVÍTTUNAREFNI SEM MÆLT ER MEÐ

**ICECARE KYNNIR** *GUM Original White-tannhvíttunarefni er öflugt munnskol og tannkrem sem gerir tennurnar hvítar og gefur fallegra bros.*

Tannlæknar mæla með GUM Original White-tannvörunum. Efnið verndar tennurnar, viðheldur almennri tannheilsu og heilbrigði tanna auk þess að tryggja að tennurnar haldi styrk sínum. „Efnið hreinsar burt gamla bletti og óhreinindi og fyrirbyggir nýja bletti. Tennurnar fá sinn upprunalega lit aftur,“ segir Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsstjóri hjá IceCare, en markmið þess er að bjóða upp á breytt vöruval af tannvörum og heilsuvörum sem bæta heilsu viðskiptavina á hagstæðu verði.

„GUM er sérstök blanda sem er varin einkaleyfi sem hreinsar betur en bleikiefni. Varan inniheldur hins vegar engin bleikiefni en þau geta skaðað náttúrulega vörn tanna. Slípimassinn er svo agnarsmár að hann eyðir ekki upp glerjungi eins og mörg önnur hvíttunartannkrem geta gert,“ segir hún.

„GUM geta allir notað að staðaldri, bæði tannkremið og munnskolið innihalda mikið flúor,“ segir Birna. Allir í fjölskyldunni geta notað GUM Original White, því að efnin fara vel með tennurnar, tannholdið og slímhúðina í munnholinu.

Gæði tannkrema frá GUM eru mikil og því getur fólk notað miklu minna magn í hvert skipti þegar tannburstað er, þar sem tannkremið er mjög drjúgt og nýtist túpan því lengur en venjulega. Það er óþarfi að setja mikið, nota aðeins smávegis á burstann í hvert skipti sem burstað er, það dugar í hverja tannburstun. Þannig kemur verðið út á svipuðum nótum og önnur tannkrem, þar sem svo lítið magn þarf á burstann í hvert skipti.

Þegar GUM Original White-tannvörurnar eru notaðar finnur fólk fyrir því að tennurnar verða meira glansandi og það myndast ósýnileg húð yfir tennurnar sem kemur í veg fyrir að tannsýkla festist við þær. Við þurfum öll að hugsa um tennurnar,“ segir Birna.

***GUM Original White fæst í öllum apótekum, Fjarðarkaupum og verslunum Hagkaups.***





RAUNFÆRNIMAT




Hefur þú starfað við bifvélavirkjun, bílamálun eða bifreiðasmíði í 5 ár eða lengur og vilt ljúka náminu?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS



DAGSVERK.IS / IÐAN0214

Nánari upplýsingar um raunfærnimat er að finna á http://idan.is/raunfaernimat eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is.

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI
IÐAN fræðslusetur
Þórunnartún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT





Hafðu hjartað heima

Átta vikna námskeið í gjörhygli
(Mindfulness based cognitive therapy/stress reduction)

Námskeið í gjörhygli tengir saman hugræna atferlismeðferð og hugleiðsluæfingar. Gjörhygli er kerfisbundin þjálfun í að vera í núinu og vera meðvitaður um líkama, hugsanir og tilfinningar, augnablik eftir augnablik.

Námskeiðið hefst 2. apríl á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.
Kennt er á miðvikudögum kl. 16:45 – 19:00. Verð 49.000 kr.

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Kennari er Bridget „Bee“ Ýr McEvoy RPN en hún hefur kennt gjörhygli á Heilsustofnun NLFÍ frá 2006.

Nánari upplýsingar og skráning í síma 483 0300 og á www.hnlfi.is

Berum ábyrgð á eigin heilsu

# SKALF VIÐ HLIÐINA Á JÓA FEL

**KAKA ÁRSINS 2014** *Íris Björk Óskarsdóttir er fyrsta konan og jafnframt fyrsti neminn sem gerir köku ársins. Hún átti alls ekki von á að vinna keppnina en nokkrir meistarar voru súrir yfir því að tapa fyrir nema. Sumum finnst stelpur ekki eiga að vera bakarar.*

Sigurvegari í keppninni um köku ársins er Íris Björk Óskarsdóttir, bakaranemi í Sveinsbakaríi. Í fyrsta skipti er kaka ársins bökuð af konu. „Þetta er líka í fyrsta skipti sem nemi vinnur keppnina,“ segir vinningshafinn Íris.

### FAGIÐ EKKI FYRIR STELPUR

„Það voru nokkrir meistarar fúlir yfir því að tapa fyrir nema. Auk þess er þetta mikið karlafag og okkur stelpunum finnst við oft þurfa að keppa við strákana. Því miður finnst mörgum stelpur ekki eiga neitt erindi í þetta fag. Þeir segja þetta vera of erfiða vinnu, að það sé of mikið álag og að stelpur geti ekki lyft þungu. Fagið snýst bara um miklu meira en það,“ segir Íris ákveðin.

### ALLAR KONUR VILJA SÚKKULAÐI

Kaka ársins 2014 lítur afskaplega girnilega út en hún er samansett af brownies-botni, karamellunúggatkexrönd, púðursykurkókosmarengs, karamellumjólkursúkkulaðimús og er súkkúlaðihjúpuð með anís og rauðum Ópal. „Það var skylda að nota rauðan Ópal í kökuna. Ég var lengi að hugsa hvernig ég ætti að koma því að þar sem þetta er vandmeðfarið hráefni af því það er svo sterkt. Svo ákvað ég að vera ekki að flækja málin. Þar sem þetta er kaka fyrir konudaginn og allar konur vilja súkkulaði ákvað ég að gera „djúsí“ súkkulaðiköku með smá lakkrísbragði. Hún virðist svo hafa heppnast ágætlega.“

### STJÖRF Í TVO DAGA

Íris segist alls ekki hafa átt von á því að vinna keppnina. „Ég veit ekki hvernig ég keyrði heim án þess að keyra á neinn eftir að úrslitin voru gerð kunn. Ég var alveg út úr heiminum og stjörf í tvo daga á eftir. Svo skalf ég bara þegar ég var mynduð við hliðina á Jóa Fel,“ segir hún og hlær.

### STOLTUR MEISTARI

Íris segir meistara sinn, Hilmi Hjálmarsson, og pabba hans og eiganda Sveinsbakarís, Hjálmar Jónsson, hafa verið viðstadda verðlaunaafhendinguna með sér og að þeir hafi orðið álíka hissa og hún á úrslitunum. „Þeir voru samt líka mjög stoltir. Meistarinn minn, hann Hilmir, átti einmitt köku ársins 2010 þannig að þetta er í annað sinn sem Sveinsbakarí á köku ársins.“

### GEFANDI AÐ GEFA KÖKUR

Í maí næstkomandi tekur Íris sveinspróf og langar hana að halda áfram að læra og fara í konditornám annaðhvort í Danmörku eða Noregi. „Ég hef haft gaman af því að baka síðan ég var í grunnskóla þrátt fyrir að ég hafi ekki ætlað mér þá að verða bakari. Þetta þróaðist bara smátt og smátt, ég vann í bakaríi með skóla og fór svo seinna að baka óvenjulegar kökur eins og einhyrningakökur og brjóstakökur fyrir vini og vandamenn. Svo endaði ég á því að prófa að fara í bakaranám og fann fljótt að það var rétt ákvörðun. Mér finnst svo gefandi að sjá svipinn á fólki þegar það fær fallega köku, það verða allir svo glaðir.“

### HVÍLIR SIG Á KONUDAGINN

Mikil törn verður hjá Írisi um helgina í bakaríinu þannig að henni finnst líklegt að hún eyði konudeginum í að sofa út og hvíla sig. „Svo tekur bara næsta verkefni við. Ég er að fara í nemakeppni Kornax sem verður í vikunni og svo verður farið að undirbúa bolludaginn.“

■ liljabjork@365.is



**GIRNILEG** Kaka ársins sem Íris Ósk bakaði er vægast sagt girnileg. MYND/GVA

# SVEIGJANLEGUR LG-SÍMI

**NOVA KYNNIR** *Fyrsti sveigði og sveigjanlegi sími í heimi, LG G Flex, er lentur hjá Nova. Það glampar minna á skjáinn, hann lagast að andlitinu og augað sér betur út í öll horn skjásins.*

LG G Flex er fyrsti sveigði og sveigjanlegi síminn í heiminum. „Hann hefur allt það sem aðrir símar hafa, styður bæði 3G og 4G, er með 32 GB innra minni, 13 MP myndavél og HD-upptöku,“ segir Harald Pétursson, yfirmaður viðskiptaþróunar hjá Nova. „Þetta er mjög öflugur sími í alla staði og LG-merkið hefur verið að sækja í sig veðrið upp á síðkastið á farsímamarkaðnum.“



**YFIRMAÐUR VIÐSKIPTAÞRÓUNAR** Harald Pétursson hjá Nova hlakkar til að sjá viðbrögðin við nýja símanum.

### SVEIGÐUR EINS OG AUGNBOTNAR OKKAR

Sveigjanleiki símans gerir það að verkum að það glampar minna á hann og hann lagar sig að andlitinu. Þar með færist hljóðneminn nær munninum og skýrara tal fæst. „Stærsti kosturinn við sveigða skjáinn er sá að þannig sést betur út í hornin á símanum. Augnbotnar okkar eru sveigðir og eru því eins að lögun og síminn. Sveigður skjár sjónvarpa er að koma frá öllum framleiðendum og þessi þróun hefur nú verið færð yfir í farsímana með tilkomu LG G Flex.“

### STÓR SKJÁR OG ENGINN TAKKI

„Einnig má geta þess að skjárinn á LG G Flex símanum er heilar sex tommur og því frábært að horfa á ýmiss konar afþreyingarefni í honum. Enginn takki er framan á símanum og aðeins einn takki aftan á honum til að kveikja og slökkva. Það verður gaman að sjá hvernig viðbrögðin við þessum flotta síma verða en eitt er víst að fólk mun vilja skoða símann og forvitnast,“ segir Harald.




**SVEIGIST OG BEYGIST** Nýi LG G Flex síminn er sveigður og með sveigjanlegan skjá. Hann hefur jafnframt allt það sem góður sími þarf að hafa.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447


NÝTT KORTATÍMABIL
AÐEINS TVÖ VERÐ
•2.000 Kr
•4.000 Kr
Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur
Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400
ALLAR ÚTSÖLUVÖRUR Á
2.000•4.000•
NÝTT KORTATÍMABIL
Herra
hafnarfjörður
S. 572 3400
FJÖRÐUR
www.fjordur.is

## TÆKIFÆRI Í FERÐAÞJÓNUSTU -
**WWW.EYJASIGLING.IS**

- TIL SÖLU FYRIRTÆKI Í FERÐAÞJÓNUSTU.
- FYRIRTÆKIÐ HEFUR SIGLT Í SKÁLAEYJAR, FLATEY, HVALLÁTUR VIÐ GÓÐAN ORSTÍR.
- FYLGIFÉ ÞESSA FYRIRTÆKIS ERU FARÞEGA BÁTUR MEÐ LEYFI FYRIR 19 FARÞEGA.
- FERÐASKIPULEGGJANDALEYFI ER Í GILDI FYRIR FYRIRTÆKIÐ OG BÁTINN.
- WWW.EYJASIGLING.IS





EIGENDUR SKOÐA SKIPTI Á FASTEIGN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.
**V.25 MILLJ.**

**NÁNARI UPPL.**
**SIGURÐUR FANNAR - 897-5930**



**SIGURÐUR FANNAR GUÐMUNDSSON**
Sölufulltrúi
Sími 897 5930



**ÍRIS HALL**
Löggiltur fasteignasali
irishall@landmark.is

**LANDMARK**
**FASTEIGNASALA**
ÍRIS HALL - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**

---

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Spóahöfði 12 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 155,2 m2 raðhús á einni hæð auk ca. 18 m2 millilofts, á mjög góðum stað við Spóahöfða 12 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í góða stofu, eldhús með borðkrók, sjónvarpshol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi og þvottahús, auk þess er gott milliloft í húsinu, en þar eru tvö svefnherbergi. **V. 43,9 m.**

---

**112 Reykjavík**

## Mosarimi 39



**OPIÐ HÚS**
**Sunnudag 23. jan. 15:30 - 16:00**



Nánari upplýsingar veitir
**Hilmar Jónasson,** Sölufulltrúi
hilmar@miklaborg.is **sími:** 695 9500



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

Fallegt og vel skipulagt 156,7 fm raðhús á einni hæð
Fjögur svefnherbergi
Stór verönd með heitum potti
Innbyggður bílskúr
Frábær staðsetning

Verð: **46,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**

---

Capacent Ráðningar
KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS
capacent

---




**Glæsilegt skrifstofu- og verslunarhúsnæði**

## Borgartúni 26, 105 Reykjavík

***Vandað, fullinnréttað húsnæði á góðum stað í höfuðborginni. Um er að ræða tvær hæðir:***

**Jarðhæð: 444,5 m²** fullinnréttað rými sem áður hýsti MP banka. Mikið er lagt í hönnun og frágang og rýmið er sérlega glæsilegt. Húsnæðið skiptist í opin rými, fundarherbergi og starfsmannaaðstöðu. Með rýminu fylgja 4 stæði í lokuðu bílastæðahúsi.

**2. hæð: 939 m²** fullinnréttað rými sem skiptist í fimm stór opin rými, fundarherbergi, mötuneyti og setustofu. Sérstakur dagsbirtu-ljósabúnaður (RGB) er í rýminu þar sem ljósmagni er stýrt eftir birtustigi utandyra. Allar boð- og raflagnir eru í hæsta gæðaflokki. Með húsnæðinu fylgja 20 bílastæði í lokuðu bílastæðahúsi.

***Tækifæri fyrir fyrirtæki sem leita að húsnæði miðsvæðis í Reykjavík.***

**Einnig til leigu:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ármúli 3<br>104 Reykjavík<br>1.128 m², skrifstofuhúsnæði | Ármúli 13<br>104 Reykjavík<br>367 m², skrifstofuhúsnæði<br>með lokuðum bílakjallara | Hverafold 1-3<br>112 Reykjavík<br>387 m², verslunarhúsnæði | Hamraborg 9<br>200 Kópavogur<br>370 m2, verslunar- og<br>skrifstofuhúsnæði |



**Upplýsingar veitir:**
**Jón Grétar Jónsson**
**rekstrarstjóri**
**s. 442 1400 / 856 1413**
**jon@landfestar.is**

**LANDFESTAR**
FASTEIGNAFÉLAG

Landfestar ehf. eru fasteignafélag í eigu Arion banka. Markmið félagsins er að þróa öflugt fyrirtæki á fasteignamarkaði. Félagið hefur til umráða um hundrað þúsund fermetra af góðu húsnæði. Stærsti hluti þess er skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Meðal helstu leigutaka félagsins eru bæði ríkisstofnanir og nokkur af stærri fyrirtækjum landsins. Landfestar ehf. Sími 422 1400, www.landfestar.is

---

# www.vinna.is

## Járniðnaðarmenn

Óskum eftir að ráða vana járniðnaðarmenn til starfa, nú þegar eða eftir samkomulagi. Þurfa að geta unnið sjálfstætt. Upplýsingar í síma 567-7553.

**Harka ehf. - Hamarshöfða 7 - 110 Reykjavík.**

## Atvinna

Norðurbik ehf malbikunarstöð Akureyri óskar að ráða starfsmann m.a. til að framleiða malbik í færanlegri malbikunarstöð sem staðsett er á nokkrum stöðum á landinu. Starfið er heilsársstarf.

**Hæfniskröfur:** Sjálfstæð vinnubrögð, góð þjónustulund, stundvísi og reglusemi.

Umsóknum skal skila í netfang: **nordurbik@simnet.is fyrir 5. mars 2014** með uppl. um aldur og starfsferil. Einnig eru veittar uppl. í síma 896-1334 (Steindór) milli kl 8-16 alla virka daga.

## SKOÐUNARMENN BJÖRGUNARBÚNAÐAR
### TVÆR STÖÐUR

Óskum eftir nákvæmum, skipulögðum, heilsuhraustum og jákvæðum einstaklingum til starfa hjá traustu fyrirtæki.

Áhugi á björgunarmálum til sjós ásamt ensku- og tölvukunnáttu er kostur. Þekking á vélum og handlagni er skilyrði fyrir öðru starfinu.

**Umsóknir skal senda á bjj@viking-life.com eigi síðar en 2. mars.**




# International Sales Director

Marel´s Industry Center Fish is the leading global supplier of advanced equipment and integrated systems to the fish industry. After a period of strengthened focus on new product development in fish processing we look forward to continuously introduce breakthrough solutions to the industry.

As a part of our goal to strengthen our sales force even further we are looking for an experienced strategic and operational leader for Industry Center Fish to lead our international sales and marketing teams.

**Core responsibilities:**

- Developing and implementing an effective sales strategy for the achievement of the sales targets
- Alignment of global sales and marketing efforts
- Planning, setting goals and driving sales on a day to day basis
- Overall responsibility for results and costs in sales and marketing towards the fish sector
- Identifying business potential and developing the market according to the group product portfolio
- Responsible for budgeting, monitoring, reporting, communication and liaison

**Requirements:**

- A University degree
- Minimum 3 years international sales team management experience, preferably in B2B
- Fish Industry knowledge and network is an asset
- Corporate finance and CAPEX project experience would be an asset
- Ability to take initiative and directs others in a business unit
- Ability to create and deliver a strategic vision effectively to others
- Ability to read the environment and build alliances
- Result oriented and profit conscious
- Fluent in English

The sales directors' primary location is Iceland but the role requires extensive international travel.

Please use the application form provided on our website. The application deadline is **March 10**, 2014. For further information about the position, please contact Jón Birgir Gunnarsson Managing Director of Industry Center Fish, **jon.birgir.gunnarsson@marel.com**, telephone: **+354 563 8000**.

Marel is a multinational company, with over 4,000 employees worldwide. Our largest business units are located in the Netherlands, Denmark, the United States with headquarters in Iceland.

With offices and subsidiaries in over 30 countries on six continents, a global network of over 100 agents and distributors, and manufacturing facilities in 16 locations worldwide, we work side-by-side with our customers to extend the boundaries of food processing performance.

Our cutting edge equipment and software components help food processors of all sizes, in all markets, to operate at peak productivity, whether it be in the processing of fish, meat, poultry or prepared foods, and our products positively and directly enhance the overall quality and value of food.

www.marel.com




marel

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Forstöðumaður | Námsmatsstofnun | Reykjavík | 201402/069 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónn | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201402/068 |
| Aðstoðaryfirlögregluþjónar | Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv. | Reykjavík | 201402/067 |
| Lektor í þjóðfræði | HÍ, félags- og mannvísindadeild | Reykjavík | 201402/066 |
| Lektor í mannfræði | HÍ, félags- og mannvísindadeild | Reykjavík | 201402/065 |
| Lektor í félagsráðgjöf | HÍ, félagsráðgjafardeild | Reykjavík | 201402/064 |
| Dómritari | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201402/063 |
| Yfirlæknir mæðraverndar | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201402/062 |
| Launafulltrúi | Landspítali, launadeild | Reykjavík | 201402/061 |
| Mannauðsstjóri | Menntaskólinn á Egilsstöðum | Egilsstaðir | 201402/060 |
| Rannsóknarlögreglumaður | Lögreglustjórinn á Akureyri | Akureyri | 201402/059 |
| Vaktmaður í hússtjórn | Landsbókasafn Ísl., Hásk.bókasafn | Reykjavík | 201402/058 |
| Sjúkraliðar/starfsfólk við umönnun | Sólvangur, hjúkrunarheimili | Hafnarfjörður | 201402/057 |
| Sumarstörf | Vatnajökulsþjóðgarður | | 201402/056 |
| Ritari á lyflæknisdeild | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201402/055 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Eskifirði | Eskifjörður | 201402/054 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Eskifirði | Eskifjörður | 201402/053 |
| Sérfræðilæknir | Landspítali, taugalækningar | Reykjavík | 201402/052 |
| Sérfræðilæknar | Landspítali, Öldrunarlækningar | Reykjavík | 201402/051 |
| Framhaldsskólakennari | Menntaskólinn í Reykjavík | Reykjavík | 201402/050 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Akranesi | Akranes | 201402/049 |
| Læknir á skrifst. heilbr.þjónustu | Velferðarráðuneytið | Reykjavík | 201402/048 |
| Lögreglumaður | Lögreglustjórinn á Selfossi | Selfoss | 201402/047 |

**Steikhúsið** leitar að nemum í **framreiðslu** og **matreiðslu.**

Leitum einnig að vönu fólki í kvöldvinnu í sal

Áhugasamir sendi upplýsingar og ferilskrá á sigrun@steik.is

# Viltu prófa?

**Globe Tracker á Íslandi leitar eftir hugbúnaðarprófara**

**Við leitum að aðila sem er snjall í prófunum á notendaviðmótum Ert þú kraftmikill og líflegur prófari, sjálfstæður í vinnubrögðum með mjög góða enskukunnáttu í ræðu og riti? Einnig er þekking og reynsla af Jenkins og Selenium kostur.**

**Umsókn og starfsferilskrá sendist á ensku til jobs@globetrackericeland.com**

**http://www.globetracker.com/**

Globe Tracker®



# Vertu með í kröftugu liði Samskipa

## VIÐSKIPTASTJÓRI

### Samskip óska eftir að ráða viðskiptastjóra í útflutningsdeild

**Starfssvið**

- Sala og kynning á þjónustu útflutningsdeildar
- Þjónusta og ráðgjöf til viðskiptavina
- Tilboðs- og samningagerð
- Samskipti við erlenda samstarfsaðila
- Þátttaka í markaðs- og söluáætlunum

**Menntunar- og hæfnikröfur**

- Menntun á háskólastigi æskileg
- Haldgóð reynsla af sölustarfi
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta er skilyrði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Kappsemi og metnaður til að ná árangri

**Umsóknarfrestur er til og með 2. mars nk.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

SAMSKIP

Saman náum við árangri

Eld smiðjan



# Viltu stýra skútunni?

**Okkur vantar öflugan aðstoðar veitingastjóra til starfa á Eldsmiðjunni.**

Viðkomandi þarf að búa yfir skipula gshæfni, eldmóði og félagslyndi. Um er að ræða vaktavinnu og starfshlutfallið er 100%.

Ef þú hefur gaman af fólki og góðum mat, ert eldri en 25 ára og vilt vinna hjá traustu og skemmtilegu fyrirtæki með einstakan starfsanda — þá skaltu endilega sækja um.

**Upplýsingar veitir Herwig á:**
hs@foodco.is eða á umsokn.foodco.is

---

Capacent Ráðningar

## ÁHUGAVERÐ STÖRF
HVOLSVÖLLUR

Leikur einn
LEIKSKÓLINN ÖRK

**Sveitarfélagið Rangárþing eystra óskar eftir að ráða leikskólastjóra og sérkennslustjóra við leikskólann Örk á Hvolsvelli. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.**

### LEIKSKÓLASTJÓRI

**Starfssvið:**
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi, fjármálum og rekstri skólans
- Ábyrgð á stefnumörkun skólans sem tekur m.a. mið af skólastefnu sveitarfélagsins og aðalnámskrá leikskóla
- Ráðningar starfsmanna, mannauðsstjórnun og þjálfun
- Ábyrgð á gerð aðalnámskrár, ársáætlun og ársskýrslu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í leikskólakennarafræðum
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi
- Reynsla eða þekking af rekstri
- Stjórnunar- og leiðtogahæfni
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn sem og sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð

### SÉRKENNSLUSTJÓRI

**Starfssvið:**
- Stjórn og ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslu í leikskólanum
- Fagleg umsjón með sérkennslu sem og umsjón frumgreiningar og ráðgjafar til starfsmanna
- Ábyrgð á miðlun upplýsinga til starfsmanna
- Umsjón með uppeldis- og námsgögnum leikskólans

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði leikskólakennarafræða, þroskaþjálfunar eða sambærileg menntun
- Framhaldsmenntun og/eða reynsla í sérkennslu í leikskóla
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn
- Sjálfstæði í starfi og skipulögð vinnubrögð

Í leikskólanum Örk eru unnið í anda Hugsmíðahyggju. Hugsmíðahyggja snýst um að nemendur séu virkir og læri með því að nota fyrri hugmyndir sínar og byggja þannig upp reynslu, þekkingu, færni og viðhorf. Hugmyndafræðin felur í sér að nemendur tileinki sér þekkingu og skilning og verði virkur aðili að eigin uppbyggingu félagslegrar færni, siðgæðis- og vitsmunaþroska. Í skólastarfinu er lögð áhersla á ígrundun, lausnaleit, rökhugsun, skilning og beitingu þess sem lært hefur verið. Í leikskólanum eru nemendur með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum og er leitast við að hvert einstakt barn fáist við viðfangsefni við sitt hæfi.

**Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.**
Umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Capacent Ráðningar
Ármúla 13 // Hvannavöllum 14
Sími 540 1000

capacent

# Fjölbreytt störf á tæknisviði

Öryggismiðstöðin auglýsir eftir kraftmiklum einstaklingum í spennandi og fjölbreytt störf á tæknisviði.

## Starfsmenn á tæknisviði

Starfið felst í uppsetningu og þjónustu við öryggiskerfi, s.s. innbrotaviðvörunarkerfi, brunaviðvörunarkerfi, slökkvikerfi, aðgangsstýringarkerfi og myndavélakerfi.

**Hæfniskröfur:**

- Sveinspróf á sviði rafeindavirkjunar eða rafvirkjunar er æskilegt
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið **atvinna@oryggi.is**, merkt „**Tæknisvið**“.
**Umsóknarfrestur er til 5. mars 2014.**

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.
Vakin er athygli á því að allt starfsfólk Öryggismiðstöðvarinnar þarf að skila inn sakavottorði.

Öryggismiðstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismiðstöðin hefur á síðustu fjórum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.
Gildi fyrirtækisins eru forysta, umhyggja og traust.

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2010 · VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2011 · VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2012 · VR FYRIRTÆKI ÁRSINS 2013

ÖRYGGI VELFERÐ

PIPAR\TBWA • SÍA • 140540

**Sími 570 2400 · oryggi.is**
Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN




### Vegna aukinna verkefna óska Terra Nova og Iceland Tours eftir starfsfólki.

**Um er að ræða eina til tvær stöður hjá Iceland Tours við ráðgjöf og sölu til fólks sem hyggur á ferð til Íslands. Góð frönsku- og enskukunnátta er skilyrði (tal og ritun). Jafnframt tvær til þrjár stöður í úrvinnslu hópa og einstaklinga hjá Terra Nova. Helstu verkefni fela í sér bókanir og úrvinnslu gagna vegna móttöku erlendra ferðamanna til Íslands.**

- Góð tungumálakunnátta (auk ensku), s.s. í frönsku, þýsku, spænsku, norsku er kostur.
- Góð almenn tölvuþekking og reynsla af sambærilegum störfum.
- Þjónustulipurð, jákvæðni, skipulags- og samskiptahæfileikar, stundvísi og metnaður.
- Þekking á Íslandi.
- Háskólamenntun er æskileg en ekki skilyrði.

**Einnig vantar okkur starfskraft í bókhaldstengd störf, s.s. kostnaðarbókhald, innheimtu o.fl.**

- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Þekking á Navision kostur
- Góð tölvuþekking, þ.m.t. excelkunnátta
- Þjónustulipurð, jákvæðni, skipulags- og samskiptahæfileikar, stundvísi og metnaður.

Ráðning í allar ofangreindar stöður er tímabundin í 6 mánuði en með möguleika á framlengingu.

Í öllum tilvikum er nauðsynlegt að viðkomandi geti byrjað sem fyrst. Við bjóðum þér spennandi starf hjá einu fremsta ferðaþjónustufyrirtæki landsins. Þú verður hluti af frábærum hópi starfsfólks sem býr yfir afburðaþekkingu á sínu sviði.

Eingöngu er tekið við skriflegum umsóknum með mynd ásamt upplýsingum um menntun, starfsreynslu, tungumálakunnáttu og fleira. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað. Umsóknarfrestur er til 1. mars, en farið verður yfir umsóknir og unnið úr þeim jafnóðum og þær berast.

**Umsókn sendist á netfangið starf@terranova.is.**

Terra Nova Iceland · Iceland Tours

Skógarhlíð18, 105 Reykjavík | www.terranova.is | www.icelandtours.is

## Skaftárhreppur

### Hjúkrunarforstjóri

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri auglýsir stöðu hjúkrunarforstjóra lausa til umsóknar.

Um er að ræða 100% starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og launanefndar sveitarfélaga.

Klausturhólar er glæsilegt hjúkrunar- og dvalarheimili með 20 íbúum. Ný og vel búin hjúkrunarálma var tekin í notkun 2006. Samstarf er milli Klausturhóla og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands sem starfrækir heilsugæslustöð á Kirkjubæjarklaustri.

Á Kirkjubæjarklaustri er grunnskóli, tónlistarskóli og leikskóli. Þar er góð aðstaða til íþróttaiðkunar í nýrri íþróttamiðstöð með sundlaug, íþróttasal og tækjasal. Í nágrenninu er íþróttavöllur og golfvöllur. Náttúrufegurð í Skaftárhreppi er rómuð og mikil uppbygging á sér stað, einkum í ferðaþjónustu. Eitt af helstu hliðum Vatnajökulsþjóðgarðs er í Skaftárhreppi.

**Umsóknarfrestur er til 25.febrúar 2014.**

Umsóknir sendist til sveitarstjóra Skaftárhrepps, Skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri. Umsóknir má einnig senda á netfangið sveitarstjóri(hjá)klaustur.is.

**Nánari upplýsingar veita:**
Eygló Kristjánsdóttir, formaður rekstrarnefndar Klausturhóla,sími: 487 4840,
netfang: sveitarstjori(hjá)klaustur.is eða
Sigþrúður Ingimundardóttir, hjúkrunarforstjóri Klausturhóla, sími: 698 7272
netfang: sigtrudur(hjá)gmail.com.

FLÓAHREPPUR · Krakkaborg

## Leikskólastjóri óskast

**Flóahreppur auglýsir eftir leikskólastjóra við leikskólann Krakkaborg. Um er að ræða 100% starf tímabundið til 31. júlí 2015 með möguleika á framhaldi. Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Gerð er krafa um:**

- Leikskólakennaramenntun eða aðra uppeldismenntun
- Menntun og/eða reynsla af stjórnun og rekstri sbr. 10. gr. laga nr. 87/2008
- Góða skipulagshæfileika
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Mikla hæfni í mannlegum samskiptum

**Starfssvið:**

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfssemi, fjárhagsáætlunum og rekstri
- Fagleg forysta
- Ráðningar og stjórnun starfsfólks
- Vinna með starfsfólki að markmiðum leikskólans

**Í leikskólanum er lögð áhersla á:**

- Að börnin fái að þroskast og dafna í leik og starfi
- Að börnunum séu veitt verkefni við hæfi hvers og eins
- Gott samstarf og samvinnu við forráðamenn og íbúa sveitarfélagsins
- Gott samstarf við grunnskóla Flóahrepps, Flóaskóla

Frekari upplýsingar veitir sveitarstjóri Flóahrepps, Margrét Sigurðardóttir, í síma 480-4370, netfang **floahreppur@floahreppur.is.**

Umsóknum skal skila fyrir 11. mars 2014 á skrifstofu Flóahrepps, Þingborg, 801 Selfoss eða á netfangið **floahreppur@floahreppur.is.**
Umsóknir skulu merktar **“Leikskólastjóri”.**

# Skipatækni- eða skipaverkfræðingur

**Óskum eftir að komast í samband við skipatækni- eða skipaverkfræðinga**

**Sjá nánar á www.intellecta.is**

intellecta

ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5
108 Reykjavík
Sími 511 1225
www.intellecta.is



RARIK

# Deildarstjóri netreksturs

*RARIK ohf. er orkufyrirtæki í opinberri eigu með meginstarfsemi í raforkudreifingu. Fyrirtækið hefur unnið jafnt og þétt að uppbyggingu dreifikerfa í sveitum og er einnig í dreifingu og sölu á heitu vatni.*

*RARIK er með rúmlega 20 starfsstöðvar vítt og breitt um landið og hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns.*

*Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess* ***www.rarik.is***

RARIK óskar eftir að ráða deildarstjóra netreksturs á Norðurlandi.

**Starfssvið:**

- Ábyrgð á rekstri dreifikerfis á Norðurlandi
- Hönnun dreifikerfa
- Áætlanagerð, kostnaðareftirlit og frávikagreining verka
- Umsjón með skráningu gagna og uppfærslu teikninga
- Stjórnunarleg ábyrgð starfsmanna og samskipti við verktaka og aðra viðskiptavini

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði rafmagnsverkfræði eða rafmagnstæknifræði
- Reynsla af rekstri raforkukerfis er æskileg
- Stjórnunarreynsla er æskileg
- Góð almenn tölvu- og tungumálakunnátta
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum

*Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2014. Nánari upplýsingar um starfið veita Ari Eyberg (ari@intellecta.is) og Þórður S. Óskarsson (thordur@intellecta.is) hjá Intellecta í síma 511 1225. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is.* ***Allar umsóknir og fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.***

***Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225***

intellecta

ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir



Vífilfell

**Vífilfell er framsækið markaðs- og þjónustufyrirtæki sem starfar fyrst og fremst á sviði drykkjarvöru. Vörumerkjaflóra Vífilfells samanstendur af mörgum af þekktustu vörumerkjum veraldar og eru vörumerki frá The Coca-Cola Company þar fremst í flokki.**

**Við bjóðum upp á krefjandi starfsumhverfi þar sem hugvit, þekking og kunnátta starfsmanna gegnir lykilhlutverki. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf, gott upplýsingaflæði og tækifæri til starfsþróunar. Störfin henta jafnt konum sem körlum. Hjá Vífilfelli starfa um 230 manns.**

**GILDI VÍFILFELLS ERU TRAUST, VIRÐING, FRUMKVÆÐI OG AGI.**

## Markaðsfulltrúi

**Vífilfell óskar eftir metnaðargjörnum og jákvæðum einstaklingi til starfa í markaðs- og söludeild félagsins. Háskólamenntun á sviði markaðsfræði er æskileg og árangur í sambærilegum störfum er kostur.**

### Helstu verkefni:

- Framkvæmd og eftirfylgni markaðsáætlana
- Yfirumsjón með viðburðastjórnun félagsins
- Þátttaka í vöruþróun, pakkningamálum og öðrum ferlum
- Samskipti við framleiðslufyrirtæki, fjölmiðla, félagasamtök o.fl.
- Utanumhald prentunar og framleiðslu markaðsefnis

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði markaðsfræða æskilegt
- Reynsla á sviði markaðsmála
- Góð enskukunnátta skilyrði og gott vald á rituðu máli
- Greiningarhæfni
- Almenn tölvukunnátta
- Árangursdrifni, drifkraftur, frumkvæði og brennandi áhugi á markaðs- og neytendamálum
- Jákvætt viðhorf og lipurð í samskiptum
- Örugg og fáguð framkoma, samskiptahæfni og jákvæðni

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Viðar Stefánsson, markaðsstjóri gosdrykkja, með tölvupósti j@vifilfell.is**

## Svæðisstjóri Austurlands

**Vífilfell óskar eftir metnaðargjörnum og jákvæðum einstaklingi til starfa í markaðs- og söludeild á Austurlandi. Svæðisstjóri er í forsvari fyrir fyrirtækið á öllu Austurlandi og framfylgir sölu og þjónustu, öflun nýrra viðskiptavina og tækifæra auk eftirlits með tækjum og eigum fyrirtækisins á svæðinu.**

### Helstu verkefni:

- Sala, þjónusta og öflun nýrra viðskiptavina á Austurlandi
- Eftirlit með tækjum og eigum fyrirtækisins á svæðinu
- Eftirlit með áfyllingu á svæðinu

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf, verknám í iðn-tölvu, skrifstofunám
- Reynsla af kynningarmálum og þekking á drykkjarmarkaði kostur
- Góð enskukunnátta skilyrði og gott vald á rituðu máli
- Sjálfstæði í starfi
- Almenn tölvukunnátta
- Árangursdrifni, drifkraftur, frumkvæði og brennandi áhugi á markaðs- og neytendamálum
- Jákvætt viðhorf og lipurð í samskiptum
- Örugg og fáguð framkoma, samskiptahæfni og jákvæðni
- Bílpróf skilyrði

**Nánari upplýsingar um starfið veitir Árný Vaka Jónsdóttir, rekstrarstjóri sölu- og þjónustu-sviðs, með tölvupósti arny@vifilfell.is.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.vifilfell.is. Með umsókn þarf að fylgja ferilskrá ásamt kynningarbréfi. Umsóknarfrestur er til og með 3. mars 2014.**



Veðurstofa Íslands

# Sérfræðingur í upplýsingatækni

Veðurstofa Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing í upplýsingatækni til að sinna upplýsingatækniverkefnum á helstu sviðum Veðurstofunnar m.a. á sviði jarðvísinda. Sérfræðingurinn mun starfa í þróunarhóp Upplýsingatækni Veðurstofunnar sem er hluti af fjármála- og rekstrarsviði. Þróunarhópurinn vinnur eftir Agile Scrum vinnukerfi.

**Hlutverk**
Hlutverk sérfræðings í upplýsingatækni er að geta tekið þátt í þróunarverkefnum sem snúa að öllum helstu sviðum Veðurstofunnar en með áherslu á jarðvísindaleg verkefni, s.s. GPS, jarðskjálftakerfi og þenslumælakerfi. Sem dæmi um verkefni er þróun á sjálfvirkum gagnaflutninga-, gagnaúrvinnslu-, gagnagrunns- og viðmótskerfum.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði raungreina, tölvunar-, kerfis- eða verkfræði
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Þekking og farsæl reynsla af hugbúnaðar- og kerfisþróun
- Þekking og reynsla af Agile Scrum vinnukerfi kostur
- Góð þekking á Linux stýrikerfum og skeljaskriftum
- Þekking á vefþjónustum (SOA) s.s. REST eða SOAP, og forritunarmála s.s. Python, Java, JavaScript, er kostur
- Þekking og reynsla á þróun gagnagrunna og notkun gagnagrunnskerfa, s.s. SQL Server og PostgreSQL
- Kunnátta í fjarskipta- og staðsetningatækni, s.s. GPS, ADSL, TCP/IP, ISDN, er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku

Nánari upplýsingar um starfið veita **Vigfús Gíslason** hópstjóri UT **(gislason@vedur.is)**, í síma 5226000 og **Borgar Ævar Axelsson** mannauðsstjóri **(borgar@vedur.is)**, í síma 5226000.

Laun taka mið af kjarasamningum ríkisins og viðeigandi stéttarfélags og er umsóknarfrestur til og með **10. mars nk.**

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Veðurstofu Íslands undir **www.vedur.is/um-vi/laus-storf** eða á **www.starfatorg.is.**

*Veðurstofa Íslands er opinber stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Hjá stofnuninni starfa um 130 manns með fjölbreytta menntun og starfsreynslu sem spannar mörg fræðasvið. Auk þess starfa um 120 manns við athugana- og eftirlitsstörf víðsvegar um landið. Hlutverk stofnunarinnar er öflun, varðveisla og úrvinnsla gagna, sem og miðlun upplýsinga á helstu eðlisþáttum jarðarinnar, þ.e.* ***lofti, vatni, jörð, snjó, jöklum og hafi****. Starfsemin fer fram á fjórum sviðum:* ***Eftirlits- og spásviði, Fjármála- og rekstrarsviði, Athugana- og tæknisviði og Úrvinnslu- og rannsóknasviði****. Nánari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíðu hennar* ***www.vedur.is***

*Gildi Veðurstofunnar eru* ***þekking, áreiðanleiki, framsækni og samvinna****. Ráðningar hjá stofnuninni munu taka mið af þessum gildum.*



www.vedur.is
522 6000

---

vistor

*Vistor hf. er leiðandi fyrirtæki á sviði markaðssetningar á lyfjum á Íslandi og samstarfsaðili fjölmargra alþjóðlegra lyfjafyrirtækja. Vistor er fyrirmyndarfyrirtæki VR og framúrskarandi fyrirtæki Creditinfo 2013.*



# *Sérfræðingur*

## *Klínískar rannsóknir*

***Vistor óskar eftir að ráða sérfræðing í klínískum rannsóknum sem mun hafa umsjón og eftirlit með klínískum lyfjarannsóknum sem gerðar eru á vegum viðskiptavina Vistor hér á landi. Sérfræðingur í klínískum rannsóknum hefur bein samskipti við fulltrúa bakhjarls og er tengiliður milli bakhjarls og rannsóknarseturs.***

**Helstu verkefni:**
- Undirbúningur og uppsetning rannsókna í samvinnu við rannsakendur og bakhjarl
- Vöktun rannsókna og skýrslugerð
- Þjálfun rannsóknarteyma, skjalavinna, þýðingar og aðstoð við samningagerð
- Aðstoð við leyfisumsóknir til viðkomandi yfirvalda

**Hæfni og eiginleikar:**
- Háskólamenntun af heilbrigðis- eða raunvísindasviði eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta og kunnátta í Norðurlandamáli æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og ánægja af samstarfi við fólk
- Góðir greiningar- og skipulagshæfileikar
- Nákvæm vinnubrögð og samviskusemi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Skilja, styðja og hegða sér í samræmi við markmið og gildi fyrirtækisins
- Reynsla af klínískum rannsóknum er kostur

***Nánari upplýsingar veita Gunnur Petra Þórsdóttir, deildarstjóri Encode gunnur@vistor.is eða í síma 824 7157 og Vilborg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri vilborg@veritas.is eða í síma 824 7136. Umsóknarfrestur er til og með 2. mars 2014. Sótt er um starfið í gegnum heimasíðu Vistor www.vistor.is og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrár fylgja með. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað.***

**Gildi Vistor eru áreiðanleiki, hreinskiptni og framsækni**

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

---



Vertu með í kröftugu liði Samskipa

# REKSTRARSTJÓRI Í VESTMANNAEYJUM

**Samskip leita að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingi til að stýra starfsemi Landflutninga Samskipa í Vestmannaeyjum.**

## Starfssvið
- Ábyrgð og umsjón með rekstri, þjónustu og stjórnun starfsstöðvarinnar
- Þjónusta við viðskiptavini
- Sölu- og markaðsmál á svæðinu
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Þróun nýrra þjónustuþátta

## Menntunar- og hæfnikröfur
- Menntun í viðskipta- eða rekstrarfræði er æskileg
- Haldbær reynsla af rekstri og stjórnun
- Reynsla af sölu- og markaðsmálum
- Þjónustulund, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð þekking á viðskiptaumhverfinu í Eyjum og sterk tengsl við atvinnulífið

**Umsóknarfrestur er til og með 26. febrúar.**

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Samskipa samskip.is. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar um starfið veitir Sverrir Unnarsson rekstrarstjóri sími 458 8866.

Samskip eru flutningafyrirtæki með starfsstöðvar víða um heim. Starfsfólk Samskipa býður viðskiptavinum faglega ráðgjöf og heildarlausnir á sviði flutninga- og flutningatengdrar þjónustu. Við höfum á að skipa fjölbreyttum hópi starfsfólks sem vinnur ávallt með frumkvæði, samheldni og þekkingu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á markvisst fræðslustarf og tækifæri til starfsþróunar. Öryggis- og heilbrigðismál starfsfólks eru í fyrirrúmi og bjóðum við upp á fyrirmyndar vinnuaðstöðu.

SAMSKIP
Saman náum við árangri

## RAFÍS EHF
## auglýsir eftir rafvirkjum

**Rafís ehf óskar eftir rafvirkjum til starfa innanlands, mörg spennandi verkefni í gangi t.d Hótelbygging við Höfðatorg, slökkvistöð í Mosfellsbæ og margt fleira.**

**Okkur vantar menntaða rafvirkja og rafvirkja með reynslu af umsjón verka og verkstjórn.**

**Áhugasamir sendi umsókn og ferliskrá á sissi@rafisehf.is**

Rafís ehf.

## Viltu byrja með okkur?

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

- **Starfsmenn í eldhús - 100% starf**
- **Starfsmenn í eldhús - Hlutastarf**

Hamborgarafabrikkan í Reykjavík leitar að metnaðarfullum og duglegum eldhússtarfsmönnum. Ef þú ert heiðarlegur einstaklingur með jákvætt viðhorf til lífsins hvetjum við þig til að sækja um.

**Umsóknir ásamt mynd sendist á atvinna@fabrikkan.is**

**Hamborgarafabrikkan**

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Læknir á skrifstofu heilbrigðisþjónustu

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf læknis á skrifstofu heilbrigðisþjónustu. Skrifstofan fjallar um skipulag heilbrigðisþjónustu, sérhæfingu og verkaskiptingu þjónustuaðila, eignarhald þjónustustofnana og hæfni og árangur heilbrigðisstofnana.

**Starfssvið:** Vinna við faglega stefnumörkun í heilbrigðismálum og nánari útfærslu hennar. Jafnframt að fylgja eftir faglegri þróun heilbrigðisþjónustu, utan sem innan heilbrigðisstofnana, þ.m.t. heilsugæslu, sérfræðiþjónustu, sjúkrahúsþjónustu, endurhæfingu, rannsóknum, auk annarra verkefna sem undir skrifstofuna og ráðuneytið heyra.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Gerð er krafa um að umsækjendur hafi læknismenntun og mikla reynslu á sviði heilbrigðismála. Æskilegt er að þeir hafi þekkingu af starfsemi heilbrigðisstofnana og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar. Umsækjendur þurfa að búa yfir hæfni í mannlegum samskiptum og geta unnið sjálfstætt. Þá er gerð krafa um að þeir hafi gott vald á íslensku, ensku og einu öðru Norðurlandamáli auk almennrar tölvukunnáttu.

Um er að ræða fullt starf en til greina kemur að ráða tvo lækna í hálft starf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármálaráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Konur, jafnt sem karlar, eru hvött til að sækja um starfið.

Upplýsingar um starfið veitir Sveinn Magnússon, skrifstofustjóri (sveinn.magnusson@vel.is). Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil sendist velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík eða á postur@vel.is eigi síðar en 17. mars 2014.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.




## Viltu vinna með okkur í sumar?

**Sumarstarfsfólk vantar til starfa á Hrafnistu Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi og í Reykjanesbæ.**

Dvalar- og hjúkrunarheimilið Hrafnista er þroskandi vinnustaður þar sem starfsfólki gefast tækifæri til að afla reynslu og þekkingar. Gott vinnuumhverfi stuðlar að því að hæfileikar sérhvers starfsmanns njóti sín. Umsækjendur í aðhlynningu þurfa að vera orðnir 20 ára en 18 ára í ræstingu og í borðsal.

**Umsóknarfrestur er til og með 2. mars. Öllum umsóknum verður svarað fyrir 2. apríl 2014.**

**Í sumar vantar til starfa:**

- Hjúkrunarfræðinga
- Hjúkrunarfræðinema
- Aðhlynningu
- Sjúkraliða
- Félagsliða
- Starfsfólk í borðsal
- Starfsfólk í ræstingu

**Nánari upplýsingar:**

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á **www.hrafnista.is**

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær



## Spennandi atvinnutækifæri á Geysi

Verslunin á Geysi í Haukadal óskar eftir starfsfólki í allar deildir fyrirtækisins. Við leitum að duglegum einstaklingum með góða þjónustulund til að vinna með okkur á ört vaxandi vinnustað.

- Mikil tækifæri í boði , framtíðarstörf og sumarstörf
- Vinnutími og starfshlutfall eftir samkomulagi
- Umsóknir berist á netfangið: heida@geysir.net

GEYSIR
HAUKADALUR

BAUHAUS®
Allt fyrir hús, heimili og garða

BAUHAUS er ein af stærstu verslunarkeðjum á byggingasviði í Evrópu og rekur fleiri en 220 verslanir í 16 löndum. Hjá BAUHAUS er viðskiptavinurinn alltaf í öndvegi, stjórnendur eru virkir og hvetja sitt fólk til dáða.



# BAUHAUS Garðaland – deildarstjóri

**BAUHAUS leitar að kraftmiklum deildarstjóra BAUHAUS Garðalands. Deildarstjórinn ber ábyrgð á allri sölu og þjónustu deildarinnar og því er viðvera í búðinni stór hluti af starfinu.**

### Helstu verkefni
- Dagleg stjórnun BAUHAUS Garðalands
- Ábyrgð á allri sölu og þjónustu deildarinnar
- Ábyrgð á gæðum og vöruúrvali
- Stýring og hvatning starfsfólks
- Ráðgjöf og sala til viðskiptavina

### Hæfniskröfur
- Haldbær reynsla af sölumennsku
- Reynsla af rekstri verslunar kostur
- Reynsla af stjórnun hópa
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð

## Upplýsingar veitir:
Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Fyrirspurnir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum svarað. Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, skammstafað ÍSÍ, er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu, sbr. ákvæði íþróttalaga. ÍSÍ er landssamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda. Aðilar að héraðssamböndum/íþróttabandalögum eru félög sem hafa iðkun íþrótta á stefnuskrá sinni. Aðilar að sérsamböndum eru héraðssamböndin/íþróttabandalögin.

# Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands leitar að verkefnastjóra kynningarmála

Um er að ræða fullt starf. Auk almennra kynningarmála mun verkefnastjórinn m.a. starfa að undirbúningi og framkvæmd kynningarmála í tengslum við Smáþjóðaleikana sem haldnir verða á Íslandi í júní 2015.

### Helstu verkefni
- Umsjón með kynningarmálum ÍSÍ
- Umsjón með texta og efni á heimasíðum og samfélagsmiðlum ÍSÍ
- Umsjón með útgáfu fréttabréfs ÍSÍ
- Samræming útlits á útgefnu efni
- Önnur tilfallandi verkefni

### Hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af kynningarmálum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti
- Reynsla af störfum íþróttahreyfingarinnar kostur
- Kunnátta í Norðurlandamáli kostur

## Upplýsingar veitir:
Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 3. mars.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

---

## *Starfsmenn á þjónustuverkstæði*

*Víkurverk ehf. leitar að metnaðarfullum handlögnum starfsmönnum á þjónustuverkstæði félagsins til þess að takast á við fjölþætt og krefjandi verkefni í lifandi starfsumhverfi. Framundan er mikil uppbygging, útvíkkun á starfsemi verkstæðis og tækifæri til þess að móta eigið starfsumhverfi og verklag.*
*Víkurverk er leiðandi í innflutningi og sölu á ferðavögnum, húsbílum, auka- og útilegubúnaði. Auk þess starfrækir Víkurverk stærsta þjónustuverkstæði sinnar tegundar sem sérhæfir sig í alhliða viðgerðum á ferðavögnum og almennum bílaviðgerðum.*

### Bifvélavirki
Ert þú bifvélavirki með meistarapróf og þúsundþjalasmiður?

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð á daglegum rekstri ásamt verkstæðisformanni
- Almennar viðgerðir á ferðavögnum og bifreiðum
- Almennar rafmagnsviðgerðir á ferðavögnum
- Ísetningar á aukahlutum í ferðavagna og húsbíla
- Ýmiskonar smíðavinna á undirvögnum tækja
- Standsetning nýrra tækja

**Hæfniskröfur**
- Meistarapróf í bifvélavirkjun
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Hæfni til að skipuleggja og framkvæma
- Víðtæk reynsla af almennum bíla - og rafmagnsviðgerðum eða smíðavinnu
- Hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og snyrtimennska
- Þekkingu á eða reynsla af rekstri og stjórnun bifreiðaverkstæðis er kostur
- Almenn tölvukunnátta

### Viðgerðarmaður
Ert þú góður í bílaviðgerðum, smíða - eða rafsuðuvinnu?

**Helstu verkefni**
- Almennar viðgerðir á ferðavögnum og bifreiðum
- Almennar rafmagnsviðgerðir á ferðavögnum
- Ísetningar á aukahlutum í ferðavagna og húsbíla
- Ýmiskonar smíðavinna á undirvögnum tækja
- Standsetning nýrra tækja
- Ísetning dráttarkróka

**Hæfniskröfur**
- Víðtæk reynsla af almennum viðgerðum (smíðavinnu, bílaviðgerðum og rafmagnsviðgerðum er kostur en ekki skilyrði)
- Nákvæm, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Frumkvæði og drifkraftur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og snyrtimennska

Umsóknarfrestur er til og með 9. mars nk. Umsókn ásamt starfsferilskrá sendist á *arnar@vikurverk.is* og nánari upplýsingar um starfið fást í sama netfangi. Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál og verður þeim svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

VÍKUR V•E•R•K

***VÍKURVERK EHF • VÍKURHVARF 6 • 203 KÓPAVOGUR • SÍMI 557 7720 • VIKURVERK.IS***

# Reykjavíkurborg

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fer með ábyrgð á velferðarþjónustu borgarinnar, þ.m.t. almennri félagsþjónustu og sértækri þjónustu við fatlað fólk, aldraða og börn. Í því felst stefnumótun í velferðarmálum, áætlanagerð, samþætting velferðarþjónustu, eftirlit í samræmi við lög, reglur, samþykktir og pólitíska stefnu í velferðarmálum, mat á árangri, þróun nýrra úrræða og gerð þjónustusamninga við þriðja aðila. Framkvæmd velferðarþjónustu fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar og hjá Barnavernd Reykjavíkur. Á Velferðarsviði starfa rúmlega 2.000 starfsmenn á um 100 starfseiningum í borginni, sem margar veita þjónustu allan sólarhringinn. Velferðarsvið þjónustar um 20.000 einstaklinga á ári og eru áætluð útgjöld sviðsins árið 2013 um 21 milljarður króna.

Velferðarsvið starfar með velferðarráði og barnaverndarnefnd.

Nánari upplýsingar um starfsemi Velferðarsviðs má sjá á vef Reykjavíkurborgar; **www.reykjavik.is**

## Vegna skipulagsbreytinga óskar Velferðarsvið Reykjavíkurborgar eftir að ráða í störf deildarstjóra á skrifstofu sviðsins

**Skrifstofa Ráðgjafaþjónustu**

Skrifstofa Ráðgjafaþjónustu fer með faglega forystu og ber ábyrgð á samhæfingu almennrar og sértækrar ráðgjafaþjónustu á sviðinu í samvinnu við þjónustueiningar. Ber ábyrgð á að þróun sé í takt við þarfir notenda m.a. með virku notendasamráði og í samræmi við bestu þekkingu hverju sinni, með virku samstarfi við sérfræðinga innan og utan sviðsins.

### Deildarstjóri almennrar ráðgjafar

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Þróun almennrar ráðgjafar, s.s. félagslegrar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar og virkni
- Þróun ráðgjafar í málefnum sérstakra hópa s.s. utangarðsfólks og innflytjenda
- Umsjón forvarnarmála
- Þarfagreining og áætlunargerð vegna þjónustuþátta deildarinnar
- Virkt samráð, samstarf við notendur, sérfræðinga, hagsmunaaðila, ríki og stofnanir hverju sinni
- Ábyrgð á faglegu starfi, vinnubrögðum, uppbyggingu og skipulagi sinnar deildar
- Ábyrgð á starfsmannahaldi, fyrirkomulagi starfa og rekstri á deildinni
- Samstarf og samvinna við þjónustueiningar og aðrar skrifstofur á Velferðarsviði sem tengjast starfsemi deildarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af stjórnun
- Yfirgripsmikil reynsla af málaflokkum velferðarþjónustu
- Þekking og reynsla af fjárhagsaðstoð, virkni og félagslegri ráðgjöf
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Skipulags- og forystuhæfileikar
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

### Deildarstjóri sértækrar ráðgjafar

**Helstu verkefni og ábyrgð**

- Þróun sértækrar ráðgjafar
- Eftirfylgd framkvæmdaáætlunar í málefnum fatlaðra í Reykjavík skv. reglugerð
- Samhæfing og heildarsýn á sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla
- Samhæfing og heildarþjónusta við fatlaða
- Þarfagreining og áætlunargerð vegna þjónustuþátta deildarinnar
- Virkt samráð, samstarf við notendur, sérfræðinga, hagsmunaaðila, ríki og stofnanir hverju sinni
- Ábyrgð á faglegu starfi, vinnubrögðum, uppbyggingu og skipulagi deildar
- Ábyrgð á starfsmannahaldi, fyrirkomulagi starfa og rekstri á deildinni
- Samstarf og samvinna við þjónustueiningar og aðrar skrifstofur á Velferðarsviði sem tengjast starfsemi deildarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólamenntun á sviði félags-, heilbrigðis- eða menntavísinda. Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla af stjórnun
- Yfirgripsmikil reynsla af málaflokkum velferðarþjónustu
- Þekking og reynsla af málaflokki fatlaðs fólks
- Þekking og reynsla af sérfræðiþjónustu skóla æskileg
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Skipulags- og forystuhæfileikar
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Upplýsingar veita:**

Inga Steinunn Arnardóttir
inga@hagvangur.is

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 9. mars.**

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Um er að ræða fullt starf og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um að jafna hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# SVÆÐISSTJÓRI GRUNDARTANGA



**Við óskum eftir svæðisstjóra fyrir vélsmiðju okkar á Grundartanga - *Ert þú einstaklingurinn sem við leitum að?***



Við óskum eftir áhugasömum einstaklingi með óbeislaða orku og mikla afreksþörf. Einstaklingi með drifkraft sem sækist eftir áskorunum og þrífst vel undir álagi.

Við leitum að svæðisstjóra sem glæðir lífi í vinnuhópinn og á auðvelt með að vinna úr verkefnum með háu flækjustigi.

Okkur vantar svæðisstjóra sem líkar við að innleiða breytingar og vílar ekki fyrir sér að taka ákvarðanir.
Einstaklingur með framúrskarandi samskiptahæfileika.

**Yfir hvaða eiginleikum býrð þú?**
**Ert þú smurolían í vinnuhópnum sem drífur vélina áfram?**

Á heimasíðu okkar **www.hamar.is** - "Atvinna í boði" er að finna allar nánari upplýsingar. Vinsamlegast fyllið út rafræna umsókn á heimasíðu okkar. Farið verður með alllar umsóknir sem trúnaðargögn. **Umsóknarfrestur er til og með 09. mars 2014**

HAMAR

**Aðalskrifstofa Hamar ehf. · Vesturvör 36 · 200 Kópavogur· Sími 564 6062 · www.hamar.is · hamar@hamar.is**



# Tígrisdýr óskast!

**Við leitum að verslunarstjóra á Akureyri.**

Verslunarstjóri Tiger þarf að hafa ríka þjónustulund, gott auga fyrir útstillingum, góða samskipta- og skipulagshæfileika, vera hress og snyrtilegur til fara.

Um 100% starf er að ræða. Reynsla af afgreiðslu og stjórnun er æskileg. Viðkomandi þarf að geta byrjað sem fyrst.

Áhugasamir senda inn umsókn á netfangið **atvinna@tiger.is** merkt „Akureyri - verslunarstjóri".

**TIGER**
**Villidýr á verði**
tiger.is · facebook.com/tigericeland

---

**HELSE PERSONAL AS**

# Sykepleiere til Norge

Helse Personal AS søker engasjerte og faglig dyktige sykepleiere til ulike sommer oppdrag i Norge innenfor sykehjem, hjemmesykepleie, respiratorteam og bofellesskap.

Vi tilbyr gode lønnsbetingelser og god oppfølging. Sommerbonus fra uke 26 – 33. Dekker bolig og reise etter fastsatte satser.

Du må ha norsk autorisasjon som sykepleier, og beherske norsk, dansk eller svensk språk både skriftlig og muntlig.

**Kontaktinformasjon:**
Helse Personal, **post@helsepersonal.no**
Trude Vereide og Kathrin Omland,
tlf 00 47 902 80 287
**www.helsepersonal.no**

---

# Kraftvélar óska eftir að ráða öfluga starfsmenn

## Bifvélavirki - Vélstjóri

Kraftvélar óska eftir vönum bifvélavirkja eða vélstjóra til starfa á verkstæði í almennar viðgerðir. Viðkomandi þarf að hafa góð tök á ensku og gott væri ef danskan væri til staðar líka.

## Bókari - Skrifstofustarf

Kraftvélar óska eftir starfskrafti í bókhald, tollskýrslugerð og önnur almenn skrifstofustörf. Leitað er að starfsmanni með mikla bókhaldsþekkingu, reynslu af tollskýrslugerð og kunnátta á Navision bókhaldskerfi er æskileg.



Um er að ræða skemmtileg störf í góðu vinnuumhverfi.
Umsækjendur þurfa að búa yfir metnaði og dugnaði.

Um 100% störf er að ræða og þurfa viðkomandi að hefja störf fljótlega.
Umsóknir skulu sendar fyrir **28. febrúar** á netfangið heida@kraftvelar.is
Öllum umsóknum verður svarað.

**KRAFTVÉLAR**

Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is

---

VATNAJÖKULSÞJÓÐGARÐUR

# SUMARSTÖRF 2014

**Vatnajökulsþjóðgarður óskar eftir að ráða fólk í fjölbreytt sumarstörf.**

**Um er að ræða landvörslu, upplýsingagjöf og afgreiðslu, afgreiðslustörf í veitingasölu, ræstingar og almenn verkamannastörf.**

- **Skaftafell:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í veitingasölu.
- **Lónsöræfi:** Landvörður.
- **Höfn í Hornafirði:** Landverðir og starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu.
- **Jökulsárgljúfur:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf og afgreiðslu, í ræstingar og í almenn störf.
- **Askja og Ódáðahraun:** Landverðir.
- **Snæfellsstofa á Skriðuklaustri:** Landverðir, starfsfólk í upplýsingagjöf, afgreiðslu og ræstingar.
- **Snæfell, Kverkfjöll og Hvannalindir:** Landverðir.
- **Kirkjubæjarklaustur:** Landvörður og starfsfólk í upplýsingagjöf.
- **Hólaskjól, Nýidalur og Lakagígar:** Landverðir.

**Ofangreind störf** eru flest á tímabilinu frá byrjun júní til loka ágúst. Nokkur störf eru þó til lengri (*maí – september*) eða skemmri (*júlí – ágúst*) tíma. Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands. Bæði konur og karlar eru hvött til að sækja um.

**Umsækjendur um landvarðastörf** skulu hafa lokið landvarðanámskeiði, eða búa yfir sértækri reynslu sem nýtist í starfi. **Ítarlegri upplýsingar** um störfin, hæfniskröfur og aðbúnað starfsmanna má finna á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs; **www.vjp.is** og hjá þjóðgarðsvörðum á viðkomandi svæðum.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. mars n.k.**

**Umsóknum skal skilað á sérstökum umsóknareyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs.**
**Umsóknarfrestur er til og með 10. mars n.k. og skulu umsóknir sendar á netfangið: umsoknir@vjp.is**
**eða í pósti merktum: Vatnajökulsþjóðgarður, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík.**

PORT hönnun

---

HEILSUGÆSLAN

## Yfirlæknir mæðraverndar á þróunarsviði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Laust er til umsóknar starf yfirlæknis mæðraverndar á þróunarsviði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Starfshlutfall er 100%, möguleiki er á lægra starfshlutfalli. Starfið veitist frá 1. apríl 2014 eða eftir nánara samkomulagi til 5 ára, sbr. 9.gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Þróun og samræming mæðraverndar á heilsugæslustöðvum á höfuðborgarsvæðinu.
- Læknisfræðileg sérfræðiráðgjöf í mæðravernd.
- Klínísk ráðgjöf á heilsugæslustöðvum.
- Gæðaeftirlit og gæðaþróun.
- Rannsóknir og vísindi.

**Hæfnikröfur**
- Íslenskt sérfræðileyfi í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum.
- Leiðtogahæfileikar.
- Sérfræðiþekking í mæðravernd.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Reynsla af gæðaeftirliti og vísindastörfum.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.
Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og kynningarbréf þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um nám, fyrri störf og reynslu.
Sótt er um starfið rafrænt á; www.heilsugaeslan.is, undir "laus störf".

Allar umsóknir verða sendar til umsagnar stöðunefndar lækna hjá Embætti landlæknis.
Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum og viðtölum við umsækjendur.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu í starfið.
**Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2014.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Kristján G. Guðmundsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs
Sími: 585-1332
netfang: kristjan.g.gudmundsson@heilsugaeslan.is

**Ábyrgð – Fagmennska – Traust – Þjónusta - Framþróun**

## HREINSITÆKNI

Hreinsitækni ehf., óskar eftir bílstjórum og vélamönnum vegna aukinna verkefna við gatna-og gangstéttarhreinsun, lagnahreinsun, fóðrun á frárennslislögnum ofl.

### HÆFNISKRÖFUR

- Meirapróf og/eða vinnuvélaréttindi er skilyrði.
- Hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.
- Hreint sakarvottorð er skilyrði.
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð nauðsynleg.
- Skrifa og tala íslensku er skilyrði.
- Stundvísi og reglusemi skilyrði.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá fyrir 28. febrúar 2014 nk. á netfangið postur@hrt.is

Haft verður samband við alla sem sækja um eftir að umsókarfrestur rennur út.

---

### Skútustaðahreppur

## Leikskólastjóri við leikskólann Yl.

Við leitum eftir áhugasömum leikskólakennara til að gegna starfi leikskólastjóra. Um 100% stöðu er að ræða, og um helmingur starfsins fer fram inni á deild. Viðkomandi hefur tækifæri til að skipuleggja og móta starfsemi leikskólans til framtíðar.

Leikskólinn er starfræktur við hlið stjórnsýsluhúss Skútustaðahrepps í þéttbýliskjarnanum í Reykjahlíð. Um lítinn leikskóla er að ræða, 15-18 börn en ágæt aðstaða. Í Mývatnssveit búa um 380 manns og þar er öll helsta þjónusta til staðar. Húsnæði er í boði fyrir viðkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Guðrún M. Valgeirsdóttir, sveitarstjóri í síma 464-4163, eða Þóra Ottósdóttir, leikskólastjóri í síma 895-6731.

Umsóknum skal skila á skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegur 6, 660 Mývatn, **fyrir 7. mars n.k.**

---



## Ráðgjafi í málefnum fatlaðra Þroskaþjálfi

Laus er til umsóknar 100% staða ráðgjafa í sérhæfðri félagsþjónustu (málaflokki fatlaðra). Leitað er eftir þroskaþjálfa eða aðila með annað háskólapróf á heilbrigðis- eða félagssviði.
Æskilegt er að viðkomandi hefji störf 1. maí 2014 eða eftir samkomulagi.

**Helstu verkefni eru:**

- Snemmtæk íhlutun vegna ungra barna með þroskafrávik.
- Utanumhald vegna þjónustu við mikið fötluð börn.
- Samstarf við fjölskyldur fatlaðra barna og ungmenna og samþætting þjónustu.
- Mat á umönnunarþörf.
- Umsjón með stuðningsfjölskyldum fatlaðra barna.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, **www.akureyri.is** þar sem sótt er um rafrænt

**Umsóknarfrestur er til 3. mars 2014.**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

---

**Bautinn veitingahús Akureyri auglýsir eftir matreiðslumanni til starfa.**

**Einnig vantar okkur vant fólk í almenn eldhússtörf og þjónustu í sal. Um er að ræða vaktavinnu.**

**Upplýsingar veitir Guðmundur Karl í síma 462-1818, 897-3818 og í netfangi bautinn@bautinn.is**

Bautinn

---

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Laus staða forstöðumanns Námsmatsstofnunar

Staða forstöðumanns Námsmatsstofnunar er laus til umsóknar.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti vinnur nú að sameiningu Námsmatsstofnunar og Námsgagnastofnunar í nýja stjórnsýslustofnun menntamála og er ráðgert er að nýr forstöðumaður Námsmatsstofnunar verði forstjóri hinnar nýju stofunar.

Auglýsing fyrir stöðuna með lýsingum á menntunar- og hæfnikröfum hefur verið birt í Lögbirtingablaðinu, á Starfatorgi og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

**Umsóknarfrestur er til 14. mars 2014.**

---

## Verkefnastjóri Þekkingarsetursins Nýheima á Höfn í Hornafirði

Óskað er eftir öflugum aðila í stöðu verkefnastjóra Þekkingarsetursins Nýheima. Nýheimar er samfélag fjölmargra stofnana sem starfa undir sama þaki. Starfið er fjölþætt og heyrir undir stjórn setursins.

Meginmarkmið Þekkingarsetursins Nýheima er að stuðla að auknu samstarfi einstaklinga, atvinnulífs, stofnana og opinberra aðila með sérstaka áherslu á samþættingu menningar, menntunar, nýsköpunar og rannsókna.

**Helstu ábyrgðarsvið:**

- Að efla innra starf í Nýheimum og vera talsmaður setursins
- Að vinna að stefnumótun og útfærslu á starfsemi þess
- Að styrkja tengsl við atvinnulíf og samfélag
- Að þróa samstarfsverkefni og styrkja tengsl við innlenda og erlenda aðila
- Að afla styrkja úr samkeppnissjóðum, innlendum og erlendum
- Að annast fjármál og rekstur setursins

**Menntunar og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á framhaldsstigi sem nýtist í starfi
- Góð samskiptahæfni
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Leiðtogahæfileikar
- Gott vald á mæltu og rituðu máli, bæði á íslensku og ensku

**Ennfremur er æskilegt að umsækjendur hafi:**

- Reynslu af rannsóknastarfi
- Reynslu af verkefnastjórnun
- Reynslu af umsóknaskrifum í samkeppnissjóði

**Umsóknarfrestur er til 20. mars.**
Með umsókn skal fylgja kynnisbréf auk ferilskrár með yfirlit yfir námsferil og fyrri störf.
Umsóknir skulu merktar „Þekkingarsetur Nýheima" og berast á rafrænu formi til formanns stjórnar Nýheima á netfangið: ragnhildurj@hornafjordur.is
Öllum umsóknum verður svarað.

Frekari upplýsingar veita Ragnhildur Jónsdóttir formaður stjórnar í síma 4708002 eða Eyjólfur Guðmundsson varaformaður í síma 4708070. (sjá einnig nyheimar.is)

NÝHEIMAR ÞEKKINGARSETUR

---



## Forstöðumaður sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla

Fjölskyldudeild Akureyrabæjar óskar eftir að ráða forstöðumann sérfræðiþjónustu leik- og grunnskóla. Um nýtt starf er að ræða. Æskilegur ráðningartími er frá 1. ágúst 2014 eða eftir samkomulagi.

**Helstu verkefni eru:**

- Stjórnar og ber ábyrgð á þeirri þjónustu sem sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla veitir og er yfirmaður þeirra sérfræðinga sem vinna í málaflokknum.
- Ber ábyrgð á fjárhags- og starfsáætlanagerð Fjölskyldudeildar hvað varðar sérfræðiþjónustuna í samvinnu við framkvæmdastjóra
- Vinnur að samþættingu þjónustu.
- Sér um ársskýrslugerð og vinnur að ýmsum forvarnar og þróunarverkefnum.
- Tekur auk stjórnunar þátt í vinnslu mála sem skólasálfræðingur.

Nánari upplýsingar um starfið er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is þar sem sótt er um rafrænt

**Umsóknarfrestur er til 3. mars 2014.**

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

---

**Menntaskólann á Egilsstöðum –**

## Mannauðsstjóri 50% starf

Menntaskólinn á Egilsstöðum auglýsir eftir mannauðsstjóra í 50% starf. Um er að ræða nýtt starf.
Hlutverk mannauðsstjóra er að fylgja eftir stefnu um mannauðsmál skólans í samráði við skólameistara. Meðal verkefna eru starfsmannaleit og ráðningar, nýliðamóttaka, starfsþróun, starfsmannasamtöl, frammistöðumat, launamál og stofnanasamningar. Mannauðsstjóri heyrir undir skólameistara. Alls starfa um 50 manns hjá skólanum.

**Starfssvið:**

- Fræðslu- og starfsþróunarmál
- Launamál og stofnanasamningar
- Stefnumótun, innleiðing og eftirfylgni á stefnu skólans og áætlunum í starfsmannamálum
- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Starfsmannaleit, ráðningar og móttaka nýliða
- Umsjón með starfsmannasamtölum og frammistöðumati
- Umsjón með starfsmanna- og öryggishandbók.
- Efling liðsheildar meðal starfsmanna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun eða reynsla á sviði mannauðsmála
- Reynsla á sviði mannauðsstjórnunar
- Reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og kraftur til þess að hrinda hlutum í framkvæmd
- Góð tjáningarhæfni í ræðu og riti
- Haldgóð kunnátta í ritvinnslu- og töflureiknisforritum

Í umsókn þurfa að koma fram upplýsingar um menntun, fyrri störf og meðmælendur. Umsóknin þarf ekki að vera á sérstökum eyðublöðum en afrit prófskírteina skulu fylgja. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum starfsmanna ríkisins.

**Umsóknarfrestur rennur út 10 mars n.k.** og verður öllum umsóknum svarað þegar ákvörðun hefur verið tekin um ráðningu. Skólinn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Auglýsing þessi gildir í allt að 6 mánuði frá fyrstu birtingu á starfatorgi.is. Mannauðsstjóri þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Ómar Bragason, skólameistari, í síma 471-2507.

Umsóknir skal senda á netfangið hob@me.is
eða eftirfarandi heimilisfang:
***Menntaskólinn á Egilsstöðum***
***b/t skólameistara,***
***Tjarnarbraut 25, 700 Egilsstaðir.***

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## TAUGALÆKNINGAR
### Sérfræðilæknar

Laus eru til umsóknar tvö störf sérfræðilækna í taugalækningum. Störfin veitast frá 1. júlí 2014 eða eftir samkomulagi. Stefnt er að því að um fullt starf verði að ræða en starfshlutfall getur þó verið samkvæmt nánara samkomulagi.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
» Vinna á legu-, dag- og göngudeild taugalækninga
» Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
» Þátttaka í vaktþjónustu taugalækna
» Þátttaka í kennslu og rannsóknarstarfi

**Hæfnikröfur**
» Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum og taugalækningum
» Breið þekking og reynsla í taugalækningum
» Reynsla í kennslu og rannsóknarvinnu
» Góðir samskiptahæfileikar

**Nánari upplýsingar**
» Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl 2014.
» Upplýsingar veitir Elías Ólafsson, yfirlæknir, netfang eliasol@landspitali.is, sími 543 4406.
» Umsókn skal fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Elíasi Ólafssyni, yfirlækni taugalækninga, LSH E2 Fossvogi.
» Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
» Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
» Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## ÖLDRUNARLÆKNINGAR
### Sérfræðilæknir

Laus eru til umsóknar störf sérfræðilækna í öldrunarlækningum. Störfin veitast frá 1. júlí 2014 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til álita.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
» Vinna á legu-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við öldrunarlækningadeild LSH
» Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
» Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

**Hæfnikröfur**
» Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum og öldrunarlækningum
» Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

**Nánari upplýsingar**
» Umsóknarfrestur er til og með 22. mars 2014.
» Upplýsingar veitir Pálmi V Jónsson, yfirlæknir, netfang palmivj@landspitali.is, sími 543 1000.
» Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
» Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Pálma V. Jónssyni, yfirlækni, LSH öldrunarlækningar K4 Landakoti.
» Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum.
» Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
» Fullt starf er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## FJÁRMÁLASVIÐ
### Launafulltrúi

Starf launafulltrúa á launadeild er laust til umsóknar. Deildin heyrir undir fjármálasvið og telur 17 stöðugildi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
» Launavinnsla, afgreiðsla launa og launatengd verkefni í samræmi við samninga, lög, verklagsreglur og leiðbeiningar
» Stuðla að samræmi skráningar í launakerfi Oracle og Vinnustund
» Umsjón verkefna tengdum starfslokum
» Leiðbeina starfsmönnum um launatengda verkferla eftir þörfum
» Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfnikröfur**
» Rík þjónustulund, frumkvæði og hæfni í samskiptum
» Nákvæmni og agi í vinnubrögðum
» Þekking á launavinnslu almennt og/eða launakerfi Oracle er kostur
» Stúdentspróf eða sambærileg menntun er skilyrði en háskólamenntun sem nýtist í starfi er kostur
» Góð íslenskukunnátta

**Nánari upplýsingar**
» Umsóknarfrestur er til og með 10. mars 2014.
» Starfshlutfall er 100%.
» Upplýsingar veitir Magnús Birgisson, deildarstjóri, magnusbi@landspitali.is, sími 543 1312 og 825 9363.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSSAMBAND ÍSLENSKRA ÚTVEGSMANNA
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími 591 0300
Fax 591 0301
www.liu.is

## Fréttaskrif, vinna við heimasíðu LÍÚ

**Sumarstarf í boði fyrir nema í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku**

Við leitum eftir háskólanema sem hefur lokið BA prófi og er í meistaranámi í blaða- og fréttamennsku. Það er mikilvægt að háskólaneminn hafi gott frumkvæði og hæfileika til að vinna sjálfstætt.

Ráðningartímabil eru þrír mánuðir, frá júní til ágúst. Gert er ráð fyrir að laganeminn vinni með sína eigin fartölvu, en skrifstofan leggur til tengingar og aðra starfsaðstöðu.

Verkefnið felur í sér að vinna í heimasíðu samtakanna og gera hana aðgengilegri notendum. Einnig þarf að skrifa fréttir um sjávarútveg og tengd málefni.

Þeir sem hafa áhuga á að sækja um þetta sumarstarf, er bent á að senda tölvupóst á netfangið **karen@liu.is.**

**Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 14. mars 2014.**

**Sumarstarf í boði fyrir nema í meistaranámi í hagfræði.**

Við leitum eftir háskólanema sem hefur lokið BS prófi í hagfræði eða er í meistaranámi í sömu grein. Það er mikilvægt að háskólaneminn hafi gott frumkvæði og hæfileika til að vinna sjálfstætt.

Ráðningartímabil eru þrír mánuðir, frá júní til ágúst. Gert er ráð fyrir að laganeminn vinni með sína eigin fartölvu, en skrifstofan leggur til tengingar og aðra starfsaðstöðu.

Verkefnið felur meðal annars í sér að fara yfir verðmyndun á fiski. Þeir sem hafa áhuga á að sækja um þetta sumarstarf, er bent á að senda tölvupóst á netfangið **sveinn@liu.is**

**Umsóknarfrestur er til og með föstudagsins 14. mars 2014.**



# Erum við að leita að þér?
## Olíubílstjórar í sumarstörf

Skeljungur óskar eftir að ráða olíubílstjóra til starfa á rekstarsvið í Örfirisey.
Við leitum að dugmiklum einstaklingum til sumarstarfa til að sinna afgreiðslu, dælingu og dreifingu á eldsneyti til viðskiptamanna og starfstöðva Skeljungs sem eru Orkan og Shell. Um er að ræða skemmtilegt og fjölbreytt starf við dreifingu.

**Hæfniskröfur:**
- CE Meirapróf
- ADR próf kostur en ekki nauðsyn

*Skeljungur greiðir ADR námskeið fyrir þá sem ekki hafa þau réttindi.*
- Frumkvæði og samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð vinnubrögð

**Starfssvið:**
- Dreifing á eldsneyti og smurolíu
- Móttaka pantana
- Eftirlit með birgðageymum

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Kristinsson í síma 840 3050 og umsóknum skal skilað **fyrir 8.mars 2014** inn á heimasíðu Skeljungs undir störf í boði á þessari slóð hér að neðan:
**http://www.skeljungur.is/Um-Skeljung/Starfsumsoknir**

Skeljungur

SKÓLAR
NÆRING HREYFING LISTIR

## Laus störf í leikskólum hjá Skólum ehf

Allir leikskólar Skóla starfa eftir Heilsustefnunni og leggja ríka áherslu á heilsueflingu, jákvæðan skólabrag og öflugt lærdómssamfélag þar sem samvinna og gleði ríkir. Skólarnir fylgja allir Næringarstefnu Skóla og sameiginlegum matseðli en hlaut það verkefni tilnefningu til Orðsporsins 2014.

**Við leitum að samstarfsfólki sem:**
- Er tilbúið til að tileinka sér starfsaðferðir og hugmyndafræði leikskólans
- Hefur áhuga á heilsueflingu, umhverfismennt og umhyggjusömum samskiptum
- Er tilbúið til að taka þátt í öflugri starfsþróun
- Er stundvíst, samviskusamt og leggur sig fram um að velja sér jákvæð viðhorf í dagsins önn.

**Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um!**

### Heilsuleikskólinn Hamravellir, Hafnarfirði

Auglýsir eftir:

- **Leikskólakennara eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% starf**

Heilsuleikskólinn Hamravellir er fimm deilda leikskóli með um 120 börn.



**Nánari upplýsingar veitir:**
Ragnheiður Gunnarsdóttir leikskólastjóri,
sími 424-4640.

**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á**
http://skolar.is/Starf/

### Heilsuleikskólinn Háaleiti, Ásbrú í Reykjanesbæ

Auglýsir eftir:

- **Matráði í 75% starf**

Heilsuleikskólinn Háaleiti er þriggja deilda leikskóli með um 60 börn



**Nánari upplýsingar veitir**
Þóra Sigrún Hjaltadóttir leikskólastjóri,
sími 426-5276.

**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á**
http://skolar.is/Starf/

### Heilsuleikskólinn Kór, Kópavogi

Auglýsir eftir:

- **Deildarstjóra í 100% starf**
- **Matráði í 100% starf**
- **Þroskaþjálfa í 100% starf eða hlutastarf**
- **Leikskólakennara eða uppeldismenntuðum starfsmanni í 100% starf eða hlutastarf**

Heilsuleikskólinn Kór er sex deilda leikskóli með um 124 börn.



**Nánari upplýsingar veitir:**
Bjarney K. Hlöðversdóttir, skólastjóri,
sími 570-4940.

**Rafrænar umsóknir er hægt að leggja inn á**
http://skolar.is/Starf/

***Heilsuleikskólar Skóla eru:***
*Hamravellir í Hafnarfirði, Háaleiti á Ásbrú í Reykjanesbæ,Kór í Kópavogi, Krókur í Grindavík og Ungbarnaleikskólinn Ársól í Reykjavík.*

## Rafvirki óskast

**Rafvirkni ehf. er að leitast eftir að ráða til sín rafvirkja með sveinspróf.**

**Hæfniskröfur**
- Sveinspróf í rafvirkjun
- Reynsla við nýlagnir og viðhaldi
- Tölvukunnátta
- Þjónustulund og snyrtimennska
- Reynsla við uppsteypu kostur.
- Íslensku kunnátta skilyrði
- Reyklaus vinnustaður

Umsókn og ferilskrá sendist á krummi@rafvirkni.is
Frekari upplýsingar fást í síma 564-0700 og á www.rafvirkni.is

RAFVIRKNI

## Forritari óskast

Prógramm ehf leitar að starfsmanni í fullt starf. Ef þú ert áhugasamur og ábyrgur forritari og þyrstir í fjölbreytt verkefni þá áttu erindi við okkur.
Við erum ört vaxandi fyrirtæki, fjárhagslega sterkt og bjóðum fína vinnuaðstöðu á besta stað í Reykjavík.

**Helstu verkefni:**
.net, c# forritun, vefþjónustur ( xml/soap)
nýsmíði, viðhald og þróun hugbúnaðarkerfa
( windows / Delphi )
þróun og viðhald xml/xsl-samskipta
oracle forritun (plsql) og sql

Æskilegt er að þú hafir klárað ( eða sért kominn langleiðina með ) tölvunar- og eða kerfisfræðina frá Háskólanum í Reykjavík, Háskóla Íslands eða frá sambærilegum skólum. Reynsla úr hugbúnaðargeiranum er kostur og meðmæli eru æskileg.

Vinsamlegast greindu stuttlega frá þeim verkefnum á hugbúnaðarsviði sem þú hefur unnið við og á hvaða hátt þú komst að þeim.

Ef þú hefur áhuga, sendu þá endilega umsókn á vinna@programm.is

Egill Árnason

## Sölufulltrúi óskast í verslun

Egill Árnason ehf. leiðandi gólfefna fyrirtæki á íslenskum markaði óskar eftir sölufulltrúa

Egill Árnason er fjölskyldufyrirtæki sem byggir á áratuga reynslu og þekkingu á sínum markaði. Hjá fyrirtækinu starfar einvala lið sérfræðinga á sínu sviði sem hafa það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu við sölu á hágæða vörum.

Hæfniskröfur
- Yfirburðar þjónustulund.
- Vilji til að fara fram úr væntingum viðskiptavina.
- Skipulagshæfileikar og stundvísi.
- Almenn tölvukunnátta.

Um er að ræða starf þar sem að lögð er áhersla á þjónustulund og sveigjanleika. Vinnutími er frá 9-18 virka daga og annan hvern laugardag frá 11-15.

Nánari upplýsingar veitir Ásgeir Einarsson í síma 8211414.

**Farið verður með umsóknir sem trúnaðarmál**

Umsóknir óskast sendar á ae@egillarnason.is eða á Egill Árnason ehf, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavik.

STRÁ



Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.




# Hjúkrunarfræðingar óskast

Óskum eftir hjúkrunarfræðingum til starfa á Hrafnistu í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Um er að ræða framtíðarstöður sem og sumarvinnu n.k. sumar. Starfshlutfall skv. samkomulagi. Umsóknum þarf að fylgja náms- og starfsferilskrá ásamt afritum af prófskírteinum.

Umsóknir berist til Ölmu Birgisdóttur hjúkrunarforstjóra Hrafnistuheimilanna. Netfang: alma.birgisdottir@hrafnista.is - sími: 693 9564.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Hjúkrunarpróf
- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Sveigjanleiki og sjálfstæð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar og jákvætt viðmót

das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð fást á **www.hrafnista.is**

# Kraftmikill
## sölumaður óskast

**Valhöll fasteignasala hefur verið starfrækt í 20 ár, óskar eftir að bæta við sig sölumanni vegna stór aukinna umsvifa á fasteignamarkaði.**

Meginmarkmið fasteignasölunnar er að veita faglega og persónulega þjónustu með heildarlausn í huga. Mjög góð vinnuaðstaða, reynslumikið samstarfsfólk og árangurstengd laun. Við leitum að einstaklingi (kona / karl) sem hefur ríkan metnað, vinnusemi og áhuga á fasteignamarkaðinum. Miklir tekjumöguleikar fyrir réttan aðila.

**Menntun, reynsla og hæfni:**

- Löggilding í fasteignasölu æskileg
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð
- Getu til að sýna frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Góð almenn tölvukunnátta

**Sótt er um með því að senda ferilskrá til Valhallar merkta Kraftmikill sölumaður.**
**Upplýsingar veitir Heiðar Friðjónsson sölustjóri, netfang: heiðar@valholl.is s. 5884477, 693-3356.**

**Umsóknarfrestur er til 28. febrúar 2014**

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Ingólfur Gissurarson lgf.
Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.

# Til leigu

**Til leigu á besta stað í bænum að Skútuvogi 10b, Rvík.**

375 fm húsnæði, ca280 fm lagerhúsnæði á jarðhæð og ca. 90 fm á annarri hæð. Góðar tölvu- og símatengingar á milli hæða. Húsnæðið er í frábæru ástandi. **Uppl. 8934143**

Skipulagsstofnun

## Kynningar– og samráðsfundur
### Landsskipulagsstefna 2015-2026

Lýsing Landsskipulagsstefnu 2015-2026 verður kynnt í Iðnó þriðjudaginn 25. febrúar næstkomandi klukkan 15:00-17:30.

**Dagskrá fundar:**
Lýsing Landsskipulagsstefnu 2015-2026
Kynning á lýsingu, umræður og fyrirspurnir
Hverjar eru þínar áherslur fyrir Landsskipulagsstefnu 2015-2026?
Hópavinna, umræður um áherslur
Samantekt hópavinnu

Fundurinn er opin öllum, þeir sem vilja taka þátt eru beðnir að tilkynna það á netfangið landsskipulag@skipulagsstofnun.is. Stefnt er að því að senda út kynningarhluta fundarins á vef landsskipulagsstefnu.

Hægt er að nálgast lýsinguna á vef landsskipulagsstefnu www.landsskipulag.is.

Lýsingin verður jafnframt kynnt á kynningar– og samráðsfundum á eftirtöldum stöðum:

- Borgarnesi 27. febrúar kl. 14.00 -16.00, Bjarnarbraut 8
- Selfossi 28. febrúar kl. 15.00 - 17.00, Hótel Selfossi, Kirkjuvegi 2
- Egilsstöðum 3. mars kl. 15.00 - 17.00, Hótel Héraði, Miðvangi 1-7
- Ísafirði 4. mars kl. 15.00 - 17.00, Háskólasetri Vestfjarða, Suðurg. 12
- Akureyri 5. mars kl. 15.00 -17.00, Hótel KEA, Hafnarstræti 87-89

## Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til verkefna á sviði sjávarútvegs og landbúnaðar.

Um er að ræða styrki sem einkum er ætlað að styðja við uppbyggingu verkefna á vegum fyrirtækja, samtaka og einstaklinga og stuðla að eflingu atvinnulífs og byggða.

Við mat á umsóknum verður litið til þeirrar þekkingar sem verið er að afla, hæfni umsækjenda til að leysa verkefnin, reynslu, aðstöðu og raunhæfni áætlana. Í stærri verkefnum verður og sérstaklega litið til samstarfs mismunandi aðila. Byggðasjónarmið, nýsköpun og kynjasjónarmið verða einnig höfð að leiðarljósi við ákvörðun um úthlutun. Ekki verða veittir styrkir til ríkisstofnana eða sveitarfélaga.

Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á því verkefni sem sótt er um styrk til ásamt ítarlegri kostnaðar-, fjármögnunar- og verkáætlun. Styrkir verða aðeins veittir til eins árs.

Umsóknum skal skila til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4, 150 Reykjavík. Umsóknarfrestur rennur út á miðnætti 9. mars 2014.

Nánari upplýsingar veitir Hulda Lilliendahl í síma 545 9700. Einnig má senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið hulda@anr.is.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.*

Reykjavíkurborg

## Hárgreiðslustofa

Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness auglýsir laust til leigu húsnæði fyrir hárgreiðslustofu í **Félagsmiðstöð** sem verið er að opna í Spönginni í Grafarvogi.
**Umsóknarfrestur er til 10. mars n.k.** Nánari upplýsingar veitir Margrét Richter í síma 411-1400, netfang margret.richter@reykjavik.is. Umsóknum skal skilað í Miðgarð, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík, eða á ofangreint netfang.

## Fótaaðgerðarstofa

Miðgarður, Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness auglýsir laust til leigu húsnæði fyrir fótaaðgerðarstofu í **Félagsmiðstöð** sem verið er að opna í Spönginni í Grafarvogi. **Umsóknarfrestur er til 10. mars n.k.** Nánari upplýsingar veitir Margrét Richter í síma 411-1400, netfang margret.richter@reykjavik.is. Umsóknum skal skilað í Miðgarð, Gylfaflöt 5, 112 Reykjavík, eða á ofangreint netfang.



## Tillögur að aðalskipulags breytingum:

Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S:695-4464 malningartjonusta@gmail.com

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 868 5171 & egillsverris@gmail.com

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Húsaviðhald




ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ MÁLA ÞAKIÐ. Tek að mér uppsetningar og lagfæringar á Þakrennum, Þakviðgerðir, Þakmálun og allskyns húsaviðhald. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna - Pípulagnir
Raflagnir - Málningavinna
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888



**PARKETSLÍPUN REYKJAVÍKUR**
Parketslípun um allt land. 20 ára reynsla. Aðeins hágæða efni. www. parketslipunrvk.is S. 7728100. Geymið auglýsinguna. Alltaf besta verðið.

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir
Viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
• múrviðgerðir • pípulagnir
• þakviðgerðir • raflagnir
• málningarvinnu • flísalagnir
• trésmíðavinnu • jarðvinna
• gluggaskipti • hellulagnir
• glerskipti
Sími 567 6699
kristjan@vidhald.is



**PARFNAST HÚSIÐ ÞITT VIÐHALDS?**
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nú er tími til að framkvæma. Nýbygging s/f s. 8961367 nybyggingsf@gmail.com




**LEKUR ÞAKIÐ ?**
Þakpappalagnir / Þakviðgerðir. Á steypt og timbur þök. Mikil reynsla, meðmæli geta fylgt. s. 8498700.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Viðgerðir, flotun og flísal. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 896-5778.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**AH-RAF**
Dyrasímakerfi, töfluskipti og öll almenn raflagnavinna. Tilboð/tímavinna arnar@ahraf.is Arnar s: 897-9845.




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www. myranaut.is s. 868 7204.




FERÐAÞJÓNUSTUAÐILAR !
Húsgögn og fleira til sölu
Til sölu rúm (90x200), hillur, skrifborð, skrif-borðsstólar, borðstofu-/eldhúsborð, eldhússtólar,fataskápar, eldvarnar-hurðir, hitakútar og fl.
Allt notað en vel með farið og í mjög góðum gæðum.
MJÖG GOTT VERÐ
Nánari upplýsingar gefur Jóhann s. 891-8604, s. 822-7303 Eiríkur og á www.sandfellehf.is

## atvinna

### Óskum eftir starfsmanni í málmsmíði

Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt.

Reynsla úr: - skiltagerð, - vélsmiðju, - álsuðu æskileg.

Umsóknir sendist á: vinna@merking.is

Viðarhöfða 4, 110 Rvík, s: 562-7044, merking.is

merking
Format Akron

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

HEILDARLAUSNIR
• Bókhald • Skattframtöl • Ráðgjöf
Tökum að okkur bókhald, launavinnslur, vsk uppgjör og framtalsgerð fyrir fyrirtæki, félagasamtök, húsfélög og einstaklinga.
Bjóðum upp á heildarlausnir • Fast verð þar sem við á.
Heildarlausnir • Álfabakka 14, 3 hæð.
Hafið samband í tölvupósti tsh@centrum.is eða í s. 896 2818

ÝMIS SKARTGRIPANÁMSKEIÐ Í BOÐI.



ALLT TIL LEIR OG GLERGERÐAR. ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI, GOTT VERÐ.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
WWW.GLIT.IS
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

Tilboð 7.900.-
Messing Gerð 101BV
Bustuð miðja
Veðraður kantur.
Stærð: 78 x 165 mm



GRAF SKILTAGERÐ
Netverslun
GRAF.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

XPRENT
stofnað 2010
Kynntu þér þjónustu Xprent
á nýrri heimasíðu: www.xprent.is
xprent@xprent.is - s. 777 2700 - Sundaborg 1 - Fylgstu með okkur á FACEBOOK

LOK Á HEITA POTTA



• Einangrunarlok
• Yfirbreiðslur
• Metum ástand og gerum við
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

## Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is




SMYRIL LINE – EXPLORERS OF THE NORTH ATLANTIC

# Komdu út að keyra...
## Berlín · Amsterdam · París
## Róm · Barcelóna?

Skráðu þig á póstlistann á **www.smyrilline.is** og þú gætir unnið ferð til Færeyja

**DANMÖRK**
2 fullorðnir
með fólksbíl
Staðgreitt fyrir 1. mars
frá **64.200**
á mann

**FÆREYJAR**
2 fullorðnir
með fólksbíl
Staðgreitt fyrir 1. mars
frá **32.700**
á mann

**Bókaðu núna!**

**10% afsláttur**
Staðgreitt fyrir 1. mars
*Á ferðum fram og til baka, gildir ekki með öðrum tilboðum.*

## Hópferð með Fúsa á Brekku 6. árið í röð



**10. - 15. september**
Færeyjaferð með Fúsa á Brekku og Svenna frá Hafursá. Skoðunarferðir, skemmtun, matur, gisting og íslensk fararstjórn.

**Verð á mann frá kr. 139.900**
*Miðað við 2 saman.*

**Innifalið í verði:**
- Ferð með Norrænu
- Hótel Færeyjar í 4 nætur
- Morgunmatur og kvöldverður
- Skoðunarferðir
- Íslensk fararstjórn

**Bókaðu snemma! Uppselt öll árin**

## Húsbíla/Hjólhýsatilboð



**26. júní eða 3. júlí**
Stoppað í fallegu Færeyjum á útleið í 3 daga, siglt til Danmerkur á sunnudagskvöldi. Góða ferð! *Takmarkað pláss, bókaðu snemma.*

**Staðgr. frá kr. 104.900**
*Á mann miðað við 2 fullorðna*

**Innifalið í verði:**
- Ferð með Norrænu fram og til baka
- 2ja manna klefi án glugga

**Staðgr. frá kr. 56.400**
*Á mann miðað við 2 fullorðna + 2 börn (3-11 ára)*

**Innifalið í verði:**
- Ferð með Norrænu fram og til baka
- 4ra manna klefi án glugga

**Bókaðu snemma! Uppselt 2013**

**Frábært tilboð**

** Lengd farartækis allt að 12 metrum. Aukagjald greiðist fyrir hvern umfram metra. Síðasta brottför frá Danmörku er 29.07.14.*

570-8600 / 472-1111 · www.smyrilline.is

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
Stangarhyl 1 · 110 Reykjavík
Sími: 570-8600 · info@smyril-line.is

AUSTFAR
Fjarðargötu 8 · 710 Seyðisfjörður
Sími: 472-1111 · austfar@smyril-line.is



## FÍLAMAÐUR Í LONDON

**Aumt líf** Englendingsins Josephs Merrick er yrkisefni sýningar í Royal London Hospital. Merrick fæddist hraustur og heilbrigður árið 1862 en 28 árum síðar lést hann í svefni sökum afmyndunar á líkama sem gerði hann heimsfrægan sem Fílamanninn. Gerð var samnefnd Óskarsverðlaunamynd um ævi hans árið 1980.

**Saga Merricks** heillar enn; ekki síst vegna langvarandi deilna um orsakir bæklunar hans og uggvænlegra viðhorfa og viðmóts samtíðarfólks hans gagnvart afmyndaðri ásjónu og líkama.

Merrick er frægasti sjúklingur Royal London Hospital og sýnir sjúkrahúsið gestum nákvæma eftirlíkingu af beinagrind Merricks, skapaða af tæknibrellurisanum Gentle Giant sem unnið hefur að kvikmyndunum Hunger Games og Iron Man. Til sýnis eru einnig hattur og huliðskufl sem Merrick var fyrirskipað að klæðast til að hræða ekki almenning.

Royal London Hospital Museum, St. Philip's Church, Newark Street.



## AKIÐ VARLEGA MEÐ VAGN

**Fjölmargir eiga** einhvers konar ferðavagna og njóta þess að ferðast um landið og gista þar sem hentar hverju sinni. Óvönum getur þó reynst erfitt að aka með vagn aftan í bílnum og því mikilvægt að fara varlega. Akstri verður að haga þannig að ökuhraði fari ekki yfir leyfileg mörk og að ávallt sé ekið með tilliti til aðstæðna hverju sinni.

Nauðsynlegt er að tryggja að útsýnið sé gott. Speglar þurfa að vera hreinir og rétt stilltir og varast þarf að farangur skyggi á útsýni aftur fyrir bílinn. Ef ferðavagninn, tjaldvagn, hjólhýsi eða annað hindrar baksýn verður að hafa spegla á framlengdum örmum svo ökumaður sjái aftur með eftirvagninum.

# *Sotsjí eftir Ólympíuleika*



Þegar Ólympíuleikunum í Sotsjí lýkur standa eftir 360 kílómetrar af nýjum vegum og brúm, 200 kílómetrar af nýjum lestarteinum, 22 göng, splunkuný höfn fyrir stór skemmtiferðaskip, ferjur og 300 snekkjur, 50 þúsund ný hótelherbergi, fjögur ný skíðasvæði og sextíu menningar- og heilsustofnanir. Sjón er þó sögu ríkari þegar kemur að metnaðarfullri uppbyggingu í Sotsjí fyrir Vetrarólympíuleikana.

Ferðamálaráð Sotsjí reiknar með stöðugum ferðamannastraumi þegar Ólympíuleikunum lýkur enda var skíðaparadísin Krasnaja Poljana vinsæl löngu fyrir leikana og baðstrendur Sotsjí við Svartahafið þær bestu í Rússlandi. Í Sotsjí er veðurfar líka yndislegt árið um kring og þar stendur eini skemmtigarður Rússlands utan Moskvu og státar af stærsta rússíbana heims. Rússar eru gestrisnir, hjálpsamir og glaðlyndir heim að sækja og því vonar ríkisstjórn Pútíns að Sotsjí verði hlið heimsins að Rússlandi og skapi jákvæð viðhorf til lands og þjóðar.






990.-




2490.-




1490.-







1299.-




2490.-




2499.-




2490.-




1490.-




1490.-




990.-



1999.-

# FÓRNUÐU KARÞAGÓMENN VIRKILEGA BÖRNUM?

FLÆKJUSAGA

**Illugi Jökulsson** „hélt með“ Karþagómönnum í styrjöldum þeirra við Rómverja, þótt stuðningurinn hafi komið meira en 2.000 árum of seint. Og hann hefur alltaf fussað yfir áróðri Rómverja um grimmilegar mannfórnir fjenda þeirra.



Þegar ég var strákur hafði ég engan áhuga á fótbolta og gat þess vegna ekki fengið á því sviði útrás fyrir inngróna hvöt mannsins til að „halda með“ einhverjum. Þegar ég uppgötvaði tíu eða tólf ára gamall að ætlast var til þess að strákar á mínum aldri héldu með einhverju liði í ensku knattspyrnunni, þá fór ég að vísu í Moggann og valdi mér lið til að halda með – ég skoðaði bara töflu yfir liðin í efstu deildinni og af því ég vissi nákvæmlega ekkert um þessi lið, þá varð ég að láta hljóm nafnsins nægja þegar ég valdi mér uppáhaldslið en þar báru Úlfarnir af og síðan hef ég haldið með Wolverhampton Wanderers. Vegna sinnuleysis um fótbolta í þá daga var aðdáun mín á Wolves hins vegar ástríðulaus með öllu og fullnægði engan veginn fyrrnefndri hvöt, mér var í rauninni nákvæmlega sama hvernig Úlfunum gekk í lífinu. (Það var nú líka eins gott, því nú hófst mikið niðurlægingartímabil í lífi fótboltafélagsins sem endaði þegar verst lét niðrí fjórðu deild.) Og ég hafði því engan og ekkert til að binda mitt hljóða trúss við.

### Hélt með óvinum Rómaveldis

En þá kom mannkynssagan mér til bjargar. Þar var nú aldeilis hægt að halda með einhverjum! Að vísu voru úrslit alltaf þegar kunn í þeim rimmum í mannkynssögu sem ég fór nú að hella mér oní, en það skipti ekki öllu máli, það var samt vel hægt að hægt að fá útrás fyrir hvötina að „halda með“ einhverjum í einhverjum miklum átökum eða stríði. Þannig leit ég á mannkynssöguna sem strákur; mikil átök þar sem ég gat lagt mitt þýðingarlausa lóð á vogarskálarnar með því að halda með öðrum aðilanum. Og saga Rómaveldis reyndist vera alveg kjörin sem eins konar sýndarveruleiki þar sem ég gat hafst við lengi – mikil læti, einfaldar átakalínur, miklir sigrar og ógurlegir ósigrar, svipmiklar persónur, undirferli, samsæri og hetjulund, heimurinn leikur sem á reiðiskjálfi, allt í einum pakka.

Löngu seinna áttaði ég mig á því að nærri undantekningarlaust þá hélt ég með þeim persónum Rómverjasögunnar sem töpuðu. Ef menn börðust bara fram í rauðan dauðann af skikkanlegu göfuglyndi (samkvæmt hefðbundnum skilningi) þá dugði að tapa glæsilega til að ég yrði veikur fyrir viðkomandi. Hvaða sögu það segir um sjálfan mig hirði ég ekki að fabúlera um, en altént hélt ég með Gracchusarbræðrum gegn öldungaráðsmönnunum, Catilína gegn Cicero, Sertoríusi gegn Pompeiusi, Antoníusi gegn Ágústusi. Og svo framvegis. Allir „mínir menn“ biðu ósigur. Eiginlega eina markverða undantekningin var fyrra þrístjóraveldið – það var einfaldlega ekki hægt að halda með hinum samansaumaða Crassusi eða spraðibassanum Pompeiusi gegn Júlíusi Caesar og því hélt ég með Caesar þar, auk þess sem hann tapaði náttúrlega að lokum og var í þeim skilningi gjaldgengur í hópi „minna manna“.



KARÞAGÓ og höfnin fræga.



HANNIBAL

En ekki nóg með að ég héldi oftast nær með þeim Rómverjum sem töpuðu í innbyrðis valdabaráttu í ríkinu mikla, ég hélt líka alltaf statt og stöðugt með óvinum Rómaveldis gegn Rómverjum. Enda mála sannast að þeir töpuðu allir, og flestir með miklum bravúr. Norður-Afríkukóngurinn Júgúrtha, þrakverski þrællinn Spartacus, hinn mikli Míþridates Pontuskóngur (sjá Flækjusögu númer eitt!), Gallahöfðinginn Vercingetorix, þeir voru allir mínir menn. Og ég samdi í huganum allskonar leikrit þar sem þeir voru ekki sigraðir, heldur sneru við örlögum sínum og unnu sigur að lokum, svo Rómaveldi var stór-laskað eftir, ekki þótti mér vænna um þennan sýndarveruleika minn en það að ég hreifst óhikað af hverjum þeim andstæðingi sem fór nærri því að fella Rómverja í duftið.

Og þá náttúrulega Karþagó! Þar var nú aldeilis pláss fyrir mikla dramatík og sannkölluð ragnarök! Við þekkjum öll söguna af Karþagó, er það ekki? Föníkíumenn frá Líbanon gerðust miklir sæfarar og siglingamenn laust fyrir árið 1000 fyrir Krist, þeir flökkuðu um allt Miðjarðarhafið og svo á endanum eitthvað út á Atlantshaf, versluðu og stofnuðu nýlendur. Þar á meðal stofnuðu þeir Karþagó skammt frá þar sem nú er Túnis-borg, og Karþagó varð höfuðborg í sjálfstæðu ríki sem varð stórveldi við vestanvert Miðjarðarhaf í krafti flota síns, réð löndum á Sikiley, Spáni og víðar og þróaði stórmerkilega menningu, sem því miður er alltof lítið vitað um. En um miðja þriðju öld fyrir Krist voru Rómverjar komnir á lappirnar á Ítalíuskaga og fóru að seilast til landa og áhrifa Karþagómanna og það er til marks um bölvaðan dugnaðinn í Rómverjum alltaf að þótt þeir hefðu aldrei migið í saltan sjó, þá komu þeir sér á örskömmum tíma upp öflugum flota og sigruðu Karþagómenn á þeirra heimavelli, sem var sjórinn.

### Hannibal til heljar

Karþagómenn börðust á hæl og hnakka, það máttu þeir eiga, hinn mikli herforingi Hannibal Barca réðst inn á Ítalíuskaga sjálfan með sína frægu fíla og virtist um stund þess albúinn að hernema sjálfa Rómaborg, en út í það lagði hann þó aldrei, hann tapaði að lokum fyrir hinni æ betur smurðu hernaðarvél Rómverja, og eftir að hafa síðan verið hundeltur um öll Miðjarðarhafslönd svipti hann sig að lokum lífi frekar en falla í hendur hinna miskunnarlausu andstæðinga sinna; úff, öll þessi saga var svo magnþrungin fyrir stráklinginn mig að æ síðan hafa Karþagómenn verið mínir menn, og Hannibal hetjan mesta.

En ekki dugði Rómverjum að sjá á eftir Hannibal til heljar. Þótt Karþagó hefði þá verið sigruð tvisvar var dugnaður borgarbúa slíkur og sjálfsbjargarviðleitnin svo rík að fyrr en varði voru þeir enn komnir til töluverðs auðs og áhrifa við Miðjarðarhafið. Það var þá sem hörkutólið Cató fór að krefjast þess í hverri einustu ræðu í öldungaráðinu í Róm að Karþagó yrði lögð í eyði, og að lokum var það gert – Rómverjar settust með ofurefli liðs um borgina, og þótt Karþagómenn verðu sig af gífurlegri hörku hlaut umsátrið að enda með algjörum sigri Rómar. Allir borgarbúar gengu til varna á múrunum, og þegar Rómverjar komust inn fyrir múrana var barist um hvert einasta hús, konur jafnt sem karlar vörðu frelsi sitt þar til yfir lauk, og þegar öllu var lokið hlupu Karþagómenn í eld frekar en falla í hendur Rómverja sem biðu þess að hlekkja hina frjálsbornu sem þræla. Heimildir segja að meiren 400.000 borgarbúar hafi fallið, og 50.000 verið hnepptir í þrældóm eftir lokaorrustuna árið 146 fyrir Krist. Og svo algjör var eyðilegging þessarar miklu borgar að jafnvel Rómverjar sjálfir grétu örlög hennar.

> **„Allir borgarbúar gengu til varna á múrunum, og þegar Rómverjar komust inn fyrir múrana var barist um hvert einasta hús … og þegar öllu var lokið hlupu Karþagómenn í eld frekar en falla í hendur Rómverja.**

### Samviskulausir áróðursmenn

En þrátt fyrir tár sín voru Rómverjar þó alltaf fyrst og fremst hagsýnir, og þeir rifu leifar borgarinnar í tætlur og stráðu salti í svörðinn svo þar skyldi aldrei spretta stingandi strá, og skáld þeirra og sagnfræðingar og ræðuskörungar gengu í að semja svívirðilegan áróður gegn Karþagómönnum til að réttlæta aðfarirnar. Rómverjar þekktu nefnilega gildi áróðurs og almannatengsla allra manna best í fornöld, og voru ekki vandir að meðulum – þar á meðal beittu þeir óspart því kunna skítabragði að saka andstæðinga sína um grimmilegar barnafórnir, ég gretti mig af heift þegar ég las það tárvotur um augun af sorg yfir hörmulegum örlögum og hinum algera ósigri Karþagómanna, því ég vissi ósköp vel að ásakanir um barnafórnir eru alltaf síðasta úrræði hinna samviskulausustu áróðursmanna, munið bara hvernig Gyðingahatarar lugu því sýknt og heilagt upp á Gyðinga að þeir fórnuðu börnum. Sem betur fer hættu menn alveg að trúa þessum fjára upp á Karþagómenn á endanum, og orðstír þeirra var endurreistur – of seint, auðvitað, menning þeirra alveg niðurbrotin og meira og minna horfin, en samt – þeir töpuðu með sannri reisn, það er ekki hægt að neita því!

En viti menn. Í splunkunýju hefti af tímaritinu Antiquity eru birtar niðurstöður viðamikilla rannsókna á sérstökum barnakirkjugörðum sem fundist hafa í rústum Karþagóar. Þessir kirkjugarðar hafa upp á síðkastið verið taldir merki um hve vænt borgarbúum þótti um börnin sín, þvert oní óhróðurinn um fórnirnar, þau voru lögð til hvílu svo fagurlega í sérstökum grafreitum, en semsé, nú er það sem sagt niðurstaða fræðimannanna að víst hafi þessum börnum verið fórnað, flestöll eru hvítvoðungar. Og hvað á maður þá að gera við minningarnar um hina ódeigu Karþagómenn sem heldur vildu deyja en vera sviptir frelsinu? Er hægt að „halda með“ fólki sem fórnar börnum?



# Konudagurinn er á morgun





Konudagstilboð

## iPad mini 16GB Wi-Fi

Smellpassar í lófann

**Verð: 49.990.-***

Listaverð: 54.990.-



Heyrnartól Skullcandy Navigator

Þéttur og góður hljómur, nokkrir litir

**Verð: 14.442-***

Listaverð: 16.990.-

Konudagstilboð



iPhone 5s hulstur

Gæða leður hulstur

Verð: 7.990.-

Mikið úrval af öðrum gerðum



iPhone 4s

Frábær sími á góðu verði

Verð frá: 67.890.-



iPhone 5c

Litaglaður og klár

Verð frá: 89.890.-



iPhone 5s

Framtíðin er hér

Verð frá: 109.890.-

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 | Fimmtudaga 11 - 21 | Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

epli.is

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 12 - 16 | Sími 512 1300

Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar. *Tilboð gilda til 22. febrúar 2014

## Konráð og félagar á ferð og flugi 84

Teikningar og texti: Bragi Halldórsson

„Er ekki komið þetta gargandi kvikindi," sagði Kata og dæsti þegar hún heyrði fuglasöng. „Finnst þér hún ekki syngja fallega?" spurði Lísaloppa forviða. „Mér finnst þetta svo yndislegur söngur, hann minnir mann á að vorið er að koma." „Mér finnst það sem þú kallar fuglasöng bara vera garg," sagði Kata önug. „Til dæmis svanurinn, fólk kallar þetta söng, fyrir mér eru þetta bara óhljóð." „En vitið þið hvað þessi fugl heitir?" spurði Konráð.

Veist þú hvað þessi fugl heitir?

Heitir hann:
1. Þröstur
2. Heiðlóa
3. Sandlóa





## Brandarar

**Lögregluþjónn stöðvaði ökumann nokkurn sem ók í öfuga átt um einstefnuakstursgötu og sagði við hann: „Veistu ekki að þetta er einstefnuakstursgata, kunningi?"**

**„Jú, það veit ég," sagði bílstjórinn. „Ég er líka bara að fara í eina átt."**

**Gesturinn: „Og hvað ertu nú gamall, Keli minn?"**
**Keli: „Níu ára."**
**Gesturinn: „Hvað ætlarðu að verða?"**
**Keli: „Tíu ára."**

**„Þjónn, viltu taka þessa flugu úr súpunni minni. Ég ætla að borða einn í kvöld!"**

**Hvernig stendur á því að þegar rauðar kýr éta grænt gras kemur hvít mjólk?**

## TEIKNAR ÞÚ FLOTTAR MYNDIR?

Sendu okkur myndina þína í pósti til Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á krakkar@frettabladid.is

## Myndin




**ALBA MIST TANGGAARD NILSEN** 8 ára, teiknaði þessa fallegu mynd.

# Alltaf að syngja það skemmtilegasta

Ásdís María Viðarsdóttir söng lagið Amor í undankeppni Eurovision og komst í úrslit. Hana langar ekki að keppa aftur í Eurovision en finnst sigurlagið gott.

**Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að syngja?** „Byrja ekki allir að syngja áður er þeir læra að tala, eins og Agneta sagði? Söngur hefur allavega fylgt mér frá blautu barnsbeini."

**Fórstu í söngskóla til að læra það?** „Nei, ég fór aldrei í söngskóla, lærði bara á hljóðfæri í Tónskóla Sigursveins. Var alltaf bara í kórum, núna síðast í Hamrahlíðarkórnum."

**Varstu mikið að syngja á skólaskemmtunum þegar þú varst í grunnskóla?** „Ég var rosa hresst barn með mikla leiklistarþörf þannig að ég vildi alltaf vera með í öllum uppsetningum. Söng samt ekki mikið fyrr en ég var orðin aðeins eldri."

**Hvað eiga krakkar sem langar til að verða söngvarar að gera?** „Æfa sig endalaust og reyna að fá að syngja á mörgum stöðum. Og alltaf að syngja eitthvað sem þeim finnst sjálfum skemmtilegast."

**Hefurðu keppt í fleiri söngvakeppnum?** „Já, ég tók þátt í söngkeppni framhaldsskólanna."

**Hver bað þig að keppa í Eurovision?** „Lagahöfundurinn, Haukur."

**Varstu leið yfir að vinna ekki?** „Nei, alls ekki. Þetta var allt jákvætt og frábært."

**Finnst þér lagið með Pollapönki skemmtilegt?** „Ótrúlega skemmtilegt. Ég er líka gríðaránægð með skilaboðin. Það eru margir staðir í Evrópu sem þurfa að láta minna sig á þessi orð."

**Hvað er uppáhalds íslenska Eurovisionlagið þitt?** „Sko ætli það sé ekki Gleðibankinn eða All out of luck. Mjög týpískt en svona er þetta bara."

**Ætlarðu að keppa aftur í Eurovision á næsta ári?** „Nei, ég held að þetta sé eitthvað sem eg geri bara einu sinni. Þó að þetta hafi verið ótrúlega skemmtilegt þá þarf líka að breyta til."

> „Ég held að þetta sé eitthvað sem eg geri bara einu sinni. Þó að þetta hafi verið ótrúlega skemmtilegt þá þarf líka að breyta til.



**ROSA HRESS** Ásdís María Viðarsdóttir hefur alltaf haft áhuga á leiklist.

# UNITED SJÓNVÖRP

## ÁÐUR ÓÞEKKT VERÐ!




**UNITED LED32X16**

- Einfalt og gott 32" sjónvarp
- 1366x768 punkta upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn móttakari DVB-T+C
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

**KYNNINGARTILBOÐ**

**49.990**

VERÐ **59.990**

**UNITED LED39X16T2**

- Einfalt og gott 39" sjónvarp
- Háskerpu 1920x1080 punkta FHD upplausn
- Progressive Scan
- Stafrænn DVB-T2+C móttakari
- USB margmiðlunartengi sem styður DivX, MKV, MP3 og JPEG
- 3 x HDMI, Scart, CI kortarauf, S-video, Coax, PC, heyrnartóls- og RCA tengi

**KYNNINGARTILBOÐ**

**79.990**

VERÐ **89.990**

**Sjónvarpsmiðstöðin**

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

**UNITED**




Vnr. 0113446
Harlech eik harðparket,
192x1285 mm, 8 mm.
**2.995 kr./m²**

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**



Vnr. 17900150
NORCIA Grigio gólfflísar,
30x30 cm, frostþolnar.
**4.395 kr./m²**




HÁGÆÐA LYKTARLAUS INNIMÁLNING SEM ÞEKUR MJÖG VEL

Vnr. 85540083
BYKO innimálning,
gljástig 10, ljósir litir, 10 l.
**7.995 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

facebook.com/BYKO.is




# FEGRAÐU HEIMILIÐ

BYKO

BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.







www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**1.** Lokka stjörnu til gráðugra (8)
**8.** Fór hratt yfir um miðjar nætur (5)
**11.** Gröðguðum í okkur krabba útaf fyrir okkur (7)
**12.** Sápa vísar veginn í myrkrinu (10)
**13.** Á öll þessi romsa við geislabauginn? (5)
**14.** Drög sækja á brattann um hríð (7)
**15.** Uppskipið líkt og síðustu daga (10)
**16.** Hér mun jú starf sundrast í rugli (7)
**17.** Þetta skegg er farið að mygla (5)
**20.** Vil að lyf víki fyrir mátulega stóru rúmi (9)
**23.** Moldvörpur og aðrir lindýralysthafendur (8)
**27.** Krækir í rugl af rælni (5)
**28.** Hakkaðir hreyfanleg í þig (7)
**30.** Túrtappi – er það ekki eitt frægasta ljóð Jónasar? (8)
**31.** Slompuð sléttu úr því sem þó lá beint við (8)
**33.** Sindraði ekki þrái (8)
**34.** Í landsynningnum höngum við makráð með blönduðu meðlætinu (9)
**35.** Ætli sonur Þórs styrki mig? (5)
**36.** Handverkshús er kjarni illdeilna (9)
**37.** Rógs raul er ill meðferð (6)
**41.** Leita nýrra lausna fyrir lélegan (5)
**44.** Morissette fyllir salina þrátt fyrir ruglið (6)
**45.** Tálbeita gerir lítið úr 100 m2, segir að þeir séu pínulitlir (10)
**50.** Ringlaður íþróttamaður skeinir og spólar (13)
**51.** Afneitar þýskum gagnrýnanda hinnar hreinu skynsemi út við ysta kæja (10)
**52.** Finn fyrir hinum þunga verk sem fylgir ákveðnu lími (11)

**LÓÐRÉTT**
**1.** Það var hugur í þeim ásum sem við drápum (8)
2. Tel anda guðs hins smáa hafa yfirbragð sagna um kollega hans (11)
3. Vík í austri kennd við norður (11)
4. Hér segir frá skeifum og hestunum sem við tökum þær af (8)
5. Matreiddum varg og blésum úr nös (7)
6. Einhver vilja hluta að einhverju leyti (7)
7. Geymi fleiri vegna gerbreyttrar og uppþembdrar (8)
8. Þú átt ofn uxa, það er ekki eðlilegt (8)
9. Verð klikk ef ég missi einbeitinguna (8)
10. Afkomendur Lots naga lyngróna haga (8)
18. Og fleira át merkikerti á barnsaldri (10)
19. Svörður er sveigður og sjaldséður (10)
21. Hreðjar á himni boða hávaðarokk (10)
22. Inn með bitrar inn, segir listamaður listamannanna (12)
24. Einkenni seðla með þartilgerðum seðli (9)
25. Strunsa stirð til borgar englanna, hvar blóðtappi beið (9)
26. Þetta snýst um orð, um það sem við segjum öðruvísi (7)
29. Hóuðum saman sóknarfólki (8)
32. Höktir ef deigar eru stífar (6)
38. Klára hála (6)
39. Sá dauði dró andann (6)
40. Sé ekki eftir viðnum í askinum (6)
42. Ætli Boga sé vært innan um flekkað? (5)
43. Sting yfirgefin (5)
46. Fönn hefur fjölmörg heiti (4)
47. Hleypa súr ef dóp birtist? (4)
48 Hryggir eru guðir (4)
49 Þetta fjall er bara fyrir (4)




Lausnarorð síðustu viku var
**GRUNNSKÓLANÁM**

FORLAGIÐ

**VEGLEG VERÐLAUN**

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Marco-áhrifin eftir Jussi Adler Olsen frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Margrét E. Jónsdóttir, Reykjavík.**




**LAUSNARORÐ**

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nokkuð sem drífur fólk áfram um fjöll og firnindi. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 26. febrúar næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „22. febrúar“.




„Vanabindandi akstursánægja“




**Ford Focus.**
**5 dyra frá 3.490.000 kr.**
**Station frá 3.640.000 kr.**

Brimborg fagnar 50 árum í bílgreininni og af því tilefni fylgja ný Nokian vetrardekk að verðmæti 145.000 kr. öllum Ford Focus í febrúar. Nýttu tækifærið.

Prófaðu vinsælasta bíl í heimi búinn sparneytinni EcoBoost vél sem hefur hlotið titilinn vél ársins, tvö ár í röð. Öflug 125 hestafla vélin skapar einstaka sparneytni 5,0 l/100 km og lágt $CO_2$ 114 g/km.

Komdu og prófaðu Focus. Tryggðu þér eintak.

INTERNATIONAL engine of the year awards 2013
Presented by engine technology international magazine

Ford

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

Viltu vita meira um Ford Focus?
Ford Focus hefur svo margt. Hann er búinn 16“ álfelgum og meðal staðalbúnaðar er Ford SYNC raddstýrt samskiptakerfi með Bluetooth búnaði fyrir GSM síma og neyðarhringingu. Tölvustýrð miðstöð viðheldur því hitastigi sem þú velur og með aksturstölvunni fylgist þú með með lágri eyðslunni. 3,5 tommu upplýsingaskjár er í mælaborði og sérstakt hitaelement er í miðstöð. Hann er því mjög fljótur að hitna á köldum vetrarmorgnum. $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur. Start stop spartæknin er í öllum beinskiptum Ford Focus. Komdu í reynsluakstur. Við tökum vel á móti þér.

Ford Focus 5 dyra/station, EcoBoost bensín 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,0/5,1 l/100 km. $CO_2$ losun 114/117 g/km.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

STÓRTÓNLEIKAR Í HÖRPU

# ÁLFTAGERÐISBRÆÐUR



## ELDBORG 13. APRÍL KL. 20:00

Álftagerðisbræður flytja öll sín vinsælustu lög ásamt góðum gestum í Hörpu.

Þessa síungu söngvasveina þarf varla að kynna fyrir þjóðinni. Tónlist þeirra er sívinsæl í útvarpi og allt árið um kring eru þeir á ferð og flugi um landið til þess að syngja fyrir landsmenn.

Sérstakir gestir eru Ragnar Bjarnason og Karlakór Reykjavíkur.

Tónlistarstjórar eru Gunnar Þórðarson og Stefán R. Gíslason.

MIÐASALA ER Á HARPA.IS, MIDI.IS EÐA Í SÍMA 528-5050

HARPA

DÆGURFLUGAN

Brandenburg

## MERKISATBURÐIR

**1632** Galíleó Galílei færir Ferdínand II. stórhertoga fyrsta prentaða eintakið af bók sinni, Samræðu um helstu heimskerfin tvö.

**1784** William Herschel uppgötvar stjörnuþokuna NGC 3521.

**1828** Friedrich Wöhler framkvæmir fyrstu lífefnafræðitilraunina og myndar þvagefni úr ammóníumsýaníði.

**1952** Þjóðminjasafnshúsið við Suðurgötu í Reykjavík er tekið í notkun.

**1956** Elvis Presley kemst í fyrsta sinn inn á vinsældalista með laginu „Heartbreak Hotel“.

**1979** Dagblaðið veitir menningarverðlaunin í fyrsta skipti.

**1991** Sigríður Snævarr verður sendiherra Íslands í Svíþjóð og er fyrst íslenskra kvenna til að gegna slíku embætti.

**2006** Milljarðasta lagið selt á Apple iTunes.

**2011** Tugir manna deyja eftir að jarðskjálfti í Christchurch á Nýja-Sjálandi upp á 6,3 á Richter veldur miklum skemmdum.



✝

Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURLÍNA SIGURGEIRSDÓTTIR (LÍNA)**
**Fögrubrekku 24, Kópavogi,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum miðvikudaginn 12. febrúar. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

**Tómas Einarsson**
**Selma Tómasdóttir** — **Jón Magnússon**
**Sigurgeir Tómasson** — **Bára Hjaltadóttir**
**Guðrún Tómasdóttir** — **Páll Ævar Pálsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**GUÐBJARGAR FRIÐÞJÓFSDÓTTUR (BOGGU)**
**Melabraut 46, Seltjarnarnesi.**

**Þröstur Elíasson**
**Lilja Þrastardóttir** — **Skúli Þorsteinsson**
**Helgi Leifur Þrastarson** — **Guðrún Rós Maríusdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður og afa,

**GUÐJÓNS JÓSEFSSONAR**
**Víðivöllum 9, Selfossi.**

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hann í veikindum hans.

**Vilborg Sigurðardóttir**
**Gunnar Guðjónsson**
**Vilborg Jóna Gunnarsdóttir**
**Guðfinna Þórdís Gunnarsdóttir**



✝

Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**SMÁRA KARLSSONAR**
**fyrrverandi flugstjóra,**
**Hátröð 9, Kópavogi.**

**Hrafnhildur Rós Smáradóttir** — **Jóhann Scheving**
**Smári Magnús Smárason** — **Sólveig Krogh Pétursdóttir**
**Marfríður Hrund Smáradóttir** — **Erlingur Gunnarsson**
**Skúli Þór Smárason** — **Kristín Sólveig Krowl**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# Hagnýt siðfræði nýtist mjög vel í pólitíkinni

**Meðal þeirra sem útskrifast frá Háskóla íslands í dag er Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi alþingismaður og umhverfisráðherra. Hún útskrifast með meistaragráðu í hagnýtri siðfræði fyrst íslenskra stjórnmálamanna, að því er best er vitað.**

Eftir árs töf er ég að ljúka meistaraprófi í hagnýtri siðfræði,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, fyrrverandi umhverfisráðherra, sem er ein þeirra sem útskrifast frá Háskóla Íslands í dag. „Þetta er þriggja missera meistaranám sem boðið er upp á í hugvísindadeildinni, byggt upp á grunnnámskeiðum í heimspeki og siðfræðinámskeiðum og hentar vel fólki með alls konar bakgrunn og starfsreynslu.“

Og hvernig nýtist þetta nám? „Þetta er í rauninni nám í að beita siðfræðinni á venjuleg vandamál í starfi fólks, til dæmis innan heilbrigðisstéttanna, eða í viðskiptum, umhverfismálum og þar fram eftir götunum.“

Er þetta þá í pínu tilfelli undirbúningur undir það að koma aftur inn á Alþingi? „Já, ætli það ekki bara,“ segir Þórunn og skellir upp úr. „Þetta nám hentar allavega vel til þess og hafi ég einhvern tíma verið þeirrar skoðunar að það ætti að kenna heimspeki og siðfræði á öllum skólastigum þá er ég algjörlega sannfærð núna. Þótt ég hafi nú lært ýmislegt um dagana þá er þetta einstaklega praktískt og skemmtilegt nám.“ Þórunn, sem er með BA-gráðu í stjórnmálafræði, segist ekki vita til þess að nokkur annar stjórnmálamaður hafi farið í þetta nám, en hún vilji þó ekki fullyrða það.

Í meistararitgerðinni leggur Þórunn áherslu á umhverfissiðfræði. „Ég skrifaði um Loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og forsendur hans í ljósi spurninga um réttlæti,“ segir hún. „Það málefni finnst mér bæði mjög brýnt og merkilegt. Í rauninni er þetta spurningin um jöfnuð og sama rétt allra til lífs og framtíðar. Útblásturinn á Íslandi kemur fleirum en okkur við.“

Þórunn hefur ekki alveg sagt skilið við pólitíkina og starfar nú sem framkvæmdastýra Samfylkingarinnar. Mun siðfræðin nýtast henni í því? „Já, það er alveg ljóst að þetta nám nýtist mjög vel í því starfi.“

fridrikab@frettabladid.is



**HAGNÝTT NÁM** „Þótt ég hafi nú lært ýmislegt um dagana þá er þetta einstaklega praktískt og skemmtilegt nám.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sýningum á Ragnheiði fjölgað

**Íslenska óperan Ragnheiður verður frumsýnd um næstu helgi. Mikil eftirspurn hefur verið eftir miðum og nú hefur verið bætt við sýningu.**

Ragnheiður, ópera eftir Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson, verður frumsýnd í Eldborg þann 1. mars. Áhorfendur hafa tekið sýningunni opnum örmum og hátt í fjögur þúsund miðar eru nú seldir á óperuna. Allt var fullt út úr dyrum á kynningarkvöldi sem Vinafélag Íslensku óperunnar stóð fyrir í vikunni, þar sem höfundar Ragnheiðar, Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson, ásamt leikstjóranum Stefáni Baldurssyni og einsöngvurunum í sýningunni, leiddu áhorfendur í gegnum verkið í tali og tónum. Þar var tilkynnt að Íslenska óperan muni bæta við nýrri sýningu laugardaginn 22. mars.

Alls taka hátt í eitt hundrað listamenn þátt í uppfærslunni undir leikstjórn Stefáns Baldurssonar. Þóra Einarsdóttir syngur titilhlutverkið, hlutverk Ragnheiðar Brynjólfsdóttur, og Viðar Gunnarsson syngur hlutverk Skálholtsbiskups, föður hennar. Hinn ungi tenór Elmar Gilbertsson syngur hlutverk Daða Halldórssonar.



**ÞÓRA EINARSDÓTTIR**



✝

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**ÞÓRIS HARALDSSONAR**
**Ásabyggð 11, Akureyri.**

Sérstakar þakkir sendum við starfsfólki Heimahlynningar og lyfjadeildar Sjúkrahúss Akureyrar fyrir frábæra ummönnun. Einnig viljum við þakka öllu því góða fólki sem studdi okkur í veikindum hans.

**Una Sigurliðadóttir**
**Rósa Rut Þórisdóttir** — **Marwan Soliman**
**Inga Jóna Þórisdóttir** — **Sigurður Viktor Úlfarsson**
**Ása Vala Þórisdóttir** — **Rúnar Sigþórsson.**
**Ómar Alí, Karim Leó, Þórir Snær, Una Signý, Viktor Smári og Urður Eva**



✝

Okkar hjartkæri

**STEINGRÍMUR VILHJÁLMSSON**
**frá Laufhóli er látinn.**

**Gunnlaugur Steingrímsson** — **Svala Jónsdóttir**
**Símon R. Steingrímsson** — **Sigrún Höskuldsdóttir**
**Vilhjálmur Steingrímsson** — **Ásdís Garðarsdóttir**
**Halldór S. Steingrímsson** — **María Steingrímsdóttir**
**Kristín S. Steingrímsdóttir**
**Sigurður Steingrímsson** — **Kristjana Friðriksdóttir**
**Sigurlaug G. Steingrímsdóttir** — **Eyjólfur Árnason**
**Anna H. Steingrímsdóttir** — **Hafþór Hermannsson**
**Auður Steingrímsdóttir** — **Guðmundur Sveinsson**
**Eysteinn Steingrímsson** — **Aldís Axelsdóttir**
**og fjölskyldur þeirra.**

**ÞETTA GERÐIST** 22. FEBRÚAR 1997

# Ljóstrað upp um tilvist Dollýjar

Þennan dag árið 1997 létu vísindamenn í Skotlandi fréttast um tilvist fyrstu skepnunnar sem tekist hafði að klóna svo vel væri. Þetta var kindin Dollý sem búin var til í Roslin-stofnuninni í Edinborg, en Dollý kom í heiminn 5. júlí árið 1996. Dollý var fyrsta spendýrið sem klónað var úr frumu fullorðinnar skepnu. Fyrri tilraunir til klónunar höfðu verið úr fósturfrumum.

Klónun kindarinnar Dollýjar varð mjög umtöluð, enda fylgdu klónunargetunni siðferðileg álitamál og ótti meðal margra um að tæknina mætti nota til að klóna fólk. Dr. Ian Wilmut, sem fór fyrir hópi vísindamannanna skosku sem stóðu að einræktun Dollýjar, sagði hins vegar að klónun manneskju væri bæði ógeðfelld og ólögleg. Fréttir af tilurð Dollýjar urðu til að æsa upp dýraverndarsinna og Skoska kirkjan lýsti því yfir að þótt rannsóknirnar væru „heillandi“ þá hefði hún sínar efasemdir.

Þá upplýsti Dr. Wilmut líka um hvernig komið hafði til að kindin var nefnd Dollý. „Dollý er búin til úr frumu mjólkurkirtils og okkur komu ekki í hug nokkrir mjólkurkirtlar mikilfenglegri en á Dolly Parton.“

Árið 2003 var svo ákveðið að aflífa Dollý eftir að rannsókn dýralæknis leiddi í ljós að hún þjáðist af síversnandi lungnasjúkdómi. Skrokkur skepnunnar var hins vegar varðveittur og geta áhugasamir séð hann í þjóðminjasafninu skoska í Edinborg.



# Ungir blásarar með tónleika í Hörpu

**Lúðrasveit Æskunnar heldur tónleika í Norðurljósasal Hörpu á morgun klukkan 14. Stjórnandi er Guðmundur Óli Gunnarsson.**

Tónleikar Lúðrasveitar Æskunnar verða haldnir á morgun í Hörpu. Lúðrasveit Æskunnar er verkefni á vegum Samtaka íslenskra skólalúðrasveita. Í hljómsveitina eru valdir 50 til 60 frambærilegustu blásarar og slagverksleikarar úr skólahljómsveitum og tónlistarskólum landsins á aldrinum 15 til 25 ára.

LÆ er sinfónísk blásarasveit þar sem úrvalsnemendum gefst kostur á að spila í fullskipaðri hljómsveit og flytja verkefni sem eru sérstaklega skrifuð fyrir blásarasveitir, ásamt því að fást við erfið verkefni sem eru ekki á færi nema bestu blásarasveita. LÆ var fyrst sett saman árið 1989 og hefur starfað með hléum síðan þá.



**LÚÐRASVEIT ÆSKUNNAR** Meðlimir LÆ eru bestu nemendur skólalúðrasveita víðs vegar að.

# Sigurður og Daníel leika á 15:15

**Tónleikasyrpan 15:15 heldur áfram í Norræna húsinu og á morgun leika þar Sigurður Halldórsson sellóleikari og Daníel Þorsteinsson píanóleikari sem lengi hafa leikið saman.**

Á tónleikum í 15:15-tónleikasyrpunni í Norræna húsinu sunnudaginn 23. febrúar kl. 15:15 munu Sigurður Halldórsson sellóleikari og Daníel Þorsteinsson píanóleikari flytja nokkur af helstu verkum tónlistarsögunnar fyrir selló og píanó. Efnisskráin er undir yfirskriftinni „B liðið“ en þar verða leiknar sónötur eftir Bach, Beethoven og Brahms sem spanna þrjú megintímabilin í sögu þessa grunnforms sígildrar hljóðfæratónlistar, auk þess sem tveir úr „A liðinu“, þeir Anton Webern og Atli Heimir Sveinsson, eiga hvor sitt smáverk sem fulltrúar naumhyggju tuttugustu aldar.

Samstarf Sigurðar og Daníels hefur staðið yfir óslitið frá námsárum þeirra í Reykjavík en þeir hafa leikið nýja tónlist, spuna og klassík víða um heim auk þess að standa fyrir tónlistarviðburðum af ýmsum toga, innan lands og utan.



**SELLÓLEIKARINN** Sigurður Halldórsson fær píanóleikarann Daníel Þorsteinsson til liðs við sig að þessu sinni.

---



Ástkær eiginmaður minn og vinur, faðir okkar, stjúpfaðir, bróðir minn og afi,

**REYNIR WARNER LORD**

andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 14. febrúar sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildarinnar og Karitas, hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Ljósið, endurhæfingarstöð f. krabbameinsgreinda. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Hulda Dagrún Grímsdóttir**
**Alda María Lord**
**Reynir Warner Lord**
**Vignir Daði Valgeirsson** — **Lena Hulda Nilsen**
**Hákon Bragi Valgeirsson** — **Ragnhild Kolberg**
**Inga Jara Jónsdóttir** — **Stefán Orri Aðalsteinsson**
**Pálmi Hamilton Lord** — **Lilja Hafdís Guðjónsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR B. JÓNSSON**

lést á heimili sínu, Stórholti 3, Akureyri, 31. janúar. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á Sjúkrahúsi Akureyrar og Heimahlynningu á Akureyri fyrir framúrskarandi umönnun og alúð. Þeim sem vilja minnast Sigurðar er bent á minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Alda Ingimarsdóttir**
**Jón Sigþór Sigurðsson** — **Tamara Marijudóttir**
**Sigurður Haukur Sigurðsson** — **Vaiva Straukaitė**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

**HILMAR SÆVALD GUÐJÓNSSON**
**teiknari,**
**síðast til heimilis að Eiðsmýri, Seltjarnarnesi,**

verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 27. febrúar næstkomandi kl. 11.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Myndlistarskóla Reykjavíkur.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Pétur Sævald Hilmarsson** — **Margrét K. Sverrisdóttir**
**Snorri Freyr Hilmarsson** — **Anna Söderström**
**Axel Viðar Hilmarsson** — **Ásdís Ingþórsdóttir**

---



Innilegar þakkir til allra sem sýndu samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**ANTONS BALDVINS FINNSSONAR**
**skipasmíðameistara**
**Ránargötu 25, Akureyri.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Grenihlíðar á dvalarheimilinu Hlíð fyrir hlýja og góða umönnun

**Steinunn Ragnheiður Árnadóttir**
**Jóhanna Maríanna Antonsdóttir**
**Ingibjörg Antonsdóttir** — **Þórarinn Arinbjarnarson**
**Ragnheiður Antonsdóttir**
**Árni Freyr Antonsson** — **Dóra Margrét Ólafsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ZÓPHANÍAS MAGNÚS MÁRUSSON**
**Meltröð 4, Kópavogi,**

lést á Sunnuhlíð þriðjudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 26. febrúar kl. 11.00.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Prinsessan okkar,

**EVA DÖGG ÓLAFSDÓTTIR**
**Björnskoti, Skeiðum,**

lést á sjúkrahúsinu Selfossi 20. febrúar 2014. Jarðarförin auglýst síðar.

**Ólafur F. Leifsson** — **Harpa Dís Harðardóttir**
**Ólafur F. Ólafsson** — **Guðfinna Magnúsdóttir**
**Elvar Örn Ólafsson**
**Ólöf S. Ólafsdóttir**
**Hörður Björgvinsson** — **Hugrún P. Skarphéðinsdóttir**

---



Pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

**GUÐNI JÓNSSON**
**Hellu,**

lést á dvalarheimilinu Lundi 18. febrúar.

**Hrafnhildur Guðnadóttir** — **Friðrik Magnússon**
**Hjördís Guðnadóttir** — **Auðun Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT ALDA ÚLFARSDÓTTIR**
**Suðurtúni 13, Álftanesi,**

sem lést á krabbameinsdeild Landspítalans laugardaginn 15. febrúar sl., verður jarðsungin frá Bessastaðakirkju þriðjudaginn 25. febrúar kl. 15.00.

**Guðbjartur I. Gunnarsson**
**Inga Steinþóra Guðbjartsdóttir** — **Sigurður Jónsson**
**Emelía Dóra Guðbjartsdóttir** — **Birgir Viðarsson**
**Úlfhildur Helga Guðbjartsdóttir**
**Hrönn Guðbjartsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**HULDA HAFSTEINSDÓTTIR**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut þann 18. febrúar síðastliðinn. Útför verður gerð í Bústaðakirkju þann 28. febrúar næstkomandi kl. 15.00.

**Agnar Árnason**
**Steinar Geir Agnarsson** — **Steinunn Gretarsdóttir**
**Atli Már Agnarsson** — **Berglind Magnúsdóttir**
**Alvin Smári Steinarsson**
**Elmar Sölvi Steinarsson**
**Agnar Magnús Atlason**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@365.is.




2 | KL. 19:45

**Ísland Got Talent**

Leitin heldur áfram að hæfileikaríkasta atriði landsins þar sem sigurvegarinn fær 10 milljónir króna.

# Meiriháttar sunnudagskvöld

2 | KL. 13:00

**Mín skoðun**
**Mikael Torfason**

Sanngjarn og heiðarlegur umræðuþáttur um þjóðmál og fréttir líðandi stundar í umsjá Mikaels Torfasonar.




2 | KL. 19:10

**Sjálfstætt fólk**

Anna Margrét Grétarsdóttir fæddist sem karlmaður en lét leiðrétta kyn sitt eftir 35 ára hjónaband. Hún segir sögu sína á sunnudagskvöld.



2 | KL. 20:35

**Mr. Selfridge**

Önnur þáttaröðin um auðmanninn Harry Selfridge leikinn af Jeremy Piven.



2 | KL. 21:25

**The Following**

Önnur þáttaröðin af þessum magnaða spennutrylli með Kevin Bacon í aðalhlutverki.



2 | KL. 22:10

**Banshee**

Önnur þáttaröðin um hörkutólið Lucas Hood sem er lögreglustjóri í smábænum Banshee.



Krakka stöðin | KL. 07:00-20:00

**Barnaefni alla daga**

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS




## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | 1 | 7 | 8 | | |
| 2 | | | 6 | | 4 | | | 1 |
| | 9 | | | 2 | | | | 4 |
| 1 | 2 | 8 | | 7 | | | | 9 |
| | | 4 | 8 | | | 1 | | |
| 7 | 3 | | | | 6 | | | |
| | | | | 8 | | | | |
| | | 3 | 7 | | | 4 | 5 | |
| 9 | | 2 | | | | 3 | 6 | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 9 | 5 | 7 | 1 | | | 2 |
| | 5 | | 2 | | | | 1 | |
| | 8 | | 9 | | | 3 | 5 | |
| | | | 7 | | | 4 | | |
| | | 8 | | 6 | | | | |
| 1 | 2 | | | | | | | |
| | 4 | | | 2 | 7 | | 3 | |
| | 9 | | | | | 8 | | |
| 8 | | | 4 | 9 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 1 | | 6 | | | 9 | | |
| | | 6 | | | | 1 | 2 | |
| | 8 | | 4 | | | 5 | | 6 |
| | | | | | 7 | | | 8 |
| | | 1 | | | | | 7 | 3 |
| | | | | | 2 | | 5 | |
| | 4 | | | | 3 | | | |
| 2 | | | 1 | | 4 | | | |
| 3 | 5 | | | | 6 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 7 | 3 | 8 | 1 | 2 | 6 | 4 |
| 8 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 1 | 4 | 2 | 5 | 6 | 7 | 3 | 8 | 9 |
| 4 | 8 | 1 | 2 | 3 | 6 | 5 | 9 | 7 |
| 2 | 7 | 5 | 4 | 9 | 8 | 1 | 3 | 6 |
| 3 | 9 | 6 | 7 | 1 | 5 | 4 | 2 | 8 |
| 7 | 1 | 8 | 6 | 5 | 2 | 9 | 4 | 3 |
| 5 | 2 | 9 | 8 | 4 | 3 | 6 | 7 | 1 |
| 6 | 3 | 4 | 1 | 7 | 9 | 8 | 5 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 8 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 1 | 7 |
| 1 | 6 | 3 | 2 | 7 | 8 | 4 | 5 | 9 |
| 7 | 4 | 2 | 9 | 5 | 1 | 6 | 8 | 3 |
| 8 | 2 | 7 | 1 | 4 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 9 | 6 | 5 | 8 | 7 | 1 | 2 | 4 |
| 4 | 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 7 | 8 |
| 2 | 7 | 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 4 | 1 |
| 5 | 1 | 9 | 7 | 2 | 4 | 8 | 3 | 6 |
| 6 | 3 | 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 9 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 |
| 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 3 | 7 | 2 | 8 | 4 | 6 | 5 | 1 | 9 |
| 7 | 4 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 6 | 9 | 2 | 8 | 4 | 7 |
| 8 | 2 | 6 | 3 | 7 | 4 | 9 | 5 | 1 |
| 9 | 3 | 7 | 1 | 5 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 2 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 3 | 9 | 8 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

„Ég veit hverjir gallar mínir eru áður en fólk bendir mér á þá.“

*Taylor Swift*

## KROSSGÁTA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** plat, **6.** eftir hádegi, **8.** ferð, **9.** þvottur, **11.** komast, **12.** heilan, **14.** lægsta hitastig, **16.** úr hófi, **17.** skel, **18.** hamfletta, **20.** kringum, **21.** tími myrkurs.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bolmagn, **3.** frá, **4.** aftóku, **5.** yfirbragð, **7.** vatnafló, **10.** hár, **13.** keyra, **15.** veikja, **16.** ónn, **19.** snæddi.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gabb, **6.** eh, **8.** för, **9.** tau, **11.** ná, **12.** allan, **14.** alkul, **16.** of, **17.** aða, **18.** flá, **20.** um, **21.** nótt.
**LÓÐRÉTT: 1.** geta, **3.** af, **4.** bönnuðu, **5.** brá, **7.** halafló, **10.** ull, **13.** aka, **15.** lama, **16.** ofn, **19.** át.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Gunnar Björnsson (2073) hafði hvítt gegn Kristóferi Ómarssyni (1756) í lokaumferð Nóa Síríus móts Gestamóts GM Hellis og Breiðabliks.**

**Hvítur á leik**



15. Db4! Rd6 16. He5 a5. Svartur treysti á þennan leik en átti ekkert svar við 17. De1! og gafst upp. Stefán Kristjánsson sigraði á mótinu en hann hlaut 6 vinninga. Davíð Kjartansson og Björgvin Jónsson voru næstir með 5½ vinning.

**www.skak.is** Unglingameistaramót Reykjavíkur á morgun kl. 13


Fjórar ljúffengar freistingar ...
295,-
Rjómabolla og heitur drykkur
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
Draumabollur
495,-/stk.
Uppfylla kröfur sannra sælkera. Sætar, léttar og ljúffengar.
Urriðaholtsbollan
Karamellurjómi, karamella, poppkorn, kurlaðar hnetur og möndlur, flórsykur
Ávaxtabollan
Vanillurjómi, jarðarberja-súkkulaði, hvítt súkkulaði, kiwi, jarðarber
Súkkulaðibollan
Súkkulaðirjómi, karamellukurl, jarðarberjasúkkulaði
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL
159 kr. 190g
Kjarnafæði Dönsk lifrakæfa 190g
279 kr. 250g
Kjarnafæði Gamaldags sveitakæfa 250g
259 kr. 770gr
BÓNUS Heilkornabrauð 770g
PEPSI eða Pepsi Max 2 LTR + Doritos poki
379 kr.
279 kr. 1 ltr.
EUROSHOPPER Matarolía SÓLBLÓMA OG REPJUOLÍA
BIG PACK 90 TABS
ALL IN 1
finish
1798 kr. 90 uppþv.
Finish uppþvottavélatöflur
ALL IN ONE 90 STK.
849 kr. 200g
SOLLU Hampfræ 200g
659 kr. 200g
SOLLU Chiafræ 200g
KAUPTU
COCA COLA
2 LTR.
+
BÆTTU VIÐ
COKE ZERO
FRÍTT
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
NORÐANFISKUR
ÞORSKBITAR
Roð & beinlausir
898 kr. 1 kg.
BROCCOLI VEGETABLE MIX
289 kr. 1 kg.
Frosin brokkolíblanda 1kg
ENERGY DRINK
95 kr. 500ml
Knorr Lasagne
398 kr. 260g
Knorr Lasagne 260g
Sex á verði fimm
485 kr. 6 stk.
SEX YUM YUM KJÚKLINGA-NÚÐLUSÚPUR
198 krónur kg.
Spænskar Appelsínur
298 kr. kg
Amerískar sætar kartöflur
298 kr. 75g
BÓNUS FERSKT KLETTASALAT 75g
Upprunaland: Ítalía
398 kr. 200g
BÓNUS FERSKT SPÍNAT 200g
Upprunaland: Spánn
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTA
Ferskt íslenskt grísakjöt af nýslátruðu
598 krónur kg.
BÓNUS Ferskur grísabógur
1198 krónur kg.
BÓNUS Ferskt grísagúllas úr grísalæri
1098 krónur kg.
BÓNUS Grísakótilettur m.beini
100% KJÖT
1198 kr. kg.
BÓNUS Bayonneskinka úr grísabóg
479 kr. bakkinn
BÓNUS Grísahakk c.a.600g
998 krónur kg.
BÓNUS FERSKT Grísahnakka-fillet úrbeinað
ÚR INNRALÆRI
ÍSLANDS NAUT
1598 kr. kg.
BÓNUS Bacon/beikon
2598 krónur kg.
ÍSLANDSNAUT Ungnauta-piparsteik
1498 krónur kg.
KAUPFÉL. SKAGFIRÐINGA Lambalæri í sneiðum FROSIÐ
VINSÆLUSTU
Kjúklingabringurnar í verslunum Bónus
Frosnar bringur 900g poki
KYCKLINGFILÉ
1548 krónur 900g.
Ristorante
PIZZA PEPPERONI-SALAME
698 kr. 645g.
DR. OETKER Pizza pepperoni 645g
100% KJÖT
ROSE
1359 kr. 700g.
Úrbeinuð kjúklingalæri
ROSE DÖNSK SKINNLAUS úrbeinuð Kjúklingalæri
149 krónur 2 stk.
EUROSHOPPER Hvítlauksbrauð 2 stk.
BÓNUS EKKERT BRUÐL
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI
LAUGARDAGUR
10:00-18:00

# Lýgur fyrst og fremst að stelpum

**Höfundur HHhH þolir ekki sögufalsanir eða föðurlandsást og segir að bandarískar og breskar nútímabókmenntir taki þeim frönsku almennt fram. Hann veltir sér ekki lengur upp úr því þótt Marjane Satrapi mæli með því að höfundar skrifi um heimalandið.**

## Umsagnir um HHhH

*„Það eru mjög margir sem hafa áhuga á seinni heimsstyrjöldinni og þeir verða að lesa þessa bók. Hún situr í manni ... Þetta er algjörlega mögnuð bók. Við eigum eftir að fá margar þýddar bækur á árinu en þessi er ein af þeim bestu.“*

**Kolbrún Bergþórsdóttir / Kiljan**

*„Þetta er hörkubók ... hann leikur við mann í gegnum efnið og segir jafnframt frá hræðilegum atburðum og miklum hetjuskap af gríðarlegri íþrótt.“*

**Sigurður G. Valgeirsson / Kiljan**

*„Bókmenntalegt afrek ... Grípandi frásögn sem færir okkur nær sögunni eins og hún var í raun og veru.“*

**The New York Times Book Review**

*„Ótrúleg frumraun ... Þessi óvenjulega frásagnaraðferð skilar sér í bókmenntalegum stórsigri.“*

**The Times**

„Auðvitað er ég mannlegur og hef logið við ýmis tækifæri, sérstaklega að stelpum! Ég hef hins vegar óbeit á fólki sem notar skáldskap sem hjálpargagn við sögufalsanir,“ segir Laurent Binet, höfundur metsölubókarinnar HHhH, sem er söguleg skáldsaga um Reinhard Heydrich, hátt settan nasista í Þriðja ríkinu. Laurent fékk Prix Goncourt árið 2010 fyrir bókina, og menn eins og Bret Easton Ellis og Mario Vargas Llosa hafa ausið bókina lofi, og til stendur að búa til Hollywood-kvikmynd eftir bókinni.

Laurent sviðsetur ekki neitt án þess að hafa heimildir fyrir því. Hann hefði til dæmis ekki tiltekið litinn á Mercedes-bifreið Reinhards ef hann hefði ekki haft heimildir fyrir því að hann var svartur. „Ég veit ég virka voðalega strangur á þessari reglu í HHhH,“ segir Laurent Binet. „Mér finnst siðferðislega vafasamt að nota sögulegan skáldskap til að styðja við einhverja söguskýringu. Ég las til dæmis franska skáldsögu þar sem niðurstaðan var að Pólverjar hefðu ekkert voðalegt samviskubit í raun og veru yfir því að hafa framselt Gyðinga. Það er algjört svindl að nota skáldskap sem sönnunargagn, því þá ertu að búa til sönnunargögnin,“ segir Laurent.

Frásagnarmátinn í HHhH er svolítið eins og dagbók höfundar. „André Gide hélt dagbók á meðan hann skrifaði Les Faux-monnayeurs, og hann gaf út dagbókina eftir að bókin kom út. Ég gerði það sama, nema ég splæsti bókinni og dagbókinni saman í eina bók.“ Á einum stað í bókinni segir Laurent frá því að sem betur fer fyrir fjárhag hans hafi hann ekki keypt rándýra ævisögu ekkju Heydrich, sem er bara til á þýsku, sem hann talar ekki. Síðar í bókinni viðurkennir hann að hafa í raun keypt bókina og fengið stelpu til að þýða fyrir sig áhugaverðustu kaflana. „Það er einmitt þetta stríðnislega samtal við lesandann sem ég kann að meta í nútímaskáldskap. Ég sakna þess í frönskum nútímabókmenntum. Frönskum höfundum finnst þeir voðalega áhugaverðir ef þeir skrifa dapurlegar bækur um sálarlíf fólks, en formið skiptir meira máli en viðfangsefnið að mínu mati. Franskir rithöfundar eru lítið að gera tilraunir með formið (á því eru undantekningar, sérstaklega hjá kvenhöfundum). Þess vegna hef ég meira gaman af bandarískum og breskum nútímabókmenntum.“

*Þú blottaðir þig svo mikið í bókinni að mér er skapi næst að spyrja þig nærgöngulla spurninga um einkalíf þitt, eins og hvort þú og kærastan þín í bókinni, Natasja, séuð enn saman. Fannst þér ekkert óþægilegt að vera svona fyrirferðarmikill í bókinni?* „Það kom alveg frá hjartanu. Ég reyndi að skrifa bókina eins og ég væri að segja góðum vini sögu á bar. Í samtölum skiptir maður skyndilega um umræðuefni. Það geri ég líka í bókinni. Ég vildi ekki vera inni í hausnum á sögulegu persónunum. Heil bók sem er skrifuð þannig á hins vegar á hættu að verða mjög þurr. Í stað þess að vera inni í hausnum á sögupersónum var ég inni í hausnum á mér, og skrifaði mínar eigin hugsanir.“

*Er ekki svolítið sjálfhverft að skrifa bók þar sem þú ert sjálfur aðalpersónan?* „Jú, þessi bók er kannski gott dæmi um mikilmennskubrjálæðið á okkar dögum, þar sem allir eru aðalpersónur á eigin Facebook-síðu. Og til þess að gefa þér Facebook-svar við spurningu þinni um hvort ég sé enn með Natösju verð ég að segja: „It's complicated.““

Í kafla 179 í bókinni segir Laurent frá því að hann hafi ókyrrst þegar hann las viðtal við Marjane Satrapi, höfund Persepolis, þar sem hún hélt því fram að höfundar væru trúverðugastir þegar þeir skrifa um heimaland sitt. Í kaflanum veltir hann því síðan fyrir sér hvort þetta sé rétt.

*Fannst þér þú þurfa að réttlæta það sérstaklega að skrifa bók sem gerist að miklu leyti í Prag?* „Núna hafna ég alveg þessu sem Marjane sagði, þótt ég hafi ekki alveg verið tilbúinn til að blása á það þegar ég skrifaði bókina. Í Frakklandi er mikil umræða um sjálfsmynd þjóðarinnar þessi misserin, og ég er kominn með algjört ógeð á föðurlandsást.“

*Væri ekki óheppilegt fyrir sögulega rithöfunda frá mjög óspennandi löndum ef það yrði sett regla um að þeir mættu bara skrifa um heimaland sitt?* „Jú, það er auðvelt fyrir Marjane Sartrapi að koma með svona yfirlýsingar. Hún er frá Íran, landi með afar flókna sögu. Þar er af nógu að taka,“ segir Laurent.

ugla@frettabladid.is



**STJÖRNUSTJARFUR** Laurent Binet hitti átrúnaðargoðið sitt, Bret Easton Ellis, í Los Angeles og borðaði með honum. „Hann var þolinmóður við mig á meðan ég var að útlista fyrir honum hvað ég væri mikill aðdáandi verka hans.“ MYND/GETTY-NORDICPHOTOS

> **Það er einmitt þetta stríðnislega samtal við lesandann sem ég kann að meta í nútímaskáldskap. Ég sakna þess í frönskum nútímabókmenntum. Frönskum höfundum finnst þeir voðalega áhugaverðir ef þeir skrifa dapurlegar bækur um sálarlíf fólks.**

## Bækur Laurent Binet

**Laurent Binet hefur gefið út eftirtaldar bækur:**

1. La vie professionnelle de Laurent B. Hún kom út árið 2004 hjá Little Big Man.
2. HHhH. Hún kom út árið 2010 hjá Grasset & Fasquelle. Hún kom út hjá Forlaginu nýlega í íslenskri þýðingu Sigurðar Pálssonar.
3. Rien ne se passe comme prévu. Hún kom út árið 2012 hjá Grasset og fjallar um François Hollande, forseta Frakklands.
4. Laurent er að skrifa bók sem hann segir að sé glæpasaga. Hún hefur ekki enn fengið titil.




STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR
GLÆSILEGIR GALATÓNLEIKAR
Leikin verða mörg af þekktustu lögum merkustu stórsveita swing stílsins ss Benny Goodman, Artie Shaw, Jimmy Lunceford, Cab Calloway, Charlie Barnet, Tommy Dorsey, Les Brown, Glenn Miller, Duke Ellington og Count Basie.
GESTASÖNGVARAR:
Björgvin Halldórsson - Helgi Björnsson
Ragnheiður Gröndal
STJÓRNANDI:
Sigurður Flosason
Styrkt af Reykjavíkurborg
Tónlistarsjóður
HARPA SILFURBERG
Sunnudag 2. mars kl. 20:00
Miðaverð kr. 3.500 / 2.500
Miðar á midi.is – harpa.is – í miðasölu Hörpu


STORMUR
UNISEX PARKAÚLPA
25%
AFSLÁTTUR
TILBOÐ 29.950
VERÐ ÁÐUR 39.950
TILBOÐ GILDIR 15.-22.FEBRÚAR
Framúrskarandi
fyrirtæki 2013
ICEWEAR
ICELAND
www.icewear.is
ICEWEAR ÞINGHOLTSSTRÆTI 2, 101 REYKJAVÍK | FÁKAFEN 9, 108 REYKJAVÍK

# Myndaði 21 einstakling með Downs

Ljósmyndarinn Sigríður Ella Frímannsdóttir myndaði 21 einstakling með Downs-heilkenni fyrir útskriftarverkefni sitt í Ljósmyndaskólanum. Verkefnið nefnist „Fyrst og fremst er ég ...“ og samanstendur af portrettmyndum af fólki á aldrinum 9 mánaða til 60 ára.



**SKEMMTILEGT VERKEFNI** Ljósmyndarinn Sigríður Ella Frímannsdóttir tók myndir af 21 einstaklingi með Downs-heilkenni fyrir útskriftarverkefnið sitt frá Ljósmyndaskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Þetta var virkilega gaman og gekk vel að mynda. Stundum var ég bara ein með fyrirsætunni og stundum var fjölskyldan með en lykilatriðið var að ná góðu sambandi okkar á milli,“ segir ljósmyndarinn Sigríður Ella Frímannsdóttir.

Ljósmyndaverkið og útskriftarverkefni Sigríðar Ellu úr Ljósmyndaskólanum ber nafnið „Fyrst og fremst er ég…“ og samanstendur af portrettmyndum af tuttugu og einum einstakling með Downs-heilkennið. Fyrirsæturnar eru á aldrinum 9 mánaða til 60 ára.

Kveikjan að verkefninu var viðtal sem Sigríður, eða Sigga Ella eins og hún er kölluð, heyrði í útvarpinu um siðferðisleg álitamál þess að nýta sér tæknina til þess að velja einstaklinga, einn frekar en annan, til þess að vera til.

„Svo var systir pabba, Bergfríður Jóhannsdóttir, með Downs-heilkennið. Mér finnst þessar siðferðisspurningar umhugsunarverðar. Hvert stefnum við? Er hugsanlega verið að útrýma fólki með Downs-heilkenni?“

Það var grein eftir Halldóru Víðisdóttur, 30 ára gamla stúlku með Downs, sem vakti sérstakan áhuga hjá Siggu Ellu sem fékk Halldóru með í verkefnið og á sýningunni má svo lesa greinina hennar Halldóru en nafn sýningarinnar er vísun í texta Halldóru.

alfrun@frettabladid.is

**HVAÐ:** Útskriftarsýning 15 nemenda við Ljósmyndaskólann.

**HVAR:** Lækningaminjasafn við Nesstofu á Seltjarnarnesi.

**HVENÆR:** Opið frá kl. 13-18 í dag og á morgun.



**CHRISTOPHER L. DUNHAM,** 9 mánaða.



**SIGRÚN KJARTANSDÓTTIR,** 10 ára.



**SVANUR JÓN NORÐKVIST,** 6 ára.


Reykjavíkurborg

ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS

hugmyndasamkeppni.is

Háskóli Íslands

Hugmyndasamkeppni um skipulag Háskólasvæðisins



Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands í samstarfi við Arkitektafélag Íslands efna til hugmyndasamkeppni um heildarskipulag fyrir Háskólasvæðið sem afmarkast af Suðurgötu, Hjarðarhaga, Dunhaga og Birkimel til vesturs, Hringbraut til norðurs, Njarðargötu til austurs, þar með talið svæði Fluggarða en af holti fyrir sunnan stúdentagarða við Eggertsgötu til suðurs. Þátttakendur geta skilað inn heildarhugmyndum sínum að framtíðarskipulagi eða lagt hugmyndir inn í umræðuna.

Keppnislýsing er aðgengileg þátttakendum á vefsíðunni, www.hugmyndasamkeppni.is og heimasíðu Arkitektafélags Íslands, www.ai.is frá og með 21. febrúar 2014. Samkeppnisgögn verða einungis aðgengileg þeim sem skrá sig til þátttöku.

Meginmarkmið samkeppninnar eru:

- Að fá fram heildstæðar tillögur um samkeppnissvæðið
- Að fá fram tillögur sem undirstriki sérstöðu svæðisins og efli það sem menningarkjarna í borginni
- Að skapa virkt og aðlaðandi svæði með góðum tengingum, bæði innbyrðis og við nærliggjandi svæði
- Að fá fram frjóar en um leið raunhæfar hugmyndir um framtíðarnýtingu og skipulag Háskólasvæðisins
- Að samgöngur og uppbygging á svæðinu verði samtvinnuð, þar sem lögð sé áhersla á almenningssamgöngur, göngu- og hjólaleiðir






Jane Ade Sutarjo talar reiprennandi íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Hætti alltaf við að hætta

Jane Ade Sutarjo flutti til Íslands frá Indónesíu til að læra á píanó og fiðlu við Listaháskólann.

„Ég gat ekki ákveðið hvort ég vildi verða fiðluleikari eða píanóleikari,“ segir Jane Ade Sutarjo, sem er eini nemandinn sem hefur lokið einleikaraprófi á bæði fiðlu og píanó við Listaháskólann. „Á tímabili, þegar ég var sautján eða átján langaði mig að taka pásu á fiðlunni. Það komu líka tímar þar sem ég snerti ekki píanóið. En ég hætti alltaf við að hætta.“

Jane er frá Djakarta í Indónesíu. „Ég flutti til Íslands árið 2008 til að byrja að læra í Listaháskóla Íslands. Ég kynntist Guðnýju Guðmundsdóttur fiðluleikara á tónlistarhátíð í Bandaríkjunum sumarið 2005. Það er eiginlega allt henni að þakka að ég kom hingað. Henni og Gunnari Kvaran. Ég bjó hjá þeim í svolítinn tíma.“ Jane var þriggja og hálfs árs þegar hún byrjaði að læra á píanó. „Síðan byrjaði ég að læra á fiðlu fjögurra ára.“

„Ég segi ekki að það sé auðvelt að læra á tvö hljóðfæri,“ segir Jane. „Í raun er maður alltaf að æfa sig og læra. Ég veit ekki hvernig ég gat þetta. Mjög margir hljóðfæraleikarar æfa sig mjög lengi á hverjum degi, kannski í sex eða sjö tíma á dag. Ég æfði mig ekki svo lengi. Ég æfði hins vegar mjög skipulega, með fókus á eitthvert ákveðið atriði á hverri æfingu. Einn daginn fókuseraði ég kannski meira á fiðluna, og hinn daginn meira á píanóið.“

> **Einn daginn fókuseraði ég kannski meira á fiðluna, og hinn daginn meira á píanóið.**

Jane á íslenskan mann og er ekki á heimleið. „Ég hef ekki komið til Indónesíu síðan ég flutti hingað. Það er alltaf svo mikið að gera, og maður skreppur ekki beint til Indónesíu.“

Jane heldur píanótónleika í Salnum í Kópavogi á sunnudaginn klukkan 16.00.

ENNEMM / SIA / NM61047















**Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel**

Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Þekking sprettur af áhuga

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki




# GAMAN SAMAN SKEMMTILEGHEIT FYRIR BÖRN OG FORELDRA

**Það er margt hægt að gera um helgar með börnum sem kostar ekki mikið. Hér er listi yfir nokkra hluti sem er skemmtilegt að gera í Reykjavík.**



**SKAUTAHÖLLIN** er opin laugardaga og sunnudaga klukkan 13.00-17.00. Börn geta leigt skauta og keypt aðgangsmiða á 1.000 krónur, en fullorðnir á 1.250 krónur.

**FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN** er opinn klukkan 10.00 til 17.00 alla daga. Miðaverð fyrir 5-12 ára er 550 krónur, en miði fyrir þrettán ára og eldri kostar 750 krónur.

**SUNDLAUGARNAR Í REYKJAVÍK** hafa mismunandi opnunartíma, en sumar eru opnar frá 6.30 alveg fram á kvöld. Miðaverð fyrir börn eru 130 krónur, en fullorðinsmiðar kosta 600 krónur.

# LAUGARDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**22. FEBRÚAR 2014**

### Tónleikar

**16.00 90 ára afmælistónleikar Karls Jónatanssonar.** Harmonikkutónleikar í Salnum í Kópavogi. Miðaverð 2.000 krónur.

**20.00 Guðrún Gunnars, söngur í 30 ár.** Tónleikar í Hofi á Akureyri. Miðaverð 4.900 krónur.

**22.00 KK og félagar.** Tónleikar á Græna hattinum á Akureyri. Miðaverð 3.000 krónur.

### Söfn

**14.00 Café Lingua** í Gerðubergi. Félag Albana á Íslandi gefur innsýn í albanska menningu og tungu.

### Umræður

**15.00 Sýningastjóraspjall** í tengslum við sýninguna Hljómfall litar og línu, í Hafnarhúsi.

### Leikrit

**14.00 Ástarsaga úr fjöllunum** í Tjarnarbíói. Miðaverð 2.500 krónur.

**17.00** Halaleikhópurinn sýnir leikritið **Sambýlingar** eftir ameríska leikskáldið Tom Griffin, klukkan 17 í Hátúni 12. Pöntun aðgöngumiða í síma 897 5007 eða á midi@halaleikhopurinn.is

**17.00** Aukasýning á **Lísu og Lísu** í Rýminu á Akureyri. Miðaverð 4.400 krónur.

**17.00** Sýning á **Unglingnum** í Félagsheimilinu Leikskálum á vegum Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga. Miðaverð 2.500 krónur.

**18.00 Með allt á hreinu** í Austurbæ. Miðaverð 2.500 krónur.

**20.00 Óskasteinar** á Nýja sviði Borgarleikhússins. Miðaverð 4.750 krónur.



**20.00** Aukasýning á **Lísu og Lísu** í Rýminu á Akureyri. Miðaverð 4.400 krónur.

**20.00** Aukasýning á **Lísu og Lísu** í Rýminu á Akureyri. Miðaverð 4.400 krónur.

**20.00 Fyrirgefðu ehf.** sýnd í Tjarnarbíói. Miðaverð 3.900 krónur.

**20.00 Hamlet** á Stóra Sviðinu í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

### Uppistand

**20.00 Mið-Ísland** í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð 2.900 krónur.

**22.30 Mið-Ísland** í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð 2.900 krónur.




Velkomin á ársfund Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á Hilton 27. febrúar.

Dagskrá ársfundar frá kl. 8:30 – 11:00

Ávarp ráðherra. Ragnheiður Elín Árnadóttir
Atvinnubylting og umbreyting. Þorsteinn I. Sigfússon
Landnám í Kína. Ólafur H. Wallevik
Greiningar | Vöktun | Þróun. Helga Flosadóttir
Auðlindagarðar og öndvegissetur. Albert Albertsson
Skapandi greinar – sérstaða og sýn. Daddi Guðbergsson
Brautryðjandinn – viðurkenning Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
Örtæknin og atvinnulífið. Gissur Örlygsson og Jóhannes Gíslason
Flugklasinn – Air 66N. Arnheiður Jóhannsdóttir
Framtíðarhúsið – lífsgæði og sjálfbær þróun. Björn Marteinsson
Frumkvöðlasetur – heilafylli hugvits. Sigríður Ingvarsdóttir og fjórir frumkvöðlar
Skapandi nám í Fab Lab. Frosti Gíslason og Hugrún Þorsteinsdóttir
Óvænt endalok

Húsið opnar kl. 8:00 með morgunverði og ljúfum tónum.
Fundarstjóri er Egill Ólafsson
Skráning og nánari upplýsingar á nmi.is

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

# SUNNUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**23. FEBRÚAR 2014**

### Tónleikar

**16.00 Klassík** í Salnum í Kópavogi. Klassík, dulúð og glæsileiki. Miðaverð 3.300 krónur.

**19.30 Kammermúsíkklúbburinn** í Norðurljósasalnum í Hörpu. Miðaverð 3.500 krónur.

**20.00 Gradualekór** Langholtskirkju heldur tónleika í Langholtskirkju.

### Félagsvist

**14.00 Félagsvist** í Breiðfirðingabúð. Allir velkomnir.

### Íþróttir

**13.30 Poweradebikarinn 2014.** Úrslitaleikir karla og kvenna í Laugardalshöll. Miðaverð 1.500 krónur.

### Kvikmyndir

**15.00** Rússneska kvikmyndin **Þjófurinn** (Vor) verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Mynd þessi var gerð árið 1997 og er höfundur handrits og leikstjóri Pavel Tsjúkhraj. Aðgangur ókeypis.

### Dansleikir

**20.00 Dansað verður í félagsheimili**



**eldri borgara** í Stangarhyl 4 í Reykjavík klukkan 20-23. Danshljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er 1.500 kr fyrir félagsmenn en 1.800 fyrir gesti. Allir velkomnir.

### Dagskrá

**16.00 Dagskrá um íslensk kventónskáld** í Hljóðbergi í Hannesarholti.

### Leikrit

**14.00 Með allt á hreinu** í Austurbæ. Miðaverð 2.500 krónur.

**17.00** Halaleikhópurinn sýnir leikritið **Sambýlingar** eftir ameríska leikskáldið



## BORGIN MÍN KYOTO

# Enn hægt að rekast á geisjur



Melkorka Ólafsdóttir

Melkorka Ólafsdóttir flautuleikari bjó í tvö ár í Japan, þar sem hún spilaði í sinfóníuhljómsveit Hyogo-héraðs. „Japanir eru mjög vinnusamir en þegar ég átti kærkominn frídag tók ég oftar en ekki lestina til Kyoto og eyddi deginum þar,“ segir Melkorka. „Þar er óendanlega margt að sjá. Kyoto er gamla höfuðborg Japans og stútfull af menningarminjum og fegurð. Gion-hverfið er í uppáhaldi, þar getur maður ennþá rekist á geisjur. Þar eru líka kattakaffihús og ógrynni hofa, í sumum kyrja munkar, annars staðar svamla risastórir gullfiskar í tjörnum og nákvæmir garðyrkjumenn snyrta mosann. Svo er framboðið á girnilegum veitingastöðum ávísun á versta valkvíða. Ég var fastagestur á ramen-stað sem heitir Ippudo. Hann er rétt hjá Nishiki-markaðnum og þar fékk ég bestu ramen-súpurnar og dumplingana í Japan. Það er tilvalið að rölta á markaðnum í lok dags, þar keypti ég t.d. bestu eldhúshnífa sem ég hef prófað, handsmíðaða af japanskri nostursemi. Svo væri auðvitað eðlilegast að ljúka góðum degi með karaókí.“

**Melkorka bloggaði um Japansdvölina á slóðinni http://brefurausturheimi.blogspot.com/**



## Fyrirgefðu ehf.

★★★☆☆

**Innihaldsrík sýning í fallegri umgjörð.**

*Eva Guðrún Gunnbjörnsdóttir*

### Myndlist

**16.00** ÞOKA kynnir með ánægju opnun einkasýningu á nýjum verkum eftir Rebekku Moran. ÞOKA er í kjallara Hríms hönnunarhúss að Laugavegi 25.

Tom Griffin, klukkan 17 í Hátúni 12. Pöntun aðgöngumiða í síma 897 5007 eða á midi@halaleikhopurinn.is.

**19.30 Englar alheimsins** á Stóra sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

**20.00 Ómar æskunnar.** Leiksýning í Gaflaraleikhúsinu. Miðaverð 3.000/3.500 krónur.

**20.00 Óskasteinar** á Nýja sviði Borgarleikhússins. Miðaverð 4.750 krónur.

**20.00 Bláskjár** á Litla sviðinu í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.750 krónur.

### Dans

**20.00 Príleikur** á Stóra sviðinu í Borgarleikhúsinu. Miðaverð 4.500 krónur.

### Félagsstarf

**19.00** Spilað verður **Bridge í Breiðfirðingabúð.** Allir velkomnir.

### Leiðsögn

**14.00** Ókeypis leiðsögn um **Silfur Íslands** í Bogasal Þjóðminjasafnsins.

**15.00** Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna Pitt er valið í Hafnarborg.

### Samkoma

**11.00 Vígslubiskupinn í Skálholti, hr. Kristján Valur Ingólfsson,** kemur í heimsókn í Breiðholtskirkju í Mjódd og tekur þátt í báðum guðsþjónustum dagsins. Klukkan 11 verður fjölskylduguðsþjónusta. Klukkan 20 verður síðan önnur Tómasarmessa ársins.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*





















góðgæti frá Jóa Fel

Konudagur að hætti Jóa Fel

Fullt af kökum og kruðeríi til að gleðja elskuna sína.

Verið hjartanlega velkomin.

Jói Fel

Framúrskarandi fyrirtæki 2013

BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut

# Augnayndi og algjört góðgæti

Berglind Hreiðarsdóttir heldur úti matarblogginu Gotterí og gersemar. Þar er að finna ýmsar uppskriftir sem eru sætar undir tönn og deilir Berglind uppskrift að ljúffengri köku með lesendum Fréttablaðsins. „Þessi skreyting með súkkulaðihjúp og Maltesers kemur einstaklega vel út og er bæði augnayndi og algjört góðgæti," segir Berglind.

## Maltesers-kaka

**Kaka**
- 1 bolli púðursykur
- ¾ bolli mjólk
- 125 g smjör
- 1¼ bolli hveiti
- 1½ tsk. lyftiduft
- ½ tsk. salt
- ½ bolli bökunarkakó
- 3 egg

Hitið ofninn 160 gráður og smyrjið um 20 cm kökuform með smjöri. Setjið smjörpappír í botninn og hliðarnar.

Setjið púðursykur, mjólk og smjör í pott og hitið á miðlungshita í nokkrar mínútur þar til blandan er slétt og fín, setjið í hrærivélarskálina.Blandið hveiti, lyftidufti, salti og bökunarkakói varlega saman við og skafið niður á milli.Setjið eggin út í, eitt í einu og blandið vel.

Hellið í kökuformið og bakið í um 55 mínútur eða þar til prjónn sem stungið er í kökuna miðja kemur hreinn út.

**Súkkulaðihjúpur**
- 300 g saxað suðusúkkulaði
- ½ bolli rjómi
- 30 g smjör

Setjið súkkulaði, rjóma og smjör í skál og bræðið yfir vatnsbaði, hrærið mjög reglulega í blöndunni þar til hún verður jöfn og fín. Geymið við stofuhita í um 1-1,5 klst. þar til hjúpurinn verður þykkur og glansandi.

**Krem**
- 185 g smjör við stofuhita
- 2¼ bolli flórsykur
- 1 msk. mjólk
- 2 msk. súkkulaðihjúpur (uppskrift hér að ofan)

Setjið smjörið í hrærivélarskálina og þeytið þar til létt og ljóst. Bætið þá flórsykri og mjólk út í og þeytið áfram þar til blandan verður létt í sér. Bætið 2 msk. af súkkulaðihjúpnum út í kremið.

**Skraut**
- Maltesers (um 500 g)

**Samsetning**

Skerið kökuna í 4 lög með kökuskera/hníf/tvinna.

Smyrjið kreminu jafnt á milli botnanna og reynið að fylla jafnt út á kantana svo kakan verði slétt og fín að utan (ekki er nauðsynlegt að setja krem ofaná eða alveg á hliðarnar) Kælið kökuna í um klukkustund

Setjið hjúpinn, sem hefur þykknað og fengið á sig glansandi yfirbragð, á kökuna.

Raðið Maltesers-kúlum þétt yfir alla kökuna. Gott er að notast við einnota gúmmíhanska því annars koma „fingraför" í kúlurnar. Ef hjúpurinn storknar of hratt til þess að kúlurnar festist við hann er hægt að dýfa hverri kúlu í smá afgangshjúp/bráðið súkkulaði og festa hana þannig.



**TILVALIN KONUDAGSKAKA** Ekki væri verra að gleðja ástina sína með þessari köku um helgina. MYND/BERGLIND HREIÐARSDÓTTIR



## Eru kerfi þínar ær og kýr?

### Við leitum að sérfræðingum

Við leitum að metnaðarfullum kerfisstjórum sem hafa áhuga á að starfa í sterkri liðsheild að spennandi og krefjandi verkefnum sem snúa að þjónustu og ráðgjöf varðandi rekstur, hugbúnað, vélbúnað, samskiptabúnað, gagnavöktun, eftirlit o.fl. Viðkomandi munu starfa í öflugu teymi sérfræðinga í skemmtilegu og fjölbreyttu starfsumhverfi.

**Kerfis- og hugbúnaðarsérfræðingar**
Við leitum að kerfissérfræðingum með þekkingu og reynslu af rekstri á ýmsum kerfum:

- VMware
- Linux
- SharePoint
- Business Objects

**Sérfræðingur í síma- og samskiptamálum**
Við leitum að kerfisstjóra með brennandi áhuga og reynslu af rekstri síma- og samskiptakerfa:

- Microsoft Lync
- Airwatch
- IP símkerfi
- Þjónustuverslausn (Customer Interaction Center)
- Upptökukerfi (Verba Recording System)

**Hæfniskröfur fyrir bæði störf:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Reynsla af almennum Microsoft rekstri í stærri fyrirtækjum
- Rík þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli
- Fagleg og sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og framsýni

**Nánari upplýsingar**
Óskar Skúlason, deildarstjóri, sími 844 4336, netfang: oskar.skulason@islandsbanki.is.

**Tengiliður á mannauðssviði**
Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, netfang: sigrun.olafs@islandsbanki.is

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá **fyrir 2. mars nk.**

Við bjóðum góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki



**EKKI GRÓÐASTARFSEMI** Sigga Dögg heldur fyrirlestra um kynlíf út um borg og bæ.

# Ég er bara kynfræðingur

Ég er sjálfstætt starfandi einstaklingur. Ég er hvorki á styrk frá ríki né borg og allar mínar tekjur koma frá þeim sem nýta sér sérfræðiþekkingu mína. Þetta er það eina sem ég vinn við, ég er bara kynfræðingur. Stundum fæ ég borgað viku eftir vinnuna en stundum fjórum vikum seinna. Þannig er það bara þegar maður er sjálfstætt starfandi. Nemendur í tímum hjá mér eru oft mjög forvitnir um kjör mín; „Verður maður ríkur af því að vera kynfræðingur?" Þegar ég útskýri hvað það þýði að vera sjálfstætt starfandi þá finn ég hvernig glansmyndin af því að blaðra um kynlíf um borg og bæ hverfur og þau skilja ekki af hverju einhver kýs þennan starfsvettvang. En ég elska starf mitt. Þó er eitt sem mig langar að leiðrétta eftir ítrekaða „misskilninga" þar sem ég er spurð „hvort ég taki eitthvað fyrir fyrirlesturinn".

Í námi mínu í Ástralíu kynnist ég „sliding scale"-verðskrá þar sem bakgrunnur viðkomandi ræður gjaldinu. Ég hef miðað við þetta og því fá skólar lægsta gjald á fyrirlestra og hópafslátt ef þeir bóka fleiri en þrjá fyrirlestra. Ég hef haldið þessu gjaldi óbreyttu frá því að ég flutti fyrsta fyrirlesturinn 2010. Það getur verið snúið að verðleggja sig þegar maður er sjálfstætt starfandi einyrki. Sumum þykir ég alltof dýr og segja pass, á meðan aðrir segja hálfhlæjandi að varla sé hægt að skapa sér sómasamlegar tekjur á þessum taxta. Ég veit aldrei hver viðbrögðin verða fyrr en eftir að ég hef gefið upp verð. Því veit ég aldrei hvort viðkomandi finnst hann vera að græða eða tapa. Það sem sumum hættir til að gleyma í þessum útreikningi er að að baki einum fyrirlestri liggja margar klukkustundir í undirbúning og enginn greiðir fyrir þá vinnu. Þá liggur að baki nokkurra ára háskólanám með tilheyrandi námslánum. Svo rek ég heimasíðu (kostnaður við lén og tími í að setja efni inn á hana) og já, ég á nafnspjald handa þér, sem ég greiddi sjálf fyrir prentun á.

Ég fann nýverið launaviðmið fyrir fyrirlestra flutta af sjálfstætt starfandi fræðimönnum og mér krossbrá. Ef ég myndi miða mig við þennan taxta þá hefði ég ekkert að gera. Einu sinni, þegar ég var frekar nýbyrjuð, tók ég þátt í verkefni með nokkrum einstaklingum þar sem greiðsla barst í tal. Ég var ekki viss hvernig ég ætti að prísa tímann minn svo ég sagði viðkomandi bara að greiða mér það sem þeim þætti sanngjarnt fyrir vinnuna. Ég hafði séð Jamie Oliver gera þetta með hamborgara og fannst þetta áhugaverð tilraun. Viðkomandi þakkaði mér í bak og fyrir, fyrir ómetanlegt innlegg í verkefnið. Og hvað haldiði að viðkomandi hafi borgað mér fyrir sérfræðiþekkingu í heila kvöldstund? Einmitt.

**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is




Skyr.is
Skyr.is
Fyrir háleit markmið
skyr.is/markmid
Skyr.is




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| RIDE ALONG | 6, 8, 10:10 | 12 |
| ROBOCOP | 8, 10:25 | 12 |
| LEGO - ÍSL TAL 2D | 1:50, 4 | L |
| LEGO - ÍSL TAL 3D | 1:50, 4, 6 | L |
| DALLAS BUYERS CLUB | 5:45, 8, 10:25 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2D | 1:45, 3:45 | L |


# Barni boðið í bíl

**BAKÞANKAR**
Fanneyjar Birnu Jónsdóttur



Sæll, vinur, hvert ertu að fara? Skerjafjörð? Það er nú dálítið langt, má ég ekki bjóða þér far?“ Nákvæmlega svona hljómuðu orð vinar míns við ungan skólastrák sem var á göngu meðfram Ægisíðunni í storminum sem geisaði í vikunni. Drengurinn var illa klæddur, greinilega kaldur og hrakinn, með stóra tösku á bakinu og hljóðfæri í faðminum í þokkabót.

**VINUR** minn, sem var á heimleið úr fiskbúðinni með ungbarn í aftursætinu, sagðist hafa séð drenginn og hugsað með sér að það væri ekkert annað í stöðunni en að rétta út hjálparhönd og skutla drengnum heim í ofsaveðrinu. Hann hikaði fyrst, af augljósum ástæðum, en ákvað síðan að uppfylla samfélagslegar skyldur sínar og bauð fram aðstoð. Drengurinn afþakkaði pent. Vinur minn og barnið hans fóru heim.

**ÞEGAR** hann sagði mér þessa sögu saup ég hveljur og er þar að auki búin að bíða eftir fréttaskotinu alla vikuna sem segir frá manninum sem reyndi að tæla til sín ungan dreng í Vesturbænum í vikunni. Það kom blessunarlega ekki.

**EITT** það fallegasta sem ég veit er þegar ókunnugir hjálpa hver öðrum. Þegar þeir finna hjá sér þörf til að hjálpa eldra fólki með innkaupapoka, aðstoða grátandi börn í Kringlunni sem hafa týnt foreldrum sínum, jafnvel styrkja eitthvert gott málefni.

**AUÐVITAÐ** afþakkaði drengurinn farið. Væntanlega vel upp alinn og greinilega frá heimili sem fylgist með þróun skuggahliða íslensks samfélags. Við búum allt í einu í samfélagi þar sem ókunnugir geta verið hættulegir. Kannski fæstir, örfáir líklegast, en samt nógu margir til að engir foreldrar taki sénsinn.

**ÉG** vildi óska þess að við mættum bjóða köldum börnum far – og að þau gætu þegið það. En því miður mun ég brýna duglega fyrir mínum börnum að harka af sér og storma Ægisíðuna með vindinn í fangið. Það er synd.

# Heimsfrægur hattur á uppboð

## Pharrell selur Vivienne Westwood-hattinn og gefur ágóðann til góðs málefnis.

Vivienne Westwood-hatturinn sem tónlistarmaðurinn Pharrell Williams skartaði á Grammy-verðlaunahátíðinni er án efa einn frægasti hattur ársins og hefur vakið verðskuldaða athygli um allan heim.

Nú geta aðdáendur hattsins fjárfest í honum því Pharrell hefur sett hann á uppboð á eBay. Allur ágóði rennur til góðgerðarsamtakanna One Hand to Another sem tónlistarmaðurinn stofnaði til að aðstoða ungmenni sem minna mega sín.

Uppboðið stendur til 2. mars og tilboðin hrúgast inn en hattinum fylgir sérstakt vottorð um að hann sé í raun sá sem Pharrell bar á Grammy-hátíðinni.

- lkg



**FRÆGASTI HATTUR Í HEIMI** Uppboðið stendur til 2. mars. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| I, FRANKENSTEIN | KL. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN VIP | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | VIP |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 3D | KL. 2 - 4:10 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENS TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 - 6:20 - 8:30 - 10:40 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 8 | 12 |
| AMERICAN HUSTLE | KL. 10:10 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 2 - 4 - 6 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| I, FRANKENSTEIN | KL. 10 | 12 |
| RIDE ALONG | KL. 8 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE | KL. ÍSL TAL 3D: 1:30 - 3:40 ENS TAL 2D: 5:50 | L |
| ROBOCOP | KL. 10:30 | 12 |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM Á KÖFLUM ÍSL TAL 2D | KL. 3:40 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 5:50 | 12 |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU EÐA APPELSÍNUGULU KR.750 Á APPELSÍNUGULT OG KR. 1000 Á GRÆNT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| GAMLINGINN | KL. 3:10 - 5:35 - 8 - 10:20 | 12 |
| I, FRANKENSTEIN | KL. 8 - 10:10 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ENS TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| LEGO MOVIE ÍSL TAL | KL. 3D: 1:30 - 3:40 - 5:50 2D: 1 - 3:10 | L |
| FROSINN ÍSL TAL 2D | KL. 1 - 3:20 | L |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 1 | L |
| OUT OF THE FURNACE | KL. 8 -10:25 | 16 |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| LAST VEGAS | KL. 5:40 | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| GAMLINGINN | KL. 3:10 - 5:30 - 8 - 9 - 10:30 (11:30(SUN)) | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL | KL. 3D: 2 - 4:10 - 6:20 2D: 1 - 2 - 4:10 | L |
| 12 YEARS A SLAVE | KL. 6:20 | 16 |
| WOLF OF WALL STREET | KL. 9 | 16 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| I, FRANKENSTEIN | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 8 | 12 |
| THE LEGO MOVIE ÍSL TAL 3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| THE LEGO MOVIE ENS TAL 2D | KL. 5:50 | L |
| JÓNSI OG RIDDARAREGLAN ÍSL TAL 2D | KL. 1:30 - 3:40 | L |
| LÍFSLEIKNI GILLZ | KL. 10:10 | 12 |
















| SMÁRABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| RIDE ALONG | KL. 1 (TILBOÐ) 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| RIDE ALONG LÚXUS | KL. 1 - 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| LEGO ÍSL. TAL 2D | KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40 | L |
| LEGO ÍSL. TAL 3D | KL. 1 (TILBOÐ) 3.20 - 5.40 | L |
| ROBOCOP | KL. 5.30 - 8 - 10.35 | 12 |
| HER | KL. 10.3 0 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL. 1 (TILBOÐ) 3.10 | L |
| SECRET LIFE OF WALTER MITTY | KL. 8 | 7 |
| THE HOBBIT 3D 48R | KL. 8 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ 5% | | |
|---|---|---|
| NEBRASKA (ÓTEXTUÐ) | KL. 3 (TILBOÐ) 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| INSIDE LLEWYN DAVIS | KL. 5.40 | 12 |
| ROBOCOP KL. 8 - 10.30 (12) / BOOK THIEF | KL. 3 (TILBOÐ) 5.25 | 12 |
| AUGUST: OSAGE COUNTY | KL. 3 (TILBOÐ) 5.30 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D | KL. 3.20 (TILBOÐ) | L |

| BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| RIDE ALONG | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| NYMPHOMANIAC PART 1 | KL. 10 | 16 |
| ROBOCOP | KL. 6 - 8 | 12 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 2 2D/3D | KL. 4 | L |

Miðasala á: midi.is og eMiði










SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# 25 HLUTIR SEM ÞÚ VISSIR EKKI UM ROBIN WRIGHT

Önnur sería af House of Cards var frumsýnd á Netflix fyrir stuttu en í henni fer leikkonan **Robin Wright** gjörsamlega á kostum sem Claire, kona pólitíkusar. Hún deilir með tímaritinu Us Weekly 25 hlutum sem aðdáendur hennar vita eflaust ekki um hana og það er margt sem kemur svo sannarlega á óvart.



1. Ég tek farsímann með mér allt. Fjárans síminn!
2. Ég er hrútur.
3. Ég horfi ekki á sjónvarp.
4. Ég nota oftast ilmvatnið Chanel No. 5.
5. Ég þoli ekki að vera með mikið af málningu. Ég þarf að berjast við það á setti að þvo hana ekki af mér.
6. Ég þoli ekki hrokafulla karlmenn og dívuhegðun.
7. Mig dreymir um að leika söngkonu.
8. Ég get spurt til vegar og pantað máltíð á frönsku. Seulement!
9. Ég elska klassískan Led Zeppelin.
10. Ég fæddist í Fort Worth í Texas.
11. Besti parturinn við að taka upp House of Cards í Baltimore er að borða fullt af krabbakjöti.
12. Ég hleyp, lyfti lóðum og stunda jóga til að halda mér í formi.
13. Eitt af mínum fyrstu störfum var í fataverslun. Ég var rekin fyrir að segja viðskiptavini satt.
14. Ég borða lúguborgara hvenær sem ég get.
15. Gælunafnið mitt er „Robbie“ eða „Rob“.
16. Besti rétturinn sem ég elda er kjúklingabaka.
17. Ég fer bara í aðhaldsgalla til að undirbúa mig fyrir að leika Claire í House of Cards.
18. Fyrstu tónleikarnir sem ég fór á voru með Creedence Clearwater Revival. Ég var sex ára og var á háhesti á föður mínum er hann dansaði.
19. Uppáhaldsnammið mitt eru bláber hjúpuð dökku súkkulaði.
20. Ég hef unnið tvisvar með leikstjóranum David Fincher og ég vona að ég geri það oftar.
21. Stíllinn minn er andstæðan við stílinn hennar Claire!
22. Uppáhaldshönnuðirnir mínir eru Ralph Lauren, Gucci og Stella McCartney.
23. Ég styð góðgerðarsamtökin Raise Hope for Congo.
24. Ég kann þrjá hljóma á gítar.
25. Í laumi langar mig að fara í fallhlífarstökk þótt það sé það sem ég hræðist mest.

- lkg

# FÖNDRAÐU





## LITRÍKAR DÝRAKRUKKUR

Krukkur fara aldrei úr tísku og geta þær geymt ýmiss konar smáhluti á heimilinu. Það er því tilvalið að poppa upp hversdagslegar krukkur með nokkrum einföldum handtökum.

**1 Límið lítil plastdýr við krukkulokin og leyfið að þorna.** Oft er hægt að finna alls kyns dótadýr í Góða hirðinum á spottprís. Betra er að þrífa dýrin vel og þurrka áður en þau eru límd á lokin.

**2 Spreyið lokin í skemmtilegum litum.** Í Litalandi er hægt að fá sprey í öllum regnbogans litum sem virka á ýmiss konar efni, hvort sem það er plast eða viður. Gott er að spreyja lokið með dýrunum tvisvar til að fá dýpri og fallegri lit og leyfa því síðan að þorna í rólegheitunum.

**3 Skrúfið lokin á krukkurnar og verið stolt af afrakstrinum!** Þessar krukkur er einnig tilvalið að gefa í gjafir og jafnvel fylla þær með skemmtilegum spakmælum, sælgæti eða hverju sem þér dettur í hug.

**Fengið af síðunni http://masonjarcraftslove.com/*

**Lumar þú á einföldu en skemmtilegu verkefni sem auðvelt er að framkvæma sjálfur?**
*Sendu það endilega á okkur á netfangið liljakatrin@frettabladid.is*

**visir.is**

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á Vísir.is



# SPORT

## VETRARÓLYMPÍULEIKARNIR SOCHI 2014

**DAGSKRÁ HELGARINNAR**

**LAUGARDAGUR**
**09.15** Samhliða snjóbrettasvig karla (Sport 3)
**09.30** 30 km skíðaganga kvenna
**12.40** Svig karla - fyrri ferð
**14.51** Skautahlaup liða
**16.10** Svig karla - seinni ferð
**22.00** Samantekt

**SUNNUDAGUR**
**06.55** 50 km skíðaganga karla
**10.55** Bobsleðakeppni 4 manna
**12.00** Íshokkí karla, úrslital.: Svíþjóð - Kanada
**15.30** Samantekt ÓL 2014
**16.00** Lokahátíð

## 117

Alls taka 117 þátt í svigi karla sem fer fram á Vetrarólympíuleikunum í Sotsjí í dag en það er jafnframt síðasta keppnin í alpagreinum á leikunum. Ísland á tvo fulltrúa í greininni í dag, þá Einar Kristinn Kristgeirsson, sem er með rásnúmer 58 og Brynjar Jökul Guðmundsson með rásnúmer 72. Fyrri ferðin hefst klukkan 12.45 og sú síðari klukkan 16.15.

## STJÖRNUR DAGSINS

### MIKAELA SHIFFRIN
SVIG KVENNA

Mikaela Shiffrin, átján ára bandarísk stúlka, vann glæsilegan sigur í svigi kvenna í gær og varð þar með yngsti ólympíumeistari í alpagreinum frá upphafi. Sigurinn kom þó ekki á óvart enda er hún einnig ríkjandi heims- og heimsbikarmeistari í greininni.

Shiffrin var með væna forystu að lokinni fyrri ferðinni og var nálægt því að missa jafnvægið í þeirri síðari, en það kom ekki að sök og hún fagnaði sætum sigri.



### VIKTOR AHN
SKAUTASPRETTHLAUP



Heimamaðurinn Viktor Ahn vann tvenn gullverðlaun í skautaspretthlaupi í gær og sín þriðju í Sotsjí. Ahn vann einnig þrjú gull í Tórínó árið 2006 og jafnaði met í gær með því að vinna alls átta ÓL-verðlaun í greininni. Í gær vann hann fyrst gull í 500 m hlaupi og svo í 5000 m liðakeppni.

Ahn fæddist reyndar í Suður-Kóreu og hét Hyun-soo Ahn áður en hann gerðist rússneskur ríkisborgari árið 2011 og tók þá upp nafnið Viktor, sem merkir upphaflega sigurvegari.





**FRÁBÆRIR FULLTRÚAR** Helga María, til vinstri, eftir að hún kláraði fyrri ferð sína í gær. Erla er hér til hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Helga María og Erla í fámennum hópi

## Báðar kláruðu í svigkeppni kvenna á ÓL í Sotsjí.

**ÓL2014** Í fyrsta sinn frá upphafi náðu tveir keppendur frá Íslandi að klára báðar ferðir í svigkeppni kvenna á Vetrarólympíuleikum en þær Helga María Vilhjálmsdóttir og Erla Ásgeirsdóttir gerðu það á leikunum í Sotsjí í gær.

Helga María hafnaði í 34. sæti á 2:03,22 mínútum og Erla var í 36. sæti á 2:05,88 mínútum. Helga María var að keppa í sinni þriðju grein en Erla í sinni annarri. Þær hafa báðar lokið keppni á leikunum í Sotsjí en aðeins ein keppni er eftir í alpagreinum – svig karla sem fer fram í dag.

Af þeim ellefu konum sem Ísland hefur sent til þátttöku í svigkeppni á Vetrarólympíuleikum höfðu aðeins þrjár konur náð að klára báðar ferðir sínar. Það voru Steinunn Sæmundsdóttir, Ásta Halldórsdóttir og Emma Furuvik. Ásta gerði það tvívegis, á leikunum í Albertville árið 1992 og svo aftur í Lillehammer tveimur árum síðar en íslenskar konur hafa keppt í greininni á Ólympíuleikum frá 1956.

Þess má geta að Helga Margrét og Erla kláruðu báðar ferðir sínar í stórsviginu fyrr í vikunni og sú fyrrnefnda kom einnig í mark í risasvigi sem var hennar fyrsta keppnisgrein á leikunum.

Erla er 20 ára og var kölluð inn í keppnislið Íslands skömmu fyrir leikana vegna meiðsla Maríu Guðmundsdóttur. Helga María verður nítján ára í apríl.

**- esá, óój**


# Hugbúnaðarhetjur óskast

**– 365 miðlar eru að leita að snjöllum og framsæknum hugbúnaðarsérfræðingum**
til að taka þátt í uppbyggingu nýrra framsækinna lausna.

**Hugbúnaðarsérfæðingur I**
Umsækjendur þurfa að hafa þekkingu á python, java , sql, rest/json, git og linux. Góð grundvallar þekking á JS, jQuery, CSS og HTML er einnig góður kostur. Ef í þér býr eldmóður og ef þú ert að leita þér að starfi þar sem beitt er nútímalegum aðferðum við úrlausn verkefna, þá langar okkur að heyra í þér.

Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærileg reynsla er skilyrði.

**Hugbúnaðarsérfæðingur II**
Umsækjendur þurfa að hafa haldgóða þekkingu á Microsoft .NET, umhverfi og C#, MVC, WS/WebApi og MS SQL. Það spillir heldur ekki fyrir að hafa reynslu í t.d. JQuery, Javascript, Bootstrap og t.d. python.

- Háskólamenntun í tölvunarfræðum eða sambærilegt og amk. tveggja ára reynsla er skilyrði.
- Gott frumkvæði og góð tök á hugbúnaðarverkfræði er kostur



**Það sem við bjóðum er:**
- tækifæri til að beita nýjustu aðferðum,
- skemmtileg verkefni
- lifandi og fjölbreytt starfsumhverfi.

Við keyrum agile-verklag, og lean startup hugmyndafræðina. Við bjóðum við upp á líflegan og fjölbreyttan vinnustað þar sem þú getur bætt við þekkingu þína og vaxið sem einstaklingur.

Við hugsum eins og frumkvöðlar.

**Farið verður með fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál.**
**Starfumsóknir ber að senda á netfangið starfsumsokn@365.is. Umsóknarfrestur er til og með 1. mars nk.**

365

FRÉTTIR FRÉTTABLAÐIÐ BYLGJAN 98,9 VÍSIR

# ÞVOTTADAGAR

## Lokadagar

–komdu og gerðu frábær kaup!

0% vextir
Vaxtalausar raðgreiðslur í tólf mánuði!*

*3,5 % lántökugjald

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60260FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1200 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 135.900,-
Þú sparar: 36.000,-
AEG
TILBOÐSVERÐ – 99.900,-

### ÞVOTTAVÉL LAVAMAT 60460FL
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
1400 snúninga
Taumagn 6 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 145.900,-
Þú sparar: 36.000,-
AEG
TILBOÐSVERÐ – 109.900,-

### UPPÞVOTTAVÉL FAVORIT 45010-M
12 manna stell
5 þvottakerfi
Turbo-þurrkun
Hljóðlát vél: 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
AEG
TILBOÐSVERÐ – 95.920,- STÁL

### UPPÞVOTTAVÉL ZDF2010 - W/M
12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hraðastillingar
A/A/A orkunýting
Hljóð 51db
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
ZANUSSI
TILBOÐSVERÐ – 79.900,- HVÍT / 89.990,- STÁL

### ÞURRKARI LAVATHERM T76280AC
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
Barkalaus
Rakaskynjari
Taumagn: 8 kg
Íslensk notendahandbók
Listaverð: 149.900,-
Þú sparar: 29.980,-
AEG
TILBOÐSVERÐ – 119.920,-

### FRÁBÆRT PAR OG MIKILL SPARNAÐUR:

### ÞVOTTAVÉL OG ÞURRKARI
LAVAMAT 75470 & LAVATHERM T76280
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
**ÞVOTTAVÉL**
1400 snúninga
Taumagn 7 kg
Öll hugsanleg þvottakerfi
Íslensk notendahandbók
**ÞURRKARI**
Barkalaus með rakaskynjara
Taumagn 8 kg
Íslensk notendahandbók
Listaverð á PARINU: 329.800,-
Þú sparar: 65.960,-
AEG
TILBOÐSVERÐ – PARIÐ 263.840,-

ORMSSON
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-15

LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK • SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 |

# BJÓÐUM FJÖLBREYTT ÚRVAL RAFTÆKJA Á GÓÐU VERÐI

SKEIFAN 11

### Ljósaperan enduruppgötvuð
**LIFX SMART LED LJÓSAPERA**
- 40.000 tíma ending sem gerir 27 ár miða við 4 klst. notkun á dag.
- 1017 Lumens í fullum styrk
- 17W í fullum styrk en 9W í 50% styrk.
- Allt að 16 milljón litir mögulegir og hvítt ljós 2700-8000 Kelvin.
- LIFX snjallforrit í Apple iOS 6+ eða Android 4.0+
- Stuðningur við allt að 60+ perur á sama netkerfi.

VERÐ: 15.900

### SAMSUNG Ativ Book 2 NP275E5E-K01SE
15,6"
Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
Ódýr og hagkvæm tölva fyrir skólafólk.
Flottur skjár og glæsileg hönnun.
VERÐ: 94.900

### SAMSUNG Ativ Book 2 NP270E5G-K03SE
15,6"
Stýrikerfi: Windows 8 (64-bit)
Vinnsluminni: 4GB · Harður diskur: 500 GB
Töff hönnun · Frábær tölva fyrir fólk á ferðinni.
VERÐ: 119.900

### Pioneer HLJÓMTÆKI DEH-X3500UI
Frábært bíltæki!
4X50 W MOSFET magnari. Útvarp með 24 stöðva minni. Spilar: CD-R/RW, MP3, WMA, WAV. AUX og USB tengi á framhlið. EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið– og hátóna. Spilar og hleður iPod í gegnum USB (snúra fylgir ekki). Multi-Colour skjár.
VERÐ: 28.900 TILBOÐSVERÐ: 23.900

### Pioneer HLJÓMTÆKI X-CM31
Hljómtækjastæða
FM útvarp með 40 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA, iPod, iPad (gegnum usb) · USB, RCA, Heyrnartól, Video out (f. iPod) · 2x15W hátalarar · Spilar og hleður iPod
VERÐ: 45.900 TILBOÐSVERÐ: 36.900

### Pioneer HLJÓMTÆKI X-HM11-K
Hljómtækjastæða
FM útvarp með 40 stöðva minni · Spilar: CD, MP3, WMA, CD-R/RW 2 x 15W hátalarar 4 Ohm · USB, RCA, Heyrnartól
VERÐ: 34.900 TILBOÐSVERÐ: 29.900

### hama 53955
Vefmyndavél+heyrnartól
Pottþétt fyrir Skype
VERÐ: 5.990

### Pioneer HLJÓMTÆKI PIX-SMC00
iPod dokka
iPod/iPhone dokka · 20W · Geislaspilari · (CD-R/CD-RW/WMA/MP3) USB afspilun · FM útvarp með 30 stöðva minni ·LCD skjár með klukku · Fjarstýring fylgir
VERÐ: 39.900

### Pioneer HLJÓMTÆKI XW-BTS1
Blutooth hátalari
Bluetooth
Blutooth hátalari · 10W · Aux in tengi · Einfaldur í notkun · Til bæði hvítir og svartir
VERÐ: 22.500 TILBOÐSVERÐ: 16.900

### Pioneer HLJÓMTÆKI DCS-222K
DVD–Heimabíókerfi 5.1 rása
5.1 rása DVD heimabíókerfi m. FM útvarpi og Karaoke · 300W magnari · Spilar; DVD-R/RW, CD-R/RW, MP3, JPEG, PNG, WMA, DivX og fl., HD upscaling
VERÐ: 49.900 TILBOÐSVERÐ: 39.900

### Nintendo Wii mini
SPENNA · SNERPA · SNILLD
NÝTT
Mario Kart leikur fylgir með.
VERÐ: 26.900

BT ORMSSON
OPIÐ: ALLA DAGA TIL KL.18.00

SKEIFUNNI 11 · SÍMAR: 550·4444 · www.bt.is






**FYRIRLIÐAR BIKARÚRSLITALIÐANNA Í DAG** Frá vinstri: Guðrún Ósk Ámundadóttir (Haukum), Hildur Sigurðardóttir (Snæfelli), Sveinbjörn Claessen (ÍR) og Þorleifur Ólafsson (Grindavík). FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Bikarhátíð í Höllinni

Fréttablaðið fékk fólk úr Dominos-deild karla og kvenna til að spá í úrslitaleiki Powerade-bikarsins sem fara fram í Laugardalshöllinni í dag. Samkvæmt þeim er enginn vafi á því hvaða lið eru sigurstranglegri í bikúrslitaleikjunum í ár.

**KÖRFUBOLTI** Grindvíkingar enda þriggja leikja taphrinu sína í Laugardalshöllinni og Snæfellskonur vinna fyrsta bikarmeistaratitil kvennaliðs félagsins, hafi spámenn Fréttablaðsins rétt fyrir sér. Fréttablaðið leitaði til sjö leikmanna og þjálfara úr Dominos-deild karla og sex leikmanna úr Dominos-deild kvenna til að spá um hvaða lið vinni bikarinn í Höllinni í dag. Þótt þau búist mörg við jöfnum leikjum þá er nær öll á því að Grindavík og Snæfell komi heim með bikarinn í kvöld.

### Þrjú-núll fyrir Snæfell í vetur

Fimm af sex spá Snæfelli sigri í úrslitaleik kvenna. Hildur Sigurðardóttir fær þrjú atkvæði sem líklegasti maður leiksins en Chyanna Brown tvö. Lele Hardy fær síðan sjötta atkvæðið hjá KR-ingnum Sigrúnu Sjöfn Ámundadóttur sem er sú eina sem spáir Haukum sigri.

Snæfellskonur urðu deildarmeistarar síðasta sunnudag og eiga því möguleika á því að vinna tvo titla á innan við viku. Kvennalið Snæfells hafði aldrei áður unnið deildarmeistaratitilinn og tapaði í Höllinni fyrir tveimur árum í fyrsta og eina bikarúrslitaleik liðsins.

### Lele Hardy örlagavaldur síðast

Í liði Hauka er einn af örlagavöldum Snæfellsliðsins í Höllinni fyrir tveimur árum. Lele Hardy var með tröllatvennu (26 stig og 24 fráköst) þegar Njarðvík vann Snæfell í úrslitaleiknum 2012 og nú er hún mætt á ný í Höllina og að þessu sinni með Haukunum sem hafa verið mikið bikarlið undanfarinn tæpan áratug.
Snæfell er með átta stiga forskot á Hauka í deildinni og hefur unnið alla þrjá innbyrðisleiki liðanna, þar af tvo þá síðustu með samtals 28 stiga mun. Hardy er vissulega með tröllatvennu að meðtali í þessum leikjum (28,0 stig og 20,3 fráköst) en hefur bara hitt úr 30 prósent skota sinna. Það vegur þungt.

### Bæði lið í stórsókn á árinu 2014

Sex af sjö spá Grindavík sigri á ÍR í úrslitaleik karla og bæði Sigurður Gunnar Þorsteinsson og Lewis Clinch fá þrjár tilnefningar hvor sem menn leiksins. Jóhann Árni Ólafsson fær eina. Nigel Moore fær síðan síðasta atkvæðið frá Njarðvíkingnum Elvari Má Friðrikssyni sem er sá eini sem spáir ÍR sigri.

Grindvíkingar hafa þurft að sætta sig við þrjú bikarsilfur á síðustu fjórum árum en að þessu sinni komust þeir í bikarúrslitaleikinn eftir að hafa slegið bæði Keflavík og Njarðvík út á leiðinni í Höllina. ÍR-ingar hafa fagnað sigri í tvö síðustu skiptin sín í Höllinni en liðið er sannkallað Lazarus-lið, hefur enda umbreyst úr einu lélegasta liði deildarinnar í eitt það skeinuhættasta á aðeins tæpum tveimur mánuðum.

Liðið sem sat í fallsæti um jólin spilar nú um fyrsta stóra titil tímabilsins og er í hörkubaráttu um sæti í úrslitakeppninni. Nigel Moore-áhrifin hafa verið til umfjöllunar í Fréttablaðinu en sjaldan hafa Kanaskipti heppnast jafn vel og þarna hjá Örvari Þór Kristjánssyni þjálfara ÍR. Þetta verður því allt annað ÍR-lið í Laugardalshöllinni í dag en tapaði með 25 stigum fyrir Grindavík í lok október (73-98).

### Síðasti leikur liðanna lofar góðu

Grindvíkingar fengu hins vegar að kynnast því frá fyrstu hendi þegar ÍR vann tveggja stiga sigur í leik liðanna í Seljaskólanum í janúar. Reyndar voru Grindvíkingar þá líka búnir að skipta um Bandaríkjamann með góðum árangri. Lewis Clinch er í hópi allra bestu leikmanna deildarinnar.

Grindvíkingar hafa byrjað árið 2014 með átta sigrum í fyrstu níu leikjum sínum í deild og bikar en eina liðið sem hefur unnið þá á árinu til þessa er einmitt lið ÍR. Hvort sá leikur hefur verið víti til varnaðar fyrir Grindavíkurliðið eða áfylling á sjálfstrauststankinn hjá Breiðhyltingum kemur ekki í ljós fyrr en á fjölum Hallarinnar í dag.

Úrslitaleikur kvenna milli Snæfells og Hauka hefst klukkan 13.30 í Laugardalshöllinni en leikur Grindavíkur og ÍR hefst klukkan 16.00.

ooj@frettabladid.is

## BIKARÚRSLIT KVENNA

**BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR, KEFLAV.**
Snæfell vinnur með 14 stigum
Hildur Sigurðardóttir maður leiksins

**RAGNA MARGRÉT BRYNJARSD., VAL**
Snæfell vinnur í mjög jöfnun leik
Hildur Sigurðardóttir maður leiksins

**FANNEY LIND GUÐMUNDSD., HAMAR**
Snæfell vinnur með 6 stigum
Chyanna Brown maður leiksins

**SIGRÚN SJÖFN ÁMUNDADÓTTIR, KR**
Haukar vinna með 5 stigum
Lele Hardy maður leiksins

**PÁLÍNA GUNNLAUGSDÓTTIR, GRIND.**
Snæfell vinnur í framlengingu
Hildur Sigurðardóttir maður leiksins

**GUÐLAUG BJÖRT JÚLÍUSD., NJARÐVÍK**
Snæfell vinnur með 6 stigum
Chyanna Brown maður leiksins

**SAMANTEKT: 5-1 FYRIR SNÆFELL**

## BIKARÚRSLIT KARLA

**FINNUR FREYR STEFÁNSSON, KR**
Grindavík vinnur með 7 stigum
Lewis Clinch maður leiksins

**ELVAR MÁR FRIÐRIKSSON, NJARÐVÍK**
ÍR vinnur með þremur stigum
Nigel Moore maður leiksins

**MAGNÚS ÞÓR GUNNARSS., KEFLAVÍK**
Grindavík vinnur með 17 stigum
Jóhanni Árni Ólafsson eða Clinch maður leiksins

**SIGURÐUR ÞORVALDSSON, SNÆFELLI**
Grindavík vinnur með 12 stigum
Lewis Clinch maður leiksins

**TEITUR ÖRLYGSSON, STJÖRNUNNI**
Grindavík vinnur með 17 stigum
Sigurður Gunnar Þorsteinsson maður leiksins

**EMIL BARJA, HAUKUM**
Grindavík vinnur með 6 stigum
Sigurður Gunnar Þorsteinsson maður leiksins

**RAGNAR NATHANAELSSON, ÞÓR ÞORL.**
Grindavík vinnur í framlengingu
Sigurður Gunnar Þorsteinsson maður leiksins

**SAMANTEKT: 6-1 FYRIR GRINDAVÍK**




LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL
FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM – GÆÐI Í GEGN
Walton Tungusófi
Tungusófi með hvíldarstól í enda. Til hægri eða vinstri tunga í fjölmörgum litum, hvort sem tauáklæði eða alklæddur leðri.
Gary
Vinsæll sófi með stuðninginn á réttum stöðum. Hvíldarstólar í endum, raf- eða handstýrðir. Alklæddur leðri eða tauáklæði í mörgum litum.
Massa
Stílhreinn og flottur hvíldarsófi með háu baki. Raf- eða handstýrðir hvíldarstólar í endum. Til í mörgum litum alklæddur leðri eða tauáklæði.
Gary
Einstaklega þægilegur hægindastóll. Sérstök mjóbaksbólstrun gerir þennan stól mjög þægilegan. Fáanlegur raf- eða handstýrður. Margir litir í boði, alklæddur leðri eða í tauáklæði.
Ezzy
Nettur og góður hægindastóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða. Raf- eða handstýrður í mörgum litum, alklæddur leðri eða tauáklæði.
Mobius
Í senn nettur og þægilegur hægindastóll. Klassísk en nútímaleg hönnun með þægindin í huga. Alklæddur leðri, fáanlegur í fjölmörgum litum.
Tracy Lyftistóll
Fallegur og einfaldur í notkun fyrir þá sem að eiga erfitt með að standa upp úr stólum. Til bæði í tauáklæði og alklæddur leðri í nokkrum litum.
Yuni
Fallegur horn og tungusófi. Fæst hægri eða vinstra horn, alklæddur leðri í mörgum litum eða tauáklæði. Nokkrar stærðarútfærslur í boði. Hvíldarstóll í enda.
Espace
Smekklegur og nettur sófi sem frábært er að sitja í. Nokkrar stærðir í boði. Alklæddur leðri eða tauáklæði. Mikið litaúrval.
Demetra svefnsófi
Glæsilegur og vandaður svenfsófi frá Ítalíu. Hægt að fá í mörgum útfærslum og litum m.a sem tungusófi.
Rinoa tungusófi
Alklæddur leðri en einnig til með áklæði. Margar útfærslur og úrval lita. Hægri eða vinstri tungusófi
Dawn tungusófi
Flottur og vandaður tungusófi, alklæddur þykku nautaleðri. Hægri eða vinstri tunga.
Italiano
Flottur og mjög þæginlegur sófi. Fáanlegur í nokkrum litum í leðri og áklæði.
Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld
LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is
LÚR
BETRI HVÍLD

# DAGSKRÁ

## SUNNUDAGUR

### Stöð 2 kl. 13.00
### Mikael Torfason - Mín skoðun

Þjóðmálaþáttur í umsjá Mikaels Torfasonar, aðalritstjóra fréttamiðla 365, í opinni dagskrá. Í þættinum verða mikilvæg samfélagsmál krufin og rædd frá öllum hliðum. Meðal sérfræðinga þáttarins í dag eru þau Katrín Júlíusdóttir, Davíð Þorláksson og Vigdís Hauksdóttir.



## Í KVÖLD



### Ísland Got Talent

**STÖÐ 2 KL. 19.45** Glæsilegur íslenskur sjónvarpsþáttur. Kynnir keppninnar er sjónvarpsmaðurinn góðkunni Auðunn Blöndal og dómarar eru Bubbi Morthens, Þórunn Antonía Magnúsdóttir, Jón Jónsson og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.



### Top Gear - Lokaþáttur

**SKJÁR EINN KL. 20.25** Bílaþátturinn sem verður bara betri með árunum. Tilraunir þeirra félaga taka sífelldum breytingum og verða bara frumlegri, og skemmtilegri.



### Lokahátíð Ólympíuleikanna

**STÖÐ 2 SPORT KL. 16.00** Bein útsending frá lokahátíð Ólympíuleikanna í Sotsjí 2014.

### Bylgjan kl. 10.00
### Sprengisandur

Á Sprengisandi er leitað svara við spurningum sem brenna á þjóðinni. Þáttur sem vitnað er í. Stjórnmálamenn, sérfræðingar og spekingar eru tíðir gestir á Sprengisandi. Sigurjón M. Egilsson ræðir mál sem skipta okkur öll máli.






## STÖÐ 2

**06.10** Fréttir
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**09.55** Tom and Jerry
**10.05** Victorious
**10.30** Nágrannar
**12.15** 60 mínútur
**13.00** Mikael Torfason - mín skoðun
**13.50** Spurningabomban
**14.40** Heimsókn
**15.10** Heilsugengið
**15.40** Modern Family
**16.05** Um land allt
**16.35** Léttir sprettir
**17.10** Geggjaðar græjur
**17.30** Ísland Got Talent
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir
**18.55** Sportpakkinn
**19.10** Sjálfstætt fólk *(23:30)*
**19.45** Ísland Got Talent
**20.35** Mr. Selfridge
**21.25** The Following *(5:15)*
**22.10** Banshee *(7:10)*
**23.00** 60 mínútur
**23.45** Mikael Torfason - Mín skoðun
**00.30** Daily Show. Global Edition
**00.55** Nashville
**01.40** True Detective
**02.30** Mayday
**03.30** American Horror Story. Asylum
**04.15** Mad Men
**05.05** The Untold History of The United States

## SPORT
*besta sætið*

**06.55** 50 km skíðaganga karla *(B)*
**09.55** Evrópudeildarmörkin 2013/2014
**10.55** Bobsleðakeppni 4ra manna *(B)*
**12.00** Úrslitaleikur *(B)*
**14.30** ÓL 2014 - samantekt
**15.00** Meistaradeild Evrópu
**15.30** Setningarathöfn Ólympíuleikanna í Sochi 2014 Lokasamantekt
**16.00** Setningarathöfn Ólympíuleikanna í Sochi 2014 *(B)*
**18.50** Njarðvík
**19.20** La Liga Report
**19.50** Osasuna - Atletico
**22.00** ÓL 2014 - samantekt
**22.30** NBA - Rodman Revealed
**22.55** Oklahoma - Los Angeles Clippers
**00.35** Osasuna - Atletico

## SPORT 2
*enski boltinn*

**08.20** Man. City - Stoke
**10.00** Cardiff - Hull
**11.40** Crystal Palace - Man. Utd.
**13.20** Liverpool - Swansea *(B)*
**15.50** Norwich - Tottenham *(B)*
**18.00** Newcastle - Aston Villa
**19.40** Arsenal - Sunderland
**21.20** Liverpool - Swansea
**23.00** Norwich - Tottenham
**00.40** Chelsea - Everton

## ÍNN

**14.00** Frumkvöðlar **14.30** Eldhús Meistaranna **15.00** Vafrað um Vesturland **15.30** Stormað um Hafnarfjörð **16.00** Hrafnaþing **17.00** Stjórnarráðið **17.30** Skuggaráðuneytið **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur,tækni og kennsla. **19.00** Fasteignaflóran **19.30** Á ferð og flugi **20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakistan **21.30** Suðurnesjamagasín **22.00** Hrafnaþing **23.00** Tíska.is **23.30** Eldað með Holta

## STÖÐ 3

**06.30** Tónlistarmyndbönd
**16.00** H8R
**16.40** Priðjudagskvöld með Frikka Dór
**17.10** The Amazing Race
**17.55** Offspring
**18.40** The New Normal
**19.00** Bob's Burgers
**19.25** American Dad
**19.45** The Cleveland Show
**20.10** Mad
**20.20** Unsupervised *(6:13)*
**20.40** Men of a Certain Age *(1:12)*
**21.25** Brickleberry *(6:10)*
**21.50** Dads *(15:18)*
**22.10** Mindy Project *(24:24)*
**22.35** Do No Harm
**23.20** The Glades
**00.00** The Vampire Diaries
**00.45** Bob's Burgers
**01.05** American Dad
**01.30** The Cleveland Show
**01.50** Unsupervised
**02.15** Brickleberry
**02.35** Dads
**03.00** Mindy Project
**03.20** Do No Harm
**04.05** Tónlistarmyndbönd

## Krakkastöðin

**07.00** Skógardýrið Húgó **07.23** Hello Kitty **07.34** Ævintýraferðin **07.47** UKI **07.52** Tommi og Jenni **08.00** Dóra könnuður **08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08.46** Doddi litli og Eyrnastór **09.00** Áfram Diego, áfram! **09.24** Svampur Sveins **09.50** Gulla og grænjaxlarnir **10.00** Ofurhundurinn Krypto **10.25** Brunabílarnir **10.47** Ávaxtakarfan **11.00** Skógardýrið Húgó **11.23** Hello Kitty **11.32** Ævintýraferðin **11.48** UKI **11.53** Tommi og Jenni **12.00** Dóra könnuður **12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12.46** Doddi litli og Eyrnastór **13.00** Áfram Diego, áfram! **13.24** Svampur Sveins **13.50** Gulla og grænjaxlarnir **14.00** Ofurhundurinn Krypto **14.25** Brunabílarnir **14.47** Ávaxtakarfan **15.00** Skógardýrið Húgó **15.23** Hello Kitty **15.32** Ævintýraferðin **15.48** UKI **15.53** Tommi og Jenni **16.00** Dóra könnuður **16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16.46** Doddi litli og Eyrnastór **17.00** Áfram Diego, áfram! **17.24** Svampur Sveins **17.50** Gulla og grænjaxlarnir **18.00** Ofurhundurinn Krypto **18.25** Brunabílarnir **18.47** Ávaxtakarfan **19.00** Curious George 2. Follow That Monkey **20.20** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.55** Strákarnir
**18.25** Friends
**18.45** Seinfeld
**19.10** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men *(6:16)*
**20.00** Viltu vinna milljón?
**20.45** Krøniken *(16:22)*
**21.45** Ørnen *(16:24)*
**22.40** Ally McBeal *(17:23)*
**23.25** Without a Trace
**00.10** Viltu vinna milljón?
**00.55** Krøniken
**01.55** Ørnen
**02.55** Tónlistarmyndbönd

## BÍÓ

**08.10** Office Space
**09.40** Rumor Has It
**11.15** P.S.
**12.55** Erin Brockovich
**15.05** Office Space
**16.35** Rumor Has It
**18.10** P.S.
**19.50** Erin Brockovich
**22.00** Boys Don't Cry
**00.00** Match Point
**02.00** Dark Tide
**03.55** Boys Don't Cry

## RÚV

**07.00** Morgunstundin okkar
**10.32** Fisk í dag
**10.40** Þrekmótaröðin 2013
**11.00** Sunnudagsmorgunn Gísli Marteinn Baldursson fær til sín gesti og ræðir við þá um málefni líðandi stundar.
**12.00** Vetrarólympíuleikar – Íshokkí Bein útsending
**14.30** Vetrarólympíuleikar – Bobsleði
**15.50** Táknmálsfréttir
**16.00** Lokaathöfn Vetrarólympíuleikanna í Sotsjí Bein útsending
**18.30** Stundin okkar
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.40** Landinn
**20.10** Brautryðjendur *(3:8) (Valdís Óskarsdóttir)*
**20.40** Erfingjarnir *(8:10) (Arvingerne)* Danskir þættir um systkini sem hittast eftir margra ára aðskilnað. Í aðalhlutverkum eru Trine Dyrholm, Jesper Christensen, Maria Bach Hansen og Carsten Bjørnlund.
**21.40** Afturgöngurnar *(2:8) (Les reventants)* Dulmagnaðir spennuþættir sem hlutu alþjóðlegu Emmy-verðlaunin sem besti leikni myndaflokkurinn í nóvember á síðasta ári. Einstaklingar, sem hafa verið taldir látnir til nokkurs tíma, skjóta upp kollinum í litlu fjallaþorpi eins og ekkert hafi í skorist.
**22.35** Endurkoma *(Volver)* Gamanmynd með Penélope Cruz í aðalhlutverki sem fjallar um konu sem snýr aftur eftir sinn dag og tekur til sinna ráða við að koma friði á innan fjölskyldunnar.
**00.40** Sunnudagsmorgunn
**01.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**12.50** Dr. Phil
**14.10** Once Upon a Time
**14.55** 7th Heaven
**15.35** 90210
**16.15** Family Guy
**16.40** Made in Jersey
**17.25** Parenthood
**18.10** The Good Wife
**19.00** Friday Night Lights
**19.40** Judging Amy
**20.25** Top Gear - LOKAÞÁTTUR *(6:6)* Bílaþátturinn sem verður bara betri með árunum. Tilraunir þeirra félaga taka sífelldum breytingum og verða bara frumlegri og skemmtilegri.
**21.15** Law & Order *(3:22)*
**22.00** The Walking Dead *(8:16)*
**22.45** The Biggest Loser - Ísland
**23.45** Elementary
**00.35** Scandal
**01.20** The Bridge
**02.00** The Walking Dead
**02.45** The Tonight Show
**04.15** Beauty and the Beast
**04.55** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**07.10** World Golf Championship 201 **13.10** Golfing World 2014 **14.00** World Golf Championship 2014 **23.00** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun




**Tilboðin gilda 20. - 23. feb 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR

## Sean Penn

„Reiðin getur verið mikið vandamál en hún getur einnig opnað marga möguleika. Maður þarf bara að finna út hvernig best sé að nýta reiðina.“

*Leikarinn Sean Penn leikur eitt aðalhlutverkanna í kvikmyndinni Milk sem sýnd er á Stöð 2 bíó klukkan 22.00 í kvöld.*



## Á HVAÐ ERTU AÐ HORFA?

**Lína Rut Wilberg listakona**

**Ég horfi** mjög lítið á sjónvarp því ég hef yfirleitt nóg annað að gera. Þegar ég horfi, þá horfi ég helst á breska og norræna sakamálaþætti og svo elska ég ævintýramyndir.





1 **Sunnudagsmorgunn** Það er rosalega fínt að sökkva í sófann á sunnudagsmorgnum og horfa á Gísla Martein. Ég hef gaman af Gísla Marteini.



2 **Kiljan** Ég missi eiginlega ekki af þætti. Þetta eru skemmtilegir þættir og mér finnst Egill vera eitthvað svo eðlilegur og vinalegur.



2 **Whitechapel** Petta er breskur sakamálaþáttur sem er mjög skemmtilegur. Þarna er einnig að finna góðan húmor sem er skemmtilegt.

## FM 957 kl. 16.00

### Íslenski listinn

Íslenski listinn færir þér 20 vinsælustu lög landsins, lög líkleg til vinsælda, lög sem voru á toppnum fyrir 10 árum og fleira skemmtilegt. Þórunn Antonía stýrir Íslenska listanum.








## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**11.10 Young Justice**
**11.35 Big Time Rush**
**12.00 Bold and the Beautiful**
**13.45 Ísland Got Talent**
**14.40 Hello Ladies**
**15.15 Veep**
**15.50 Sjálfstætt fólk**
**16.30 ET Weekend**
**17.15 Íslenski listinn**
**17.45 Sjáðu**
**18.13 Leyndarmál vísindanna**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Íþróttir**
**18.55 Eddan 2014 - Rauði dregillinn**
**19.20 Lottó**
**19.25 Eddan 2014** Bein útsending frá hinum árlegu Edduverðlaunum sem verða afhent við hátíðlega athöfn í Hörpu fyrir framúrskarandi árangur á sviði sjónvarps- og kvikmynda síðastliðið árið. Til leiks mætir allt helsta sjónvarps- og kvikmyndagerðarfólk landsins. Kynnir kvöldsins er Ólafía Hrönn Jónsdóttir.
**21.30 Zero Dark Thirty** Mögnuð bíómynd frá 2012 sem segir frá leiðangri sérsveita Bandaríkjahers til þess að hafa hendur í hári Osama bin Ladens eftir hryðjuverkaárásina á tvíburaturnana í New York 11. september árið 2001. Myndin var tilnefnd var til Óskarsverðlauna 2013. Jessica Chastain hlaut Golden Globe-verðlaunin fyrir aðalhlutverkið og var einnig tilnefnd til Óskarsverðlauna. Leikstjóri er Kathryn Bigelow.
**00.05 Red**
**01.40 Paul**
**03.20 Franklyn**
**04.55 ET Weekend**
**05.40 Hello Ladies**

## SPORT *besta sætið*

**09.30 30 km skíðaganga kvenna** Bein útsending
**11.20 Evrópudeildarmörkin 2013/2014**
**12.15 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**12.40 Svig karla. Fyrri ferð** Bein útsending
**14.15 ÓL 2014 - samantekt**
**14.50 Skautahlaup liða** Bein útsending
**16.10 Svig karla. Seinni ferð** Bein útsending
**17.45 Njarðvík** Sverrir Bergmann kynnist öllum liðunum í Dominos-deild karla í körfubolta.
**18.20 La Liga Report**
**18.50 Real Sociedad - Barcelona** Bein útsending
**20.55 Samhliða snjóbrettasvig karla**
**22.00 ÓL 2014 - samantekt**
**22.30 Real Madrid - Elche**
**00.10 Real Sociedad - Barcelona**
**01.50 NBA 2013/2014 - All Star Game**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.15 Messan**
**11.35 Match Pack**
**12.05 Enska úrvalsdeildin - upphitun**
**12.35 Chelsea - Everton** Bein útsending
**14.50 Arsenal - Sunderland** Bein útsending
**17.20 Crystal Palace - Man. Utd.** Bein útsending
**19.30 Cardiff - Hull**
**21.10 Man. City - Stoke**
**22.50 WBA - Fulham**

## STÖÐ 3

**12.25 The Cleveland Show**
**12.45 Junior Masterchef Australia**
**13.30 American Idol**
**14.55 Spænski boltinn 2013-14** Bein útsending
**17.00 American Idol**
**19.00 Jamie's 30 Minute Meals**
**19.25 Raising Hope** *(2:22)*
**19.50 Don't Trust the B*** in Apt 23** *(18:19)*
**20.35 Memphis Beat** *(1:10)*
**21.25 Dark Blue**
**22.10 Twelve**
**23.45 Piranha 3D**
**01.10 Unsupervised**
**01.30 Brickleberry**
**01.55 Dads**
**02.15 Mindy Project**
**02.35 Do No Harm**
**03.20 Jamie's 30 Minute Meals**
**03.50 Raising Hope**
**04.15 Don't Trust the B*** in Apt 23**
**04.35 Cougar town 4**
**05.00 Memphis Beat**
**05.45 Dark Blue**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveins **07.50** Gulla og grænjaxlarnir **08.00** Ofurhundurinn Krypto **08.25** Brunabílarnir **08.47** Ávaxtakarfan **09.00** Skógardýrið Húgó **09.23** Hello Kitty **09.34** Ævintýraferðin **09.47** UKI **09.52** Tommi og Jenni **10.00** Dóra könnuður **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.46** Doddi litli og Eyrnastór **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveins **11.50** Gulla og grænjaxlarnir **12.00** Ofurhundurinn Krypto **12.25** Brunabílarnir **12.47** Ávaxtakarfan **13.00** Skógardýrið Húgó **13.23** Hello Kitty **13.32** Ævintýraferðin **13.48** UKI **13.53** Tommi og Jenni **14.00** Dóra könnuður **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.46** Doddi litli og Eyrnastór **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveins **15.50** Gulla og grænjaxlarnir **16.00** Ofurhundurinn Krypto **16.25** Brunabílarnir **16.47** Ávaxtakarfan **17.00** Skógardýrið Húgó **17.23** Hello Kitty **17.32** Ævintýraferðin **17.48** UKI **17.53** Tommi og Jenni **18.00** Dóra könnuður **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.46** Doddi litli og Eyrnastór **19.00** Ferðin til tunglsins **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.50 Strákarnir**
**18.15 Friends**
**18.45 Seinfeld**
**19.10 Modern Family**
**19.35 Two and a Half Men** *(5:16)*
**20.00 The Practice** *(5:13)*
**20.45 Footballer's Wives** *(8:8)*
**21.40 Entourage** *(12:12)*
**22.15 Krøniken** *(16:22)*
**23.15 Ørnen** *(15:24)*
**00.15 The Practice**
**01.00 Footballer's Wives**
**01.50 Entourage**
**02.20 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**08.20 Bowfinger**
**09.55 Stand By Me**
**11.25 City Slickers**
**13.15 Pitch Perfect**
**15.05 Bowfinger**
**16.45 Stand By Me**
**18.15 City Slickers**
**20.10 Pitch Perfect**
**22.00 Milk**
**00.05 Fire With Fire**
**01.45 Blood Out**
**03.15 Milk**

## RÚV

**07.00 Morgunstundin okkar**
**10.05 Stundin okkar**
**10.30 Landinn**
**11.00 Gettu betur**
**12.05 Djöflaeyjan**
**12.40 Viðtalið** *(Dr. Andreas Hensel)*
**13.05 Fisk í dag**
**13.15 Bikarúrslit í körfu** *(1:2) (Snæfell - Haukar)*
**15.45 Bikarúrslit í körfu** *(2:2) (Grindavík - ÍR)*
**17.40 Grettir**
**17.53 Ég og fjölskyldan mín – Danni**
**18.10 Táknmálsfréttir**
**18.20 Ævar vísindamaður**
**18.45 Gunnar Gunnar „á völlum“ stýrir umræðuþætti.**
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.40 Hraðfréttir**
**19.45 Vetrarólympíuleikar –** Hátíðarsýning á skautum
**22.15 Á bláþræði** *(The Thin Red Line)*
**01.00 Glundroðakenningin** *(Chaos Theory)*
**02.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## RÚV ÍÞRÓTTIR

**12.40** VÓ AlpagreinaR B **14.20** VÓ Skíðaskotfimi B **16.10** VÓ Alpagreinar B

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**12.10 Dr. Phil**
**14.10 Top Chef**
**14.55 Got to Dance**
**15.45 Judging Amy**
**16.30 Sean Saves the World**
**16.55 Svali & Svavar**
**17.35 The Biggest Loser - Ísland**
**18.35 Franklin & Bash**
**19.20 7th Heaven**
**20.00 Once Upon a Time** *(7:22)*
**20.45 Made in Jersey** *(4:8)*
**21.30 The Wendell Baker Story**
**23.10 Trophy Wife** *(7:22)*
**23.35 Blue Bloods** *(7:22)*
**00.20 Mad Dogs**
**01.05 Friday Night Lights**
**01.45 Made in Jersey**
**02.30 The Tonight Show**
**04.00 The Mob Doctor**
**04.45 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.15** World Golf Championship 201 **12.15** PGA Tour 2014 - Highlights **13.10** Golfing World 2014 **14.00** Champions Tour 2014 - High **14.55** Golfing World 2014 **15.45** Inside The PGA Tour 2014 **16.10** Golfing World 2014 **17.00** World Golf Championship 2014

## ÍNN

**17.00** Tíska.is **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Tíska.is **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur,tækni og kennsla. **23.00** Fasteignaflóran **23.30** Á ferð og flugi **00.00** Hrafnaþing

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# RISA SKÓ ÚTSALA

# 50-90% afsláttur

Í TOPPSKÓNUM Í FULLUM GANGI




Toppskórinn
Outlet Grafarholti

Toppskórinn
Markaður Smáratorgi

Vínlandsleið 6, Grafarholti
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-16**
**Sunnudaga: 13-17**

Smáratorgi, Kópavogi
Opið virka daga: 11-18 • **Laugardaga: 11-18**
**Sunnudaga: 12-18**

## KEMST EKKI Á EDDUNA



Leikkonan **Nanna Kristín Magnúsdóttir** er tilnefnd sem besta leikkona í aukahlutverki fyrir frammistöðu sína í kvikmyndinni XL á Eddunni sem fer fram í kvöld. Nanna kemst ekki á Edduna, þó hún glöð vildi, þar sem hún er að leika í Óskasteinum í Borgarleikhúsinu á sama tíma. - lkg



„Ég vil ekki vera „aldurslaus fegurð“. Ég vil vera kona sem lítur vel út á mínum aldri.“

**SHARON STONE** UM ALDURINN Í VIÐTALI VIÐ TÍMARITIÐ SHAPE.

## VALUR FREYR SÆKIR UM BORGARLEIKHÚSIÐ

**Valur Freyr Einarsson**, leikari og leikskáld, er einn af tólf umsækjendum um stöðu borgarleikhússtjóra samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, en listi umsækjenda hefur enn ekki verið gerður opinber.

Valur nam leiklist við Manchester Metropolitan School of Theatre. Hann er ef til vill hvað best þekktur fyrir að hafa skrifað og leikið aðalhlutverk í Tengdó, sem sló í gegn. Tengdó var valin sýning ársins á Grímuverðlaununum 2012, auk þess sem Valur hlaut verðlaun fyrir besta leik í aðalhlutverki. - ósk



## TYRFINGUR TIL TAKS

Leikkonan **Margrét Helga Jóhannsdóttir** á ekki heimangengt á verðlaunahátíð Eddunnar í kvöld, en hún er meðal tilnefndra fyrir leik í aukahlutverki í kvikmyndinni XL.

Margrét Helga þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um þegar hún valdi leikskáldið unga Tyrfing Tyrfingsson, höfund leikritsins Bláskjás, sem staðgengil sinn, hreppi hún verðlaunin.

Tyrfingur tók hlutverkið að sér með glöðu geði, að hans eigin sögn. - eb





**MIKIÐ SKIPULAG** „Læknisfræði er ekkert erfiðara en hvert annað nám. Áhuginn gerir allt auðveldara,“ segir Elmar um læknisfræðina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Læknisfræðin algjör ástríða

Elmar Johnson skilur sáttur við fyrirsætustörfin.

„Ég stefni á að halda aðeins upp á daginn og fara svo beint aftur í vinnuna,“ segir Elmar Johnson, forstjóri Guide to Iceland. Hann brautskráist með embættispróf í læknisfræði frá Háskóla Íslands í dag.

„Nú er ég búinn með bóklega partinn og á eftir eitt ár í verknámi áður en ég útskrifast sem löggildur læknir. Það ár skiptist niður í viðveru á Landspítalanum annars vegar og hins vegar á heilsugæslu,“ segir Elmar. Hann ætlar ekki að ljúka verknáminu í beinu framhaldi þar sem hann hefur í nægu að snúast með fyrirtæki sitt.

„Það er erfitt að gera bæði. Ég vil nýta orkuna í að koma á koppinn fyrirtækinu sem ég stofnaði, ásamt öðrum, í janúar á síðasta ári. Við bjuggum til fyrsta miðlæga markaðstorgið í íslenskri ferðaþjónustu þar sem ferðamenn geta fundið alla þá afþreyingu og vöru sem í boði er á landinu á einum stað. Það hefur gengið mjög vel og hlutum við til dæmis Nexpo-verðlaunin í síðustu viku sem áhrifamesta fyrirtækið á samfélagsmiðlum,“ segir Elmar.

Margir þekkja Elmar sem fyrirsætu en hann hefur nú sagt skilið við þann heim.

> **Ég var búinn að upplifa allt sem ég vildi upplifa í fyrirsætuheiminum og skildi sáttur við hann.**
>
> *Elmar Johnson*

„Ég er raunverulega búinn að leggja það á hilluna. Ég eiginlega óx upp úr þessu. Ég fékk rosalega flott tækifæri og það var gaman á sínum tíma að ferðast um og sjá heimshluta sem ég hefði annars ekki séð. En um leið og ég byrjaði í námi og með fyrirtækið breyttist forgangsröðunin. Ég var búinn að upplifa allt sem ég vildi upplifa í fyrirsætuheiminum og skildi sáttur við hann. Núna legg ég meiri áherslu á að vera útskrifaður læknir og frumkvöðull.“

Aðspurður um framtíðina segist Elmar ekki ætla að slá slöku við.

„Fyrirtækið mitt og læknisfræðin eru algjör ástríða og draumurinn er að sinna báðu í framtíðinni. Ferðaiðnaðurinn býður upp á gríðarlega mikið af spennandi tækifærum sem ég ætla svo að tvinna saman við starf læknisins.“

liljakatrin@frettabladid.is

# Þrír tilnefndir í fyrsta sinn til Edduverðlauna

Þeir Davíð Alexander Corno, Styr Júlíusson og Ágúst Örn Wigum eru tilnefndir í fyrsta sinn til Edduverðlaunanna. Öllum þykir þeim tilnefningin vera mikill heiður.

„Það gaman að fá tilnefningu þó að það séu ekkert sérstaklega margar myndir í pottinum,“ segir hinn 29 ára gamli Davíð Alexander Corno, en hann er tilnefndur í fyrsta sinn til Edduverðlaunanna fyrir klippingu á kvikmyndinni Hross í oss.

Davíð er þó ekki sá eini sem hlýtur sína fyrstu tilnefningu í kvöld því leikararnir Styr Júlíusson sem er 21 árs gamall og Ágúst Örn Wigum, 12 ára, eru báðir tilnefndir sem leikari ársins í aðalhlutverki. Styr fyrir leik sinn í Fölskum fugli og Ágúst Örn fyrir leik sinn í Hvalfirði.

„Ég er mjög þakklátur og þetta kemur skemmtilega á óvart,“ segir Styr spurður út í tilfinninguna. Ágúst Örn er að sama skapi þakklátur. „Það er sigur að fá tilnefningu og bara auka að vinna,“ bætir Ágúst Örn við.

Allir stefna þeir á enn frekari frama í leiklist og kvikmyndagerð. „Klippingin er góður skóli fyrir framhaldið held ég,“ segir Davíð en hann langar að fara meira út í handritaskrif og leikstjórn í framtíðinni.

Styr segist ekkert endilega stefna á að fara í Leiklistarskólann en hann þreytti frumraun sína í kvikmyndaleik í Fölskum fugli. „Ég er alltaf að stússast í minni verkefnum með vinum mínum og langar að leggja leiklistina og kvikmyndagerð fyrir mig í framtíðinni. Ég stefni þó ekkert endilega á að fara í Leiklistarskólann,“ segir Styr. Hann nemur sem stendur kvikmyndafræði við Háskóla Íslands.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Ágústi Erni var hann á fullu við talsetningar í Stúdíói Sýrlandi.



**FALSKUR FUGL** Styr Júlíusson hlýtur sína fyrstu tilnefningu til Edduverðlaunanna fyrir leik sinn í Fölskum fugli. Hann er þakklátur og þykir þetta mikill heiður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÁGÚST ÖRN WIGUM**



**DAVÍÐ ALEXANDER CORNO**

„Ég er að talsetja danska bíómynd en ég hef talsett myndir á borð við Flóttinn frá jörðu, Dino Time og þættina Stella og Steinn,“ útskýrir Ágúst Örn. Hann bætir við að hann hafi fengið talsverða athygli eftir að hafa leikið í Hvalfirði. Hann lék í leikritunum Oliver Twist og Macbeth. „Ég er að leika í Óvitum sem stendur.“

> **Það er sigur að fá tilnefningu og bara auka að vinna.**
>
> *Ágúst Örn Wigum*

Davíð segir að nafn sitt hafi farið flakk eftir að Hross í oss kom út. „Mér var boðin vinna strax eftir að myndin kom út,“ segir Davíð sem vann að myndinni Sumarbörn í sumar. Þá er hann að vinna í eigin handriti og minni verkefnum hér og þar. „Á milli stóru verkefnanna eru menn mikið að vinna í sínu eigin efni,“ bætir Davíð við.

gunnarleo@frettabladid.is



# LOKAHELGI ÚTSÖLUNNAR!

## 30 - 50% AFSL. AF ÖLLUM ÚTSÖLUVÖRUM

## OPIÐ LAUGARDAG 11 - 16, SUNNUDAG 13 - 16.









HEIMA
HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

# LAGERSALA MÖRKINNI 1!

# 40 - 70% AFSL.

## VORUM AÐ BÆTA VIÐ VÖRUM!

## OPIÐ LAUGARDAG 11 - 17

HEIMA
HÚSIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## NÆRMYND



# Ólafía Hrönn Jónsdóttir

**leikkona**

**ALDUR** 51 árs

Ólafía Hrönn Jónsdóttir útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1987. Í kvöld er hún kynnir á Edduverðlaununum en hún er einnig tilnefnd til verðlauna sem leikkona fyrir aðalhlutverk í sjónvarpsþáttunum Fiskar á þurru landi.



„Eins einbeitt og hún er þegar hún er að vinna þá getur hún einnig verið jafn utan við sig. Hún á það til að vera að elda og jafnvel sinna öðru og brenna matinn. Þrátt fyrir þetta útbýr hún heimsins besta mat að mínu mati. Hún er frábær móðir og er alltaf til staðar þegar maður þarfnast hennar."
***Skarphéðinn Þórsson,*** *sonur Ólafíu.*



„Hún er mjög skemmtileg og mikill húmoristi með svolítið sérstakan súran húmor. Hún er mikill pælari svo það er gefandi að vinna með henni. Ég myndi gjarnan vilja vinna meira með henni í framtíðinni því Hún er fagmaður sem leggur mikla ástríðu í vinnuna. Hún er þó mjög viðkvæm þannig að maður þarf að fara gætilega að henni."
***Grímur Hákonarson,*** *leikstjóri*



„Það er rosalega gaman að vinna með Lollu því hún er svo gefandi og fyndin. Það sem er svo fallegt við hana er að hún lætur mann ferðast allan skalann. Stundum er hún hvöss og maður getur verið skíthræddur við hana en tveimur mínútum seinna er hún svo ljúf. Hún er virkilega góð við vini sína og sitt fólk."
***Alexía Björg Jóhannesdóttir,*** *samstarfskona*




